## Með húð og hári

Listakonan Hrafnhildur Arnardóttir og tónlistarmaðurinn Nico Muhly stilla saman strengi sína fyrir sýningu í The Kitchen í New York






PÖNKPRINSESSUR Í LONDON

*Breskir tískuhönnuðir sýna krínólínur og tjullpils með gotnesku ívafi*






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. mars 2008 — 67. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000





# Rukkaður fyrir lottóvinning

**Maður á Fáskrúðsfirði er krafinn um þúsund pund vegna 135 milljóna króna vinnings á útlendri lottósíðu á netinu. Örugglega svindl segja Neytendasamtökin. Ríkislögreglustjóri gerir ekkert segir maðurinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Hann segist heita Richard Smith og vill að ég sendi sér þúsund pund undir eins,“ segir Guðjón Friðmar Gunnarsson á Fáskrúðsfirði, sem á að hafa unnið tvær milljónir Bandaríkjadala í lottói á netinu.

Guðjón segist hafa verið á netinu í lok febrúar þegar upp hafi komið gluggi á skjánum þar sem sagt var á íslensku að hann væri vinningshafi. Leiðbeiningar fylgdu á íslensku um það hvernig hann gæti tekið þátt í leiknum, sem síðan reyndist vera á netsíðunni freelotto.com.

„Ég smellti dálítið áfram og var þá beðinn um ýmsar upplýsingar sem ég gaf upp. Af hverju veit ég nú eiginlega ekki, ætli það hafi ekki verið forvitni,“ segir Guðjón, sem á endanum var tilkynnt á fimmtudag að hann hefði unnið tvær milljónir dollara í lottóinu, jafnvirði yfir 135 milljóna króna.

„Richard sendi mér tölvubréf og sagði að ég yrði strax að borga eitt þúsund pund, um 135 þúsund krónur, fyrir þátttökuna til að fá stóra vinninginn. Hann hringir líka stöðugt og heimtar greiðsluna. Ég segi honum alltaf að málið sé í vinnslu,“ segir Guðjón, sem í gærmorgun setti sig í samband við ríkislögreglustjóra. „En þar var mér sagt að þeir gætu ekkert gert því netsíðan væri í öðru landi. Best væri fyrir mig að tala við fjölmiðla til að vara aðra við.“

Hjá Neytendasamtökunum var Guðjóni sagt að allt benti til þess að freelotto.com væri svikamylla. „Algengt er raunar að fólk hafi farið mjög illa fjárhagslega út úr svona brellum og jafnvel misst aleiguna. Svona svikamyllur eru mjög algengar og viljum við því vara fólk við að taka þátt í erlendum happdrættum – sama hvaða þau heita,“ segir í svari Neytendasamtakanna til Guðjóns, sem ætlar þó ekki að slíta sambandinu við Richard alveg strax:

„Mig langar að sjá hvernig þetta þróast og það er ekkert að því að leyfa þessum herramanni að engjast dálítið lengur. Ég fékk reyndar að vita hjá ríkislögreglustjóra að mönnum berist stundum í svona tilfellum alvarlegar hótanir ef þeir borga ekki, jafnvel um líflát. En ég óttast það ekki neitt.“ - gar




## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag má búast við hægviðri víðast hvar um landið, hitastig er yfir frostmarki víðast hvar, nema þá helst langt inni í landi. Úrkoman dreifist jafnt um landið, él við norðurströndina en rigning fyrir sunnan.

VEÐUR 4



**ÍSLENSKAR KONUR EKKI HARÐBRJÓSTA** Mikið fjör var á brjóstauppboði UNIFEM á Íslandi í gærkvöldi þar sem brjóst sem hekluð voru af íslenskum handverkskonum voru boðin upp. Uppboðið var hluti af söfnun UNIFEM í styrktarsjóð til afnáms ofbeldis gegn konum í Fiðrildaviku sem lýkur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Óleyst vandamál í þorskeldi:

## Vilja finna svar við sjúkdómum

**FISKELDI** Fiskeldishópur AVS, sem er rannsóknasjóður á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, leggur til að á tímabilinu 2008-2010 verði opinbert framlag til rannsókna í þorskeldi 100 milljónir króna á ári. Í Noregi er tveimur milljörðum íslenskra króna varið til þessa málaflokks árlega.

Vísindasamfélagið og framleiðendur í þorskeldi eru ekki sammála um hvort tímabært sé að hefja stórfellda framleiðslu á eldisþorski. - shá / sjá síðu 16

Teitur Jónasson ljósmyndari:

## Tók íþróttamynd ársins

**FÓLK** **Teitur Jónasson, ljósmyndari á dagblaðinu Nyhedsavisen, hlaut í gær verðlaun danskra blaðaljósmyndara. Hann átti mynd ársins í flokki „action“-íþróttamynda. Verðlaunin námu tíu þúsund dönskum krónum. Verðlaunamynd Teits er af dýfingamanni í keppni í klettadýfingum í Mexíkó. Alls sendu 140 danskir ljósmyndarar inn um 3.400 myndir í keppnina.**

- hdm / sjá síðu 70


OPIÐ til 20
alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


Manuela Ósk Harðardóttir segir óhollt fyrir stúlkur að vera metnar eftir útliti:

## Keppni í fegurð ávísun á átröskun

**FÓLK** Manuela Ósk Harðardóttir, fyrrverandi fegurðardrottning Íslands, segir fegurðarsamkeppnir ávísun á einhvers konar átraskanir. „Það er afskaplega óhollt fyrir ungar stelpur að komast áfram á einhverju sem er bara út á við – vera fyrst og fremst metnar eftir útliti en ekki hvers virði þær eru sem manneskjur og þessi keppni er að mínu mati því miður einfaldlega ávísun á einhvers konar átröskun,“ segir Manuela, en sjálf segist hún hafa þolað illa pressuna sem keppninni fylgdi.

„Verkefni mitt í keppninni var auðvitað að vera tipp topp en svo eftir að því tímabili lauk hætti ég að sjá mörkin – hvað væri eðlilegt í því samhengi og hvað ekki. Metnaðurinn hafði verið sá að missa ekki tökin og fitna ekki og ég var svo hrædd um það að ég sá ekki að ég var í raun löngu búin að missa tökin og það í hina áttina.“

Manuela talar einnig um hamingjuríka hveitibrauðsdaga í Bolton og samband sitt og knattspyrnumannsins Grétars Rafns Steinssonar. - jma / sjá síðu 36





Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni
Opið 10–18
Síðasta helgin!



## SPURNING DAGSINS



*Helgi, varð sem sagt engin iðnbylting?*

„Nei, ég fékk 97 prósent atkvæða eins og síðast. Leitin sem hófst í fyrra að þessum þremur prósentum stendur enn yfir."

Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins á iðnþingi.

Orkuveita Reykjavíkur gerir almenningssamgöngur borgarbúa þægilegri:

# Biðskýli verði einangruð og hlý

**SAMGÖNGUR** Forsvarsmenn Orkuveitunnar hafa hug á því að hita upp vinsæl biðskýli Strætós á fjölfarnari stöðum í Reykjavík og jafnvel eina stoppistöð á Akranesi.

Til greina kemur að byggja ný og betri skýli eða einangra þau sem fyrir eru og koma fyrir hitunartækjum í þeim, að sögn Kjartans Magnússonar, stjórnarformanns Orkuveitunnar.

Hann nefnir sem dæmi stoppistöðina við Háskólann, við Menntaskólann í Reykjavík, við Hamrahlíð, Fjölbraut í Breiðholti og víðar.

„Þetta skiptir miklu máli því mörgum finnst ekkert leiðinlegt að ferðast með strætó eða ganga til og frá stoppistöðinni. Þeim finnst gaman í vagninum sjálfum en neikvæðasti þátturinn er biðin eftir vagninum, sérstaklega í vondu veðri," segir Kjartan.



**VINDURINN ALLTAF Í FANGIÐ** Strætisvagnafarþegar munu líklega hugsa hlýlega til Orkuveitu Reykjavíkur þegar búið verður að loka skýlunum og verma þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Því sé gott ef Orkuveitan geti, með stuðningi annarra, gert dvölina í biðskýlum huggulegri fyrir farþega.

Tillagan var samþykkt einróma á stjórnarfundi Orkuveitunnar á fimmtudag. Forstjóra fyrirtækisins hefur því verið falið að leita eftir samstarfi um þetta við umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar og við Strætó.

- kóþ

Lenti í átökum:

## Ráfaði fáklæddur í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** Fáklæddur maður fannst á ráfi við Köldukinn í Hafnarfirði aðfaranótt föstudags. Samkvæmt upplýsingum lögreglu var hann í annarlegu ástandi, kaldur og illa á sig kominn með áverka á fæti eftir eggvopn.

Maðurinn vísaði lögregluþjónum að húsnæði við Eyrartröð, þar sem þeir fundu fyrir annan mann í svipuðu ástandi. Þeir fundu einnig eggvopn sem er talið hafa verið notað í átökum milli mannanna.

Mennirnir eyddu því sem eftir var nætur í fangageymslu. Þeim var sleppt eftir yfirheyrslur í gær.

- sþs



**HARMUR** Aðstandendur fórnarlamba tilræðisins syrgja í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

68 fórust í Bagdad:

## Al-Kaída í Írak kennt um

**ÍRAK, AP** **Aðstandendur syrgðu í gær fórnarlömb tvöfaldrar sprengjuárásar sem framin var í fjölsóttum verslunarkjarna í hverfi sjía-múslima í Bagdad í fyrrakvöld. 68 manns létu lífið og minnst 120 særðust.**

**Tilræðið var grimmileg áminning um að ofbeldisaldan í landinu hefur aðeins dvínað, ekki stöðvast. Enginn hafði lýst yfir ábyrgð á sprengingunum í gær, en talsmenn bandaríska herliðsins kenndu al-Kaída í Írak um. Tvöfaldar sprengjuárásir á fjölfarna staði til að hámarka mannfall eru sagðar einkenna árásir al-Kaída-liða.**

- aa

Alþjóðlegur dagur kvenna:

## Samstaða og samvinna

**ALÞJÓÐAMÁL** Olubanke King-Akerele, utanríkisráðherra Líberíu, og Joanne Sandler, starfandi aðalframkvæmdastýra UNIFEM, tala á opnum fundi í Háskóla Íslands í dag. Tilefnið er að í dag er alþjóðlegur dagur kvenna og er yfirskrift fundarins „Konur um heim allan: Samstaða og samvinna." Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, verða með framsögu á fundinum.

Fundurinn fer fram í stofu 105 á Háskólatorgi og hefst klukkan 12.

- sgs

# Íslendingur leitar hælis í Danmörku

**Íslenskur karlmaður hefur leitað hælis í Danmörku sem pólitískur flóttamaður. Hann segir fólk í flóttamannabúðunum sem hann dvelur í fremur hissa. Líkur á því að hann fái hæli eru minni en engar segir forstjóri Útlendingastofnunar.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** Sævar Óli Helgason, 37 ára Íslendingur, hefur undanfarinn fjórar vikur búið á heimili í Danmörku fyrir pólitíska flóttamenn. Hann hefur óskað eftir hæli í Danmörku vegna þeirra ofsókna sem hann segist hafa orðið fyrir af íslenskum embættismönnum.

Sævar segir aðra hælisleitendur afar undrandi á því að maður frá Íslandi sé meðal þeirra. Hælisleitendur í Sundholm þar sem hann dvelur séu margir hverjir frá íslömskum Asíulöndum sem hafi þurft að sæta ofsóknum vegna kynhneigðar. Þá sé þar fólk frá Afríkulöndum svo sem Erítreu, Súdan, Eþíópíu og Nígeríu sem hefur sætt ofbeldi í heimalöndum sínum. Sævar segist eiga von á svari í næstu viku um hvort hann fái hæli. Verði Danir við bón hans vilji hann sækja íslenska ríkið til saka.

Sævar var dæmdur í sex mánaða fangelsi árið 2005 fyrir að rjúfa skilorð með því að slá konu sem lagði fyrir innkeyrslu hans. Árið 2007 staðfesti Hæstiréttur sex mánaða fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Sævari fyrir að hafa veist að Ólafi Helga Kjartanssyni, lögreglustjóra á Selfossi, árið 2005 með því að hafa þrifið í öxl hans og brugðið fyrir hann fæti svo hann hrasaði. Sævar gekk að Ólafi Helga þar sem hann stóð í afgreiðslu héraðsdóms og krafðist viðtals. Ólafur Helgi sagði Sævari að hann væri í réttarhaldi og bauð honum því viðtal daginn eftir, en þá átti Sævar að hefja afplánun annars dóms og varð hann því ósáttur.



**SEGIST PÓLITÍSKUR FLÓTTAMAÐUR** Sævar Óli vill fá hæli í Danmörku en hann hefur dvalið á heimili fyrir flóttamenn síðustu fjórar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON**



**HILDUR DUNGAL**

Sævar segist hafa orðið fyrir einelti íslenskra stjórnvalda og þar að auki hafi þau neitað að taka við kærum hans á hendur embættismönnum. „En aðal ástæða fyrir tilraun minni til að komast undir verndarvæng EU [Evrópusambandsins] er Ólafur Helgi Kjartansson," segir Sævar en hann segir að kærum hans á hendur Ólafi til ríkissaksóknara hafi ítrekað verið vísað frá.

„Ég held að líkurnar á því að Danir veiti honum hæli á þeim grundvelli að hann sé pólitískur flóttamaður frá Íslandi séu minni en engar," segir Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, og bætir við: „Nema Danir hafi orðið þeim mun meiri áhyggjur af íslenskum efnahagsmálum." Ólafur Helgi segir ásakanir Sævars „gjörsamlega út í hött".

„Ég hef hvorki ofsótt Sævar né lagt hann í einelti sem persóna eða embættismaður," segir Ólafur Helgi.

karen@frettabladid.is

Búist við fjölmenni í messu:

## Biskup vísiterar í Hallgrímskirkju

**TRÚMÁL** **Biskup Íslands, Herra Karl Sigurbjörnsson, vísiterar Hallgrímssöfnuð á morgun og predikar í Hallgrímskirkju.**

**Viðburðurinn er sagður mikilvægur fyrir starf kirkjunnar og þjónustu, og til þess fallinn að styrkja þjóðkirkjuna. Vísitering sæti tíðindum enda hafi það síðast gerst árið 1995, „þegar Herra Ólafur Skúlason fór í yfirreið sína um söfnuði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra," eins og segir í tilkynningu frá Hallgrímskirkju. Búist er við að fjölmennt verði við messuna sem hefst klukkan ellefu.**

- kdk

Aðalfundur FÍS í gær:

## Aflagningu félagsins hafnað

**VIÐSKIPTI** Tillaga um að leggja niður Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) var felld með rúmum 60 prósentum atkvæða á aðalfundi félagsins í gær.

Tillagan var lögð fyrir aðalfund eftir að klofningur í stjórn félagsins varð til þess að látið var af viðræðum við Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) um sameiningu félaganna.

„Við erum mjög ánægð með þetta og gott að fá jafnafgerandi úrslit þannig að allir geti verið sáttir," segir Birgir Rafn Jónsson, framkvæmdastjóri Kjarans, en hann er fyrrum formaður FÍS og er á móti sameiningu við SVÞ.

- óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fastur á Breiðdalsheiði

Lögreglan á Egilsstöðum þurfti að sækja ökumann bifreiðar á Breiðdalsheiði um klukkan tíu á fimmtudagskvöldið. Hafði maðurinn hunsað tilkynningar um að heiðin væri lokuð en fest illa útbúinn bíl sinn.






Krabbameinsfélag Íslands efnir til átaks sem beinist að körlum og krabbameini:

# Körlum kennt að þekkja hættumerki

**HEILBRIGÐISMÁL** Ráðherrar ríkisstjórnarinnar keyptu í gærmorgun fyrstu slaufurnar sem seldar eru til styrktar átaki sem beinist að körlum og krabbameini. Þetta er í fyrsta sinn sem kynningarátaki af þessu tagi er hleypt af stokkunum og mun það standa næstu tvær vikurnar.

Algengustu tegundir krabbameins sem greinast í körlum hérlendis eru í blöðruhálskirtli, lungum og ristli. Á hverju ári greinast um 630 karlar með krabbamein, þar af um þrjú hundruð með eitthvert fyrrnefndra meina.

„Bráðum verður hægt að bjóða körlum upp á skipulagða leit að ristilkrabbameini sem er merkur áfangi," segir Guðrún Agnarsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands.

Guðrún segir átakið mikilvægt þar sem karlmenn séu síður duglegir við að leita til lækna en konur. Úr þessu þurfi að bæta þar sem áríðandi sé að grípa snemma inn í þegar fólk fær krabbamein.

Lífslíkur kvenna eftir greiningu eru að sögn Guðrúnar betri en karla í dag og er skýringin að hluta til sú að meinið greinist fyrr hjá konum.

Slaufa átaksins er þrílit, blá, hvít og fjólublá og tákna litirnir blöðruhálskrabbamein, lungnakrabbamein og ristilkrabbamein.

Á vefsíðunni karlmennogkrabbamein.is sem er hluti átaksins gefst körlum tækifæri á að kynna sér hættumerki.

- kdk/seg



**RÍKISSTJÓRNIN** Guðrún Agnarsdóttir seldi ráðherrum fyrstu slaufur átaksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Nýr staðall í málningu




**Lady Easy Clean**
3 ltr.
7122045-9
**3.795**
~~4.745~~

Blettaþolin
Slitsterk
Auðveld að þrífa

**Umhverfisvottuð**
með Græna svaninn
og Evrópublómið

NORDIC ECOLABEL

Einar L. Ragnarsson,
málningarsérfræðingur Húsasmiðjunnar
mælir með Lady Easy Clean

# MÁLNINGARDAGAR
## Í HÚSASMIÐJUNNI

**Umhverfisvottuð**
með Græna svaninn
og Evrópublómið

NORDIC ECOLABEL




**Lady akrýllakk**
3 ltr.
7118108-117
**4.795**
~~5.995~~

**Gulnar ekki.**
**Tvær umferðir sama dag.**
**Níðsterkt akrýllakk á hurðir, glugga, innréttingar o.fl.**

Verð frá
**92 kr.**



**Penslasett einnota**
20, 25, 35, 50 og 75 mm.
7008430-38

**3.999**




**Veggmálning**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7,
beinhvít, 10 ltr
7119800

**Lekur** þakið?




**Waterproof**
Til vatnsþéttingar
á þökum, má
nota í bleytu, 1 ltr
7171125
**1.799**
~~2.295~~

**4.890**
~~8.150~~

**40%** afsláttur




**Veggmálning**
Gljástig 7, **10 ltr**
7119866-74




**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 07.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,83 | 68,15 |
| Sterlingspund | 136,49 | 137,15 |
| Evra | 104,47 | 105,05 |
| Dönsk króna | 14,012 | 14,094 |
| Norsk króna | 13,223 | 13,301 |
| Sænsk króna | 11,121 | 11,187 |
| Japanskt jen | 0,6647 | 0,6685 |
| SDR | 110,21 | 110,87 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
135,993

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bensín- og olíuverð hækkaði í gær og kostar bensínlítrinn nú 146,8 krónur:

# Vitundarvakning í 150 krónum

**NEYTENDUR** Olíufélögin hækkuðu bensín- og dísilolíuverð í gær og fyrradag. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, telur að landinn geti dregið úr eldsneytiskaupum þegar bensínlítrinn fer yfir 150 krónur.

Bensínlítrinn hækkaði um tvær krónur og kostar nú 146,8 krónur hjá Olís, Skeljungi og N1. Dísilolían kostar 154,6 krónur lítrinn. Fimm krónur eru slegnar af ef viðskiptavinurinn dælir sjálfur. Hjá Atlantsolíu kostar bensínlítrinn 140,2 krónur og dísillítrinn 148 krónur.

„Þetta eru mikil ótíðindi, það sér ekki fyrir endann á þessum hækkunum á heimsmarkaði,“ segir Runólfur. „Við höfum verið að bíða eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum við áskorun um að draga úr þessum miklu sköttum sem eru á dropanum.“

Hann segir forsvarsmenn olíufélaganna hafi áhyggjur af því að fólk fari að kaupa minna eldsneyti ef það hækkar meira í verði. „Það má búast við því að þegar bensínlítrinn fer yfir 150 krónur vakni einhverjir til vitundar og dragi úr neyslunni.“ **- sþs**



**BENSÍN** Framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda segist ekki sjá fyrir endann á verðhækkunum á eldsneyti á heimsmarkaði.

Háskaakstur í fyrrinótt:

# Keyrði í gegnum girðingu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handtók um tvöleytið í fyrrinótt ökumann bíls sem hafði skömmu áður ekið í gegnum girðingu á lóðinni við Langholtskirkju í Reykjavík. Manninum hafði tekist að fá aðstoð við að draga bílinn til baka í gegnum gatið á girðingunni.

Svo virðist sem maðurinn hafi síðan ekið sem leið lá í miðborgina en lögreglumenn fundu bílinn yfirgefinn við Garðastræti. Maðurinn fannst svo í grenndinni og var handtekinn. Maðurinn var ölvaður og var látinn sofa úr sér vímuna í fangaklefa. Hann var yfirheyrður í gærdag. Málið er talið upplýst. **- ovd**

MP vill verða viðskiptabanki:

# Tilbúinn til vaxtar

**VIÐSKIPTI** Hagnaður MP Fjárfestingarbanka nam tæplega 1,8 milljörðum króna eftir skatta í fyrra. Tekjur bankans hafa aukist á öllum sviðum, að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar. Eiginfjárhlutfall bankans var rúm 28 prósent í árslok. Stjórnendur bankans segja að bankinn sé fjárhagslega sterkur og því vel í stakk búinn til frekari vaxtar. Þá hyggjast þeir leggja til við aðalfund að sótt verði um leyfi til viðskiptabankastarfsemi til Fjármálaeftirlitsins. Bankinn opnaði útibú í Litháen í fyrra. Frekari möguleikar eru opnir einkum þar með viðskiptabankastarfsemi. **- ikh**

Er enn í haldi lögreglu:

# Tölvuþjófur hefur játað

**LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem lögreglan hefur leitað vegna tilraunar til stuldar á fartölvum úr tölvubúð við Borgartún hefur verið handtekinn og hefur hann játað verknaðinn.**

**Maðurinn beitti harkalegri aðferð við að losna úr haldi starfsmanns sem hafði gómað hann við verknaðinn. Hann hótaði að stinga starfsmanninn með töng sem hann hafði meðferðis. Starfsmaðurinn skrámaðist aðeins lítillega í framan. Maðurinn er enn í haldi lögreglu.** **- jss**

## ÁRÉTTING

Að gefnu tilefni skal árétta að orðalag um „ófrávíkjanlegt skilyrði“ í frétt um gagnaver, Landsvirkjun og Þjórsá, sem birtist á miðvikudag, var orðalag blaðamanns. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, notaði ekki þessi orð. Blaðamaður kaus að nota þau eftir samtal við Þorstein, sem notar orðið „fyrirvari“.

# Milljarða vantar í skýrslu um Kárahnjúkavirkjun

**Skýrsla iðnaðarráðherra um kostnað vegna Kárahnjúkavirkjunar er meingölluð að mati þingmanns VG. Mun óska eftir frekari upplýsingum. Sýnir þó að stuðningsmenn virkjunnar voru með glýju í augunum.**

**ORKUMÁL** Skýrsla um kostnað við gerð Kárahnjúkavirkjunar er meingölluð þar sem inn í hana vantar kostnað upp á milljarða króna, segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna.

Þingmenn Vinstri grænna óskuðu eftir því síðastliðið haust að Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra svaraði spurningum um kostnað við virkjunina. Skýrsla með svörum ráðherra, unnum í samráði við Landsvirkjun, var lögð fyrir Alþingi á fimmtudag, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær.

Þrátt fyrir að skýrslan sé ekki tæmandi sýnir hún að stuðningsmenn virkjunarinnar voru með glýju í augunum þegar ákveðið var að fara í framkvæmdina, segir Álfheiður.

„Það þarf að fá miklu betri skýringar á þeim tölum sem þarna eru. Þetta er ágætt, svo langt sem það nær, heildarkostnaður 133,3 milljarðar. Ég sé ekki betur en það vanti enn töluvert inn í þá tölu,“ segir Álfheiður.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Þar nefnir hún fyrst kostnað við flutningsmannvirki, tólf til þrettán milljarða. Einnig skuldi ríkið Impregilo um einn milljarð vegna skattgreiðslna. Þá hafi Landsvirkjun fallist á að greiða samtals um einn milljarð króna til að bæta laun starfsmanna.

„Bara þetta eru fleiri milljarðar króna, og þá spyr maður sig, eru kannski fleiri svona milljarðar? Það eru ekki öll kurl komin til grafar. Ég mun óska eftir ítarlegum skýringum ráðherra á þessu,“ segir Álfheiður.

Í skýrslu iðnaðarráðherra kemur fram að nú sé talið að kostnaður við framkvæmdirnar muni nema 123,9 milljörðum króna. Við það bætist 9,4 milljóna króna fjármagnskostnaður. Samanlagt gerir það 133,3 milljarða króna.

Upphafleg áætlun hljóðaði upp á 85,5 milljarða í desember 2002. Verksamningar voru hins vegar hagstæðari, og hljóðuðu upp á samtals 74,5 milljarða.



**VIRKJUN** Kostnaður við Kárahnjúkavirkjun var 22,9 prósentum yfir þeirri upphæð sem samið var um við verktaka, jafnvel þótt fjármagnskostnaður upp á 9,4 milljarða sé ekki reiknaður með. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Til að tölurnar séu samanburðarhæfar þarf að reikna þær upp á verðlag september 2007. Þá hljóðar áætlunin upp á 115,6 milljarða, en verksamningarnir upp á 100,8 milljarða.

Séu þær upphæðir bornar saman við kostnað utan við fjármagnskostnað sést að framkvæmdirnar eru 8,3 milljörðum, 7,2 prósentum, dýrari en áætlun gerði ráð fyrir. Framkvæmdirnar voru 23,1 milljarði, eða 22,9 prósentum, dýrari en um var samið í verksamningum. Við þetta bætist svo 9,4 milljarða fjármagnskostnaður.

Álfheiður segir augljóst að bera verði saman þá upphæð sem samið var um við verktaka og kostnaðinn eins og hann sé metinn í dag. Að bera saman áætlunina og endanlegan kostnað sé eins og að bera saman epli og appelsínur.

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra, hafði í gær ekki lesið skýrsluna. Hún vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að hún væri ánægð að virkjunin væri risin og farin að mala gull.

**brjann@frettabladid.is**

## KOSTNAÐARYFIRLIT

| | Milljarðar |
|---|---|
| Áætlun (verðlag des. 2002) | 85,5 |
| Áætlun (verðlag sept. 2007) | 115,6 |
| Verksamningar (verðlag des. 2002) | 74,5 |
| Verksamningar (verðlag sept. 2007) | 100,8 |
| Samanlagður kostnaður (verðlag sept. 2007) | 123,9 |
| Fjármagnskostnaður (verðlag sept. 2007) | 9,4 |
| Heildarkostnaður (verðlag sept. 2007) | 133,3 |




## VEÐURSPÁ



**Elín Björk Jónsdóttir**
Veðurfræðingur

**RÓLEGT UM HELGINA** Vindur verður hægur og hitinn rétt yfir frostmarki um helgina en búast má við smá úrkomu í flestum landshlutum.



**Á MORGUN**
Hægviðri um mestallt land.

**MÁNUDAGUR**
Vestanátt 3-8 um allt land.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 5° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 5° |
| London | 11° |
| París | 11° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 4° |
| Bassel | 8° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 7° |
| New York | 24° |
| Orlando | 17° |
| San Francisco | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Danskir dagar

NAKKEFILET
i skiver uden ben
40%
afsláttur við kassa

HERREGÅRDS-KOTELETTER
20%
afsláttur við kassa

HAMBURGER-RYG med ben
50%
afsláttur við kassa

FADKOTELETTER
20%
afsláttur við kassa

SKINKESTEAKS
10%
afsláttur við kassa

RIBBENSTEG
30%
afsláttur við kassa

HERREGÅRDS-BØF
10%
afsláttur við kassa



## Direkete fra slagtermesteren




**Álegg frá Gøl og Tulip**
- mikið úrval




**Gøl pylsur**
- ekta danskar pølser




**Carlsberg light**




**Morgunkorn**
- Havre og Rug Fras




**Pylsubrauð og sósur**




**Anton Berg súkkulaði**
- Black pearls nýtt frá Anton Berg




**Brauðbollur og vínarbrauð**
- bakað á staðnum



**Oscar fljótandi kraftur**
- 6 tegundir




**Anton Berg**
- mini ístertur




**Ísstangir**
- grænar og sítrónustangir

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að breyta eigi lögum um eftirlaun ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara?*

| | |
|---|---|
| Já | 92,2% |
| Nei | 7,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Trúir þú að hægt sé að leiðrétta launamun kynjanna?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Fjármálaráðherra telur ómögulegt að hindra að fé sé geymt í skattaparadísum:

# Getum aldrei stoppað allt

**VIÐSKIPTI** „Það verður aldrei þannig að einhverjir verði ekki til þess að leita út fyrir hið hefðbundna umhverfi. Við getum aldrei stoppað allt," segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, hefur bent á að þriðjungur eignar í Kauphöllinni sé skráður erlendis. Vera kunni að ríkið verði af miklum skatttekjum vegna þess.

„Við höfum verið að gera skattkerfið okkar samkeppnishæfara," segir Árni. Hann bendir á að nýlega hafi verið ákveðið að lækka skatta á fyrirtæki í fimmtán prósent auk þess liggi fyrir frumvarp um söluhagnað af hlutabréfum.



**ÁRNI M. MATHIESEN** Fjármálaráðherra bíður eftir skýrslu frá nefnd sem kanna á ýmis skattkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Indriði hefur lagt til að meðal annars verði tekin upp svonefnd CFC-löggjöf. Árni segir yfirvöld hér hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu að slík löggjöf „yrði til stórkostlegra bóta".

Fram kemur í tölum frá Seðlabankanum að fé sem Íslendingar geyma í Hollandi, Lúxemborg og í skattaparadísum og fjárfesta svo aftur hér á landi, hefur margfaldast frá árinu 2004. Þessi upphæð nemur hátt í 500 milljónum króna að markaðsvirði. Árni segist engar skýringar kunna á því.

Árni væntir þess ennfremur að nefnd sem falið var að fara yfir skattkerfið og kanna skattkerfi í ýmsum löndum fari að skila skýrslu. **- ikh**

Reykvískur karlmaður dæmdur:

# Hótaði lögreglumönnum lífláti

**DÓMSMÁL** Reykvískur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára fyrir að ráðast með ofbeldi og hótunum á tvo lögreglumenn á veitingahúsi í Reykjavík.

Maðurinn sló til annars lögreglumannsins krepptum hnefa en hinum síðarnefnda tókst að koma sér undan högginu.

Þá hótaði maðurinn báðum lögreglumönnunum lífláti og að hann gæti látið drepa þá. Loks reyndi hann að skalla annan lögreglumanninn í andlitið. **- jss**


AÐALFUNDUR

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verður haldinn laugardaginn 8. mars kl. 13.00 að Grettisgötu 89, 1. hæð.
Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf.
Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum.

Stjórnin


# Svandís vill ekki sjá að lóðin verði keypt

**Fulltrúi VG er mótfallinn lóðakaupum Orkuveitunnar, fulltrúi Samfylkingar hlakkar til að heyra rök meirihluta fyrir þeim og fulltrúi Akraness hvetur stjórnina til að fara varlega. Alfreð Þorsteinsson er ósammála kostnaðartölum.**

**ORKA** „Húsakaup fyrir þessar upphæðir eiga ekki að vera efst á dagskrá Orkuveitunnar. Ef það vantar svona mikið pláss geta þeir bara smækkað aðeins skrifstofurnar þarna á efstu hæðunum," segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi VG í stjórn Orkuveitunnar.

Svandís var spurð um afstöðu hennar til hugsanlegra lóðakaupa Orkuveitunnar, sem greint var frá hér í gær. Hún ætlar ekki að greiða atkvæði með þeim, en meirihlutinn mun að líkindum leggja tillöguna fyrir næsta stjórnarfund.

Rætt er um 33.000 fermetra lóð Osta- og smjörsölunnar, við hliðina á höfuðstöðvum Orkuveitunnar. Með fylgir 4.700 fermetra hús.

Fasteignamat ríkisins metur þetta samtals á tæpar 940 milljónir króna, en verðhugmyndir Orkuveitu og Smjörsölu eru trúnaðarmál. Þær eru líklega hærri.

Sigrún Elsa Smáradóttir Samfylkingu tekur ekki afstöðu til kaupanna. Ekki fyrr en meirihlutinn hafi fengið „tækifæri til að færa rök fyrir því hvað hafi breyst frá því hann gagnrýndi harðlega að húsnæði Orkuveitunnar væri allt of dýrt og stórt."

„Ég hlakka til að sjá þann rökstuðning," segir hún.

Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Akranesskaupstaðar í stjórn fyrirtækisins, tekur heldur ekki beina afstöðu. Hann vill „hvetja menn til að fara hægt í þetta og meta vandlega hvað er hagkvæmt og hvað ekki. Ég vil svo skoða þetta þegar öll gögnin eru komið á borðið."

Hann minnir þó á að horfa þurfi til framtíðar og þarfa fyrirtækisins, sem hafi vaxið mikið og eflst á síðustu árum. Einnig geti verið gott fyrir fyrirtækið að hafa eitthvað að segja um hverjir verði nágrannar þess.

Spurður hvort ekki hafi komið til tals að lækka frekar reikninga viðskiptavina, segir Gunnar það alltaf til umræðu. **klemens@frettabladid.is**



**OSTAHÚSIÐ** Húsnæðið sem rætt er um hýsti áður Ostabúðina. Á bak við á myndinni sést í hús Orkuveitu Reykjavíkur. Ostabúðina mun eiga að leigja út eða rifa. Aðalfengurinn með kaupunum er lóðin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÁRÓÐURSKENNDAR KOSTNAÐARTÖLUR

Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, kveður þær tölur af og frá, sem hafðar voru til upprifjunar í blaðinu í gær um kostnað við Orkuveituhúsið. Tölurnar voru teknar úr viðtali við þáverandi stjórnarformann fyrirtækisins, Guðlaug Þór Þórðarson.

„Sjálfstæðismenn hafa verið duglegir við að hækka kostnaðinn upp í skýjahæðir. Þar hafa þeir meðal annars tekið inn í reikninga stóra byggingu sem var fyrir á lóðinni. Svo hafa þeir framreiknað allan kostnað, en ekki kostnaðaráætlanir, á verðlag dagsins í dag," segir Alfreð.

Því hafi verið haldið fram að kostnaður við húsið hafi verið 5,8 milljarðar og hann farið 300 til 400 prósent fram úr áætlun. Þetta sé ótrúleg firra, því húsið hafi kostað 3,2 milljarða á verðlagi ársins 2005, en uppfærð kostnaðaráætlun á sama tíma hafi numið 2,7 milljörðum.

„Kostnaður fór því 20 prósent fram úr áætlun og skýrist helst af því að húsið var stækkað um 1.000 fermetra frá upphaflegri áætlun," segir hann. Söluandvirði gamalla fasteigna hafi svo ekki átt að dekka byggingarkostnað hússins, heldur ganga upp í hann.

„Það er bara ein bygging á vegum borgarinnar sem kemst nálægt þessum útreikningum sjálfstæðismanna. Það er Ráðhúsið, sem átti að kosta 500 milljónir, en endaði í rúmum þremur milljörðum!" segir hann.


NÚNA
ERU SAMNINGADAGAR HJÁ VÉLASVIÐI HEKLU Á GÓÐUM NOTUÐUM TÆKJUM

Ein af tilboðsvélum dagsins:
KOMATSU D61PX
Árgerð 2000, ekin 8.400 klst.

Tilboðsverð í dag:
5.400.000 + vsk



Opið í dag, laugardag, frá 12 til 18.

HEKLA vélasvið
Klettagörðum 8-10, sími 590 5000, www.hekla.is, velasvid@hekla.is.
HEKLA


Úrskurðir Héraðsdóms Reykjaness vegna gæsluvarðhalds í hraðsendingarmáli:

# Annar sakborninga farinn í afplánun og framlengt á hinn

**LÖGREGLUMÁL** Annþór Kristján Karlsson var í gær úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjaness til að ljúka eftirstöðvum 360 daga fangelsisrefsingar sem hann átti óafplánaða af þriggja ára dómi fyrir hrottalega líkamsárás. Hann var á reynslulausn þegar lögregla handtók hann vegna rannsóknar á svokölluðu hraðsendingarmáli. Þá var Tómas Kristjánsson, starfsmaður hraðsendingafyrirtækisins UPS, úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 18. apríl vegna sama máls.

Málið kom upp þegar reynt var að smygla tæplega fimm kílóum af amfetamíni og 600 grömmum af kókaíni með hraðsendingu um miðjan nóvember síðastliðinn. Þá lagði Tollgæslan á Suðurnesjum hald á efnin sem komu hingað til lands frá Þýskalandi.

Gæsluvarðhald yfir báðum mönnunum rann út í gær. Annþór er kominn í afplánun, eins og áður sagði, en gæsluvarðhald yfir Tómasi var framlengt á grundvelli almannahagsmuna. Það þýðir að sakborningi er gert að sitja í gæsluvarðhaldi þar til rannsókn lýkur, ákæra er gefin út og jafnvel þar til dómur gengur og afplánun getur hafist. Þetta er algengt ferli í stærri fíkniefnamálum. **- jss**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Dómari sendi Annþór í afplánun og framlengdi gæsluvarðhald yfir Tómasi Kristjánssyni.

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41287 02/08

## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.795.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað kosta framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun?*

2 *Hvað heita pönktónleikarnir sem fara fram á Grand Rokk í kvöld?*

3 *Hver er ríkasti maður heims?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 70

# Baráttan heldur áfram



**FRIÐJÓN R. FRIÐJÓNSSON**
skrifar frá Bandaríkjunum

Sigur Hillary Clinton í Texas, Ohio og Rhode Island hleypti nýju lífi í framboð hennar og hún stefnir nú ótrauð áfram að prókjörinu í Pennsylvaníu 22. apríl. Í millitíðinni verður kjörfundur í Wyoming í dag og svo prófkjör á þriðjudag í Mississippi.

Barack Obama verður að teljast líklegur til að sigra í báðum ríkjum. Þar sem væntingar allra eru að Obama sigri í Wyoming og Mississippi mun ósigur þar ekki hafa mikil áhrif á framboð Hillary. Pennsylvanía er ríkið sem litið er til núna, þar verður kosið um 158 fulltrúa á landsþing demókrata og eins og með Ohio þá skiptir það öllu fyrir Hillary að sigra þar.

Obama hefur réttilega bent á að forskot hans í fulltrúatölu sé nánast ófyrirstíganlegt þótt það sé einungis rétt um 100 fulltrúar af 3000. Reglur demókrataflokksins um skiptingu fulltrúa milli frambjóðanda gerir það að verkum að Hillary þarf að sigra stórt til að ná yfirhöndinni. Því er það stefna hennar að sjálfkjörnir fulltrúar, svokallaðir ofurfulltrúar, muni ýta henni upp fyrir Obama. Til þess hefur framboð hennar hafið áróðursstríð þar sem bent er á gott gengi hennar í þeim ríkjum sem eru líkleg til að ráða úrslitum í haust. Hernaðaráætlun hennar virðist vera að reyna að sannfæra meirihluta þeirra 350 „ofurfulltrúa“ sem enn hafa ekki tekið afstöðu um að hún ein geti sigrað Ohio, Florida og Pennsylvaníu og tryggt þannig demókrötum Hvíta húsið í haust. Obama hafnar þessu og bendir á að hann hafi dregið svo marga nýja kjósendur inn í kjörklefann að hann sé líklegastur til að sigra í haust.

Á meðan situr John McCain rólegur og hefur tíma til að skipuleggja kosningabaráttu sína og safna peningum fyrir lokaslaginn. Þessa dagana er Hillary besti bandamaður hans því áframhaldandi barátta heldur demókrötum uppteknum með tilheyrandi kostnaði.



BARACK OBAMA








**ÓTTAST GJALDEYRISÞURRÐ** Steingrímur J. Sigfússon hefur þungar áhyggjur af efnahagsástandinu og leggur til margvíslegar tillögur til úrbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Efnahagurinn þolir ekki bið

**Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur óumflýjanlegt að grípa til aðgerða til varnar efnahagskerfinu og leggur fram frumvarp um ýmsar ráðstafanir.**

**STJÓRNMÁL** „Það þolir ekki bið að stjórnvöld skerist í leikinn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sem í gær kynnti frumvarp um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Í því er kveðið á um margvíslegar aðgerðir, ekki síst styrkingu Seðlabankans.

„Það er mikilvægt að senda út þau skilaboð að við ætlum okkur í gegnum þann brimgarð sem þjóðarskútan er í og til þess þarf samstillt og öflug viðbrögð,“ sagði Steingrímur. Frumvarpið gerir ráð fyrir heimildum til beinna útgjalda upp á rúma fjórtán milljarða króna á þessu ári og því næsta.

Viðamestu aðgerðir þess lúta að Seðlabankanum. VG leggur til að heimilt verði að auka gjaldeyrisvaraforða hans um 80 milljarða króna í formi styrkingar eigin fjár. Slíkt myndi styrkja stöðu krónunnar og draga úr hættu á stórfelldum sveiflum á gengi hennar, að sögn Steingríms sem óttast gjaldeyrisþurrð. „Við rekum landið með tólf til fimmtán milljarða viðskiptahalla á mánuði,“ segir hann og bendir á að fjármögnun sé nú dýrari vegna óhagstæðra vaxta og lánskjara.

Þá á að auka eigið fé Seðlabankans um 40 milljarða til viðbótar með innlendu skuldabréfaútboði sem um leið myndi dýpka skuldabréfamarkaðinn. Steingrímur segir ríkissjóð ekki þurfa að afla fjár með skuldabréfaútgáfu en mikilvægt sé að hafa virkan skuldabréfamarkað.

Ennfremur leggur VG til að boðin verði út sérstök sparnaðarskuldabréf til almennings, að hámarki tvær milljónir króna á mann. Slík bréf yrðu til minnst fimm ára og vaxtatekjur undanþegnar fjármagnstekjuskatti. Steingrímur segir þessa aðgerð miða að því að efla innlendan sparnað sem farið hafi minnkandi.

Í frumvarpi VG er líka gert ráð fyrir að fjárhagsstaða sveitarfélaga verði bætt um fimm milljarða og aðrir fimm milljarðar renni til jöfnunaraðgerða þar sem meðal annars yrði hugað að vinnumarkaðnum og möguleikum á að skapa störf fyrir konur.

Þá vill VG að lagaheimilda verði aflað til að stöðva um sinn stóriðju- og stórframkvæmdir. Heimilt verði að greiða fyrirtækjum upp í útlagðan kostnað vegna undirbúningsverkefna sem þau þá slá á frest eða falla frá.

bjorn@frettabladid.is

## SEÐLABANKI OG SVEITARFÉLÖG STYRKT

Gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans verði aukinn um allt að 80 milljarða og eigið fé hans um allt að 40 milljarða til viðbótar með innlendu skuldafjárútboði.

- Sparnaðarskuldabréf til almennings með skattfrjálsum vaxtatekjum verði boðin út.
- Fimm milljörðum verði veitt til illa settra sveitarfélaga og fimm milljörðum til jöfnunaraðgerða.
- Milljarður renni til Nýsköpunarsjóðs, milljaður til Tækniþróunarsjóðs, 500 milljónir til atvinnuþróunarfélaga, 250 milljónir til markaðsstarfs á sviði ferðamála og 250 milljónir til umhverfisaðgerða og uppbyggingar þjóðgarða.
- Þjóðhagsráð, skipað fulltrúum þingflokka og hagsmunaaðila, verði sett á stofn til að veita stjórnvöldum ráðgjöf.
- Fjármálaeftirlitið verði eflt með allt að 100 milljónum króna.

# FÁRÁNLEGA GÓÐ JEPPAKAUP

„Nýr Kia Sorento er magnaður jeppi. Maður þarf ekki að vera kjarneðlisfræðingur til að sjá að þetta eru ekki bara góð kaup. Þetta eru fáránlega góð kaup“.





## SORENTO

Verð frá

**3.970.000 kr.**

- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Ný og glæsileg innrétting
- Hátt og lágt drif
- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir
- Þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

**GLÆSILEGUR AUKAPAKKI FYLGIR:**

+ Garmin GPS 250 W EURO með Íslandskorti
+ Dráttarbeisli
+ Vetrardekk



KIA MOTORS
The Power to Surprise™

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

HEKLA
***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi







Vörubílstjóri slasaðist þegar hann ók á göngubrú:

# Höggið svo mikið að pallurinn fór af

**UMFERÐARÓHAPP** Ökumaður vörubifreiðar var fluttur á slysadeild með nokkra höfuðáverka eftir að hann ók bíl sínum á göngubrú við Álfahvarf í Vatnsendahverfi í Kópavogi laust fyrir klukkan níu í gærmorgun.

Varð slysið með þeim hætti að ökumaðurinn ók vörubílnum með pallinn uppi og rakst hann þá uppundir brúna. Var höggið slíkt við áreksturinn að pallurinn rifnaði af bílnum. Nokkurn tíma tók að ná pallinum í burtu þar sem hann sat fastur undir brúnni. Bíllinn er talinn mikið skemmdur. **- ovd**



**PALLUR VÖRUBÍLSINS UNDIR BRÚNNI** Pallurinn rifnaði af við höggið og þurfti stórvirka vinnuvél til að ná honum burt. MYND/INGVAR ÖLVER SIGURÐSSON



**LEIÐBEININGAR TIL NÁMS OG STARFS** Ráðinn hefur verið náms- og starfsráðgjafi sem mun leiðbeina föngum í fimm fangelsum landsins. Menntun í fangelsum þykir gegna lykilhlutverki í endurhæfingu ásamt meðferðarúrræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aukin áhersla á menntun fanga

**Búið er að ráða náms- og starfsráðgjafa fyrir fangelsin fimm í landinu. Menntun fanga þykir líkleg til að draga úr endurkomum í fangelsi.**

**MENNTUN** Mikill meirihluti fanga á Íslandi hefur ekki lokið menntun umfram grunnskóla. Ekki er hægt að finna marktækan mun eftir kyni eða aldri. Í nýlegri skýrslu um stefnumótun í menntunarmálum fanga kemur meðal annars fram að litið sé þannig á að nám í fangelsi ásamt öðrum meðferðarúrræðum gegni lykilhlutverki í endurhæfingu. Margar rannsóknir sýni að menntun í fangelsi hafi fyrirbyggjandi áhrif.



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að mikill vilji sé til þess að bregðast við tillögum nefndarinnar eins og hægt sé og bendir á að í byrjun vikunnar hafi náms- og starfsráðgjafi verið fenginn til að sinna föngum landsins.



**PÁLL WINKEL**

„Einn kom til mín og hafði áhyggjur af því hvort eitthvað stæði honum til boða þar sem hann hefði ekki einu sinni grunnskólapróf. Ég benti honum á að það væru fleiri og þá væri bara að bæta úr því,“ segir Anna Fríða Bjarnadóttir, nýráðinn náms- og starfsráðgjafi fangelsanna.

Í skýrslunni er vísað í rannsókn sem sýndi að af 77 föngum sem spurðir voru um menntun höfðu 28 þeirra, eða meira en þriðjungur, ekki lokið grunnskólaprófi, átta fanganna kváðust hafa byrjað í framhaldskóla en ekki lokið námi. Aðeins 13 fanganna sögðust þó ekki hafa áhuga á því að stunda nám í fangelsinu. Niðurstöðurnar koma heim og saman við rannsóknir sem sýna fylgni milli stuttrar skólagöngu og afbrota. Helstu fyrirstöður sem fangar töldu vera í vegi fyrir því að þeir hæfu nám voru slæmar námsaðstæður í fangelsinu, en einnig taldi þriðjungur fanganna sig eiga í erfiðleikum með lestur og skrift, meira en helmingur þeirra sagðist eiga í erfiðleikum með stærðfræði og tæplega þriðjungur taldi tölvukunnáttu sína slæma eða afar slæma.

> Einn kom til mín og hafði áhyggjur af því hvort eitthvað stæði honum til boða þar sem hann hefði ekki einu sinni grunnskólapróf.
>
> **ANNA FRÍÐA BJARNADÓTTIR**
> NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, segir að með fyrirhugaðri stækkun fangelsisins batni aðstæður til verknáms til mikilla muna. Þá sé einnig áhugi á að auka viðveru Inga S. Ingasonar, kennara við Fjölbrautaskóla Suðurlands og kennslustjóra á Litla-Hrauni, en með því gæfist föngum frekara tækifæri til þess að nota netið. Tími fanga á netinu til náms er í fangelsinu er takmarkaður við viðveru hans. **karen@frettabladid.is**

Þriggja bíla harður árekstur:

## 50 unglingar í árekstri rútu

**UMFERÐARSLYS** Nokkuð harður þriggja bíla árekstur varð við bæinn Höfn í Melasveit eftir hádegið í gær. Varð áreksturinn með þeim hætti að ökumaður pallbíls á norðurleið stöðvaði bílinn þar sem hann hugðist beygja. Ók þá flutningabíll aftan á kerruna. Því næst ók rúta aftan á flutningabílinn. Hafði bílstjóri rútunnar ætlað að forða frekara slysi með því að fara yfir á öfugan vegarhelming en í því kom bíll á móti og brá ökumaður þess bíls á það ráð að aka út af. Í rútunni voru um fimmtíu unglingar. Voru þeir fluttir á heilsugæslustöð til aðhlynningar. - ovd

Val á „kvótaflóttamönnum“ sem boðið er til Danmerkur hefur breyst á síðustu árum:

# Fólk frá múslimalöndum er sniðgengið

**DANMÖRK** Mikil breyting hefur orðið á því milli ára frá hvaða löndum megnið af þeim „kvótaflóttamönnum“ kemur sem til Danmerkur er boðið. Þetta kemur fram í samantekt sem danska blaðið Politiken fékk dönsku Útlendingastofnunina til að gera.

Árlega tekur Danmörk við um 500 flóttamönnum úr flóttamannabúðum sem Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, rekur víða um lönd. Á árunum 2006 og 2007 voru 89 prósent þeirra 1.004 flóttamanna sem þannig komu til Danmerkur frá löndum þar sem ekki búa múslimar, á borð við Kongó, Bútan og Búrma, en aðeins 11 prósent frá múslimalöndum eins og Súdan og Írak. Á árunum 2001 og 2002 voru aftur á móti 84 prósent „kvótaflóttamannanna“ frá Afganistan, Súdan og Írak.

Eina af orsökunum fyrir þessari breytingu á samsetningu flóttamannahópsins er að rekja til breytinga á útlendingalöggjöfinni frá árinu 2005, að því er segir á Politiken.dk. Þar er kveðið á um að kvótaflóttamenn beri að velja með tilliti til möguleika þeirra á að aðlagast dönsku samfélagi. Að sögn Evu Singer, aðstoðarforstjóra Útlendingastofnunar, hefur þetta haft mikil áhrif á val á löndum sem Danmörk tekur við flóttamönnum frá. - aa



**MÚSLIMAR Í DANMÖRKU** Eru ekki álitnir uppfylla ákvæði laga um að eiga auðvelt með að aðlagast dönsku samfélagi. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja málin í farsælan farveg:

## Stefna á stækkun Kringlunnar

**SKIPULAGSMÁL** „Aðalatriðið núna er að ná málinu í farsælan farveg með borginni til að geta komið skipulaginu áfram á reitnum,“ segir Örn V. Kjartansson, framkvæmdastjóri Landic Property Ísland, sem er stærsti eigandi Kringlunnar. Hann telur mikilvægt að áfram sé hægt að vinna að stækkunaráformum en um þrjú ár líði frá því deiliskipulag er tilbúið þar til stærri verslunarkjarni gæti verið tilbúinn.



**ÖRN V. KJARTANSSON**

„Stækkun verslunarkjarnans myndi vera yfir götuna og yfir á Morgunblaðsreitinn,“ segir Örn en auðvitað þurfi að skoða sérstaklega hvernig flytja eigi fólk til og frá Kringlunni. „Við höfum áhuga á að gangandi umferð og almenningssamgöngur færist inn á Kringlusvæðið.“

Örn segir þau hjá Landic vel geta unnið með þá stokkalausn sem kynnt hefur verið með tengingum inn á Kringluna. „Það er ekki beint okkar að velja um lausn en við höfum sýnt fram á að við getum leyst þetta.“ - ovd




Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180





**HÚS HRUNDI Í HARLEM** Í Harlem í New York hrundi þessi fimm hæða íbúðablokk á horni 123. strætis og Park Avenue. Húsið stóð sem betur fer autt, en stöðva þurfti jarðlestasamgöngur á háannatíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarstjórn Grímseyjar fór vestur að sigla túr með gamla Baldri:

# Átti að verða Grímseyjarferja

**SAMGÖNGUR** „Við fórum að skoða skipið og hvort það gæti ekki nýst sem Grímseyjarferja, þegar farið var að tala um að skipta Sæfara [Grímseyjarferjunni] út,“ segir Garðar Ólason í sveitarstjórn Grímseyjar.

Ríkiseignin Baldur var seld einkafyrirtæki á 37,8 milljónir án auglýsingar í byrjun árs 2006. Ferjan var svo seld áfram til Finnlands með miklum hagnaði, tveimur vikum síðar.

Grímseyjarferjan nýja hefur kostað ríkið um sex hundruð milljónir króna og er enn í viðgerð.

„Okkur leist ágætlega á Baldur og fannst bara að af því að Vegagerðin ætti þetta skip að það væri hægt að nota það hérna,“ segir Garðar.



**HÖFNIN Í GRÍMSEY** Sveitarstjórnarmenn hér fóru vestur til að athuga hvort ekki mætti nýta ferjuna Baldur til siglinga nyrðra. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR

Sveitarstjórnin hafi því farið vestur árið 2005 og siglt einn túr með bátnum áður en hann var seldur Sæferðum.

„En þeir vildu meina það sérfræðingarnir fyrir sunnan hjá Vegagerðinni að skipið fengi ekki haffæri til að sigla hér til Grímseyjar. Það kom því aldrei til greina af þeirra hálfu að við fengjum Baldur,“ segir Garðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni eru gerðar aðrar kröfur til skipa á leiðinni Dalvík-Grímsey, en Stykkishólmur-Brjánslækur. **- kóþ**

Framtíðarlandið fundar:

# Nýsköpun á Hornafirði

**HORNAFJÖRÐUR** Áhersla verður lögð á nýsköpun í atvinnumálum og umhverfisvæna framtíðarsýn á Austurþingi á Höfn í dag.

Framtíðarlandið og Nýheimar standa fyrir þinginu sem er það þriðja í röð landshlutaþinga Framtíðarlandsins í vetur.

„Þetta er tilraun til að hugsa um landið sem eina heild og um möguleika þess,“ segir Irma Erlingsdóttir, formaður Framtíðarlandsins.

Þingið hefst í ráðstefnusal Nýheima klukkan níu og lýkur með humarveislu um klukkan sex í kvöld. **- kóþ**



**FLÓTTAMENN** Um 2,5 milljónir hafa þurft að yfirgefa heimili sín frá árinu 2003. NORDICPHOTOS/AFP

Auka neyðaraðstoð í Darfúr:

# 14,4 milljónir í hjálparstarf

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur veitt 14,4 milljónum króna til neyðaraðstoðar í Darfúr-héraði í Súdan á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins mun ferðast til Darfúr á næstu dögum til að kynna sér aðstæður.

Frá árinu 2003 hafa um 250 þúsund manns látist og 2,5 milljónir neyðst til að flýja heimili sín í Darfúr, að því er fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. Framlagi Íslands verður varið í eitt stærsta neyðarverkefnið í héraðinu þar sem um 350 þúsund einstaklingar nýta sér daglega aðstoð. **- bj**

**DÓMSTÓLAR**

### Stal lyfjum af sambýli

Karlmaður á Akureyri hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir að brjótast inn í sambýli geðfatlaðra í bænum og stela þaðan lyfjum fyrir rúmar 25.000 krónur. Einnig fyrir að stela gallabuxum úr verslun.

# Zapatero spáð sigri

**Sósíalistastjórnin á Spáni vonast til að fá skýrt umboð frá kjósendum um að halda áfram stefnu sinni. Hægri menn hafa ekki enn fyrirgefið sigurinn óvænta frá 2004, sem kom í beinu framhaldi af hryðjuverkunum í Madríd.**

**SPÁNN, AP** Síðast þegar Spánverjar gengu til þingkosninga voru hryðjuverkin 11. mars nýframin, tilræðismennirnir ófundnir og grunur um að stjórnvöld héldu sönnunargögnum leyndum til að eiga meiri möguleika í kosningunum.

Útkoman varð sú að ungur sósíalisti, Jose Luis Rodriguez Zapatero, vann óvæntan yfirburðasigur í kosningunum og felldi hægristjórn Íhaldsflokksins, sem Jose Maria Aznar forsætisráðherra hafði stýrt í átta ár.

Hægrimenn hafa jafnan síðan sagt að Zapatero hafi fengið sigurinn upp í hendurnar án þess að hafa í raun unnið neitt fyrir honum. Sigur sósíalista hafi bara verið bóla sem nærðist á tilfinningaólgunni dagana fyrir kosningar.

Í kosningabaráttunni hafði Zapatero lofað því að kalla alla spænska hermenn heim frá Írak og hrinda í framkvæmd víðtækum samfélagsumbótum í þessu rammkaþólska landi.

Nú eru liðin fjögur ár og á morgun ganga Spánverjar aftur til kosninga. Zapatero vonast til þess að fá nú ótvírætt umboð frá kjósendum til að halda áfram á sömu braut.

Hann hefur staðið við þau loforð að kalla herinn heim og bæta stöðu samkynhneigðra. Ekki hefur þó allt gengið að óskum. Deyfð er yfir efnahagslífinu, sem var í blóma meðan Aznar var við völd, og friðarviðræður við baskneska aðskilnaðarsinna hafa siglt í strand.

Skoðanakannanir hafa þó sýnt að Zapatero, sem nú er 47 ára, á góða möguleika á að sigra Mariano Rajoy, leiðtoga Íhaldsmanna, en þó líklega með naumum meirihluta.

Illindin stafa að verulegu leyti af því undir hvaða kringumstæðum Zapatero sigraði árið 2004, en hægrimenn hafa einnig miklar áhyggjur af auknu sjálfstæði bæði Katalóníuhéraðs og Baskahéraðanna og segja þessa þróun aðeins fyrstu skrefin í áttina til þess að Spánn klofni í smærri einingar.

Hvorki Zapatero né Rajoy hafa þó dregið upp skýra mynd af því hvert þeir vilja stefna með Spán næstu fjögur árin, eða hvernig þeir hyggjast taka á vandræðum sem stafa af efnahagsvanda á alþjóðavettvangi. Ef marka má kannanir er ólíklegt að naumur sigur Zapateros dugi honum til að ná hreinum meirihluta á þingi, þannig að þá þarf hann að semja við smærri flokka um samsteypustjórn.

gudsteinn@frettabladid.is




Barnaheill vilja frekari úttektir:

# Vistheimili verði könnuð

**BREIÐAVÍK Félagasamtökin Barnaheill hvetja stjórnvöld til að flýta úttekt á öðrum vistheimilum barna.**

**Í tilkynningu frá samtökunum er því fagnað að niðurstöður séu fengnar vegna málefna Breiðavíkurheimilisins og sagt að velunnin skýrsla Breiðavíkurnefndarinnar sýni á skýran hátt þær óviðunandi aðstæður sem börn á Breiðavíkurheimilinu bjuggu við. Barnaheill fagna því sérstaklega að ríkisstjórnin sé að undirbúa greiðslu miskabóta til þeirra og hvetja samtökin stjórnvöld til að flýta sem mest úttekt á öðrum vistheimilum - kdk**

Tveir sárir eftir slagsmál:

# Hnífstunga í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var stunginn með hnífi í átökum tveggja manna í Hafnarfirði laust fyrir klukkan tvö í fyrrinótt.

Var maðurinn fluttur á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. Að því loknu var hann færður á lögreglustöð þar sem hann fékk að sofa úr sér áfengisvímuna. Var hann þá yfirheyrður í gær ásamt árásarmanninum sem hlaut nokkra áverka á tá. Var þeim báðum leyft að fara að yfirheyrslum loknum og er málið talið upplýst. **- ovd**

**DÓMSTÓLAR**

### Risasekt fyrir amfetamín

Karlmaður á Akureyri hefur verið dæmdur til að greiða 60 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að vera með í vörslum sínum rúmlega tvö grömm af amfetamíni, sem lögregla lagði hald á.


FATASKÁPADAGAR HJÁ AXIS helgina 6.-9. mars

Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.

Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum. Stuttur afgreiðslutími.



Opið:
fimmtudag 9:00-18:00
föstudag 9:00-18:00
laugardag 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00

AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is

Íslensk hönnun og framleiðsla


Sýknaður af ákæru um fíkniefnarækun og vörslu:

# Vinur fóðraði páfagauka og ræktaði kannabis

**DÓMSMÁL** Karlmaður í Hveragerði hefur verið sýknaður af ræktun á 25 kannabisplöntum og vörslu á tóbaksblönduðu kannabisefni sem fannst á heimili hans.

Maðurinn viðurkenndi upphaflega hjá lögreglu að hann ætti plönturnar, sem hann kvaðst hafa verið að rækta í tilraunaskyni. Fyrir dómi neitaði hann hins vegar sök, en kvaðst hafa játað áður að tilmælum lögreglu sem hefði sagt sér að þetta væri svo lítið mál að ekkert frekar yrði úr því.

Maðurinn kvaðst hafa verið erlendis í nokkurn tíma áður en lögregla gerði húsleit heima hjá honum. Hann hefði verið búinn að rækta tómata í geymslunni þar sem kannabisplönturnar fundust og hefði hann komið ljósalömpum og ræktunarbúnaði fyrir þar sem hann væri áhugamaður um ræktun. Ætti hann tvo páfagauka og hefði notað skítinn úr þeim við tómataræktunina.



**PÁFAGAUKUR** Ræktandinn kvaðst hafa notað páfagaukaskít á tómatana.

Maðurinn útskýrði enn fremur að meðan hann var erlendis hefði vinur sinn verið með lykla að íbúðinni og séð um að fóðra páfagaukana. Vinurinn hefði áður verið staðinn að kannabisræktun.

Dómurinn taldi ekki efni til að sakfella manninn fyrir það eitt að efnin hefðu fundist í íbúð hans. **- jss**



Tónlist beint í símann
Milljón lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn
Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu tónlist á betra verði.
vodafone
Tilboðspakki
Sony Ericsson W910i og þráðlaus Bluetooth móttakari
Fullkominn Walkman tónlistarsími. Örþunnur sleðasími. 3G, EDGE, 1 GB minniskort. Fer á Netið með Vodafone live! Fæst í „Havana gold“ og svörtu.
Tengdu móttakarann við hljómflutningstækin þín – heima eða í bílnum – og spilaðu tónlistina þráðlaust úr símanum í fullkomnum hljómgæðum!
44.900 kr.
Komdu í næstu Vodafone verslun og kynntu þér tónlist í símann.
Gríptu augnablikið og lifðu núna

# Brúðkaupsævintýrið frá upphafi til enda

Kynnir: Elín María Björnsdóttir



Laugardagur 8. mars

13.00 **Sr. Gunnar Sigurjónsson** sóknarprestur í Digraneskirkju segir nokkur orð um hjónabandið og opnar *Brúðkaupssýninguna Já*.
13.10 **Tríóið Delizie Italiene**
13.30 R&B söngkonan **Kenya**
13.50 **Hobbitarnir** - söngur og gítarspil
14.20 Tískusýning
14.50 Brúðarvalsinn stiginn: **Lilja Harðardóttir og Alexander Mateev**
15.00 **Einar Ágúst** tekur lagið: Er ást er annars vegar
15.20 Hinn fullkomni dagur - Ræður og veislustjórn: **Jóhann G. Jóhannsson** leikari gefur góð ráð
15.50 Hljómsveitin **Konfekt**
17.00 Dregið í brúðhjónaleiknum

Sunnudagur 9. mars

13.00 Hljómsveitin **Konfekt**
13.20 Hinn fullkomni dagur - Ræður og veislustjórn: **Jóhann G. Jóhannsson** leikari gefur góð ráð
13.40 **Hobbitarnir** - söngur og gítarspil
14.00 Tískusýning
14.30 **Tríóið Delizie Italiene**
15.00 **Edna og Juan** úr Kramhúsinu dansa salsa
15.30 Hljómsveitin **Lady D and the Soft Tones**
15.50 R&B söngkonan **Kenya**
16.10 **Tríóið Delizie Italiene**
17.00 Dregið í brúðhjónaleiknum

15-18 **Bergþór Pálsson** kynnir bók sína Vinamót, um veislur og borðsiði

# Brúðhjónaleikur

- glæsilegir vinningar í boði fyrir heppna gesti

Skráðu þig í brúðhjónaleikinn á
***Brúðkaupssýningunni Já***
-og þú gætir unnið!

**Hótel Glymur:**
**Næturgisting í *Rómantíska húsinu*** ásamt morgunverði og fjögurra rétta máltíð með völdu víni. Tekið er á móti gestum hússins með kampavíni, blómum, fallegri gjöf og stjörnuspá.

**Hótel Glymur:**
**Næturgisting í lúxushúsi** ásamt morgunverði og rómantískum kvöldverði, framreiddum af kokki sem mætir og eldar sérstaklega fyrir gesti hússins í þeirra einkaeldhúsi.

- **Café Konditori Copenhagen:** 2 x 30.000 kr. brúðartertugjafabréf
- **Egg:** 30.000 kr. gjafabréf
- **Blómaval:** 30.000 kr. gjafabréf
- **Lýður ljósmyndaver:** Myndataka - 8 myndir í stærðinni 13x18 cm.
- **Partý búðin:** 2 x 7.000 kr. gjafabréf
- **Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju:** 30% afsláttur af leiguverði á brúðarkjól
- **Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju:** Fullkomið frelsi / Nu-Bra brjóstahaldari án hlíra og ekkert í bakið.

**Gjöf til þín!**
Allir sem skrá sig í brúðhjónaleikinn fá **20% afslátt** í Blómavali af brúðarvendinum og öðrum blómum í tengslum við brúðkaupið.

# 8. - 9. mars
# Brúðkaups
## í Blómavali Skútuvogi


Tríóið Delizie Italiane


Edna úr Kramhúsinu


Sr. Gunnar Sigurjónsson sóknarprestur í Digraneskirkju


Jóhann G. Jóhannsson leikari


Hobbitarnir

**Frábærir listamenn koma fram á sýningunni**


R&B söngkonan Kenya


Hljómsveitin Konfekt


Einar Ágúst söngvari


Hljómsveitin Lady D and the Soft Tones


Bergþór Pálsson kynnir *Vinamót*

ásta creative clothes · Borð fyrir tvo · Konditori · Lýður · Temptu · Partý búðin · coast

# Allt fyrir brúðkaupið!

**Veislufföng, fatnaður, snyrtivörur, hárgreiðsla, gjafavörur, ljósmyndir, skreytingar, gisting, bílar, blóm og margt fleira**

Hótel Glymur
Borð fyrir tvo
Ásta créative clothes
Brúðarkjólaleiga Línu og Lilju
Hekla
Fotografika
Partýbúðin
Temptu
Zesil
Willeroy & Boch
Brúðarkjólaleiga Katrínar
Coast
Café Konditori Copenhagen
Lýður ljósmyndaver
Ónix
EGG
Solid
Snilli Events



# sýningin Já



**10 stk. túlipanar 799**

KÍKTU VIÐ Á TÚLIPANASÝNINGUNA



**ís á 10 kr.**



**KAFFI GARÐUR**
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið
**290 kr.**

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

www.snilli.is · Villeroy & Boch · EGG · ónix · Brúðarkjólaleiga Katrínar · GLYMUR · HEKLA · fotografika

# Fréttaskýring: Þorskurinn er næsta eldisævintýri — 3. hluti



## Kynþroskavandinn

**1** Í eldi verður þorskur fyrr kynþroska en gerist við náttúrulegar aðstæður. Þegar eldisþorskur verður kynþroska dregur úr vexti þrátt fyrir nægilega fóðrun, vegna uppbyggingar á kynkirtlum. Þetta getur valdið framleiðendum verulegu fjárhagstjóni þar sem fiskurinn vex nánast ekkert í allt að sex mánuði.

Mögulegt er talið að hafa áhrif á kynþroska með kynbótum í framtíðinni. Eina raunhæfa leiðin í dag til að snúa þessu náttúrulega ferli við er lýsing ofan í kvíunum, sem er þó vandkvæðum bundin. Ljósið rýfur samhengi árstíðanna og fiskurinn verður ekki kynþroska á þeim tíma sem gerist í náttúrunni.

## Náttúrulegir stofnar

**2** Mikið hefur verið rætt um áhrif flutnings á þorskstofnum á milli svæða og bent á hugsanleg erfðafræðileg áhrif á staðbundna stofna. Einnig er sníkjudýraflóra mismunandi á milli stofna og hugsanlegt að staðbundnir stofnar þoli ekki sníkjudýr sem kæmu með fiski sem er fluttur á milli svæða.

Norskar rannsóknir sýna að erfðafræðilegur munur er á milli þorskstofna. Erfðafræðilegar rannsóknir sýna að erfðaefni sleppifisks er í litlum mæli að finna í villtum þorski. Stundaðar eru rannsóknir á áhrifum hrygninga í kvíum á staðbundna stofna.

## Slysasleppingar

**3** Þorskur sleppur í miklu magni úr sjókvíum; mun oftar en lax. Þetta veldur eldismönnum miklum vandræðum og heilabrotum. Skiptar skoðanir eru um hvort þorskur nagi göt á næturnar en sumir fyllyrða að svo sé.

Helsta ástæðan er talin vera lélegur búnaður og ýmislegt er gert til að til að koma í veg fyrir slysasleppingar.

- Notaður er tvöfaldur netapoki en komi gat á innri pokann getur mikið magn safnast saman á milli byrða.
- Auka þykkt þráða og eða efni.
- Nota böðunarefni með fráhrindandi bragðefnum.

## Tækni í þorskeldi

**4** Í sjókvíaeldi er notuð flókin tækni. Ýmsir nemar eru notaðir til að fylgjast með fiskinum sem alinn er. Má nefna myndavélar sem telja þurrfóðurkorn þegar fiskurinn er fóðraður. Ef fiskurinn tekur ekki fóður vel stöðvar tölva fóðrunina, sem er tölvustýrð. Einnig eru nemar sem mæla hita, straum og súrefni. Á fullkomnum stöðvum er þráðlaus búnaður sem sendir upplýsingarnar áfram til starfsmanna. Einnig er sjálfvirkt fóðrunarkerfi.

## Rannsóknir og þróun

**5**

1. Aukin framleiðni í lirfueldi.
2. Auðgun fæðudýra í lirfueldi.
3. Vansköpun seiða.
4. Kynbótakerfi í þorskeldi.
5. Þróun bóluefna.
6. Ónæmiskerfi þorsks.
7. Uppbygging aðstöðu til sýkingartilrauna.
8. Lagnaðarís og sjókvíar.
9. Marglyttur og sjókvíar.
10. Sökkvanlegar sjókvíar.
11. Strauma- og öldumælingar.
12. Skaðlegir þörungar.
13. Ótímabær kynþroski.
14. Framleiðsla stórseiða.
15. Sjálfrán þorsks í kvíum.



MYND/AKVA GROUP

# Erfið vandamál herja á þorskeldið

**Þrátt fyrir að eldistækni fleygi fram í þorskeldi eru mörg vandamál, aðallega sjúkdómar. Rannsóknir og þróunarstarf er gríðarlega umfangsmikið og dýrt. Íslensk stjórnvöld hafa stutt við slík verkefni. Norðmenn verja tveimur milljörðum til slíkra verkefna á ári.**

Vísindasamfélagið og framleiðendur í þorskeldi eru ekki sammála um hvort tímabært sé að hefja stórfellda framleiðslu á eldisþorski. Vísindamenn hvetja til varkárni þar sem eftir er að leysa erfið vandamál vegna sjúkdóma. Stjórnvöld og einkaaðilar verja háum fjárhæðum til að finna lausnir.

### Sjúkdómar á Íslandi

Þorskur er mjög streitunæm fisktegund en streita veikir ónæmissvörun fiska og minnkar þannig þol gegn sýkingum. Mikil afföll hafa orðið á þorski í sjókvíum vegna sjúkdóma. Svo rammt kveður að þessu vandamáli að fjölmargir sérfræðingar telja óráðlegt að hefja framleiðslu á þorski í miklu magni fyrr en búið er að leysa helstu viðfangsefni innan fisksjúkdómamála. Vegna þessa vanda hafa sérfræðingar í þorskeldi hér á landi bent á að mikilvægt sé að byggja upp aðstöðu til sýkingatilrauna strax á þessu ári.

### Umhverfismál

Vegna erfiðra umhverfisaðstæðna hér á landi er talið sérstaklega mikilvægt að rannsóknum verði beint markvisst að þeim þáttum þar sem aðstæður hér við land eru sérstakar og ekki hægt að nýta beint reynslu annarra. Öll verkefni sem flokka má sem umverfisaðstæður eru flokkuð sem séríslensk viðfangsefni. Önnur rannsóknarverkefni þar sem mikið er hægt að sækja til nágrannalanda flokkast sem alþjóðleg viðfangsefni. Það á við um verkefni eins og hugsanleg áhrif eldisþorska á villta þorskstofna, mengunarrannsóknir og eldistækni.

### AVS-rannsóknasjóðurinn

Fiskeldishópur AVS, sem er rannsóknasjóður í sjávarútvegi á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, leggur til að á tímabilinu 2008-2010 verði opinbert framlag sem úthlutað er úr rannsóknasjóðum til Rannsókna- og þróunarstarfs í þorskeldi 100 milljónir króna á ári. Til viðbótar kemur síðan 25 milljóna árlegt framlag til kynbóta á þorski, 500 tonna árlegar aflaheimildir til þorskeldis, framlag ríkissjóðs til stofnana, styrkir úr erlendum rannsóknasjóðum og framlag fyrirtækja sem stunda tilraunareldi á þorski. Í Noregi er tveimur milljörðum íslenskra króna varið til þessa málaflokks og Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, sagði í viðtali við Fréttablaðið að því yrði haldið áfram eins lengi og nauðsynlegt þætti. Kollegi hennar, Einar K. Guðfinnsson, útilokar ekki aukin framlög til rannsókna.

### Sjónarmið eldismanna

Sérfræðingar í þorskeldi hér á landi benda á að leysa verði sjúkdómavandann áður en farið verði í þorskeldi í stórum stíl. Framleiðendur eru þessu ósammála og telja tímabært að hefja slíka framleiðslu, sem byggir á þeirri miklu þekkingu sem hér hefur orðið til á síðustu árum.

Framleiðendur í Noregi taka í sama streng. Margir norskir þorskeldismenn telja óleyst vandamál sem steðja að þorskeldinu í Noregi og annars staðar fyrirstöðu sem verði einfaldlega ýtt úr vegi. Bjartsýni þeirra byggir á laxeldisævintýri Norðmanna þar sem öll vandamál voru leyst, með þeim árangri að árleg framleiðsla á eldislaxi í Noregi er talin munu fara í eina milljón tonna innan fárra ára.

## *Þorskeldiskynbætur á Íslandi*

Frá því á vormánuðum 2003 hefur verið unnið skipulega að söfnun hrogna úr hrygningarþorski við strendur Íslands til myndunar grunnstofns þorskkynbóta. Upphafið að þessari vinnu má rekja til stofnunar fyrirtækisins IceCod ehf. sem er í eigu Stofnfisks hf., Hafrannsóknastofnunar, Prokaria hf., Fiskey ehf. og ÞÞL ehf.

Frá 2003 hefur verið safnað hrognum úr 698 hrygnum frá ellefu hrygningarsvæðum við Ísland. Mest hefur verið safnað við suðurströndina, en einnig var safnað við norðaustur- og norðvesturströndina. Er áætlað að 350 fjölskylduhópar muni nýtast í grunnstofn þorskkynbóta.

Þorskseiðin sem klakin voru 2003 og 2004 eru komin í áframeldi í kvíum hjá samstarfsaðilum IceCod, HB-Granda og Hraðfrystihúsinu Gunnvör.

Það er mat IceCod að söfnun í grunnstofn hafi tekist og raunhæft er talið að kynbætur eigi eftir að bæta arðsemi þorskeldis. Þar er horft til reynslu frá öðrum tegundum, svo sem laxeldi, þar sem kynbætur hafa skilað verulegum árangri til aukinnar framleiðslu og lækkunar framleiðslukostnaðar.

## *Eldisaðferðir á þorski*




## Helstu sjúkdómar í þorskeldi á Íslandi og í Noregi

| Sjúkdómur | Ísland | Noregur |
|---|---|---|
| Víbríuveiki | rautt | rautt |
| Kýlaveikibróðir | rautt | gult |
| Franciselluveiki | grænt | rautt |
| Rauðmunnaveiki | gult | grænt |
| Vetrarsár | gult | gult |
| Fiskiberklar | gult | gult |
| Blöðruþekja | gult | gult |
| Vibrio-tegundir | grænt | gult |

- (rautt) Sjúkdómurinn er verulegt vandamál.
- (gult) Sjúkdómurinn er til staðar en tjón af hans völdum er óverulegt.
- (grænt) Sjúkdómurinn hefur ekki fundist í eldisþorski.

## *Hugtök í þorskeldi:*

**Aleldi:** Skipulagt eldi allt frá klaki til slátrunar.

**Áframeldi:** Eldi á þorski sem fangaður er 1-2 kg að stærð og alinn í kvíum þar til hentugri sláturstærð er náð.

**Klakfiskur:** Fiskur nýttur til undaneldis.

**Kynbætur:** Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum.

**Kví:** Netpoki sem hangir í fljótandi grind eða er festur á grind sem komið er fyrir undir yfirborði sjávar.

**Kvíaeldi:** Fiskeldi í netkvíum í fersku vatni, ísöltu eða sjó.

**Matfiskeldi:** Eldi á fiski frá seiðastigi til slátrunar.

**Ótímabær kynþroski:** Þegar fiskur verður kynþroska áður en sláturstærð er náð.

**Seiðaeldi:** Klak og eldi á fyrstu stigum vaxtarferils.

**Sjókvíaeldi:** Eldi fisks sem fram fer í kvíum í sjó eða í söltu vatni.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**ÞRIÐJA GREIN AF FIMM**
**Á morgun:**
Markaðir fyrir eldisþorsk

GRAFÍK/JÓNAS UNNARSSON


M3
420 hestöfl
0-100 km/h á 4.6 sek.
BMW á íslandi
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
Sýning á BMW flotanum um helgina
Umfangsmesta sýning á BMW lúxusbílum
sem haldin hefur verið á Íslandi.
Kynning:
BMW 120D Coupé
BMW M3
BMW 320 Coupé
BMW 320 Sedan
BMW 520 Sedan
BMW X5 (4.8)
BMW 325 Coupé
BMW 335 Coupé
BMW 750i limousine
BMW Z4 Coupé
BMW M5
Frumsýnum 2 bíla
BMW 120D Coupé
BMW M3
Með bílinn handa þér
Það eru til sportbílar og það eru til akstursbílar. M-línan frá BMW er þriðji valkosturinn. Tæknin á bakvið M-bílana kemur beint frá keppnisliðum BMW í ólíkum akstursíþróttum, allt frá Daytona Racing til Formúlu 1. Væntingarnar til M-deildar BMW eru miklar enda hefur hún hannað ýmsa klassíska bíla í gegnum tíðina. Hvort sem það er M3 eða M5 eða einhverjir hinna bílanna í M-útfærslu þá eru kröfurnar alltaf þær sömu – bestu aksturseiginleika og ökumannsumhverfi og mesta afl sem möguleiki er á. Í huga bíláhugamanna táknar merkið þetta allt og meira til. Verið velkomin að skoða nýjustu undratækin frá BMW um helgina. Opið frá 12-16 báða daga.
B&L - Grjótháls 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is
Opið: 12-16 laugardag og sunnudag

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vísindarannsóknir um alþjóðamál:

# Þörf ábending

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Heimsmyndin hefur breyst á skömmum tíma. Stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna þarf að skoða í því ljósi. Áður fyrr voru fáir snertifletir með hefðbundinni utanríkispólitík og daglegu brauðstriti. Einu gildir hvar eða hvernig Ísland tekur sér stöðu með öðrum þjóðum. Það sem gerist á erlendum vettvangi hefur í vaxandi mæli bein áhrif á heimili og fyrirtæki. Þekking á samhenginu milli íslenskra hagsmuna og þróunar alþjóðamála mun þar af leiðandi verða stöðugt þýðingarmeiri.

Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur og fyrrum forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins í Helsinki, hefur í athyglisverðum greinum hér í blaðinu vakið athygli á þessari augljósu staðreynd. Um leið hefur hann lagt til að brugðist verði við með því að auka vísindalega þekkingarstarfsemi á alþjóðamálum.

Með hæfilegri einföldun má ef til vill segja að á sínum tíma hafi utanríkispólitískt grúsk helst verið fyrir þá sem höfðu sérstakan áhuga, tíma og aðstöðu til að sinna öðru en því sem mestu máli skipti fyrir verðmætasköpun þjóðarinnar. Á komandi tíð mun verðmætasköpun þjóðarinnar hins vegar ráðast öðru fremur af þekkingu á þessu sviði.

Hugtakið heimamarkaður í þeim skilningi að um sé að tefla lokað varið markaðssvæði er ekki til lengur. Að því leyti er heimurinn allur heimamarkaður. Efnahagsleg samvinna þjóða sem eiga menningarlega og viðskiptalega samleið styrkist. Nýjar hættur eins og hryðjuverkastarfsemi ógna öryggi almennings. Áhrif þeirra ríkja vaxa sem misnota trúarbrögð til að vega að grunngildum eins og lýðræði, tjáningarfrelsi og jafnrétti.

Alþjóðastofnanir sem áður voru kjölfesta Íslands í samfélagi þjóðanna hafa sumar hverjar misst pólitískt vægi. Í því samhengi má nefna Norðurlandaráð og Atlantshafsbandalagið. Ný efnahagsleg stórveldi eru smám saman að auka áhrif sín og staða annarra að breytast að sama skapi. Ójöfnuður ríkra þjóða og fátækra setur í auknum mæli mark sitt á samskipti þjóða.

Allt eru þetta gildar ástæður til að gefa viðfangsefnum á þessu sviði meiri gaum en verið hefur með markvissri vísindalegri þekkingaröflun. Hér hafa verið að þróast háskólastofnanir sem tekist hafa á við slík verkefni af myndarskap miðað við aðstæður. Gild rök standa til þess að upphefja þetta rannsóknarstarf með því að byggja á þeim grunni myndarlega rannsóknarstofnun um utanríkis-, varnar- og öryggismál.

Háskólasamfélagið og atvinnulífið þurfa hér að taka höndum saman. En ríkisvaldið hefur líka hlutverki að gegna. Í byrjun tíunda áratugarins tók utanríkisráðherra þá geðþóttaákvörðun að nýta ekki krafta þeirra sem mesta reynslu og þekkingu hafa í utanríkisþjónustunni. Ef ráðuneytið ætlar að stunda þá mannauðssóun áfram hefur ríkisvaldið þar svigrúm til að leggja þessum rannsóknarverkefnum lið. Aðalatriðið er þó að hér er um verðugt verkefni að ræða. Það gæti einfaldlega reynst dýrt að leggja kollhúfur við þeirri þörfu hugmynd sem hér hefur verið vitnað til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fáir fundir

Dagur B. Eggertsson segist ekki bera ábyrgð á því að kostnaður við byggingu nýrrar stúku við Laugardalsvöll fór tæpar 400 milljónir fram úr áætlun. Dagur var í byggingarnefnd frá nóvember 2005 til september 2006, en þá leysti Björn Ingi Hrafnsson hann af hólmi. Hlutverk nefndarinnar var að fylgjast með að framkvæmda- og kostnaðaráætlun stæðist. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar kemst að þeirri niðurstöðu í greinargerð að byggingarnefnd hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni. Í samtali við RÚV segir Dagur hins vegar ekki við sig að sakast og gagnrýnir að Eggert Magnússon, formaður bygginganefndarinnar, hafi aðeins boðað tvo fundi þann tíma sem Dagur var í nefndinni. Það er aftur á móti mat innri endurskoðunar að við því hefðu fulltrúar Reykjavíkurborgar einmitt átt að bregðast.



### Brugðust ekki við

Í greinargerðinni kemur fram að fundirnir hafi vissulega verið of fáir og að ábyrgð á byggingarnefnd hvíli fyrst og fremst á KSÍ. En innri endurskoðun tekur líka fram að á seinni fundi nefndarinnar í apríl 2006 „hafi legið fyrir upplýsingar um að kostnaður stefndi fram úr áætlun enda var endurskoðuð kostnaðaráætlun kynnt á fundi með embættismönnum borgarinnar þremur dögum síðar“. Í ljósi þess hafi fulltrúar Reykjavíkurborgar í nefndinni „átt að krefjast fleiri funda til að tryggja formlegt eftirlit“. Það gerðu þeir ekki.



### Dýrkeypt gleymska

Meðal þess sem orsakaði framúrkeyrsluna við stúkubygginguna er virðisaukaskattur af hönnun upp á 36 milljónir sem gleymdist í kostnaðaráætlun. Mönnum fyrirgefast kannski svona yfirsjónir þegar þeir eru að skipuleggja skólaball í framhaldsskóla. En meiri kröfur hljóta að vera gerðar til þeirra sem skipuleggja opinberar framkvæmdir fyrir meira en milljarð króna.

bergsteinn@frettabladid.is

# Engin bylting á Íslandi



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Vextir

Eins og sönnum Íslendingi sæmir er ég ekki mikið fyrir smáatriði. Maður borgar bara brúsann – án þess að líta á upphæðina. Á dögunum varð mér þó rýnt í smáa letrið á einum af mínum ágætu reikningum og sá að höfuðstóll íbúðalánsins okkar í hafði hækkað frá því ég leit síðast á það fyrir um það bil ári síðan. Eitthvað fannst mér þetta skrýtið en eins og sönnum Íslendingi sæmir gleymdi ég því fljótt og kveikti bara á Kastljósinu.

Það var svo á sunnudegi nokkru síðar að Andrés Magnússon læknir mætti í Silfur Egils og hélt stutta en áhrifaríka tölu um vaxtaokur íslenskra banka. Íslendingar borga að meðaltali 10% hærri vexti en aðrar þjóðir. Og þegar við bætist verðtrygging er nánast ógerlegt fyrir fólk að eignast hús sín, jafnvel þótt það nái 200 ára aldri. Á bloggsíðu nafna míns Thorsteinssonar fann ég eftirfarandi tilvitnun í Morgunblaðið, upplýsingar komnar beint frá Seðlabankanum:

„Höfuðstóll verðtryggðs láns sem stóð í 10 milljónum króna í janúar hafði hækkað um 138 þúsund krónur í febrúar. Sé 10 milljóna króna verðtryggt íbúðarlán tekið í dag til fjörutíu ára þarf alls að greiða fyrir það um 136 milljónir króna, miðað við 6,8% verðbólgu allan tímann og 6,4% vexti – sem bankarnir bjóða um þessar mundir.“

### 10 verða 136

10 milljón króna lán verður 136 milljónir á 40 árum? Erum við ekki að grínast? Nú skildi ég allt í einu hvers vegna höfuðstóllinn á íbúðaláninu mínu var milljón krónum hærri nú en í fyrra. Ég borga tæpar hundrað þúsund krónur í afborganir á mánuði. Höfuðstóllinn hafði hækkað sem því nemur! Ekki furða að Íslendingar tali um að borga UPP lán en ekki niður. Reyndar er full langt seilst að kalla þetta fyrirbæri lán. Ólán væri nærri lagi.

Lengi höfum við vitað að Ísland er dýrasta land í heimi, hvað nauðsynjar varðar, en nú höfum við fengið nýjar og verri upplýsingar. Ég endurtek: „Höfuðstóll verðtryggðs láns sem stóð í 10 milljónum króna í janúar hafði hækkað um 138 þúsund krónur í febrúar.“ Ef heldur fram sem horfir mun þessi höfuðstóll hafa hækkað um rúma milljón fyrir árslok. Því má í raun segja að Íslendingurinn þurfi að borga milljón á ári fyrir það eitt að vera til, fyrir að vera á landinu. Dvalarleyfi á Íslandi kostar EINA MILLJÓN íslenskra króna á ári. Og þá erum við að tala um mig og þig, íslenska ríkisborgara.

Stuttu eftir þátt Andrésar í Silfrinu fór ég til útlanda en reyndi þó að fylgjast með bloggræðunni heima eftir föngum, í fang- og hóteltölvum. Og einhvernveginn fékk ég á tilfinninguna að eitthvað momentum væri að myndast norður í höfum. Fólki væri nóg boðið, nú væri mælirinn fullur. Menn væru ekki alveg til í að halda áfram að hækka skuldir sínar um milljón á ári fyrir það eitt að hafa sýnilegan Seðlabankastjóra, þó skemmtilegur sé.

### Ísland eða Absúrdistan?

„Andrés hefur kannski ekki hundrað prósent rétt fyrir sér, en hann segir á mannamáli hluti sem vaxtapíndur almenningur er að hugsa. Með réttu ætti að vera uppreisn í aðsigi,“ ritaði Egill Helgason á sína góðu bloggsíðu.

Um líkt leyti var haft eftir Hreiðari Má hjá Kaupþingi að ef hann væri Seðlabankastjóri yrði hans fyrsta verk að afnema verðtrygginguna, sem sett var til bráðabirgða á óðaverðbólgutíð, í allt öðruvísi þjóðfélagi, en vinnur nú ásamt okurvöxtunum að því að hækka sérhvern höfuðstól á hverjum mánuði og það jafnvel umfram afborganir. Búum við í Absúrdistan? Getur verið að Gamla Ísland sé að þvælast fyrir því nýja?

Síðan kom ég heim og sá mér til vonbrigða að umræðan hafði lognast út af fremur en að magnast. Það var ekki von á neinni byltingu á Íslandi. Við ætlum bara að kyngja þessu líkt og öðru. Okkur finnst svo merkilegt að vera Íslendingar að við erum alveg til í að borga tæpar hundrað þúsund krónur á mánuði fyrir það.

Ég keyrði úr Keflavík beint á bensínstöð og fyllti tankinn. Það kostaði rúmar 8.000 krónur. Erum við ekki að grínast? Flugmiðinn minn frá Brussel til Riga kostaði það sama. Bölvað okurland er þetta, hugsaði ég um leið og skrúfaði tappann á tankinn en settist svo auðvitað bara inn í bíl og kveikti á EFFEMM.

# Heimspekilegt blaður

**UMRÆÐAN**

Aðbúnaður verkamanna



KRISTJÁN KRISTINSSON

Mér varð orða vant eftir að hafa lesið grein Hauks Más Helgasonar heimspekings, „Rangur dómur“, sem birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 5. mars. Ástæðan er hvorki umræða um tjáningarfrelsi né meiðyrðamál og ekki ætla ég mér að gerast dómari um hvað má og má ekki skrifa í bloggheimum. Í greininni er hins vegar farið með rangt mál sem nauðsynlegt er að leiðrétta auk þess sem þar er fjallað um viðkvæm mál á afar ónærgætinn hátt svo vægt sé til orða tekið.

Fullyrðing um ástæðu matarsýkingar verkamanna í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar á síðasta ári er röng. Ástæðan var ekki lélegur aðbúnaður verkamanna. Ljóst er að þann 19. apríl 2007 fengu rúmlega 40 manns í göngum Kárahnjúkavirkjunar skammvinna matareitrun, sem líklega má rekja til bakteríueiturefna (toxína) sem myndast við ranga geymslu matvæla. Í greinargerð sóttvarnarlæknis og samstarfsmanns hans kom fram að niðurstaðan væri sú að hér hefði verið um einstakan atburð að ræða sem tengdist matargerð og vörslu tilbúinna matvæla en væri óháð aðstæðum inni í göngunum. Aðbúnaður verkamanna við hinar hrikalegu aðstæður inni í jarðgöngunum var erfiður en hann var ekki ástæða umræddrar matarsýkingar.

Fram kemur hjá greinarhöfundi að fimm verkamenn hafi látist í vinnuslysum í framkvæmdum við Kárahnjúka. Með tengingu við Ómar R. Valdimarsson, fulltrúa Impregilo, er gefið í skyn að verktakafyrirtækið Impregilo beri ábyrgð á umræddum slysum. Fyrir utan smekkleysi þess að blanda banaslysum inn í umræðu um tjáningarfrelsi ber að halda því til haga að enginn af umræddum fimm mönnum var starfsmaður Impregilo. Þrír Íslendingar voru starfsmenn innlendra verktaka, einn Portúgali var starfsmaður vélaframleiðanda og einn Króati var starfsmaður erlends fyrirtækis við uppsetningu háspennumastra. Ástæður þessara slysa eru jafn margar og slysin og margir eiga um sárt að binda eftir þessa atburði. Hvað þetta kemur umræðu um tjáningarfrelsi við er mér ómögulegt að skilja.

Til að bíta höfuðið af skömminni fer síðan greinarhöfundur að bera saman umrædd dauðsföll og dauðsföll í herliði Bandaríkjamanna í Írak. Hvers konar samanburðarrugl er hér á ferðinni? Lítur greinarhöfundur svo á að umræddir starfsmenn við byggingu Kárahnjúkavirkjunar hafi látist í stríðsátökum? Svona gera menn ekki.

*Höfundur er efnaverkfræðingur.*


OPEL CORSA
6 LOFTPÚÐAR, ESP SKRIÐVÖRN, AUX TENGI, MP3 GEISLASPILARI,
UPPHITAÐIR ÚTISPEGLAR, ÚTVARPSSTILLINGAR Í STÝRI, HITI Í SÆTUM.
ENN BETRI ÞJÓNUSTA – ALLT OPEL VIÐHALD
Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM
Opel Corsa
Mánaðargreiðsla**
Beinsk. 1,2 1.830.000 kr. 19.478 kr.
Sjálfsk. 1,4 2.040.000 kr. 22.486 kr.
**Miðast við bílasamning með 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.
NÝTT Á ÍSLANDI
OPEL VERND*
NOTALEG ÞRJÚ ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU
Öll þjónustuskoðun og allt viðhald
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskoðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.
Við lánum þér alltaf bíl
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskoðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.
30 daga skiptiréttur
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn uppfylli ekki væntingar.
Endurkaup
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.
*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.
CORSA
ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR OPEL VERND
Antara / Verð frá 3.990 þús.
Vectra / Verð frá 2.890 þús.
Astra / Verð frá 2.140 þús.
IH INGVAR HELGASON
Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808
ENNEMM / SÍA / NM32590

# Tækifæri til að nútímavæða Rússland

UMRÆÐAN
Kosningar

Rússar hafa kosið sér nýjan forseta.

Ég kaus, og ég hvatti ekki aðeins vini mína og fjölskyldu heldur alla borgara Rússlands til þess að mæta á kjörstað og greiða atkvæði – þrátt fyrir þá staðreynd að úrslitin væru fyrirsjáanleg og jafnvel fyrirfram skipulögð.

Vinsældir Vladimírs Pútíns, sem lýsti yfir stuðninig við Dimitri Medvedev og féllst síðan á að verða forsætisráðherra hans, gerðu það að verkum að úrslitin voru fyrirfram ráðin. Margir í landi okkar hafa gagnrýnt þessa sérstöð kosninganna.

Kjósendum var aldrei gefinn raunverulegur möguleiki á að bera saman tillögur frambjóðenda um hvernig eigi að takast á við þau vandamál sem steðja að þjóðinni. Frambjóðendaúrvalið var ekki sem ákjósanlegast. En samt mætti fólk á kjörstað og greiddi atkvæði – sem er enn einn lofsöngurinn til Pútíns.

En hversu mikilvægar sem kosningarnar til Dúmunnar og í forsetaembættið hafa verið á síðustu mánuðum, þá velti ég nú fyrir mér hvað gerist næst.

Við höfum nú einstakt tækifæri til þess að notfæra okkur þann stöðugleika og það sjálfsöryggi sem fengist hefur á síðustu árum og hagstæða alþjóðamarkaði til þess að stíga ákveðin skref í átt til nútímavæðingar. Það þýðir meira en að nútímavæða iðnaðinn. Við þurfum að nútímavæða stjórnsýsluna, hrinda af stað nýsköpun í efnahagslífinu, leggja aftur áherslu á menntun


MIKHAIL GORBACHEV

og heilbrigðismál og, það sem mestu skiptir, vinna að því að minnka bilið milli ríkra og fátækra um leið og barist er gegn spillingu og skrifræði.

Bæði Pútín forseti og frambjóðandinn Medvedev kusu sem betur fer að beina athyglinni að þessum erfiðu verkefnum síðustu dagana fyrir kosningar. Ég er ekki í vafa um að þeir muni gera sitt besta. En þeirra verk munu þó ekki ein duga til að ná árangri.

Á öllum stigum stjórnsýslunnar – alríkinu, héruðunum og jafnvel heima í sveitarfélögunum – þarf að gera miklar breytingar á starfsliði. Ég er ekki að kalla á herferð undir formerkjunum „rekum þrjótana burt“. Við þurfum að kenna embættismönnum nýjar leiðir til að leysa ný vandamál. Enn meiri þörf er þó á því að opna leiðir fyrir unga fólkið. Ef þetta verður ekki gert þá verður ekki staðið við mörg þeirra loforða sem við höfum gefið og sú staðreynd verður ekki falin með neinum ímyndarherferðum.

Við þekkjum það af reynslu annarra þjóða að vandamál af þessari stærðargráðu verða einungis leyst í umhverfi þar sem raunverulegt lýðræði er fyrir hendi, í borgaralegu samfélagi þar sem ríkisstjórnin ber ábyrgð gagnvart almenningi og fólk er ekki hrætt við að taka frumkvæðið.

Sumir kunna að andmæla þessu og segja að við getum ekki leyft okkur að „losa um taumana“, að það sem Rússland þurfi núna sé ekki að gera fleiri tilraunir með lýðræði heldur styrka stjórn og ákveðna. En styrk stjórn án raunverulegs stuðnings frá almenningi getur verið getulaus. Pútín fékk þennan stuðning vegna þess að hann áttaði sig réttilega á því sem fólk vildi – að stöðugleika yrði komið á að nýju og rússneska ríkið yrði byggt upp á ný. Við stöndum nú frammi fyrir enn erfiðari og sannarlega sögulegum verkefnum. Til þess að ná árangri í þeim efnum er nauðsynlegt að gagnkvæm samskipti ríkis og samfélags komist á nýtt stig.

Þetta leiðir mig enn og aftur að því sem ég hef áður lagt áherslu á: Til þess að vera með virkt stjórnkerfi þurfum við umbætur á kosningakerfinu. Ekki nægir að gera smávægilegar lagfærslur, heldur þarf að gera meiriháttar breytingar á reglum um forsetakosningar, þingkosningar og héraðsstjórakosningar.

Ég legg til að það verði forgangsverkefni að taka á ný upp blandað kerfi þingkosninga, þannig að fólk geti bæði greitt

www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

# Foreldrum kennt – ekki kennt um

UNMRÆÐAN
Fjölskylduráðgjöf

Á þessu ári eru hundrað ár liðin frá því farið var að bjóða foreldrum á Vesturlöndum leiðsögn í listinni að vera gott foreldri. Allar götur síðan hefur slík fræðsla verið í boði í einhverri mynd víðast hvar. Gjörbreytt þjóðfélagsmynstur í kjölfar almennrar atvinnuþátttöku kvenna til jafns við karla og stóraukin tíðni hjónaskilnaða kallar á vakningu í þessum efnum. Sá sem er að vaxa úr grasi þarf bæði frjóan jarðveg til að skjóta rótum, og birtu og yl til að vaxa og dafna. Hvort tveggja er að mestu leyti undir foreldrum hans komið.

Forseti Íslands sagði í áramótaávarpi sínu, að það væri í reynd sjálfstæðisbarátta þessarar aldar að tryggja nýrri kynslóð Íslendinga farsæla framtíð í heimalandi. Vel hefði tekist að skapa ungum Íslendingum ríkuleg tækifæri til að tvinna saman rætur á heimaslóð og athafnasemi á veraldarvísu, en engan veginn sjálfgefið að svo yrði áfram.

Augljóst er að hin farsæla framtíð er ekki eingöngu komin undir viðskiptatækifærum innan lands og utan og góðu árferði. Á mótunarárum sínum, þegar skapgerðin, sjálfsmyndin og sjálfstraustið er að verða til, er hin nýja kynslóð Íslendinga í umsjá foreldra sinna. Þeir ráða mestu um framtíð hennar og farsæld. Við blasir að foreldrar eru misjafnlega í stakk búnir til að axla þessa ábyrgð og margir hafa nýtt sér ráðgjafa og stuðningshópa sem hafa myndast hér á landi sem annars staðar.

Tilefni þessarar greinar er að vekja athygli á námskeiði sem hefur gefist nýjum foreldrum afar vel, ef marka má viðbrögð og þakklæti þeirra sem það hafa sótt.

### Árangursríkt námskeið

ÓB ráðgjöf ehf. er einkarekið fyrirtæki sem veitir þjónustu í heilbrigðis- og menntamálum samhliða þeirri þjónustu sem


ÓLAFUR GRÉTAR GUNNARSSON

sem þegar er til staðar í samstarfi við þá aðila sem fyrir eru. Aðstandendur fyrirtækisins hafa boðið upp á foreldrafærnifræðslu frá árinu 1998 og hafa yfir sex hundruð foreldrar sótt námskeið þeirra á þeim tíma. Í Reykjanesbæ og í Sandgerði sóttu tæplega hundrað foreldrar sex vikna námskeið fyrir foreldra leikskólabarna á árunum 1998-2001. Verkefnið var grasrótarstarf í samvinnu við foreldra og kennara. Tveimur árum síðar tók stjórn Reykjanesbæjar þá ákvörðun að bjóða foreldrafærninámskeið sem hluta af forvarnastarfi sínu og hafa á annað þúsund foreldra tekið þátt í því.

Námskeiðið, sem er fyrir foreldra leikskólabarnanna, er tólf klukkustundir og stendur í sex vikur, tvær klukkustundir í senn, einu sinni í viku. Námskeiðið var þróað hjá Family Caring Trust. Höfundar þessa námskeiðs eru bresku hjónin Michael og Terri Quinn, sem bæði eru með meistaragráðu í samfélagsþróun og fjölskylduráðgjöf. Námskeiðið hefur verið þýtt á fjölda tungumála. Hér á landi var það gefið út af aðstandendum ÓB ráðgjafar í samvinnu við FCT og Eignarhaldsfélagið Hof.

Foreldrafærninámskeið FCT eru viðurkennd í Bretlandi og sóttu yfir fimm hundruð þúsund

flokkslistum og einstaklingum atvkæði. Fólk verður að geta treyst því að kjörnir fulltrúar muni starfa fyrir það. Eftir þingkosningarnar í desember afhentu 113 frambjóðendur úr forystusveitum sigurflokkanna þingsetuumboð sitt til lítt þekktra staðgengla. Eitt hundrað og þrettán – það er fjórðungur þeirra sem kosnir voru! Kjósendur eiga meiri virðingu skylda.

Ég tel að lækka verði þröskuldinn, sem þingflokkar þurfa til að ná manni á þing, úr sjö prósentum í fimm prósent, eins og það var fyrir kosningarnar 2003, áður en kosningalögum var breytt 2006. Héraðsstjóra þarf á ný að kjósa í almennri kosningu, frekar en að forseti ráði vali þeirra með samþykki héraðsþinga.

Í kosningabaráttunni var nokkuð rætt um utanríkismál. Nú orðið er viðurkennt að Rússland hefur á undanförnum árum að stórum hluta náð að endurreisa stöðu sína á alþjóðavettvangi. Þessu fylgir aukin ábyrgð – en um leið verður nauðsynlegt að endurskoða afstöðu okkar til nokkurra mála og um leið þurfum við að endurskoða þann stíl sem við höfum á utanríkisstefnunni.

Samstarfsríki Rússlands verða einnig að leggja sig meira fram um að komast að gagnkvæmum skilningi. Sum þeirra þráast við að saka Rússland um raunveruleg jafnt sem ímynduð vandamál, frekar en að kanna málin af óhlutdrægni. Og sumir vestrænir fjölmiðlar eru hreinlega gagnteknir af andrússneskum staðalímyndum og allsherjar gagnrýni á landið okkar.

Þessu svara ég svona: Íbúar hér eru lýðræðislegri en þið haldið, þrátt fyrir erfiða sögu Rússlands. Þessi þjóð gekk í gegnum 250 ára tímabil mongólskra yfirráða, og því fylgdi þrældómur undir keisurum og síðan áratugir ófrelsis undir stjórn kommúnista. En fólkið okkar er fært um að læra af fortíðinni. Það mun taka réttar ákvarðanir um það hvað skuli velja og hverju skuli hafna. Þetta mun taka tíma, en Rússland á sér aðeins eina framtíð – lýðræði.

# Samtaka – svæðisráð foreldra

**UMRÆÐAN**
Foreldrastarf

Þann 5. febrúar varð Samtaka, svæðisráð foreldra barna í grunnskólum Akureyrarbæjar, eins árs. Í því sitja tólf manns. Svæðisráðið var stofnað til að sameina og styrkja raddir foreldra í Akureyrarbæ. Það er auðveldara fyrir sameinaðan hóp foreldra að koma sínum málum á framfæri við bæjaryfirvöld. Á sama hátt er auðveldara fyrir bæjaryfirvöld að koma sínum málum til foreldra og fá þá til að starfa í ráðum og nefndum sem tengjast skólamálum.

Arnheiður Jóhannsdóttir er fulltrúi foreldra grunnskólabarna á fundum skólanefndar og er þar með tengiliður okkar við bæjaryfirvöld. Undirrituð er svæðisfulltrúi Akureyrar í landssamtökunum Heimili og Skóli og er þar með tengiliður svæðisráðsins þangað. Í vetur hefur Samtaka hugað að umferðar- og öryggismálum barna. Foreldrar eiga fulltrúa í göngu- og hjólreiðastíganefnd og einnig í heilsueflingarráði bæjarins.


HÓLMFRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR

Fljótlega verður haldinn fræðslufundur fyrir foreldra um örugga netnotkun barna og unglinga. Verður hann auglýstur betur síðar.

Fyrir skömmu bað skólanefnd Samtaka um álit foreldra á læstum skápum fyrir unglingadeildir í grunnskólum Akureyrarbæjar. Samtaka ákvað í kjölfarið að útbúa spurningakönnun með fleiri spurningum sem svæðisráðið hefur hug á að fá svör foreldra við. Slíkt hefur ekki verið gert hér áður svo við vitum til. Á þennan hátt getum við séð viðhorf foreldra til ýmissa mála sem gerir okkur kleift að vinna enn betur að málefnum grunnskólabarna og foreldra þeirra.

Samtaka hefur opnað nýja heimasíðu, http://samtaka.org, þar sem finna má ýmsar upplýsingar um svæðisráðið og allar fundargerðir frá upphafi. Á þessum vef ætlum við líka að birta upplýsingar um allt sem er á döfinni fyrir foreldra í bæjarfélaginu og utan þess ef okkur þykir ástæða til. Við vonumst til að þetta verði mikilvæg upplýsingaveita fyrir foreldra í Akureyrarbæ. Tölvupóstfang Samtaka er: samtaka@samtaka.org.

Við vonumst til þess að foreldrar fylgist vel með störfum Samtaka og noti gott tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun mála hér í bæ.

*Höfundur er formaður Samtaka.*

TDI®
FÆST MEÐ TDI® DÍSILVÉL
EYÐIR AÐEINS FRÁ 5,6 L/100 KM
CO2
ÚTBLÁSTUR AÐEINS 148 G/KM
KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR
★★★★★
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU
HLAUT GULLNA STÝRIÐ
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

áss er ekki stillingaratriði.

**Með hinni mögnuðu TDI® dísilvél eyðir Passat aðeins 5,6 lítrum á hundraðið.**
Fáir bílar sameina jafn vel kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun og Passat. Og enginn þeirra fæst á sambærilegu verði. Volkswagen Passat færir þér búnaðinn, plássið og útlitið sem þig hefur alltaf dreymt um. Allt sem þú þarft að gera er að leggja blaðið frá þér, koma til okkar og prófa þennan frábæra lúxus. Opið í dag, laugardag, frá kl. 12 til 16.

**Passat kostar aðeins frá**
**2.650.000 kr.**
Eða **31.500 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,29%.

**TDI® vél og meiri lúxus fyrir 340.000 kr.**
• 1.9 TDI® dísilvél
• fjarlægðarskynjarar
• að framan og aftan
• aðkomuljós
• hiti í sætum
• 16" álfelgur,
• leðurklætt stýri
• leðurklædd handbremsa
• leðurklædd gírstöng
• vegleg VW regnhlíf

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172–174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

foreldrar foreldrafærninámskeið FCT þar í landi á síðasta áratug.

**Ánægðir foreldrar og ánægð börn**
Hugmyndin að baki námskeiðinu er að hjálpa foreldrum til að fá betri yfirsýn og finna aðferðir til að verða ánægðara foreldri með ánægðari börn. Námskeiðið hefur verið haldið í leikskólum, á heimilum og einnig vinnustöðum við mikla ánægju þar sem foreldrar fengu þarna tækifæri til að kynnast vinnustaðarmenningu makans. Foreldrafræðsla eflir jafnrétti og er því öflugt tæki fyrir þá vinnuveitendur sem eru með metnaðarfulla jafnréttisáætlun í sínum fyrirtækjum.

Foreldrar eru fyrstu og mikilvægustu kennarar í lífi barna sinna. Samt hefur fólki almennt ekki verið boðin fræðsla um foreldrahlutverkið.

Auk ávinnings af betri skilningi á ábyrgðinni af þessu merkasta hlutverki í lífinu og ánægjunni sem það felur í sér að vera gott foreldri, er það beinlínis þjóðhagslega hagkvæmt að sinna því vel.

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin í geðheilbrigðismálum er að gera foreldra betur í stakk búna til að takast á við foreldrahlutverkið.

Auk þess þykir sýnt að hagfræðilegur ávinningur af stuðningi við foreldra ungra barna sé umtalsverður.

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, tapar samfélagið meira fjármagni vegna hvers einstaklings sem ekki farnast vel en það kostar að gefa öllum foreldrum og börnum veganestið sem hér er verið að vekja athygli á.

**Mikilvægustu störfin**
Menningarumhverfi okkar ætlast til að við getum smeygt uppeldishlutverkinu inn á milli tilrauna til starfsframa, félagsstarfa og persónulegra áhugamála, án þess að fatast nokkurn tíma flugið.

Allir foreldrar geta notið góðs af traustum upplýsingum og stuðningi við uppeldi barna sinna en sumir þurfa meiri aðstoð en aðrir. Þegar illa fer er foreldrum gjarnan kennt um, og þeir þjást af sjálfsásökunum.

Niðurstöður rannsókna benda ótvírætt til þess að fræðslunámskeið fyrir foreldra og stuðningsáætlanir fyrir fjölskyldur stuðli að heilbrigðum þroska barna. Þess utan auka þau vellíðan foreldra og eru afar hagkvæm þegar til lengri tíma er litið.

Mikilvægustu störf samfélagsins eru í raun unnin af foreldrum með ástinni, örygginu og skjólinu sem þau veita börnun sínum. Gerum nýtt ár að besta foreldraári fram að þessu, með því að kenna foreldrum í stað þess að kenna þeim um.

*Höfundur er fjölskylduráðgjafi hjá ÓB Ráðgjöf.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




„Dómarar eiga að taka þátt í þjóðfélagsumræðu"
Hæstaréttardómarinn Jón Steinar Gunnlaugsson í helgarviðtali

Bestu rithöfundarnir að mati þjóðarinnar
Að mati almennings er Arnaldur Indriðason langbesti rithöfundur þjóðarinnar. Fréttablaðið rýnir í niðurstöður nýrrar könnunar.

Matur

Matur fylgir blaðinu á morgun
Páskaegg á þrenns konar máta – Heimagerð páskaegg Sollu, sælkeraegg Hafliða og norræn hefð í páskaeggjum. Eftirréttur sem enginn fær staðist – Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir útbýr dýrlega köku með heimagerðum ís og jarðarberjasósu. Páskabrauð, þrungin merkingu og táknum – Nanna Rögnvaldardóttir skrifar. Súkkulaði á fóðraðan maga – nokkrir góðir réttir á dögurðarborðið.

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga




MAÐUR VIKUNNAR

# Hagyrðingur, húmoristi, traustur séntilmaður og ólíkindatól

Indriði Haukur Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, vakti mikla athygli í vikunni, þegar hann birti grein um erlent eignarhald á íslenskum fyrirtækjum og áhrifum þess á skattgreiðslur hérlendis.

Indriði, sem er hagfræðingur að mennt, hefur lengi verið viðriðinn opinber fjármál og starfaði meðal annars lengi í fjármálaráðuneytinu.

Fjölskylda, jafnt sem gamlir vinir og vinnufélagar lýsa Indriða sem eldklárum manni, fróðum, vel lesnum og skemmtilegum. Þá sé hann mikill hagyrðingur. Hann sé fljótur að setja sig inn í hluti. Þá sé hann framar öðru traustur og rökfastur.

Börn Indriða bera honum vel söguna. Hann sé alltaf tilbúinn til að aðstoða þau. „Og barnabarnið er í miklu uppáhaldi og lætur afa sinn snúast í kringum sig," segir Júlíana dóttir hans.

Yngri dóttirin Úlfhildur lýsir góðum minningum úr æsku þegar hún dundaði í garðinum í Nökkvavoginum með pabba sínum.

Hann þykir handlaginn og geta smíðað nánast hvað sem er, innandyra jafnt sem utan. Börnin lýsa því enn fremur að Indriði sé bóngóður og greiðvikinn.

Indriði fylgist vel með og hefur mikinn áhuga á því sem börn hans hafa fyrir stafni. Til að mynda hefur hann heimsótt son sinn Hauk til Oxford, þar sem hann er við störf. Síðan þegar dóttir hans hugðist læra leiðsögumennsku, þá dró hún Indriða með sér, þeim báðum til ánægju.

Aðrir ættingjar segja einnig að Indriði sé mikill en lúmskur húmoristi. Hann sé rólegur. Hafi líka verið það í uppeldinu. Alltaf hafi verið gott milli elstu systkinanna.

Hann eigi alltaf góða sögu á takteinum og sé einnig mikill hagyrðingur. Þá rækti Indriði fjölskylduna vel, sérstaklega eftir að hann fór á eftirlaun.

Hann sé líka grúskari og gáfur hans hafi snemma komið í ljós. Sem dæmi hafi hann strax á fyrsta ári í barnaskóla lesið orðadæmin í reikningi sér til skemmtunar.

Indriði er mikill áhugamaður um náttúru, veiði og hestamennsku. Þá hafi hann mikinn áhuga á sögu og landafræði, að ógleymdum efnahagsmálum og ýmsum þjóðfélagsmálum. Einnig hefur hann í seinni tíð mikið stundað tennis, bæði með eldri félögum og eignast þar nýja. Hann er formaður Tennisdeildar Þróttar og hefur verið það um nokkurt skeið. Hann hefur undanfarin ár farið árlega með félögum sínum til útlanda til að spila tennis. Næsta ferð verður farin fljótlega. Þá verður haldið til Króatíu.

Sú einkunn sem Indriði fær hjá öllum viðmælendum er sú að hann sé eldklár, skemmtilegur og traustur. Þá sé hann rökfastur og fylginn sér. Einnig að í samningaviðræðum sé betra að hafa hann sín megin við borðið en á móti.

Vinir hans og kunningjar lýsa Indriða sem traustum og góðum vin. Hann sé sannarlega félagslyndur og mannblendinn.

„Hann er mjög sanngjarn og séntilmaður að mörgu leyti," segir Guðmundur Björnsson, vinnufélagi Indriða til margra ára og nú tennisfélagi. Ekki er langt síðan þeir félagarnir unnu til verðlauna á bikarmóti Tennishallarinnar, í flokki 40 ára og eldri.

„Hann er í toppformi," segir Bragi Leifur Björnsson, tennisfélagi. Fólk segir raunar að formið sé slíkt að ætla megi að hann sé tuttugu árum yngri en hann er í raun.

„Indriði er bráðskemmtilegur og kann margar sögur, bæði úr sveit og stjórnsýslu," segir Bragi Leifur.

Einnig er sagt um Indriða að hann sé góður yfirmaður sem standi þétt við bakið á sínu fólki. Þá sé hann fljótur að setja sig inn í hluti og tileinka sér nýjungar.

Hann er hörkuduglegur og fylginn sér „og verður ekki auðveldlega haggað," sagði fyrrverandi samstarfsmaður í fjármálaráðuneytinu, sem sagðist brosandi ekki vilja láta nafns síns getið.

Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík og fyrrum samstarfsmaður, segir að Indriði sé ótrúlega fróður og vel lesinn maður og traustur og góður vinur.

Sumir segja raunar að Indriði sé ólíkindatól. Það sjáist til dæmis á því að hann hafi af miklu kappi farið að stunda tennis á efri árum. Snorri bætir við: „Ef honum dettur í hug að gera eitthvað, þá hættir hann ekki fyrr en því er lokið."

## INDRIÐI HAUKUR ÞORLÁKSSON




## ÆVIÁGRIP

Indriði Haukur Þorláksson fæddist í Eyjahólum í Mýrdal 29. september 1940. Hann er sá fjórði í röðinni í níu systkina hópi. Foreldrar hans voru Ingibjörg Indriðadóttir og Þorlákur Björnsson.

Indriði ólst upp í sveit en fór svo í Skógaskóla. Síðan lá leiðin norður í land og lauk hann stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1960. Þaðan fór hann til Bolungarvíkur þar sem hann kenndi einn vetur, áður en hann hélt utan til Þýskalands. Þar lagði hann stund á hagfræði og lauk prófi frá Freie Universität í Berlín árið 1969. Hann kenndi síðan við sama skóla veturinn 1969 til 70.

Þegar hann kom hingað til lands varð hann deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu og kenndi auk þess við Háskóla Íslands.

Árið 1981 flutti hann sig yfir í fjármálaráðuneytið, þar sem hann var skrifstofustjóri til ársins 1988, þegar hann varð hagsýslustjóri.

Síðan var hann varafulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og kom svo aftur til starfa sem skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu árið 1991. Þar starfaði hann til ársins 1999 þegar hann tók við embætti ríkisskattstjóra. Hann gegndi embættinu þangað til á síðasta ári, þegar hann fór á eftirlaun. Auk þessara starfa hefur hann setið í ýmsum nefndum og stjórnum, auk þess að vera formaður samninganefndar ríkisins á árunum 1982 til 1989.

Indriði er kvæntur Rakel Sigríði Jónsdóttur og eiga þau þrjú börn og eitt barnabarn.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Indriði vakti mikla athygli í vikunni þegar birtar voru athuganir hans á eignarhaldi íslenskra fyrirtækja og skattalegum áhrifum. Hann er líka hvað þekktastur fyrir að hafa verið formaður samninganefndar ríkisins og fékk á sig það orð að menn vildu heldur hafa hann sín megin við borðið en á móti. Þá var hann ríkisskattstjóri og hófu rafrænu skattframtölin göngu sína undir hans stjórn.

## VISSIR ÞÚ ...

Að Indriði H. Þorláksson er hagyrðingur. Til er saga af honum þegar hann mætti í afmæli til systur sinnar og færði henni blóm, og þessa vísu:

Þeir sem sífellt mala og mala
margir gjarnan vita það
Að víst myndu blessuð blómin tala,
bara ef þau kæmust að.

Það fylgir sögunni að systirin eigi eftir að svara fyrir sig ...

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Jafnvægi náttúrunnar

**Jón Jónsson, fyrrverandi vagnstjóri, skrifar:**

Nú nýlega gaf ríkisstjórnin út að fengnu áliti Hafró kvóta ársins 2008. Við þá kvótaskerðingu hafa í kjölfarið margir misst vinnuna. Kvótakerfið í núverandi mynd er orðið þó nokkuð gamalt og var sett á stofn til að reyna að koma í veg fyrir ofveiði. En samt bólar ekkert á því að fiskistofnar, sérstaklega þorskur, nái sér á strik.

Í raun er þorskstofninn á hraðri niðurleið. Af hverju? Ef ekki væri kvótakerfinu að þakka, væri þá þorskurinn ekki bara útdauður? Ég er enginn sérfræðingur í fiskifræði eða hafrannsóknum, heldur er ég menntaður bifvélavirki. Það sem mér finnst vanta í umræðu um fiskveiðistjórnun er grundvallar hugmyndafræði! Við getum ekki gripið inn í náttúruna og friðað eina tegund og nýtt aðra!
Hvað á ég við? Hvalveiðar og hvalafriðun. Hvalir – þorskur – ýsa, öll sjávardýr draga fram lífið á svipaðan hátt. Þorskstofninn er að hruni kominn af tveimur aðalástæðum: Friðun hvala, og í kjölfarið, ofveiði! Ef við ætlum að viðhalda jafnvægi í hafinu, þá neyðumst við til að veiða hvali líka. Jafnvel þó við getum ekki nýtt afurðir þeirra. Hvalir eru ótrúlegar átmaskínur. Þeir éta til dæmis loðnu sem er aðalfæða þorsks. Og sumir hvalir éta átu (svif) sem er aðalfæða loðnu!

Ég held að ofanritað sé hverju skólabarni alveg dagljóst. En hvernig hefur þetta sloppið við að síast inn í hausinn á ráðamönnum – fiskifræðingum – útgerðarmönnum, og fólkinu sem var að missa vinnuna? Getur verið að ég hafi kannski rangt fyrir mér? Ef svo er þá óska ég hér með eftir áliti fiskifræðings eða líffræðings á því. Hvað varðar nýtingu á hvalaafurðum, þá mætti til dæmis útbúa úr hvalkjöti mat handa fólki úti í heimi sem sveltur heilu hungri vegna til dæmis uppskerubrests og þurrka.

Gæti það ekki verið sanngjarnt framlag Íslendinga til sveltandi fólks úti í heimi?

# Samanburður á álagningu fasteignagjalda

**UMRÆÐAN**
Fasteignagjöld


JÓN PÁLMI PÁLSSON

Nýverið var á síðum Fréttablaðsins umfjöllun um fasteignagjöld í Sveitarfélaginu Árborg í samanburði við innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík.

Að mínu mati var framsetning Fréttablaðsins mjög villandi. Blaðamaður tók fasteign úti á landi með tilgreint fasteignamat og reiknaði þá eign út miðað við álagningarforsendur viðkomandi sveitarfélags. Það var síðan borið saman við sambærilega eign með sama fasteignamat á álagningarforsendum Reykjavíkur. Þetta gefur kolrangan samanburð, eða „arfavitlausan“ eins og tekið var til orða í frétt Fréttablaðsins þann 20. febrúar s.l. um mismun á álagningu í Árborg og Reykjavík.

Til að geta skoðað álagningu fasteignagjalda með sambærilegum hætti, verður í upphafi að finna út á hverjum stað hvert fasteignamatið er, miðað við svokallað „höfuðborgarmat“ og er þá hægt að reikna út álagningu fasteignagjalda og bera saman á millisveitarfélaga. Í meðfylgjandi samanburði er teknar tvær eignir, annars vegar íbúðarhús með bílskúr og lóð, samtals að fasteignamati kr. 23.455.000.- og atvinnuhúsnæði með lóð samtals að fasteignamati kr. 91.700.000.-

Álagningarforsendur viðkomandi sveitarfélaga eru notaðar, þannig að með þessum hætti kemur glögglega fram hversu há gjöld eigendur þessa húsnæðis myndu greiða ef húsið þeirra væri staðsett í viðkomandi sveitarfélögum, og er þá reiknað út frá fyrrnefndu “höfuðborgarmati”.

**Sjá samanburðartöflu. Tafla 1.**
Eins og glögglega má sjá þá er hæst álagning í Reykjanesbæ, en lægst í Reykjavík. Mismunur á milli þess hæsta og lægsta er 31,6%. Nauðsynlegt er að geta þess að Akranes er tekið tvisvar í útreikningnum, sem stafar af því að nýlega var breytt um fyrirkomulag á innheimtu lóðarleigu, en meirihluti fasteigna flokkast undir lægri lóðarleiguna og því rökrétt að segja að samanburðinn eigi að miða við þá niðurstöðu, en engu að síður er eðlilegt að sýna einnig álagningu m.v. nýjar byggingar.

Sé skoðað hvernig álagning fasteignagjalda leggur sig á atvinnuhúsnæði, þá kemur í ljós mikill aðstöðumunur sveitarfélaga hvað varðar tekjumöguleika af atvinnuhúsnæði. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis er margfalt hærra á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi, þótt ekki sé farið lengra í þessum samanburði en til nágrannasveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að viðbættri Akureyri.

**Sjá samanburðartöflu. Tafla 2.**
Samanburðurinn sýnir að Kópavogur innheimtir hæstu gjöldin á meðan Akranes er um helmingi lægra í gjaldtöku á sambærilegri eign.

Það er niðurstaða mín að frétt Fréttablaðsins um „arfavitlausa” íbúa í Árborg vegna tvöfalt hærri fasteignagjalda í Árborg miðað við Reykjavík, sé röng og beri blaðinu að leiðrétta slíkan fréttaflutning, leggja mat á og bera gjöldin saman á réttum forsendum.

Það er von undirritaðs að ofangreindar upplýsingar varpi ljósi á raunverulegan samanburð á álagningu fasteignagjalda hjá sveitarfélögum, en það tel ég ofangreindan samanburð gera með fullnægjandi hætti.

*Höfundur er bæjarritari á Akranesi.*

**ÍBÚÐARHÚSNÆÐI, HEILDARÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA 2008**
**TAFLA 1**




**ATVINNUHÚSNÆÐI, HEILDARÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA 2008**
**TAFLA 2**




**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR




## HOLTA FERSKAR KJÚKLINGA BRINGUR

**40% AFSLÁTTUR**

Holta ferskar kjúklingabringur **40% afsláttur**
**1559 kr.kg.** *MERKT VERÐ 2599 KR.KG.*




Bónus hamborgarhryggur m/beini
**aðeins 898 kr.kg.**




Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
**299 kr.kg**. Birgið ykkur upp.




Holta ferskir kjúklingaleggir
**395 kr.kg.** *MERKT VERÐ 659 KR.KG.*




Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr.kg.** *MERKT VERÐ 399 KR.KG.*




Holta fersk hálf-úrb. kjúklingalæri
**635 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1059 KR.KG.*




Ali ferskar svínakótilettur
**1019 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1698 KR.KG.*




Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR.KG.*




Ali ferskt svínahakk 30% aflsáttur
**619 kr.kg.** *MERKT VERÐ 884 KR.KG.*

ATH: MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG EÐA UPPSELDAR VÖRUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
UM HELGINA !
Ali
499
Ali ferskur svínabógur 499 kr.kg.
40%
AFSLÁTTUR
Óðals ferskar svínakótilettur
998 kr.kg. MERKT VERÐ 1663 KR.KG.
Ali
30%
AFSLÁTTUR
Ali hamborgarhryggur m/beini
1252 kr.kg. MERKT VERÐ 1789 KR.KG.
KS
1498
Ferskt lambaprime 1498 kr.kg.
Sparigrís
BACON
998
Sparigrís beikon 998 kr.kg.
KS
499
Ferskur lambabógur 499 kr.kg.
KS
20%
AFSLÁTTUR
Frosið lambalæri 20% afsláttur
879 kr.kg. MERKT VERÐ 1098 KR.KG.
KS
20%
AFSLÁTTUR
Frosið lambafillet 20% afsláttur
2398 kr.kg. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
DANISH CROWN
40%
AFSLÁTTUR
Danskar frosnar svínalundir
1079 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.
KS
20%
AFSLÁTTUR
Frosinn lambahryggur
1039 kr.kg. MERKT VERÐ 1298 KR.KG.
KS
25%
AFSLÁTTUR
Frosin lambasvið 25% afsláttur
299 kr.kg. MERKT VERÐ 399 KR.KG.
40%
AFSLÁTTUR
KF frosnar lambakótilettur í raspi
1199 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
ATH: MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG EÐA UPPSELDAR VÖRUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.896 **+1,82%**

**Fjöldi viðskipta:** 741
**Velta:** 6.613 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | +5,63% | **ATLANTIC PET.** | -2,67% |
| **LANDSBANKINN** | +3,01% | **SPRON** | -1,15% |
| **BAKKAVÖR** | +2,49% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,69% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,00 +0,00% ... Bakkavör 41,20 +2,49% ... Eimskipafélagið 28,90 -0,69% ... Exista 11,98 +1,18% ... FL Group 9,15 +1,33% ... Glitnir 17,00 +1,19% ... Icelandair 24,80 -0,40% ... Kaupþing 741,00 +2,07% ... Landsbankinn 27,40 +3,01% ... Marel 89,00 +1,14% ... SPRON 5,15 -1,15% ... Straumur-Burðarás 11,20 +1,82% ... Teymi 5,00 0,20% ... Össur 90,20 -0,55%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is




**LOSNA ÚR FJÖTRUM SKULDATRYGGINGARÁLAGS** Í gær birtist þessi skopmynd af fulltrúa Kaupþings í líki víkings í tímaritinu EuroWeek, sem er alþjóðlegt tímarit um skuldabréf. Er vísað til nýlegrar fjármögnunar bankans þar sem betri kjör buðust, að sögn stjórnenda, en svokallað skuldatryggingarálag hafði gefið til kynna dagana á undan. Um leið og skuldatryggingarkúlunni er sparkað fær efasemdarmaðurinn fingurna í augun. Myndin gefur til kynna að bankinn hafi sterkari stöðu á markaðnum en margir hafi viljað vera láta. MYND/EUROWEEK

# Kaupþing frestar bókhaldi í evrum

**Kaupþing hefur frestað því til næsta árs að breyta starfrækslumynt bankans í evrur og dregið til baka umsókn þar að lútandi. Ekki reynir á úrskurð fjármálaráðherra. Á aðalfundi bankans í gær samþykktu hluthafar að færa hlutabréf bankans yfir í evrur.**



**SIGURÐUR EINARSSON** Stjórnarformaður Kaupþings telur misráðið að lækka laun stjórnenda og stjórnarmanna stórra banka. Fremur ætti að gera vel við þá og tryggja sér þar með hæfasta fólkið.

Breytingu starfrækslumyntar Kaupþings úr krónum í evrur hefur verið frestað þar til í janúar á næsta ári samkvæmt ákvörðun stjórnar. Þetta kom fram á aðalfundi bankans í gær. Bankinn hefur dregið til baka umsókn sína um breytinguna sem taka átti gildi í ár. Því reynir ekki á ákvörðun fjármálaráðherra varðandi stjórnsýslukæru sem bankinn lagði fram eftir að umsókninni var hafnað af Ársreikningaskrá.

Bankinn hefur þó langt því frá gefið upp á bátinn fyrirætlanir um að færa sig yfir í evrur. Aðalfundurinn samþykkti í gær að hlutafé bankans skyldi fært yfir í evrur. „Ríkisstjórn Íslands vinnur ötullega að því að gera möguleg viðskipti með hlutabréf í erlendri mynt fyrir árslok. Stjórnin telur því viðeigandi að breyta starfrækslumyntinni og hlutabréfaskráningunni á sama tíma,“ segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, en í ræðu hans á fundinum kom jafnframt fram að þrátt fyrir mikilvægi breytingar starfrækslumyntarinnar væri óvarlegt að gera of mikið úr henni, því bankinn beiti markaðsvörnum sem kæmu í veg fyrir að sveiflur á gengi krónunnar hefðu áhrif eiginfjárstöðu bankans.

Á aðalfundinum var stjórn bankans jafnframt heimiluð útgáfa breytanlegra skuldabréfa að upphæð 1,5 milljörðum evra, en slíkum bréfum má að skilyrðum uppfylltum breyta í hlutabréf, auk þess sem heimiluð var hlutafjáraukning til nýrra hluthafa upp á allt að 1.750 milljónir króna að nafnverði. Aðgerðirnar eru til að auka svigrúm við fjármögnun.

Kaupþing greiðir síðar í mánuðinum út arð til hluthafa upp á 14,8 milljarða króna, en það samsvarar 20 krónum á hlut, eða 21 prósenti af hagnaði síðasta árs.

Kaupþing fór ekki að fordæmi Glitnis sem á aðalfundi sínum fyrir nokkru tilkynnti um lækkun þóknunar stjórnarmanna og forstjóra. Hjá Kaupþingi fá stjórnarmenn greiddar 400 þúsund krónur á mánuði fyrir setuna og formaður stjórnar 800 þúsund krónur. Í hádegisviðtali Markaðarins við Sigurð Einarsson á Stöð 2 í gær kom fram að honum finnst röng stefna að lækka laun stjórnar og stjórnenda, jafnvel þótt fjármálaskilyrði kölluðu á aðhald í rekstri bankans, en að því segir hann líka stefnt. „Ef menn vilja hafa óháða, faglega og metnaðarfulla stjórnarmenn þá get ég ekki séð að umbun eigi að vera lægri en hún er.“ Í máli hans kom jafnframt fram að miðað við starfsmannaveltu mætti allt eins gera ráð fyrir að skorið yrði niður í mannahaldi Kaupþings um sem næmi allt að 150 stöðugildum, enda væri ljóst að skorið yrði niður hjá öllum bönkunum.

Sigurður hafnar því þó að krísa sé hjá Kaupþingi þótt erfiðleikar steðji víða að á fjármálamörkuðum. „Ég veit ekki um annan banka í Evrópu sem er í betri stöðu en Kaupþing hvað varðar laust fé,“ segir hann og bendir á að síðasta ár hafi arðsemi eigin fjár bankans numið 23,5 prósentum, vöxtur hafi verið góður og starfseiningar gangi vel. olikr@frettabladid.is






# GLITNIR GERIR BETUR

Viðskiptavinir Glitnis hafa ríka ástæðu til að gleðjast því um þessar mundir endurgreiðum við skilvísum viðskiptavinum á annað hundrað milljónir króna vegna viðskipta á árinu 2007.

Við hjá Glitni erum alltaf að leita leiða til að gera betur við viðskiptavini okkar og nú þegar hafa þúsundir þeirra þegið ókeypis fjármálaráðgjöf þar sem farið er vel yfir fjármálastöðuna.

Dæmi eru um að viðskiptavinir hafi sparað tugi þúsunda króna með því að nýta sér þjónustu Glitnis og endurskipuleggja fjármálin.

Bókaðu fjármálaráðgjöf strax í síma **440 4000** eða á **www.glitnir.is.**

GLITNIR

08-0330 HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Óþægilega minnugur kvenmaður

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um hjátrú, afkomendur Marsbúa á Atlantis, þvagleggshetjur, þrumuveður og óþægilega minnugan kvenmann á Alþingi – sem líka virðist vera með óbrenglaða siðferðiskennd. Þar að auki er stungið upp á Björk í öryggisráðið.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 29. FEBRÚAR.**

### Óáreiðanlegur dagur

Ég er alls ekki hjátrúarfullur. Samt hætti ég við að byrja á nýjum kafla í bókinni minni í dag. Maður á ekki að byrja á neinu á hlaupársdegi. Þetta er ekki einn af þessum traustu dögum sem koma aftur og aftur, heldur lætur hann sig hverfa árum saman og börn sem fæðast á þessum degi fá ekki almennilega afmælisgjafir nema á fjögurra ára fresti.

Samt var gaman í vinnunni í dag. Það verður nefnilega líf og fjör þegar ósköp venjulegar aukapersónur sem maður hefur ekki ætlað til stórafreka rísa úr öskustónni og fara að hasla sér völl í sögunni.

Persónan sem gerði uppreisn heitir Eelco Cornelis te Linden og er tungumálasnillingur sem hefur því meiri áhuga á tungumálum sem færri tala þau. Hann er íslenskur ríkisborgari og talar íslensku svo vel að ómögulegt er að greina af framburði hans að hann sé ekki innfæddur. Eitt er það þó sem gerir það að verkum að menn sjá fljótt að íslenskan er ekki móðurmál Cornelis. Hann er ákaflega blótsamur en í staðinn fyrir að segja fokk og sjitt eins og sannur Íslendingur notar hann orð eins og rækalli, déskoti, horngrýtis, ahngotans, bévaður, grefilsins og fleira af því tagi sem sjaldan eða ekki heyrist lengur í daglegu máli.

Cornelis kom til Íslands til að læra íslensku og settist að á Íslandi af þeirri einföldu ástæðu að hann eignaðist íslenska konu. Að henni og börnum þeirra undanskildum hefur hann fremur lítið álit á Íslendingum, enda sjálfur kominn af þeim göfuga kynstofni sem var að langfeðgatali kominn af Marsbúum og bjó á eyjunni Atlantis sem var undan strönd Hollands þar til hún sökk fyrirvaralaust í sæ og hefur ekki bólað á henni síðan.

Út í svona vangaveltur getur ein aukapersóna leitt mann – sem er góð tilbreyting frá hvunndagsraunum og ævintýrum aðalpersónanna.

Loksins kom að því að veðrið hérna sýndi einhver skapbrigði. Í gær var súld og rigning, og um níuleytið í morgun brast á haglél og þrumuveður með svo miklum gauragangi að ég hélt að þakið myndi fara af húsinu. Þrumurnar voru svo rosalegar að það var eins og það væri verið að skjóta af fallbyssum hérna á hæðinni fyrir ofan og snjóhöglin voru á stærð við magnyltöflur (frá þeirri sælu tíð þegar slíkar töflur voru kringlóttar). Þetta óveður stóð yfir í tuttugu mínútur. Þá fór sólin aftur að skína.

**LAUGARDAGUR, 1. MARS.**

### Þvagleggshetjur

Það er tvennt ljótt sem ég sé í fjölmiðlum heima.

Í heila viku er búin að standa frétt á vefsetrinu visir.is sem heitir „Þvagleggskonan".

Þar segir frá konu sem var grunuð um ölvun og læknir lét sýslumann eða lögreglu skipa sér að nauðga þvaglegg í konuna til að ná þvagsýni.

Þessi manneskja hefur ekkert til þess unnið að hún sé uppnefnd. Frekar ætti að tala um þvagleggssýslumanninn, þvagleggslögguna eða þvagleggslækninn. Og til að bíta höfuðið af skömminni birtir vefsetrið líka mynd af fórnarlambi þvagleggshetjanna á Selfossi. Svona tilfinningadauð ósmekklegheit eru blaðamannastéttinni til skammar.

Hin leiðindafréttin er sú að erfingjar Kjarvals töpuðu máli sínu gegn Reykjavíkurborg um að Kjarval hefði í rauninni alls ekki gefið borginni verk sín.

Það er met í tilfinningaleysi og þjösnagangi að mál eins og þetta skuli yfirleitt koma fyrir dómstóla. Um svona mál eiga borgarstjórnarmenn að semja ef þeir þekkja mun á skömm og heiðri. Svona mál getur enginn unnið.

Reykvíkingum og landsmönnum öllum mun finnast það slæm tilfinning að lögerfingjar Kjarvals skuli vera þeirrar skoðunar að verkum hans hafi verið stolið. Á þessu máli verður að finna einhverja lausn sem allir geta verið vel sæmdir af. Annað væri að misbjóða minningu Kjarvals.

**MÁNUDAGUR, 3. MARS.**

### Svissneski frankinn og ráðherradómur Sigurðar Kára

„Það gæti verið góður kostur fyrir Íslendinga að taka upp svissneskan franka," er haft eftir Sigurði Kára alþingismanni á visir.is. Við þetta bætist að Sigurður Kári segist vilja verða ráðherra.

Báðir þessir kostir eru ólíklegir – og tæplega þjóðþrifamál.

Að taka upp svissneska frankann sem gjaldmiðil myndi ekki bjarga íslenskum efnahag frekar en taka upp kúgildi eða merkur silfurs. Verðum við ekki bara að halda áfram að pissa í skóinn okkar þar til við tökum upp evru?

Vissulega gæti verið tilbreyting í að gera Sigurð Kára að ráðherra, þeir hafa margir verið hirðulausari en hann í klæðaburði. Samt held ég að það sé ekki í spilunum þessa stundina. Ekki vegna þess að ríkisstjórnin sé svo vel mönnuð, heldur vegna þess að menn eins og Illugi og Bjarni Ben virðast vera nær ljósinu en Sigurður Kári í þeim meltingarvegi Flokksins sem skilar nýjum ráðherrum út á akurinn.



**ÞRIÐJUDAGUR, 4. MARS.**

### Óþægilega minnugur kvenmaður



„Alþingi hefur nægan tíma til að ræða kjör alþingismanna þegar til stendur að bæta þau en ekki þegar verkefnið er að færa kjörin nær því sem gerist hjá almenningi," sagði Valgerður Bjarnadóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í dag þegar hún spurðist fyrir um afgreiðslu frumvarps sem hún lagði fyrir þingið í október um að sérréttindi þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna ríkisins í lífeyrismálum verði afnumin."

Ég tek ofan fyrir Valgerði Bjarnadóttur. Maður rekur upp stór augu þegar maður sér að einhver á Alþingi Íslendinga man eftir því að á Íslandi eiga aðeins ein lög að gilda um alla – jafnvel Alþingismenn.

Vissulega getur það samt verið pirrandi hvað kvenfólk er stundum langminnugt.



**MIÐVIKUDAGUR, 5. MARS.**

### Björk í öryggisráðið!

Hilary vann í Texas og Ohio. Nú ættu þau Obama að taka „íslensku aðferðina" á restina: Semja um að vera forseti og varaforseti til skiptis.

Alveg er ég viss um að fleiri þjóðir væru til í að styðja hið víðáttuuglaða framboð Íslands í öryggisráðið – ef við tilkynnum að Björk eigi að verða fastafulltrúi Íslands í því ráði.

Stuðningskveðjur Bjarkar söngkonu í Tíbet voru einhvern veginn einlægari en hvatningarskeyti utanríkisráðherra Íslands til fólks sem hélt fund um Palestínu á Lækjartorgi og höfðu örugglega þarfari pólitísk áhrif.

Björn Bjarnason er alltaf góður! Núna vill hann fá ökklabönd á sakamenn sem sennilega er hægt að fá með góðum afslætti þegar löggan fær loksins rafmagnsbyssurnar.

Það er hins vegar fullkominn óþarfi – ef einhverjum skyldi detta það í hug – að kaupa ökklabönd á stjórnmálamenn til að fylgjast með því hvar þeir eru staddir í heiminum á kostnað skattborgara, því að flestir þeirra eru með gsm-síma sem gera sama gagn og ökklabönd-in og gefa mun meiri upplýsingar um ferðir og athafnir eigendanna – auk þess sem hægt er að tala í símana en ekki ökklaböndin.





**FIMMTUDAGUR, 6. MARS.**

### Síðustu forvöð!

Bankar hafa aldrei notið verðugs trausts meðal íslenskra ræningja sem hafa fremur kosið að ræna vídeóleigur, pitsustaði og smáverslanir. Í morgun var þó gerð tilraun til að ræna Kaupþing í Hafnarfirði.

Kannski hefur ræninginn hafi haft áhyggjur af efnahagsástandinu og ákveðið að ræna banka – áður en það verður um seinan.




NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VIA University College (Vitus Bering Denmark) í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku
- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á ensku
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- Tölvutæknifræði

Á dönsku
- Véltækni
- Véltæknifræði
- Landmælingar
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi : 7-14. mars 2008. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715.

www.viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

VIA UNIVERSITY COLLEGE
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: UC@VIAUC.DK.

**HONDA**
The Power of Dreams




# ÖRVAÐU CIVIC AFLIÐ

**Nýr og framúrstefnulegur - sannfærir þig á augabragði.**

Honda Civic örvar afl þitt og er hlaðinn búnaði; sportlegur og framúrstefnulegur bíll með frábærar tæknilegar lausnir. Það þekkja allir Honda-áreiðanleikann og Honda-gæðin og eru erlend fagtímarit um bíla á einu máli um að Honda Civic geri alla samkeppni gamaldags. Þér líður vel um borð í Honda Civic þar sem öryggi þitt er ofar öllu; ABS hemlar, EBD bremsuþrýstingsdreifing og VSA stöðugleikakerfi er allt staðalbúnaður í Honda Civic. Komdu og örvaðu skynfærin – reynsluaktu nýjum Honda Civic.

**Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 · Akranes, Bílver, sími 431 1985**
**Akureyri, Höldur, sími 461 6020 · Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535**

**www.honda.is**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100

**www.bernhard.is**

H:N markaðssamskipti / SÍA

# Pioneer

Hljómar eins og til var ætlast!

Pioneer DCS-363

## HEIMABÍÓ

- 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
- USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, Mp3 spilurum o.fl.
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
- Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
- FM útvarp með RDS
- Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART (RGB) út, Composite út, RCA hljóð inn.

Verð: 49.900 kr.



Nýjasta snilldin frá Pioneer ..!!

*Komdu til okkar og fáðu að heyra hljóminn.*

Nintendo®

LEIKJATÖLVAN

NÝ UPPLIFUN!

*Vinsælasta leikjatölva heims.**

*Skv. mælingu www.vgchartz.com



**Freyju** *páskaegg nr. 6 fylgir hverri* **Wii**-*tölvu fram að páskum*



VERÐTRYGGING – ALLTAF ÓDÝRUST Í ORMSSON!

FLÆÐI AF FRÁBÆRUM LEIKJUM!



**Super Mario Galaxy**
*- einn besti leikur allra tíma!*

**Lego Star Wars; Complete Saga**
*- spilaðu allt ævintýrið með Lego*

**Zack & Wiki**
*- Viltu verða besti/versti sjóræninginn?*

**Big Brain Academy**
*- þjálfaðu hugan með Wii*

**Zelda – Twilight Princess**
*- ævintýrið heldur áfram*

# ORMSSON

KVIKA

EÐ ÞIG
HUGA



SAMSUNG

SAMSUNG YP-T10JC
- MP3 spilari
- VIDEO spilari
- FM útvarp

4 GB Minni Kr. 18.900,-
8 GB Minni Kr. 24.900,-

*Berðu saman hljómgæðin í þessu tæki og öðrum MP3-spilurum.*

OLYMPUS

OLYMPUS FE-270
Frábær myndavél
á fínu verði
Kr. 13.900,-






ÁTTAVILLTUR Í ORÐI KVEÐNU?




*Eru einhverjir að bjóða jafn tæknilega fullkomna fartölvu á þessu verði?*

ZEPTO®
the notebook company

Zepto 3215W
Fartölva
Kr. 99.900,-

- Skjár: 15,4" WXGA
- Örgjörvi: Intel Core DUO T2330 1,6Ghz
- Vinnsluminni: 2 Gb PC5300
- Harður diskur: 160GB SATA 5400rpm
- Drif: DVD-RW
- Windows Vista Home Basic

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég harma að Alþingi Íslendinga og menntamálanefnd skyldi ekki hafa fengið að koma að þessu máli.“*

***Kolbrún Halldórsdóttir VG.***

*„Það er sama hversu hlutirnir verða vel gerðir, Vinstri grænir munu alltaf verða á móti. Þetta er höggvið í stein: Vinstri grænir munu segja nei.“*

***Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Málefnalegar umræður, takk fyrir

Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra fannst heldur lítið varið í málflutning Péturs H. Blöndal Sjálfstæðisflokki í þinginu á fimmtudag. Í óundirbúnum fyrirspurnartíma stakk Pétur upp á að Íslendingar framleiddu meiri orku en nú er og tækju að sér álframleiðslu fyrir heimsbyggðina enda væri orkuframleiðsla á Íslandi umhverfisvæn miðað við kola- og olíubrennsluna í til dæmis Kína og á Indlandi.

Þórunn sagði nægri orku varið til stóriðju og um leið og hún benti þingheimi á að hægt væri að framleiða ál víðar en á Íslandi óskaði hún þess að málin yrðu rædd með málefnalegum hætti.

Pétur undraðist orð ráðherrans og sagði að svo virtist sem hún trúði ekki á kenninguna um hitnun jarðar. Sagði hann allar þjóðir þurfa að leggja sitt af mörkum til að minnka koltvíoxíðsmengun og að Íslendingar gætu ekki setið með ónýttar umhverfisvænar orkulindir á meðan heilu kolafjöllunum væri brennt í Kína og á Indlandi. „Þetta er sami hnötturinn sem við búum öll á,“ sagði Pétur.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR



PÉTUR BLÖNDAL

Þórunn sagði svosem hægt að hætta að aka bílum, slíkt myndi draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og svo væri eins hægt að bjóða tíu milljónum Kínverja að setjast að á Íslandi, slíkt myndi líka hjálpa til við að draga úr losun í heiminum. Ítrekaði hún svo vilja sinn til þess að umræðan væri innan „skynsamlegra marka“.

## VIKA Í PÓLITÍK



BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

### *Koma svo*

Það er með ólíkindum að alþingismenn – allir sem einn – leggist ekki umsvifalaust á sveif með Valgerði Bjarnadóttur og færi eftirlaunarétt sinn til þess sem aðrir ríkisstarfsmenn njóta. Ekkert krefst þess að réttindi þingmanna og ráðherra séu betri en annarra.

Málið var afgreitt á methraða í þinginu í desember 2003. Fjórir vinnudagar liðu frá því að frumvarp var lagt fram og þar til það var samþykkt. Þingumræður stóðu samtals í rúmar sex klukkustundir. Allsherjarnefnd sá ekki ástæðu til að kalla eftir umsögnum. Almenn og kröftug mótmæli bitu ekki á þeim 30 þingmönnum sem samþykktu. Nú, þegar Valgerður Bjarnadóttir hefur lagt fram frumvarp um að háir og lágir njóti sama eftirlaunaréttar, þarf allsherjarnefnd að leita umsagna átján aðila.

Man einhver rökin fyrir lögunum á sínum tíma? Með rúmum eftirlaunarétti átti alþingismönnum og ráðherrum að gefast færi á að „hverfa af vettvangi þjóðmála og fara á eftirlaun fyrr en annars er heimilt, í stað þess að leita sér starfs á vinnumarkaði“. Og annars staðar í greinargerð með frumvarpinu sagði að þessi skipan mála gæti dregið úr þeirri tilhneigingu að fyrrverandi forystumenn á stjórnmálavettvangi „sæki í embætti í stjórnkerfinu til þess að ljúka starfsferli á viðunandi hátt“.

Meðal þeirra sem samþykktu frumvarpið á sínum tíma voru Davíð Oddsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Tómas Ingi Olrich. Man einhver hvert þeir fóru að vinna eftir að þeir hættu í pólitík?

Burtséð frá óréttlætinu er greinilegt að lögin þjóna ekki tilgangi sínum.

# Margt búið en nóg eftir

**Það sem af er vetri hafa 214 mál verið lög fyrir Alþingi. 44 hafa verið samþykkt. 234 fyrirspurnir hafa verið lagðar fram. 50 er ósvarað.**

Fastanefndir Alþingis hafa nú til meðferðar samtals 139 mál, ýmist stjórnarfrumvörp, þingmannafrumvörp eða þingmannatillögur. Málin eru misjöfn að efni og umfangi, til dæmis þarf menntamálanefnd að fjalla um risavaxin heildarlög um leik-, grunn- og framhaldsskóla á meðan sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þarf að taka fyrir eflingu íslenska geitfjárstofnsins.

Alls bíða 45 stjórnarfrumvörp afgreiðslu þingsins og 65 þingmannafrumvörp.

Af þeim 234 fyrirspurnum sem



**LAGT Á RÁÐIN** Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður frjálslyndra, læðir orði í eyra flokksbróður síns, Grétars Mars Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þingmenn hafa beint formlega til ráðherra í vetur hefur 180 verið svarað. Ósvarað er 50 fyrirspurnum, þar af 22 sem svara ber skriflega og 28 sem svarað verður munnlega. Þessar tölur miðast við stöðuna eins og hún var í gær. Fjöldi stjórnarfrumvarpa, þingmannafrumvarpa, þingmannatillagna og fyrirspurna á eflaust eftir að koma fram áður en þingi lýkur í vor.

### STAÐA MÁLA Í ÞINGINU

| | |
|---|---|
| Stjórnarfrumvörp | 86 |
| Samþykkt | 41 |
| Bíða 1. umræðu | 5 |
| Í nefnd | 37 |
| Bíða 2. umræðu | 3 |
| Þingmannafrumvörp | 65 |
| Samþykkt | 2 |
| Bíða 1. umræðu | 7 |
| Í nefnd | 55 |
| Bíða 3. umræðu | 1 |
| Þingmannatillögur | 63 |
| Samþykkt | 1 |
| Bíða umræðu | 15 |
| Í nefnd | 47 |
| Fyrirspurnir | 234 |
| Svarað skriflega | 58 |
| Svarað munnlega | 122 |
| Bíða skriflegs svars | 22 |
| Bíða munnlegs svars | 28 |
| Kallaðar aftur | 4 |








Þitt atkvæði skiptir máli

*Taktu afstöðu!!!*

EFLING STÉTTARFÉLAG

V.L.F. HLÍF

VS FK

Boðinn



*Munið að atkvæðagreiðslu lýkur á hádegi 10. mars*




**1.285** kr/kg. áður 1.862 kr/kg.
Goða ofnsteik villikrydduð




**998** kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Gourmet nautahakk




**959** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Danskar kjúklingabringur - 1 kg.




**338** kr/kg. áður 675 kr/kg.
Ísfugl lausfrystir kjúklingaleggir




**999** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
Goða londonlamb



**599** kr/kg.
Humar 1 kg




**395** kr/kg. áður 598 kr/kg.
Goða 4 x grillhamborgarar m/brauði



**799** kr/kg
Línuýsa frosin

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6. mars til 9. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**netto**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar og bróður,*

**Hrafnkels Helgasonar**
Holtabyggð 2, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir viljum við færa EJS, starfsmannafélagi EJS og starfsfólki Hvaleyrarskóla fyrir ómetanlegan stuðning og vináttu á erfiðum tímum. Guð geymi ykkur.

**Helgi Kristjánsson Edda Guðmundsdóttir**
**Steinar Helgason.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sveinfríður S. Jóhannesdóttir**
Einilundi 2, Garðabæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 5. mars. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Hinrik Matthíasson**
**Matthías Hinriksson Kristín Guðmundsdóttir**
**Sigrún H. Hinriksdóttir Kristján T. Sveinbjörnsson**
**Kristín T. Hinriksdóttir**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Freygerðar Guðrúnar Bergsdóttur**
Austurbyggð 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Bakkahlíð og Asparhlíð fyrir góða umönnun.

**Sigrún Finnsdóttir Daníel Þórðarson**
**Guðmundur Finnsson Greta Stefánsdóttir**
**Bergur Finnsson Sumarrós Ragnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Árný Guðríður Enoksdóttir**
Suðurhóp 1, Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð miðvikudaginn 5. mars. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Þorsteinn Guðmundsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Þorvaldur Guðmundsson**
**Birgir Ingi Guðmundsson**
**Þórlaug Guðmundsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Helgason**
fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma Stykkishólmi,

sem lést þann 27. febrúar síðastliðinn verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 8. mars og hefst athöfnin kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju - Heimahornið s. 438 1110 og Kristniboðssamband Íslands s. 533 4900. Sætaferðir verða frá BSÍ kl. 11.00 sama dag.

**Gunnlaugur A. Árnason Sigrún Valtýsdóttir**
**Halldór Árnason Anna Björg Eyjólfsdóttir**
**Helgi Árnason Aðalbjörg Jónasdóttir**
**Vilborg Anna Árnadóttir Jón Trausti Jónsson**
**afa- og langafabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Aldísar Jónu Ásmundsdóttur**
Lindargötu 57, Reykjavík.

**Sigríður Jóhannesdóttir Ásgeir Árnason**
**Ásmundur Jóhannesson Margrét Guðbjartsdóttir**
**Auður Jóhannesdóttir Haraldur Lárusson**
**Guðni Jóhannesson Bryndís Sverrisdóttir**
**Arnbjörn Jóhannesson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, tengdasonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas G. Sigurðsson**
frá Brekkum í Holtum,

andaðist á heimili sínu þann 6. mars síðastliðinn.

**Guðný A. Hammer**
**Herdís Albertsdóttir**
**Kristjana Sigurðardóttir Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**Herdís R. Þorgeirsdóttir Davíð B. Sigurðsson**
**Sigríður S. Jónasdóttir Flosi Ólafsson**
**Ragnheiður Jónasdóttir**
**Sigurður Jónasson Ásdís G. Jónasdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fríða Guðbjartsdóttir**
frá Kvígindisdal, Kjartansgötu 15, Borgarnesi,

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, fimmtudaginn 28. febrúar, verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 11. mars kl. 13.00.

**Valur Thoroddsen**
**Haukur Valsson Kristín Einarsdóttir**
**Hildur Valsdóttir**
**Snædís Valsdóttir Ólafur Sigurðsson**
**Anna Valsdóttir Árni Magnússon**
**Magnús Valsson Guðrún Ásgeirsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Jónsdóttur**
Múlavegi 3, Seyðisfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Seyðisfjarðar.

**Guðlaug Vigfúsdóttir Gunnar Ragnarsson**
**Grétar Vigfússon Jóhanna Sigurjónsdóttir**
**Borghildur Vigfúsdóttir Árni Arnarson**
**Ólafur Vigfússon**
**Gunnar Árni Vigfússon Ágústa Berg Sveinsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**



*Elskuleg dóttir okkar, móðir, barnabarn, systir, mágkona, móðursystir og fyrrum sambýliskona,*

**Margrét Magnúsdóttir**

andaðist þann 24. febrúar. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Magnús Björnsson Hallfríður Kristín Skúladóttir**
**Oddur Þór Þórisson**
**Sindri Dagur Þórisson**
**Elsa L. Magnúsdóttir**
**Björn Sigurðsson**
**Elsa Lyng Magnúsdóttir Stefán Torfi Höskuldsson**
**Krista Karólína Stefánsdóttir**
**Þórir Ófeigsson**

**GARY NUMAN NÝBYLGJUROKKARI ER FIMMTUGUR Í DAG**



*„Ég sem Bowie-aðdáandi var fyrir pönkbylgjuna í endalausum vandræðum vegna útlits. Margsinnis barinn í klessu og átti fótum fjör að launa vegna skríls sem elti mig uppi hvert sem ég fór. Það var hryllingur.“*

***Gary Numan sló í gegn með laginu „Cars“ 1980. Hann er haldinn vægri einhverfu og er enn virkur í tónlistarsköpun og tónleikahaldi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**EDDA JÓNSDÓTTIR SÉRFRÆÐINGUR HJÁ UTANRÍKISRÁÐUNEYTINU** Ráðuneytið kynnir nýja áætlun fyrir íslenska friðargæsluliða.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ: NÝ ÁÆTLUN

## Baráttudagur kvenna í dag

Í dag verður haldin ráðstefna í Háskóla Íslands í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti. Kristín Ingólfsdóttir rektor setur ráðstefnuna en á henni flytja ávörp meðal annars Olubanke king-Akerele, utanríkisráðherra Líberíu, Joanne Sandler, framkvæmdastýra Unifem, og utanríkisráðherra Íslands Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Á ráðstefnunni mun liggja frammi framkvæmdaáætlun íslenska utanríkisráðuneytisins um ályktun Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi.

„Þessi ályktun öryggisráðsins er frá árinu 2000 og við hjá utanríkisráðuneytinu gefum nú út framkvæmdaáætlun íslenskra stjórnvalda á henni, um þátttöku Íslands í alþjóðastarfi en einnig innan utanríkisþjónustunnar,“ útskýrir Edda Jónsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu íslensku friðargæslunnar hjá utanríkisþjónustunni.

Hún segir helstu áhersluatriði ályktunarinnar sjálfrar vera aukna þátttöku kvenna í ákvarðanatöku í friðarferlum, öryggi kvenna og stúlkna á átakasvæðum og jafnréttisfræðslu í friðargæslu.

„Ályktunin er orðin átta ára gömul og komin ákveðin reynsla á notkun hennar en margar kvennahreyfingar hafa tekið hana upp á sína arma. Til dæmis má nefna konurnar í Líberíu en þar höfðu verið átök lengi þegar konur tóku sig til og fóru í setuverkfall. Þær kröfðust réttar síns á grundvelli ályktunarinnar en þær áttu heimtingu á að friðargæslulið kæmi til landsins og rétt á að taka þátt í friðarumræðum. Það eru mörg önnur dæmi þar sem kvennahreyfingar hafa notað ályktunina eins og í Srí Lanka og á Balkanskaga og konur víða í Afríku og Asíu til að ná fram rétti sínum og svona mætti lengi telja.“

Edda segir íslenska friðargæsluliða hafa gegnum árin hlotið fræðslu um inntak ályktun öryggisráðsins um jafnréttismál og sérstöðu kvenna á átakasvæðum en með þessari framkvæmdaráætlun utanríkisráðuneytisins fá friðargæsluliðar viðurkennt plagg í hendurnar sem þeir geta notað á vettvangi.

„Íslensk stjórnvöld eru þarna að gefa ákveðin loforð um hvað þau ætla að gera og þetta eru mjög hnitmiðuð markmið. Meðal annars ætla íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að fleiri konur taki við ábyrgðarstöðum á sviði friðar og öryggismála en það hefur sýnt sig að með því að koma konum að í ábyrgðarstöður gæta þær að verndun kvenna og barna á átakasvæðum. Einnig ætla íslensk stjórnvöld að efla þekkingu og rannsóknir á sviði friðar- og öryggismála og við erum með ákvæði um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alla starfsemi og stefnumörkun sem snertir friðar- og öryggismál,“ segir Edda.

Hún segir kynjajafnréttissjónarmiðin og ákvæði ályktunarinnar þurfa að vera til hliðsjónar við val á friðargæsluverkefnum sem Ísland á aðild að.

„Það þurfa að vera jöfn tækifæri fyrir bæði kynin innan íslensku friðargæslunnar og kynjahlutfallið á ávallt að vera sem jafnast. Núna er hlutfallið nokkuð nálægt því en konur eru um 45 prósent íslenskra friðargæsluliða,“ segir Edda.

Viðbúið er að ráðstefnan verði vel sótt enda mikilvæg mál á dagskrá sem snúa að konum, friði og öryggi. Ráðstefnan fer fram í dag á Háskólatorgi í Háskóla Íslands á neðri hæð, sal 105 milli klukkan 12 og 13.30 í dag.

**heida@frettabladid.is**

UNIFEM
www.unifem.is
HAFÐU
Fiðrildaáhrif
FIÐRILDAVIKA
3.–8. mars 2008

Saltfélagið styrkir Fiðrildaviku UNIFEM





# ÖRFÁ SÆTI LAUS

**DSW Plastic Chair** 1950
HÖNNUÐUR
CHARLES EAMES
TILBOÐSVERÐ Á SVÖRTUM OG HVÍTUM
29.900 KR.

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

Te & kaffi opið alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.



**KYNNTUST Á MYSPACE** „Úff. Ég get svarið það. Það er það hallærislegasta í heiminum. En jæja, við kynntumst á Myspace. Hver kynnist ekki á Myspace í dag? Internetið hentaði okkur allavega mjög vel þarna því hann var í Hollandi og ég var á Íslandi.“
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# *Árin eftir keppnina voru erfið*

Fyrir um sex árum var **Manuela Ósk Harðardóttir**, þá 18 ára, kosin fegurðardrottning Íslands. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og ólíkt mörgum fegurðardrottningum með eilífðarsetninguna á vörunum – að keppnin „styrki sjálfsmyndina“ er Manuela ófeimin við að draga tjöldin frá. Manuela sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* frá uppvaxtarárum í fullorðinsheimi, hamingjuríkum hveitibrauðsdögum og hvernig það gengur að keyra á öfugum vegarhelmingi í Bretlandi.

Það er að taka fjölskylduna tíma að koma sér fyrir í Bolton. Manuela flutti út með Grétari Rafni Steinssyni, eiginmanni sínum og knattspyrnumanni, fyrst til Hollands og nú nýlega til Bolton þar sem Grétar leikur með liðinu. Jóhann Grétar sonur Manuelu er þriggja ára og kominn á leikskóla en fyrsta mánuðinn bjuggu þau á hóteli, fengu svo hús sem þau voru ekki fullsátt við og eru því að flytja í annað þessa helgina. Manuela segir hlutina líka talsvert ólíka því sem gengur og gerist á Íslandi. „Vanti þig sjónvarp, genguðu bara inn í BT og ferð heim með sjónvarpið sama dag. Hér ganga hlutirnir bara alls ekki þannig fyrir sig. Fyrst pantarðu sjónvarpið – svo bíðurðu – í þrjár vikur jafnvel! Þannig er þetta með allt, internetið og bara nefndu það.“ Manúela er þó sem betur fer komin með síma og segir blaðamanni sögu af stelpu úr Vesturbænum sem var einu sinni var eina barnið í allri fjölskyldunni.

**Bjó í þjóðleikhúsinu**

„Ég var eina barnið í fjölskyldunni og þá meina ég stórfjölskyldunni því ég var bæði eina barnið og eina barnabarnið. Ég á reyndar mun stærri fjölskyldu pabba megin, en sambandi var því miður svo lítið að ég náði aldrei að kynnast þeim almennilega. Þannig var ég alltaf mest í kringum fullorðið fólk, átti engin systkini né frændsystkini og mín örlög urðu svolítið þau að vera mikið ein og dunda mér. Mér fannst það fínt, í staðinn fyrir að vera að rífast um dót við einhvern var ég þá bara í skólaleik með ömmu og svolítið í fullorðinsheimi. Ég átti fáa vini og kunni vel að hafa ofan af fyrir mér.“ Áhugmálin voru því ekki barbí eða bílaleikir? „Ónei, ég var með talsvert fullorðinsleg áhugamál – klassíska tónlist og leikhús. Og svo hefði ég aldrei verið í bílaleik því ég var svo mikil stelpa. Hefðir þú flett upp orðinu stelpa hefði birst mynd af mér – í bleikum balletbúningi.“

> „Það er afskaplega óhollt fyrir ungar stelpur að komast áfram á einhverju sem er bara út á við – vera fyrst og fremst metnar eftir útliti en ekki hvers virði þær eru sem manneskjur og þessi keppni er að mínu mati því miður einfaldlega ávísun á einhvers konar átröskun.“

Faðir Manuelu lést þegar hún var tveggja ára gömul og eftir það bjó hún með móðir sinni við Hringbraut en dvaldist líka mikið hjá ömmu sinni og afa. Amma hennar var sýningarstjóri í Þjóðleikhúsinu og Manuela bjó þar hálfpartinn og fór svo að leika þegar hún var fimm ára gömul, fyrst í Fjalla-Eyvindi. „Það leið ekki ár án þess að ég væri með í einhverri sýningu. Ef það vantaði litla stúlku einhvers staðar upp á svið, og þá í fullorðinsleikrit helst, var ég kölluð til og ég naut þess alla tíð að vera í leikhúsinu. Svo fékk ég klassíska uppeldið – balletnám og píanótíma og ég held ég sé ekki minni stelpa í dag en þá. Sit til dæmis núna fyrir framan bleika tölvu með Skellibjöllu-límmiðum á.“

**Fannst ég síður en svo ung**

Manuela gekk hina hefðbundnu Vesturbæjar-menntaleið – Melaskóli, Hagaskóli og MR og námsmaðurinn Manuela hefur ekki átt í vandræðum með að sitja á skólabekk og hyggst fara í nám næsta haust. Hún var byrjuð í sálfræði hér heima eftir að hafa staldrað aðeins við í verkfræði og segir sálfræðina henta sér mun betur þar sem mannlegi þátturinn sé veigameiri. Manuela tók svo stórt stökk þegar hún var 18 ára inn í tilveru sem var henni með öllu ókunn – heim fegurðardrottninga – þegar hún vann titillinn Ungfrú Ísland árið 2002. Hvernig lítur keppnin við henni svo löngu síðar? „Ég get allavega sagt að ég myndi aldrei taka þátt í dag. Ég var auðvitað mjög ung þarna, þótt mér sjálfri hafi ég síður en svo fundist ég vera það, og þetta var eitthvað sem er mjög algengt að stelpum á þessum aldri finnist eftirsóknarvert. Hver fegurðardrottningin á fætur annarri fer með þá klisju að fegurðarsamkeppnir eigi að vera svo góðar til þess að byggja upp sjálfsmynd og slíkt en það er því miður bara bull. Ég fékk kórónu á hausinn og var sagt að ég væri fallegust en sjálfri leið mér ekki þannig og hvað einhverjum dómurum úti í sal fannst breytti engu um það. Þessi klisja með „bætta sjálfsímynd“ er mjög þreytt vægast sagt. Þetta getur slípað sviðsskrekk hjá einhverjum en ég var ekki betri manneskja eftir þessa keppni.“ En tækifærin – þessi fjölmörgu sem stelpum á að bjóðast að lokinni keppni? „Jú, ég fékk þau, og er mjög þakklát því, en keppninni fylgdu svo margir aðrir hlutir í kjölfarið sem ég hefði viljað sleppa við. Þar var það ekki síst pressan og sú pressa hættir ekki þótt maður skili titlinum. Maður á alltaf að halda í ímyndina sem feg-




**VARÐ AÐ HÆTTA KEPPNI** Manuela Ósk á æfingu fyrir keppnina um Ungfrú heim árið 1999 en Manuela var nokkrum klukkutímum síðar orðin fárveik af matareitrun og varð að hætta keppni.

**ÆVINTÝRI Í ÚTLÖNDUM**
Íslensk ungmenni eru mörg hver farin að huga að ferðum út í hinn stóra heim á komandi sumri, en margt er í boði fyrir þá sem eru fullir af ævintýraþrá.
FERÐIR 2



**NÝ BIRNU-BÚÐ**
Birna Karen Einarsdóttir opnaði um síðustu helgi nýja fataverslun í Kaupmannahöfn en fyrir var hún með eina verslun þar og aðra á Skólavörðustígnum.
TÍSKA 4



allt










„Ég vil bara eiga bíl sem virkar og þessi gerir það," segir Guðmundur Ingi sem hér er staddur utan við félagsheimilið Logaland í Reykholtsdal.

# Ekki beint töff en með sál

***Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari á Hyundai Elantra bíl sem honum þykir mikið til koma enda er bíllinn með sögu og sál.***

Guðmundur er á leiðinni frá Varmalandi í Borgarfirði niður í Baulusjoppu að fá sér eitthvað að borða þegar blaðamaður hringir til að forvitnast um bílinn hans. En verður ekki orða vant. „Ég á bíl með magnaða sögu," segir hann. „Ég á nefnilega frænda sem heitir Guðmundur Þórðarson sem mér þykir vænt um. Hann var fyrirlesari hjá AA-samtökunum og keyrði mikið út um land. Átti góðan bíl sem hann hafði miklar taugar til en svo fékk hann ekki að endurnýja skírteinið sitt vegna aldurs. Við frændi búum hlið við hlið og þegar hér var komið sögu bankaði hann upp á hjá mér og stakk upp á að ég keypti bílinn af sér. Bíllinn minn er sem sagt gamli bíllinn hans, Hyundai Elantra 1996 módel. Dökkgrænn stationbíll með 2000 vél og mikla sál. Einstaklega góður en kannski ekkert sérstaklega töff. En ég hef aldrei lagt mikið upp úr að eiga töff bíla. Ég eyði frekar peningunum mínum í leiksýningar og hljóðfæri. Ég vil bara eiga bíl sem virkar og þessi gerir það."

Þegar Guðmundur Ingi er spurður hvort hann sé ekki undir pressu með umhirðu á bílnum úr því seljandinn býr við hlið hans svarar hann. „Jú, ég sé frænda oft rölta og kíkja á gripinn til að athuga hvort ég hugsi ekki vel um hann. En ég sinni bílnum glaður því hann er mér svo góður."

Þessa dagana býr Guðmundur tímabundið á æskuslóðum sínum uppi í Borgarfirði og hefur um sitthvað að hugsa. Í fyrsta lagi er hann kúabóndi í afleysingum meðan faðir hans er í læknisaðgerðum og endurhæfingu, í öðru lagi hefur hann verið að leikstýra eigin leikgerð af verkinu Þið munið hann Jörund í Logalandi hjá Ungmennafélagi Reykdæla og í þriðja lagi kennir hann leiklist í skólanum á Varmalandi. „Ég held ég sé búinn að fara tvisvar til Reykjavíkur síðan um áramót. Það er svona að vera beljubóndi, maður er alveg bundinn. En veðrið og færðin er búið að vera skrautleg þennan tíma þannig að við höfum fengið að finna fyrir íslenskum vetri, ég og bíllinn."

*gun@frettabladid.is*






**Safaríferð** er ævintýraleg upplifun sem allir ættu að reyna einhverntíma á ævinni. Suður-Afríka er spennandi og þar eru heimkynni ljónanna.

# Hvert skal halda?

***Með hækkandi sól fara ungmenni mörg hver að iða í skinninu og gera ráðstafanir til að komast út í hinn stóra heim í leit að ævintýrum.***



Nú er rétti tíminn til að fara að huga að sumarfríinu. MYND/GETTY

Möguleikarnir eru margir og til að mynda er vinsælt að fara á tónlistarhátíðir, í inter-rail ferðir, málaskóla og starfsþjálfun yfir vor- og sumartímann.

Hróarskelduhátíðin, sem er stærsta tónlistarhátíð í Norður-Evrópu, hefur notið gríðarlegra vinsælda um margra ára skeið og ekkert hefur dregið úr straumi Íslendinga á hana. Ekki spillir fyrir að ágóði af sölu miða rennur til góðgerðarmála en á síðasta ári seldust þeir upp.

Miðasala fyrir þetta ár hófst í desember 2007 en hátíðin fer fram dagana þriðja til sjötta júlí. Tjaldsvæðið opnar þó nokkrum dögum áður, eða 29. júní.

Miðasala á hátíðina fer fram á miði.is. Þar er hægt að kaupa staka miða inn á hátíðina sem kosta 23.500 krónur stykkið en einnig verður boðið upp á pakkaferðir með flugi. Fjölmargar hljómsveitir og tónlistarmenn hafa boðað komu sín á hátíðina og má þar nefna Radiohead, Chemical Brothers og Neil Young.



Að dvelja á útihátíð í rigningu og roki er upplifun útaf fyrir sig og sumir láta það ekkert á sig fá að þurfa að vaða drullu upp að hnjám.

Inter-rail ferðir eru ekki síður vinsælar hjá ungu fólki og hjá Stúdentaferðum Exit.is er boðið upp á ýmsa möguleika. Hægt er að kaupa lestarmiða fyrir einstök lönd eða Evrópu eins og hún leggur sig og gefur það einstakt tækifæri til að kynnast því besta sem álfan hefur upp á að bjóða. Nóg er að panta lestarmiðana með tveggja vikna fyrirvara en flug er betra að panta fyrr. Mánaðarkort sem gildir um alla álfuna kostar 45.900 fyrir 25 ára og yngri en einnig er hægt að kaupa kort sem gilda í styttri tíma og ná til færri landa.

Þá sjá mörg ungmenni sér hag í því að sækja málaskóla á sumrin en þannig er hægt að ná góðum tökum á erlendri tungu sem nýtist til framtíðar. Það sama gildir um starfsþjálfun en hægt er að velja um þjálfun á hótelum og veitingahúsum eða tengda námi viðkomandi. Exit.is er í samstarfi við fjölda málaskóla og hefur milligöngu um starfsþjálfun í mörgum Evrópulöndum.

*vera@frettabladid.is*



Skíðafærið verður vonandi gott á Eyjafjallajökli í byrjun apríl.

# Skíðað á jökli

***Íslenski alpaklúbburinn stefnir að að eins dags skíðaferð á Eyjafjallajökul þann 5. apríl.***

Þar sem daginn er tekið að lengja og snjóalög eru með besta móti eins og er þykir Íslenska alpaklúbbnum tilhlýðilegt að efna til skíðaferðar í byrjun næsta mánaðar, nánar tiltekið laugardaginn 5. apríl. Eyjafjallajökull er fyrirheitna landið og er heitið á fjallaskíðafólk að slást í förina.

Þar sem farið er á jökul eru allir minntir á að hafa með sér tilhlýðilegan jöklabúnað auk hefðbundins snjóflóðagírs, eins og segir í tilkynningu á heimasíðu klúbbsins. Mæting er við Klifurhúsið klukkan sjö að morgni og er tilvalið að sameinast í bíla austur undir Eyjafjöll en lagt verður upp frá Seljavöllum. Þar sem sundlaug er á staðnum ætti sundfatnaður að fylgja með í farteskinu.

*-gun*




GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890




Á FERÐ UM HEIMINN
Ógleymanleg ævintýri

KILIMANJARO
7. - 22. júní
Mt. BLANC
21. -29. júní
UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. Júlí
SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus
1. - 8. ágúst
MAROKKÓ
6. - 13. september
NEPAL
18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is
sími: 587 9999

Kynningarfundur
um spennandi göngu- og hjólaferðir
Sunnudagskvöldið 9. mars í Síðumúla 2, kl. 19:30





Hjólaferðir:
- Austurríki og Slóvenía
- Rómantíska leiðin
- Loire dalurinn í Frakklandi
- Dólómítarnir og Slóvenía

Gönguferðir:
- Portofino skaginn & Cinque Terre
- Comovatn
- Mont Blanc hringurinn
- Monte Rosa hringurinn
- Í svissnesku Ölpunum á slóð skógarbjarnanna
- Haute Route
- Wallis Alparnir
Níu 4000 metra tindar á einni viku
- Tindur Mont Blanc 4808 metrar
- Kilimanjaro
- Gönguævintýri í Nepal

Fararstjórar okkar verða á staðnum og kynna ferðirnar
www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR




Heimsferðir bjóða einstök tilboð til Barcelona í mars og apríl. Í boði er frábært tilboð á þriggja nátta helgarferðum, 28. mars, eða 10. apríl, fjögurra nátta helgarferð 3. apríl og á flugsætum á fjölmörgum dagsetningum í mars og apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Kynntu þér fjölbreytt tilboð til Barcelona og fleiri borga í vor á www.heimsferdir.is

Verð kr. 9.990
Netverð á mann, flugsæti aðra leið með sköttum. Gildir í flugi frá Keflavík á mánudögum og flugi frá Barcelona á fimmtu- eða föstudögum í mars og apríl.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Aragon *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Princesa *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Verð kr. 52.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Plaza **** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM32612

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is


**Farangursgeymsla** á bílþakið kemur sér vel á langferðum. Þegar farangurinn er allur kominn upp á þak er líka meira pláss fyrir farþegana í bílnum.

# Skrefin að ökuskírteininu

***Guðjón Magnússon er löggiltur ökukennari sem rekur heimasíðuna www.aksturogkennsla.is. Á heimsíðunni er að finna allar þær upplýsingar sem þarf fyrir undirbúning ökunáms.***



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI
Guðjón Magnússon ökukennari segir mikilvægt að skipuleggja ökunámið vel.

Allir ökunemendur þurfa að fara í gegnum ákveðið ferli sem þarf að hugsa vel um enda afar mikilvægt að nýir ökumenn fái góða kennslu áður þeir halda út í umferðina.

„Fyrsta skrefið í ferlinu er að finna sér ökukennara. Margir þekkja til ökukennara en aðrir leita í gegnum auglýsingar í blöðum og á netinu. Þegar valið á ökukennaranum er komið hefjast ökutímar hjá honum,“ segir Guðjón.

Ökunemandinn þarf að taka minnst sextán ökutíma áður en farið er í próf. Æfingaakstur er yfirleitt í höndum foreldris en ef velja á einhvern annan verður nemandinn fá einhvern sem hefur náð tuttugu og fjögra ára aldri. Æfingaakstur er ekki skylda en til þess að fá að fara í hann verður nemandinn að vera búinn að fara í tíu tíma hjá ökukennara og að klára fyrri hlutann í Ökuskólanum.

„Ökuskólinn skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta lærir nemandinn ökulögin, skiltin, gatnakerfið og annað. Í seinni hlutanum er farið yfir viðhorf nemandans til aksturs og veru hans í umferðinni.Allir verða að fara í Ökuskólann til þess að fá að fara í bóklega prófið og allir verða að sækja um ökuskírteini til þess að geta farið í bóklegt- og verklegt próf. Allt námsefni fyrir prófin fá nemendur hjá Ökuskólanum og einnig hjá ökukennurum sem eru tengdir Ökuskólanum.“ útskýrir Guðjón. Kosturinn við það er að nemendur fá námsefnið strax í hendurnar en annars þarf að bíða eftir að Ökuskólinn hefst.

Bóklega prófið fer alltaf fram hjá Frumherja. Í því eru þrjátíu krossaspurningar sem skiptast í tvo hluta, A og B. A-hlutinn er um gagnmót og skilti en B-hlutinn almennt um akstur og getur einnig um hvaða réttindi ökumenn fá, tryggingar, skyndihjálp og viðhald á bílnum.

„Ef nemandi fellur á bóklega prófinu þarf hann að bíða í viku til þess að taka prófið aftur. Verklega prófið er oftast tekið viku áður en ökunemandinn nær bílprófsaldri en þeir sem hafa náð ökuréttindaaldri þurfa að bíða í styttri tíma til þess að taka verklega prófið.“

Í verklega prófinu keyrir ökuneminn bílinn sem hann lærði á hjá ökukennara. Í verklega hlutanum er ökuhæfni og þekking á umferðlögum könnuð. Inn í verklega prófið fellur munnlegt próf þar sem nemandinn er spurður út úr um mælaborðið og viðvörðunarljós og öryggisbúnað bílsins. Ef nemandinn nær verklega hlutann fær hann bráðabirgðaskírteini sem gildir í þrjú ár. Nemendur verða að fá hjá sýslumanni akstursheimild á meðan sjálft skírteinið er búið til.

„Ef menn lenda í tjóni með útrunnið skírteini þá fær viðkomandi sekt og hætta er á því að tryggingafélagið borgi ekki tjónið. Ökunámið kostar rúmlega 150 þúsund og innifalið í því verði eru lágmarkstímar hjá ökukennara, Ökuskólinn, prófgjöld og námsefni,“ segir Guðjón. *mikael@frettabladid.is*

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

**Bíla- og hjólalyftur**

Vökvadrifnar á góðu verði
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

**GÓÐIR NOTAÐIR ATVINNUBÍLAR**


**Volswagen LT 35** 116 hö.
Árg.2004 ekinn 120.000 km
Hliðarhurð báðum megin


**Renault Master** 114 hö.
Árg. 2001 ekinn 136.000 km
Lyfta og hliðarhurð báðum megin


**Mercedes Benz Atego** 280 hö.
Árg. 2001 ekinn 293.000 km
Kassi og 1,5 tonna lyfta


**Man L33** 180 hö.
árg. 2004 ekinn 90.000 km
Vörukassi, 1,5 tonna lyfta og kælivél


**Iveco Trakker** 440 hö.
Árg. 2006 ekinn 46.000 km
Cantoni hálftunnu pallur


**Iveco EuroCargo** 240 hö.
Árg. 2001 ekinn 146.000 km
Kassi og lyfta


**Iveco Daily** 176 hö.
Árg. 2007 ekinn 6000 km
7 manna vinnuflokkabíll með föstum palli

VÉLAVER HF
Sími 588 2600 www.velaver.is


**Allmand Nigth-Lite Pro ljósamastur með rafstöð**
- 4 x 1000W kastarar
- 6 kw rafstöð með Kubota dieselvél
- Eyðir aðeins 1,7 ltr á klukkustund
- Einfalt í notkun

STEELBUILDING Ísland
*Steelbuilding Ísland er systurfyrirtæki Jötunn Véla á Selfossi. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á stálgrindahúsum og vörum fyrir byggingaiðnaðinn.*
Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0480 - GSM: 898 8480 - Fax: 482 4108 - Netfang: haukur@sbi.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

**Kápur** eiga vel við nú þegar sólin er að hækka á lofti og hægt er að leggja dúnúlpunni. Stællegar ullarkápur með belti koma öllum í vorskapið.



# Birna opnar á Kultorvet

*Birna Karen Einarsdóttir opnaði um síðustu helgi nýja og glæsilega fataverlsun á Kolatorginu í Kaupmannahöfn.*



Nýja verslun Birnu við Kultorvet er um 200 fermetrar að stærð og glæsilega innréttuð. MYND/MADS THEMBERG

Birna er fatahönnuður og selur sína eigin hönnun í versluninni en auk hennar rekur hún búð á Istedgade í Kaupmannahöfn og aðra á Skólavörðustígnum. Birna hefur því opnað þrjár búðir á síðustu þremur árum.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Við ætluðum í rauninni ekki að opna þessa stóru búð strax en svo bauðst okkur þetta húsnæði og við gátum ekki neitað,“ segir Birna en hún og hennar fólk hefur unnið allan sólarhringinn undanfarið við undirbúning.

„Það eru allir rosalega þreyttir eftir langa vinnutörn en opnunin gekk vel. Arnaldur Schram hjá THG arkitektum teiknaði búðina í samvinnu við mig og svo útfærði Andrés hjá Íslenskum verktökum innréttingarnar. Búðin er vel staðsett á Kultorvet á Köbmagergade og stuttur gangur frá Illum Magasín.“



Birna tók strax þá ákvörðun eftir nám í Københavns mode og designskole að opna sína eigin verslun. Hún vill eiga persónulegt samband við viðskiptavini enda á hún tryggan kúnnahóp af konum á öllum aldri sem hún segir margar eiga miklu meira af fötum eftir hana en hún sjálf. Á döfunni hjá henni er svo að hanna fleiri fatalínur.

„Mig langar að búa til gala-línur, töskur, skó og barnaföt. Mig langar líka að vinna herrafatalínu og það er bara ekki pláss til að sýna þetta í hinum búðunum svo ég varð að fá stærri búð. Ég hanna allt sjálf og fötin eru klassísk en ekki tískuföt þó þau séu í þeim anda sem er í gangi. Ég hef alltaf hannað það sem mig langar til að vera í sjálfri á því augnabliki sem ég hanna það og vinn ekki eftir einhverju þema. Ég byrja oft á því að kaupa efni og þá byrja ég að hanna og svo verður þetta að heildstæðri línu í lokin. Ég vinn mjög stíft og klára alla línuna á einum mánuði en annars verð ég bara þreytt á að horfa á fötin. Mér finnst lang skemmtilegast að setjast fyrir framan tölvuna og kasta mér út í þetta,“ segir Birna en hún segir stundum allt of mikið gert úr tískuheiminum í dag og allir verði að líta eins út.

„Ég er þeirrar skoðunar að fólk eigi bara að taka sínar eigin ákvarðanir hvað því finnst um fötin. Þetta eru bara föt og ég er ekki ein af þeim sem halda að tíska haldi heiminum uppi.“

Birna hyggur á frekari stækkun fyrirtækisins og er stefnan sett á Norðurlöndin og Ameríkumarkað.

„Já það er áformað að opna fleiri búðir þá til dæmis í Ósló og New York. En við ætlum að taka þetta rólega núna og á næstu fjórum árum opna tvær til þrjár búðir í viðbót og ætlum þá að halda okkur áfram við að selja okkar eigin vörur.“

*heida@frettabladid.is*


Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU
Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:
I. stig helgarnámskeið 15. – 16. mars
II. stig helgarnámskeið 5. – 6. apríl

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Pantanir óskast staðfestar.
Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.




Jakkar
Stuttkápur
Rússkinnskápur
Dúnkápur
Vattkápur

Útsöluhornið enn í gangi
Opið laugardag 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

Ný sending
FRANK WALDER

iðunn
tískuverslun
Kringlunni s. 588-1680


Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**Byggingarfyrirtæki í Reykjavík vantar skúringarkonu**
sem þarf að hafa bíl til ráðstöfunar. Laun samkomulag
s:8207062

**Firma budowlana na terenie Rejkiaviku**
potrzebuje kobie do sprzatania z wolny samochodm
s:8207062

**VANTAR ÞIG SMIÐI?**
Reyndir menn - klárir til vinnu!
Sverrir@Proventus.is
Hringdu núna S. 661-7000

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

**Þarftu að leigja?**
Rentus LEIGUMIÐLUN
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

TILKYNNINGAR

**KOLAPORTIÐ**
**OPIÐ**
um helgina
frá kl. 11-17
pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_
www.visir.is vísir

## Mislæg vegamót Hringvegar
### við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ

**Tillaga að matsáætlun**

Alta ehf. fyrir hönd framkvæmdaraðila, Ístaks hf. og Leirvogstungu ehf. auglýsir hér með tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmd mislægra vegamóta á Hringvegi við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Áður en tillaga að matsáætlun verður send Skipulagsstofnun til formlegrar umfjöllunar er hún kynnt á vef Alta (www.alta.is), Fjölhönnunar (www.fjolhonnun.is), Leirvogstungu ehf (www.leirvogstunga.is) og Ístaks hf (www.istak.is) í 2 vikur. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til laugardagsins 22. mars. Athugasemdir skulu berast á netfangið stefan@alta.is, með pósti til Alta ehf., Ármúla 32, 108 Reykjavík, eða í síma 582 5000.

Fyrir hönd framkvæmdaraðila,

**Alta ehf.**

FASTEIGNIR

www.arborgir.is
FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
**Austurvegi 6 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is**

**Opið hús laugardaginn 8. mars að Sóltúni 31, Selfossi**
**Milli klukkan 15:00 og 17:00 - Verið velkomin**







Um er að ræða 139 m2 raðhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er mjög vel staðsett innarlega í botnlanga við opið grænt svæði. Eignin telur góða stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Eignin er öll full frágengið og snyrtileg með góðum innréttingum. Lóðin er gróin og góð suðurverönd. Innkeyrsla er upphituð og hellulögð.

**Þetta er eign sem vert er að skoða.**
***Sigríður, sími 865 0173, tekur á móti áhugasömum.***

Frum



**ÞÓRUNN**
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is



**KRISTJÁN**
Sölufulltrúi
Sími 699 6949
kristjan@remax.is



**BENEDIKT**
Sölufulltrúi
Sími 861 2743
benni@remax.is

RE/MAX Bær
FASTEIGNASALAN Í BÆNUM




**Valbraut 7 - Einbýli**
**250 Garður**
Opið hús sunnudag
klukkan 16.00 – 16.30
Verð: 24.400.000
Stærð: 188,6 fm
Brunabótamat: 25.390.000
Góð eign




**Sunnubraut 7 - Einbýli**
**230 Reykjanesbæ**
Opið hús sunnudag
klukkan 17:00-17:30
Verð 29.800.000
Stærð 191,5 fm
Brunabótamat 23.350.000
**Uppl. sími 861 2743 og 699 6949**




**Lautasmári – 201 Kóp.**
Opið hús sunnudag
klukkan 17:00-17:30
Þriggja herbergja, 4. hæð í lyftuhúsi
Verð 23.500.000
Stærð 80,3 fm
Brunabótamat 10.700.000
**Uppl. sími 861 2743 og 699 6949**




**Starmói – Einbýlishús**
**260 Reykjanesbæ**
Opið hús sunnudag
klukkan 15:00-15:30
Verð 37.700.000. Stærð 199,2 fm
Góð eign á góðum stað
Brunabótamat 28.570.000
**Uppl. sími 861 2743 og 699 6949**

Frum

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 8. MARS 2008

**INNLIT**

## Galdrar sáluhjálparans

**HEIMA ER BEST**

## Skilningarvitin nærð

**HEIMILIÐ**

## Í gulum bjarma



FRÉTTABLAÐIÐ




Alhliða þjónusta

- Mælum og gefum ráð.
- Framleiðum eftir máli.
- Setjum tjöldin upp.

pílu gluggatjöld

Faxafeni 12 - Sími: 553 0095

Afgreiðslutími virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-14



HEIMILISHALD
JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

# Costa del sol í Kórsölum

Ég veit ekki alveg hvaða fólk það er sem hefur efni á því að fara í sólina í febrúar. Um það leyti sem móðurættleggurinn sólar sig á Kanarí er ég að skófla kreppumat ofan í heimilisfólkið með trekt og gleðst yfir hundrað-köllum sem ég finn á bílastæðinu (vanmetin búbót). Eins og ég nýt þess stundum að eyða um efni fram er ég líka sparnaðarperri á móti þegar hart er í ári og fylgist spennt með helgartilboðunum, skófla afgöngum ofan á brauð og hita í ofni daginn eftir og klippi kremtúpurnar í tvennt til að skafa síðustu dropana innan úr þeim. Basl er rómó – svo hrikalega 1980 og eitthvað – þegar allir voru að byggja og maður keypti kúlur fyrir glerflöskur með hor í nös.

Ó, já, því enginn er nokkru sinni of gamall til að leika sér. Þannig að ef þú vilt komast í hlýrra loftslag en átt ekki pening fyrir tveggja vikna ferð til Portúgal þá er ekkert mál að rigga smá sólarlandafíling upp innan veggja heimilisins:

Aftur á móti getur maður svo helst öfundast út í þá sem komast í utanlandsferðirnar á meðan öreigarnir hanga heima hvítir og koma ekki heim krumpaðir í nýjum kamellituðum útlandafötum. En þar koma ímyndunarleikirnir sterkir inn. Ó, já, því enginn er nokkru sinni of gamall til að leika sér. Þannig að ef þú vilt komast í hlýrra loftslag en átt ekki pening fyrir tveggja vikna ferð til Portúgal þá er ekkert mál að rigga smá sólarlandafíling upp innan veggja heimilisins:



þú hækkar alla ofna í botn og smyrð vænni slummu af brúnkukremi yfir líkamann. Drekkur kokteila úr skálum með röri og gengur um íbúðina á baðfötum og dæsir: „Djöfull er heitt hérna á Spáni“ – en þú ert auðvitað enn í Breiðholtinu. Ferð með svínsskrokk út á svalir og steikir í heilu lagi og lætur eins og þú sért á grísahátíð á Benidorm. Bryður saltpillur til að vinna upp vökvatapið í hitanum og borðar bakaðar baunir úr dós sem þú fékkst „sent að heiman“ – „krakkarnir elska þetta“. Og hattar – barðastórir hattar. Út af sólinni sjáðu til. Svo tekurðu myndir af herlegheitunum, færir stofupálmann í bakgrunninn, felur glugga og blindhríð og skellir í jólakortið. – Við fórum VÍST til Kanarí. Benidorm í Bökkunum, Grísaveisla í Teigunum, Costa del sol í Kósölum – þetta er bara spurning um hugarfar.



**Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók þessa mynd á heimili Jóns Marinó Jónssonar hljóðfærasmiðs. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

# Umkringd bókum, hönnun og listaverkum

Herdís Þórsteinsdóttir, verslunarstjóri Saltfélagsins, blandar saman gömlu og nýju og hefur yndi af bókum og list.

Herdís, sem er kennari að mennt, hefur alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og og gerðist verslunarstjóri Saltfélagsins eftir fæðingarorlof. Hún á sér uppáhaldshorn á heimilinu þar sem gamlir og nýir tímar mætast.

„Stóllinn er fyrsta húsgagnið sem við hjónin keyptum okkur. Við fengum hann í antik-versluninni 1928. Hann var þá nýbólstraður og hefur fylgt okkur síðan,“ segir Herdís.

Hún býr á miklu bókaheimili og er maðurinn hennar sérstaklega mikill bókaunnandi. „Ég vil helst hafa nógu mikið af bókum og listaverkum í kringum mig,“ segir Herdís og er greinilega ekki ein af þeim sem lokar bækurnar inni í skáp.

Nýjasta bókahillan er úr Saltfélaginu og heitir Random. „Hún er alger snilld og eins og nafnið gefur til kynna er hægt að raða í hana af handahófi. Hún tekur ótrúlega mikið magn af bókum og svo er gaman að brjóta upp með alls kyns skrauti.

Herdís er að safna trémunum af ýmsu tagi og heldur til dæmis mikið upp á trédúkkur sem fást í Saltfélaginu. Ég er líka mjög hrifin af apanum sem ég fékk í Epal. Síðan er ég pínulítið veik fyrir fuglum og er fuglinn á gólfinu



**Herdís í stólnum góða sem var fyrsta húsgagnið sem hún og eiginmaðurinn keyptu sér.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## í garðinn

**HÚSGAGN OG BLÓMAPOTTUR** Þótt úti falli snjórinn á götur borgar og bæja er tilvalið að huga að sumrinu. Garðhúsgögnin lúra inni í skúr en sumir vilja endurnýja gamalt og úr sér gengið dót. Sniðugar hugmyndir eru alltaf vel þegnar og slíkar hugmyndir hafa hönnuðir 5.5 design nóg af. Það sést bersýnilega á þessum garðhúsgögnum sem þeir kalla Furniture to garden. Bekkirnir eru steyptir og bökin mótuð þannig að þau mynda blómaker sem gaman er að leika sér með. Í kerin má setja bæði einærar plöntur eða runna. Þá þarf heldur ekki að geyma húsgögnin inni yfir veturinn enda úr sterku og endingargóðu efni.





Nánar um hönnuðina á www.cinqcinqdesigners.com




ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi

Danfoss

Húseigendur!
Aukið þægindin og
lækkið hitunarkostnaðinn
með ECL stjórnstöð á hitakerfið
Kynnið ykkur kosti og verð
ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

ÓskalistinnMinn

kíktu á óskalistinnminn.is og gerðu þinn óskalista

# Óskalistinn minn



## Fermingardagurinn minn

1. Bose sound dock
2. upptökuvél → Canon
3. Flakkari (sem ekki þarf að tengja í rafmagn)
4. Bose heyrnatól (svona sem maður setur inní eyrun)
5. lyklakippuminnislykill





Minnislykill



Flakkari



Bose SoundDock



Canon upptökuvél



Bose heyrnartól - InEar

## Bose SoundDock 39.900,-

Ný reynsla af iPod byrjar með Bose SoundDock. Þú smellir þínum iPod í SoundDock með einföldum hætti og hlustar á uppáhalds tónlistina þína í einstökum Bose-gæðu.

Nýherji Borgartúni 37 sími 569 7700 ww.nyherji.is

NÝHERJI



Jón Marínó er listamaður á sviði húsasmíða líka. Honum varð ekki skotaskuld að rífa niður veggi, þakbita og heilt gróðurhús til að smíða í staðinn þennan fallega gluggavegg.



Jón Marínó og eiginkona hans Jóna Björk Guðnadóttir lögfræðingur búa í fallegu einbýlishúsi í Seljahverfinu, sem teiknað var af Vífli Magnússyni. Á haustmánuðum umbreyttu þau stórum hluta innanhúss, en hér má sjá eldhúsið teiknað af Valgerði Sveinsdóttur arkitekt og smíðað af Við og Við í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Séð inn í hlýlega og fallega stofuna.



Þetta fallega orgel er orðið yfir aldargamalt og er morgungjöf afa Jóns Marínós til ömmu hans á brúðkaupsdag þeirra. Vel er hægt að spila á það enn, en Jón Marínó spilar sjálfur á gítar og semur tónlist; nú síðast við ljóð Álfs Magnússonar, langafa eiginkonu sinnar, sem spruttu fram úr gítarnum við lestur þeirra fullsköpuð og er verið að taka þau upp í hljóðveri þessa dagana.

# Galdrar sáluhjálparans

● Falinn í ævintýralegri skógarumgjörð situr hljóðfærasmiður við rómantíska vinnu sína. Hann lærði guðdómlegt handverk sitt á slóðum Hróa hattar í Skírisskógi og smíðar nú hljómfögur strokhljóðfæri í himinlifandi hendur íslenskra hljóðfæraleikara.

Jón Marínó Jónsson er þúsundþjalasmiður, í orðsins fyllstu merkingu. Honum er ekkert ómögulegt, hvort sem það er á sviði grófari húsasmíða eða fínlegri vinnu listagyðjanna.

„Sem drengur hafði ég yndi af því að tálga og naut kennslu útskurðarmeistarans Erlings Jónssonar í Keflavík á unglingsárunum. Mig langaði alltaf að reyna á mig að geta smíðað hljóðfæri, en þegar ég lærði húsasmíði í kringum 1980 var markaður til slíks lítill sem enginn hér heima. Ég hugsaði það því meira sem hobbí en hitt, en draumurinn lét mig ekki í friði,“ segir Jón Marínó, sem hlýddi loks ævintýraþránni og fór með fjölskylduna til náms á Englandi í þrjú ár.



Jón Marínó Jónsson hljóðfærasmiður og húsasmíðameistari á vinnustofu sinni. Hann heldur á fiðlu sem hann hefur smíðað úr hlyn og greni. Hægt er að smíða hljóðfæri úr öllum viði, en þessi uppbygging hefur verið notuð síðan á 16. öld og kemur best út.

„Þetta er hreint yndislega gaman og þótt ég taki stundum skorpur í húsasmíðinni er ég jafnan orðinn óþreyjufullur að komast í hljóðfærasmíðina aftur eftir skamma hríð. Það er eitthvað einstakt við það að skapa nýtt hljóðfæri því hvert þeirra býr yfir ólíkum karakter og unun að fylgja honum eftir frá upphafi og upplifa endanlega útkomu; svo ég tali ekki um þegar fyrsti tóninn er dreginn,“ segir Jón Marínó sem smíðar fullkomnar fiðlur á fjórum mánuðum, en nokkuð teygist á ferlinu við smíðar sellós og kontrabassa.

„Markaðurinn heima er enn fremur smár í sniðum. Íslendingar eru haldnir dálítilli minnimáttarkennd að halda að allt sé betra frá útlöndum. Það er leitt því sérsmíðuð hljóðfæri hér heima eru svo miklu vandaðri og betri, og reyndar allt að 30 prósent ódýrari líka. Loftslag spilar stórt hlutverk í gæðum og endingu, því á Íslandi er þurrara loftslag en gerist á meginlandinu og þegar evrópsk hljóðfæri hafa verið hér á landi í fjóra til sex mánuði koma í þau sprungur. Til samanburðar getur fólk ferðast með íslenska hljóðfærasmíð um allan heim án þessa að hún ofþorni eða springi, en inn á borð til mín kemur ótrúlegt magn erlendra hljóðfæra sem farið hafa illa vegna loftlagsmunar,“ segir Jón Marínó og bætir við að stærstur hluti hljóðfæra hérlendis sé fjöldaframleiddur í verksmiðjum ytra.



Undurfögur og ómþýð fiðla, smíðuð af Jóni Marínó Jónssyni árið 2006.
MYND/JÓN MARÍNÓ JÓNSSON

„Mikið er flutt inn frá verksmiðjum í Kína og Evrópu. Slík hljóðfærasmíð er ekki samanburðarhæf því karakter verður fjöldaframleiddur líka. Hljóðfærasmiður er sífellt að banka í smíðina og finna rétta tóninn, og þyngd skiptir öllu, bæði upp á tóngæði og hljóðfæraleikarann að gera. Þungt hljóðfæri reynir of mikið á kjálkabein og höku, og í samanburði við fjöldaframleidda fiðlu sem er 700 grömm, er sérsmíðuð fiðla aðeins 400 grömm,“ segir Jón Marínó um leið og bíll rennur í hlað og inn kemur áhugasamur tónlistarmaður til að máta sig við hljóðfærasmíð.

„Fólki finnst gaman að sjá hverju fram vindur í ferlinu þegar

Framhald á bls.6


Náttúrufræðistofa Kópavogs
• Sýningarsalir • Fræðsla • Rannsóknir • Ráðgjöf
Sýningarsalir opnir:
Mánudaga – fimmtudaga kl. 10–20
Föstudaga kl. 11–17
Laugardaga og sunnudaga kl. 13–17
Hópum veitt leiðsögn eftir samkomulagi
Pantanir í síma 570 0430
Ókeypis aðgangur
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur
Hamraborg 6 A · Kópavogi · Sími 570 0430 · Fax 570 0431 · www.natkop.is


PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755



Þessi sérstaki og forkunnarfagri arinn var hlaðinn og hannaður um leið og húsið í Skriðuseli var byggt. Í snjóatíð vetursins hefur oft verið lagður í hann drumbur og kveikt upp í stofunni.



Hér handfjatlar Jón Marínó tagl af mongólskum smáhesti, en hrosshár af þeirri tegund er það besta í veröldinni. Hestarnir eru ræktaðir í þessum eina tilgangi, en hár þeirra er mjög slitsterkt og notað í boga strokhljóðfæra. Í fiðluboga þarf 186 hár sem eru vandlega greidd því verða að liggja samsíða í boganum.



Þetta furðutól kallar Jón Marínó sáluhjálparann, en með því setur hann sálina í hljóðfærið. Sálin er hljóðpóstur sem tengir saman framhlið og bak, en þá er pósturinn settur á mjóa endann, stungið í gegnum f-holuna og stilltur af með sáluhjálparanum.



Hús hljóðfærasmiðsins séð að utan. Breytingarnar á gluggahliðinni gera húsið enn fegurra, en þær teiknaði Vífill Magnússon sjálfur við sína eldri hönnun.

Framhald af bls. 4

það pantar sér hljóðfæri. Þá er gott að vera nálægt smiðnum til að móta hálsinn rétt, því eftir lökkun verður engu breytt. Hálsinn þarf að móta með tilliti til handleggja- og fingralengdar, og svo getur fólk ráðið svolítið hvernig lit það vill fá á hljóðfærið, því þótt allt sé lakkað í rauðbrúnum lit eru litatónarnir margvíslegir og fara fólki misvel,“ segir Jón Marínó brosmildur á vinnustofu þar sem undur og stórmerki verða til. - *þlg*



Hér má sjá strauborð sem orðið er að strengjahljóðfæri í sköpun Jóns Marínós og var notað í Common Nonsense í leikstjórn Ilmar Stefánsdóttur sem ferðaðist víða um heim. MYND/JÓN MARÍNÓ JÓNSSON



Hér útbýr Jón Marínó lakk úr línolíu og trjákvoðu á víólu. Lakkvinnan er mikil vísindi og leyndardómur allra fiðlusmiða. Í skólanum er gefin upp mjög óljós grunnaðferð og þaðan þurfa hljóðfærasmiðir að þróa sitt eigið lakk. Lakk hefur áhrif á heildarútkomu hljóms og skiptir miklu að hafa það sem þynnst til að ná fram sem mestum titringi í hljóðfærinu.

**Þitt atkvæði – þinn réttur – þín áhrif**

# RAFIÐNAÐARMENN

## ATKVÆÐASEÐLAR

**HAFA VERIÐ SENDIR TIL FÉLAGSMANNA.**

***Félagsmenn, takið afstöðu til nýgerðs kjarasamnings.***
***Atkvæði þurfa að hafa borist á skrifstofu RSÍ eigi síðar en***
***kl. 12:00 miðvikudaginn 12. mars 2008***

**KJÓSUM UM OKKAR KJÖR!**

***Kjörnefnd***

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**



# Ferðaklúbburinn 4x4

LAUGARDAGUR 8. MARS 2008







# Ávarp formanns

Fyrir 25 árum, nánar tiltekið 10. mars 1983, var haldinn fundur í Vélskóla Íslands (Fjöltækniskólinn í dag) um að stofna hagsmunasamtök um ferðalög og búnað fjórhjóladrifsbifreiða. Á fundinn mættu 52 og var farið yfir undirbúning, kosin stjórn og lög klúbbsins samþykkt. Nokkrar hugmyndir að nöfnum komu upp á fundinum. Þar má nefna helst: „Ferðaklúbburinn 4x4,“ „Fjallafarar“ og „Drif á öllum.“ Ákveðið var að fresta nafngiftinni þar til síðar og notast við „Ferðaklúbburinn 4x4“ til bráðabirgða. Hefur það nafn síðan fest við klúbbinn.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og í dag eru um 5 til 6.000 félagsmenn vítt og breitt um landið. Starfandi eru tíu landsbyggðardeildir: Húsavíkurdeild, Eyjafjarðardeild, Húnvetningadeild, Skagafjarðardeild, Vestfjarðadeild, Suðurnesjadeild, Vesturlandsdeild, Austurlandsdeild og Hornafjarðardeild. Þar fyrir utan eru starfandi fyrir klúbbinn átta fastanefndir; umhverfisnefnd, tækninefnd, ritnefnd, hjálparsveit, fjarskiptanefnd, litlanefnd, vefnefnd og skálanefnd.



Agnes Karen Sigurðardóttir, formaður Ferðaklúbbsins 4x4. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Árið 1988 var starfsemi ferðaklúbbsins komin vel af stað eftir að tekist hafði að vinna reglugerðir um jeppabreytingar með yfirvöldum og var mikill hugur í mönnum að reisa skála á hálendinu fyrir þessa áköfu ferðamenn. Fyrir valinu varð stæði við rætur Hofsjökuls við Kisubotna. Skálinn er hinn glæsilegasti í dag, með rennandi köldu vatni, vatnssalernum og rafmagni sem er keyrt með rafstöð auk kamínu sem hitar vatn fyrir ofnalagnir. Í honum geta gist á sjöunda tug manna í einu.

Megináhersla klúbbsins er hagsmunagæsla fyrir áhugafólk um ferðir á hálendinu í sátt við náttúruna og á breyttum farartækjum. Með þetta var lagt af stað fyrir 25 árum og er stefnan sú sama í dag. Lögð hefur verið áhersla á náttúruverndarmál og er klúbburinn með öfluga umhverfisnefnd. Einnig hefur mikið verið lagt upp úr tæknimálum frá upphafi. Leggur klúbburinn mikla áherslu á að starfa með yfirvöldum hverju sinni að umhverfis- og tæknimálum. Hefur samvinnan tekist mjög vel og eflst með hverju árinu enda talið mikilvægt að fræða þá sem ekki þekkja þessa ferðamennsku og stuðla að betur upplýstum ákvörðunum um hana hverju sinni.

Ekki skiptir máli hvort menn séu á breyttum jeppum eða ekki til að fá inngöngu í klúbbinn, reynt er að finna eitthvað við allra hæfi. Farnar eru um það bil fjórar nýliðaferðir á ári, allt frá smájeppum upp í jeppa með 54 tommu dekkjastærð. Auk þeirra eru alltaf nokkrar skipulagðar ferðir á hverjum vetri og síðan tvær sumarferðir, landgræðsluferð sem farin er í umsjá umhverfisnefndar og umarhátíð 4x4 sem haldin er á mismunandi stöðum um landið á láglendi og eru báðar þessar ferðir ævinlega vel sóttar.

Klúbburinn var lengi til húsa í Mörkinni 6, í húsnæði Ferðafélags Íslands, en nú um miðjan febrúar ákváðum við að færa okkur um set þar sem klúbburinn hefur stækkað og var húsnæðið orðið of lítið.

Í dag erum við á Eirhöfða 11, skemmu 3, 110 Reykjavík og er skrifstofan opin á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum frá kl. 13 til 16 og á fimmtudögum frá kl. 13 til 18 en lokað er á föstudögum.

*Agnes Karen Sigurðardóttir, formaður Ferðaklúbbsins 4x4.*

**Ábyrgðarmaður:** Sigurður Ásmundsson ritnefnd@f4x4.is
**Að blaðinu komu:** Sveinbjörn Halldórsson, Helena Sigurbergsdóttir og Stjórn, Nefndir og deildir ferðaklúbbsins 4x4.




# Skálabygging Ferðaklúbbsins 4x4

**Aðdragandi og uppbygging Setursins.**

Snemma ársins 1984 var byrjað að ræða hugsanlega skálabyggingu á vegum Ferðaklúbbsins 4x4. Um tvo staði var að ræða á þessum tíma: á Breiðbaki eða í Faxasundum á Skaftafellsafréttum. Síðar komu upp svæði við Heklu í Rauðufossafjöllum eða Reykjadölum og síðla ársins 1986 var kannað svæðið norðan Laufafells.

En árið 1987 komst loks skriður á skálamál Ferðaklúbbsins 4x4; haldnir voru fundir með sveitarstjórn og hreppsnefnd Rangárhrepps. Ekki gekk klúbbnum vel að sannfæra hreppsnefndina og að lokum fékk Ferðaklúbburinn 4x4 neitun um skála á svæði Rangárhrepps. Þá kom upp sú hugmynd að leita svæðis sunnan Hofsjökuls á svæði sem nefnist Kisubotnar. Eftir mikil fundarhöld og bréfaskriftir fengust jákvæð viðbrögð frá öllum aðilum bæði frá hreppsnefnd og Náttúruverndarráði.

Strax um veturinn var hafin vinna skálanefndar Ferðaklúbbsins 4x4 að undirbúningi við skálabygginu. Var skálinn upphaflega teiknaður 60 fermetrar og var áætlaður byggingarkostnaður 770.000 krónur. Var teikning og kostnaðráætlun samþykkt á félagsfundi 2. maí 1988.

Hinn 7. júlí 1988 lögðu skálanefndarmenn af stað frá Reykjavík til að leita að heppilegu skálastæði fyrir skálabygginu Ferðaklúbbsins 4x4. Var ferðinni heitið í Kerlingarfjöll, þaðan niður í Jökuldal og keyrt sem leið lá að Kisubotnasvæðinu. Eftir að hafa keyrt um svæðið og leitað að heppilegu skálastæði var ákveðið að leita að heppilegu svæði til að slá upp tjaldbúðum. Eftir ítarlega leit fannst loks hinn eini sanni græni blettur og var slegið upp tjaldbúðum um nóttina.



Mynd frá kvennaferð Ferðaklúbbsins 4x4 árið 2006, tekin fyrir framan Setrið. MYND/AGNES KAREN SIGURÐARDÓTTIR

Morguninn eftir var farið að kanna svæðið betur og kom þá í ljós að g-bletturinn var hið besta skálastæði. Var nú haldið til baka inn að Kerlingafjöllum til að taka á móti stórum hópi félaga úr Ferðaklúbbnum 4x4 sem lagt höfðu af stað á laugardagsmorgninum. Var farið með leiðangursmenn að hæðardraginu þar sem tjaldbúðirnar voru og var það almennt álit að þetta hæðardrag væri hinn besti staður til að byggja skála.

Eftir stuttan fund undir beru lofti var ákveðið að skálastæðið yrði á þessu hæðardragi; þessu til staðfestingar var rekin niður stöng ein með veifu og varða hlaðin í kring.

Helgina 15. til 17. júlí fór flokkur manna til að grafa fyrir sökklum og byggður var vinnuskúr.

Helgina 22. til 24. júlí voru allar undirstöður steyptar, um var að ræða níu rúmmetra af steypu sem steyptir voru við mjög erfiðar aðstæður .

Um verslunarmannahelgina var skálinn reistur og hann gerður fokheldur. Um er að ræða tveggja hæða hús sem er um það bil 60 fermetrar að grunnfleti.

Helgina 5. til 7. ágúst var gert klárt fyrir gólfklæðningu og ýmis frágangsvinna unnin.

Helgina 12. til 14. ágúst var unnið við klæðningu að utan, þak einangrað, gólf klædd og gler sett í.

Helgina 19. til 21. ágúst var unnið við utanhússklæðningu, hús einangrað og og pallur smíðaður fyrir framan húsið.

Helgina 26. til 28. var unnið við ýmsan frágang og smíðað náðhús.

Á fundi félagsins í desember árið 1988 afhenti skálanefndin Ferðaklúbbnum 4x4 skálann.

Árið 1989 var efnt til keppni um nafn á skálanum, komu ýmis nöfn fram. Meðal annars Skálabotnar, Gullinhof, Kisubotn, Miðgarður, Hofsbotnar, Sel, Setrið og Óðal. Var nafnið Setrið valið sem nafn á skálann.

*Höfundur: Sveinbjörn Halldórsson*
*Heimildir: Saga Ferðaklúbbsins 4x4 í 15 ár eftir Ólaf Ólafsson*



Fjöldi vaskra manna lagði hönd á plóg svo skálabygging Ferðaklúbbsins 4x4 gæti orðið að veruleika.

## SKÁLANEFND

**Tilgangur skálanefndar er að hafa umsjón með Setrinu sem er skáli klúbbsins og stendur sunnan við Hofsjökul. Skálanefnd sér um að leigja skálann út og einnig að halda honum við.**

Skálinn stendur sunnan við Hofsjökul og geta 67 manns gist í honum. Þar er rafstöð sem er notuð fyrir ljós, rafmagnsofna og vatnsdælu sem dælir vatni úr borholu nálægt skálanum. Í honum er olíuofn sem hitar vatnið fyrir ofnana í húsinu.

Skálinn er búinn öllum helstu þægindum, í honum er gott eldhús með örbylgjuofni, ískáp og gaseldavél. Þar eru öll helstu fjarskiptatæki til dæmis NMT, TETRA-símar, VHF og CB-talstöðvar. Einnig eru þrjú vatnsklósett á svæðinu, tvö í húsinu og eitt í útihúsi hinum megin á planinu ásamt kamri.

Síðustu verkefni Skálanefndar hafa verið að byggja við skálann salernishús sem er innangengt í úr anddyri og leysir það af hólmi annað salernishús sem stendur utarlega á bílastæðinu. Önnur verkefni hafa verið að færa olíutank sem var á pallinum aftur fyrir hús á betri stað. Nýlega var farið í það að skipta um ljósavél en hún var orðin of lítil og var helmingi stærri vél sett í stað þeirra gömlu.

Á næsta ári stendur til að fara að huga að innviðum hússins, en það er aðeins farið að láta á sjá eftir mikla notkun síðustu ára. Einnig þarf að fara huga að grunni fyrir annað hús en við höfum leyfi til að byggja annað hús sem tengist við gamla andyrið. Síðast en ekki síst er það á stefnuskránni að leita að heitu vatni í nágrenninu, því það mundi gjörbreyta allri aðstöðu í Setrinu.

Ef einhverjir hafa hug á að leigja skálann er best að hafa samband við skrifstofu Ferðaklúbbs 4x4 í síma 5684444 eða í Magnús Tómasson í síma 8217260.

**SKÁLANEFND:**
Kári Þórisson formaður
Magnús Tómasson gjaldkeri
Daníel Hartmannsson
Hermann Þór Jónsson
Sveinbjörn Ingi Þorkelsson



ALLT FYRIR
JEPPAFERÐINA
K&N SÍUR
ÞÆR BARA VIRKA...
IPF KASTARAR
FRÁBÆR VERÐ
K&N
HIGH-FLOW AIR FILTER
& INTAKE KITS
HI LIFT 60 TOMMU
DRULLUTJAKKUR
KR 9.900,-
FELGUR
MIKIÐ ÚRVAL
DEKKJAVIÐGERÐARSETT
VERÐ ÁÐUR 4985,- / 20% AFSL
VERÐ NÚ 3.988,-
ARB
LOFTLÆSINGAR
FRÁ KR. 79.990,-
DEKA
RAFGEYMAR & KAPLAR
MAGLITE - LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
OME
GORMAR & DEMPARAR
WARN & T-MAX
DRÁTTARSPIL
FRÁ KR. 14.900,-
MUDDER
NÝ SENDING
Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - www.benni.is

# Upphaf og fyrstu ár klúbbsins

**Þegar upphaf og fyrstu ár Ferðaklúbbsins 4x4 eru skoðuð er eitt nafn sem kemur oft upp, en það er nafn Garðars Skaptasonar, sem kom fram fyrir hönd undirbúningshópsins á stofnfundi félagsins 10. mars 1983.**

Garðar Skaptason var formaður félagsins 1984 og 1985 og í stjórn með honum voru Snorri Ingimarsson, Þorvarður Hjalti Magnússon, Árni Brynjólfsson, Hafþór Ferdinandsson, Þorgrímur St. Árnason, Bergþór Bjarnason og Kolbeinn Pálsson. Á þessum tveimur árum varð mikill viðsnúningur í starfi félagsins. Félagið fékk aðstöðu á Hótel Loftleiðum og voru fundir haldnir eins og nú einu sinni í mánuði. Einnig fjölgaði mikið í Ferðaklúbbnum 4x4 um þetta leyti auk þess sem nefndir eins og dekkjanefndin sem síðar varð tækninefndin tók til starfa.

Undirrituð hafði ásamt Sveinbirni Halldórssyni upp á Garðari og við hittum hann yfir kaffibolla í glænýrri aðstöðu klúbbsins á Eirhöfða þriðjudaginn 19. febrúar 2008 og fengum hann til að rifja upp þá daga þegar klúbburinn varð til.

„Það voru margir sem komu að stofnuninni og lengi höfðu jeppamenn rætt það sín á milli að þeir þyftu að gera eitthvað til að standa saman í baráttunni við yfirvöld og ná sátt um að fá að breyta bílum og keyra um á stórum dekkjum. Að öllum öðrum ólöstuðum þá var það Hafþór heitinn Ferdinandsson, kallaður Hveravalla-skreppur, sem átti hvað stærstan þátt í því að Ferðaklúbburinn 4x4 var stofnaður,“ segir Garðar.

„Á þessum dögum var þetta ekkert grín, menn voru að baxa við það hver í sínu horni að breyta bílum og setja þá á stærri dekk. Sumir gerðu þetta vel en aðrir illa eins og gengur, en allir voru í sama veseninu við yfirvöld. Menn voru að breyta bílum til baka fyrir skoðanir, fóru með stóru dekkin í kerru út fyrir bæinn og skiptu þar um dekk; laumuðust hliðargötur út úr bænum því lögreglan átti það til að sitja fyrir mönnum. Ímynd almennings var sú að þetta væru brjálaðir menn á allt of stórum dekkjum sem færu spólandi og spænandi um landið. En þetta var fyrst og fremst hópur sem vildi fá að ferðast um landið í friði og sátt við náttúruna. Spól og náttúruskemmdir minkuðu til mikilla muna eftir að klúbburinn varð til, bæði því að menn fóru að ferðast miklu meira á veturna og strax frá upphafi var náttúruvernd og landgræðsla stór hluti af starfi klúbbsins.“

Garðar segir að þrátt fyrir að klúbburinn hafi verið stofnaður sem hagsmunasamtök en ekki ferðafélag stóð hann strax frá upphafi fyrir ferðum, því töluverður þrýstingur var frá hálfu félagsmanna um það.

„Markmiðið með stofnun klúbbsins var að menn gætu sameinast með yfirvöldum um að koma á lögum og reglum sem hægt væri að fara eftir og er það engin spurning að við værum ekki að keyra um í dag á breyttum jeppum ef þessi vinna hefði ekki verið unnin á þessum tíma. Á stofnfundinum komu þrjár tillögur að nafni. Það voru nöfnin Ferðaklúbburinn 4x4, Fjallfari og Drif á öllum. Einnig kom upp sú tillaga (sem var samþykkt) að fresta ákvörðun um nafnið þar til á næsta fundi til að gefa mönnum tíma til að íhuga tillögurnar en að félagið skyldi kallað Ferðaklúbburinn 4x4 þangað til.“

*Hvernig finnst þér Ferðaklúbburinn 4x4 í dag og stefna hans?*

„Ég vildi að ég vissi meira um hvað þið í klúbbnum eruð að gera; ég hef verið utanveltu svo lengi í þessu starfi að ég get ekki sagt mikið um það, en ég þarf ekki annað en að líta í kringum mig til að vera ákaflega ánægður með það hvernig til hefur tekist. Ánægjulegt að sjá hversu margir af upphafsmönnunum eru enn virkir félagar í klúbbnum.

*Patrol eða Toyota?*

„Aldrei í lífinu, það er bara amerískt sem kemur til greina.“

*Helena Sigurbergsdóttir*



**Garðar Skaptason í nýrri aðstöðu klúbbsins á Eirhöfða.** MYND/HELENA SIGURBERGSDÓTIR




www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41422 03/08

## Hilux - Enn betri með stærri vél

Það er ekki hægt að standast það að setjast undir stýri á Hilux Double Cab. Hann er fjallkóngur, vinnuþjarkur og borgarbarn sem skarar fram úr öðrum við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann hefur gott rými, er hljóðlátur, rennilegur og getur tekist á við verkefni þar sem gerðar eru miklar kröfur um hörku og seiglu.

Verð 3.350.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 |

# Sýningar Ferðaklúbbsins 4x4 frá 1985 til 2008

Samantekt: Sveinbjörn Halldórsson og Ólafur Ólafsson.

Á aðalfundi 1985 kom sú hugmynd að halda sýningu á vegum Ferðaklúbbsins 4x4. Ákveðið var að halda hana 19 maí 1985 í porti Austurbæjarskólans. Á sýninguna fengust um það bil 40 bílar af ýmsum stærðum og gerðum. Hún stóð frá klukkan 10 til 20 og var aðsókn mjög góð, um það bil 1.700 gestir komu. Ekki var annað að heyra en þeir væru ánægðir með þetta framtak, og þótti sýningin takast vel í alla staði.

Í ágústmánuði 1987 var farið að líta á Reiðhöllina í Víðidal sem líklegt húsnæði fyrir bílasýningu. Sýningartíminn var ákveðinn dagana 16. til 18. október. Mikinn undirbúning þurfti til að svona sýning gæti heppnast vel. Þurfti meðal annars að þrífa höllina, slétta gólf í sal og leggja gólfplötur yfir. Milli 40 og 50 bílar frá félagsmönnum og auk þess sýndu 16 fyrirtæki vörur sínar. Um það bil 4.000 manns greiddu aðgangseyri, en frítt var inn fyrir yngri en 12 ára. Ekki var annað að heyra á gestum en að vel hefði tekist til.

Fyrripart vetrar 1988 til ´89 var byrjað að ræða um hvort tímabært væri að halda sýningu á bílum félagsmanna. Tvær sýningar höfðu áður verið haldnar og verið mikill áhugi fyrir þeim. Samningar náðust við eigendur Reiðhallarinnar í Víðidal um sýningu Ferðaklúbbsins 4x4 helgina 13. til 15. október 1989. Aðkoma að Reiðhöllinni var skelfileg. Húsinu hafði verið lokað að aflokinni dýrasýningu, án þess að tekið væri til. Hliðarsalur var þakinn af hrossataði og fleira í þeim dúr. Eina leiðin til hreinsunar var að nota brunaslöngur hússins og smúla það. Mikil vinna var lögð í gólfið og voru meðal annars fengin 40 tonn af sandi til að slétta undir plöturnar. Sýningin sjálf fékk mjög góða dóma. Yfir 5.500 miðar seldust og einnig voru nýttir 200 boðsmiðar. Voru 47 bílar félagsmanna á sýningunni.

Sýningarnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 hóf störf fyrir alvöru fyrripart sumars 1991. Reiðhöllin þótti sem fyrr besti kosturinn sem sýningarsvæði. Samningar tókust við forsvarsmenn hennar. Þetta ár var ákveðið að stækka sýninguna og tók Ferðaklúbburinn 4x4 sýningartjald á leigu hjá Kolaportinu til að staðsetja fyrir utan Reiðhöllina. Áhugi fyrirtækja á sýningarsvæði var með ólíkindum. Laugardaginn 5. október 1991 hófst starf af fullum krafti í Reiðhöllinni.

Á föstudegi 11. október 1991 klukkan 17 opnaði Markús Örn Antonsson þáverandi borgarstjóri sýninguna með viðhöfn. Hún stóð frá föstudeginum 11. til sunnudagsins 13. október og var sýningin vegleg í alla staði og klúbbnum til mikils sóma. Fjöldi sýningargesta var heldur fleiri en á síðustu sýningu eða 6.147 manns sem greiddu sig inn, allt að 55 bílar félagsmanna voru sýndir.

Árið 1993 var ákveðið að standa enn einu sinni að jeppasýningu. Nafn sýningarinnar var ákveðið Ferðabílar og fagurt land. Samningar tókust við forsvarsmenn Laugardalshallarinnar um afnot á húsinu helgina 23. til 26. september. Reynt var að fá leigð sýningartjöld sem notuð voru á sjávarútvegssýningunni ern það gekk ekki eftir, var því ákveðið að loka af útisvæði fyrir framan Laugardalshöllina og nýta það fyrir sýninguna, ekið var möl og grjóti á svæðið og útbúið skemmtilegt umhverfi og bílum stillt þar upp á skemmtilegan hátt. Veður var þokkalegt á föstudeginum, en á laugardeginum, sem var áætlaður aðalaðsóknardagurinn rigndi eins og hellt væri úr fötu og dró það verulega úr aðsókninni. Tóku 37 fyrirtæki þátt í sýningunni ásamt 40 bílum félagsmanna á innisvæði og 25 bílar á útisvæði. Fjöldi gesta var um 10.000 .

Ferðaklúbburinn 4x4 hélt enn eina jeppasýninguna haustið 1995. Henni var eins og síðast valinn staður í Laugardalshöllinni. Sú nýjung var á þessari sýningu að valin var bílavalsnefnd sem leitaði upp bíla á sýninguna. Nýtt nafn var valið á sýninguna: Ferða og útivistarsýning fjölskyldunnar.

Nefndir í Ferðaklúbbnum tóku meiri þátt í sýningunni og kynntu starfsemina. Meðal annars setti Hjálparsveit Ferðaklúbbsins mikinn svip á sýninguna. Félagar í henni stilltu upp stórri mynd af Hvannadalshnjúk á vegg. Þar fyrir neðan vöfðu þeir bíl í hvítan dúk líkt því að hann væri á kafi í snjó. Við hliðina stilltu þeir upp öðrum bílum og útbúnaði þeim sem þeir nota í ferðum sínum. Þá sýndi Umhverfisnefndin hvað félagið var að gera í „grænum málum“. Í kjallara hallarinnar var stillt upp myndum frá ýmsum aldurskeiðum jeppamennskunnar og auk þess var kynning á klúbbnum. Stórt útisvæði var nýtt undir sýningarbíla þar sem Laugardalshöllin var þegar orðin of lítil. Tóku 43 fyrirtæki þátt í sýningunni, auk þess sem 30 bílar félagsmanna voru sýndir og aðrir 30 bílar félagsmanna voru á útisvæði. Sóttu 15 þúsund gestir sýninguna.

„Dagana 25. til 27. september 1998 mun Ferðaklúbburinn 4x4 halda mjög viðamikili sýningu á jeppum og búnaði til ferðalaga og útiveru í Laugardalshöllinni undir heitinu „Ferða- og útivistarsýning Fjölskyldunnar.“.“ Þannig hljóðaði bréf sem sent var til fyrirtækja sumarið 1998 þar sem þeim var kynnt sjötta sýning Ferðaklúbbsins 4x4. Þar var einnig minnst á það sem klúbburinn lagði mikla áheyrslu á, það er bílana, og var þeim lýst á þennan máta: „Enginn þarf að efast um það að margvíslegt augnakonfekt verður á þessari sýningu sem fyrri sýningum Ferðaklúbbsins 4x4. Reynt verður að hafa sem fjölbreyttasta jeppaflóru til sýnis. Allt frá lítið sem miðlungs breyttum fjölskyldubílum og upp í bíla sem verkfræðingar bílaverksmiðjanna myndu varla kannast við að eiga nokkurn þátt í að hafa hannað.

Eins og flestum er kunnugt eru verksmiðjuframleiddir bílar aðeins „hráefni til iðnaðar“ í augum sannra íslenskra jeppamanna. Þeir allra hörðustu í bransanum láta alls ekki sjá sig á óbreyttum bíl í umferðinni heldur aka nýjum bíl í skjóli myrkurs inn í bílskúr þar sem hann er rifinn í spað og endurbættur á hinn margvíslegasta hátt. Síðan er raðað á mælaborðið öllum tækjum og tólum sem nauðsynleg eru til staðsetningar og fjarskipta þannig að varla er pláss fyrir óþarfa hluti eins og stýri og þess háttar.“

Mikið var lagt upp úr að kynna félagið og var allur kjallari og anddyri undirlagt af klúbbnum. Í kjallaranum var mikið safn ljósmynda frá fyrri tíð og farið var yfir feril jeppans á Íslandi, einnig var settur upp vísir að skála og var þar haldin heljarinnar skemmtun á laugardeginum að hætti fjallamanna. Var þetta nýmæli sem mæltist vel fyrir og var kjallarinn alltaf þéttskipaður af sýningargestum. Á sýningunni var 31 fyrirtæki og 31 bíl félagsmanna inni og á útisvæði voru hátt í 30 bílar félagsmanna. Sýningin var nokkuð vel sótt var áætlað að um 10.000 gestir hefðu sótt hana.

Sjöunda sýning Ferðaklúbbsins 4x4 var haldin í Laugardalshöllinni eins og fyrri sýningar. Sýningin var haldin 5. til 7. október 2001. Var hún vegleg eins og vanalega. Þessi sýning var frábrugðin öðrum sýningum félagsins og var reynt að hafa hana opna og að höfða meira inn á fjölskyldufólk en áður. Áhersla var lögð á svæði þar sem fólk og börn gátu brugðið á leik og lært um leið. Einnig voru haldnar ráðstefnur sem voru vel sóttar og vöktu athygli. Ferðaklúbburinn var að með öfluga kynningu á sýningunni. Fjöldi sýningarbíla var 30. Sýningin var stór og var fjöldi sýningargesta 6.000.

Ekki er sýningarstarfi Ferðaklúbbsins 4x4 lokið og er ætlun klúbbsins á 25 ára afmæli sínu að halda eina veglegustu sýningu sem um getur af sérbúnum fjallajeppum. Ákveðið hefur verið að sýningin verði haldin í september 2008 í Fífunni í Kópavogi, sem er 9.600 fermetrar að stærð auk útisvæðis og fleira. Ferðaklúbburinn 4x4 er með þessu að standa að einni stærstu sýningu sérútbúinna bíla sem haldin hefur verið. Mun mikið verða lagt í hana og verður öllum bílaumboðum og fyrirtækjum tengdum ferða- og fjallamennsku boðin þátttaka. Ferðaklúbburinn mun leggja mikið kapp á að kynna 25 ára sögu Ferðaklúbbsins 4x4, auk sögunnar af ferðamennsku Íslendinga í gegnum tíðina og jeppaferðum almennt. Áætlaður fjöldi sýningarbíla er um 300 bæði bílar félagsmanna auk bíla frá bílaumboðunum. Mikil vinna er framundan til að sýningin verði að veruleika en félagsmenn ferðaklúbbsins hafa sýnt það að svona sýningar er hægt að halda hér á Íslandi



Ferðaklúbburinn 4X4 hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja fjölda bílasýninga í gegnum árin.



# STÓR OG STERKUR

NÝJA EURO IV COMMONRAIL 184 HESTAFLA DÍSILVÉLIN FULLKOMNAR EINN STERKASTA JEPPA SEM FYRIRFINNST. KOMDU OG PRÓFAÐU.






## Nissan Patrol

**SE** SJÁLFSKIPTUR

KOSTAR AÐEINS

**5.190.000 kr.**

**Staðalbúnaður** er m.a: Hátt og lágt drif, 100% driflæsing að aftan, ABS hemlar, loftpúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti, NATS ræsivörn með gaumljósi, hraðastillir (cruise control), loftræsting, hiti í sætum, öll bílbelti 3ja punkta, framsæti með mjóhryggsstuðningi og hæðarstillingu, hitastokkar í afturrými, rafdrifnar rúður og útispeglar, útvarp og 6 diska geislaspilari, 6 hátalarar, 6 glasahaldarar, 12v raftengi, leðurklætt stýri, gír- og drifstangir, viðarklæðning í mælaborði, samlæsingar, litað gler, kastarar í stuðara, 17" álfelgur.

ENNEMM / SÍA / NM31939



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH
INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

Í tilfefni
**25 ára afmæli**
**Ferðaklúbbins 4x4,**

ætlum við að skreppa í bíltúr, laugardaginn 15. mars.
Villtu ekki koma með, og njóta dagsins undir handleiðslu vanra ferðamanna? Ef svo er, mættu þá í Kauptún í Garðabæ (byggingarsvæði nýju heimilisverslunarmiðstöðvarinnar á móti IKEA), kl. 9.30 um morguninn. Lagt verður af stað kl. 10.00, og ekið um Bláfjöll og Reykjanes.
Fólki er ráðlagt að taka með sér nesti og gera ráð fyrir því að ferðin taki a.m.k. 4 klukkustundir.
Allir jeppar eru velkomnir, en benda skal á að bílar og fólk skulu vera vel búin til vetrarferða.

Nánari upplýsingar um tilhögun verður að finna á vef klúbbsins, www.f4x4.is

FAI Auto Parts
**Vélaviðgerðir**
**Vélavarahlutir**

- Pakkningarsett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Viftureimar
- Knastásar
- Olíudælur
- Legur
- Stimplar

*Varahlutir sem þú getur treyst á !*

VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL VARAHLUTAVERSLUN
Kistufell@centrum.is
Tangarhöfða 13 Sími 577 1313



**Nú er Suzuki veður á Bílfang,**
eigum fyrirliggjandi nokkra Suzuki Vitara XL7 Limited3.2 V6 árg 2007, vel búnir bílar, sjálfskiptir með leðri ofl, komið og reynsluakið um helgina, **opið laugardag 11-16.**

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

**Bremsuhlutir**
**í alla jeppa og pickupa**

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNID EHF

# Stórir jeppar vöktu ugg

**Jeppaeigendur urðu að fara með breytingar á bifreiðum sínum eins og mannsmorð.**



Ein af höfuðástæðunum fyrir stofnun Ferðaklúbbsins 4x4 var að breyttir jeppar voru þyrnir í augum lögreglu og bifreiðaeftirlits. Upphækkaðir jeppar á stórum hjólum þóttu ógnvekjandi og yfirvöld áttu í vandræðum með að samþykkja breytingar á jeppum þar sem engin gögn eða reglur voru til að styðjast við. Lögreglan klippti númer af breyttum jeppum og kyrrsetti á staðnum. Menn drógu þá bíla sína heim, settu „lögleg“ dekk undir og fóru svo í skoðun. Að þessu loknu voru stóru dekkin sett undir aftur. Við þessu ófremdarástandi vildu eigendur breyttra jeppa bregðast. Reyndar höfðu breytingar á bílum viðgengist áratugum saman og án vandræða. Það var ekki fyrr en með tilkomu stærri og áberandi hjóla að þær þóttu vandamál.

Strax eftir stofnun Ferðaklúbbsins 4x4 var dekkjanefnd skipuð og hennar hlutverk var að setja sig í samband við yfirvöld og hefja kynningu á málstað jeppamanna. Nefndin tók strax til óspilltra málanna og setti sig í samband við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Þá var Guðni Karlsson þar forstöðumaður og Lárus Sveinsson yfirverkstjóri skoðunarmála kom einnig mikið að þessu máli. Guðni og hans menn tóku nefndinni strax vel, enda höfðu þeir áttað sig á því að upp var komið ófremdarástand sem þurfti að leysa. Fundað var nokkrum sinnum og dekkjanefndin skrifaði bréf til Bifreiðaeftirlitsins í október 1983 sem rökstuðning í málinu. Þetta bréf er birt hér orðrétt og sýnir skemmtilega hvaða atriði voru helst til umræðu. Þessar viðræður leiddu til þess að Ferðaklúbburinn 4x4 tók að sér að skrifa greinargerð um breytingar á jeppum sem þá voru þekktar og höfðu gefist vel. Þessi greinargerð var lögð fram í byrjun september 1985.

Bifreiðaeftirlit ríkisins réð svo ráðgjafa, Pétur Haraldsson véltæknifræðing, til að semja reglur um breytingar torfærubifreiðar og var greinargerð Ferðaklúbbsins 4x4 notuð til grundvallar við samningu þeirra. Varð samvinna Péturs og Ferðaklúbbsins með miklum ágætum og þann 2. febrúar 1986 tóku þessar reglur gildi. Fullyrða má að sérlega vel hafi tekist til með þær og mikillar framsýni hafi gætt við gerð þeirra. Þessar reglur eru nú hluti af reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Til marks um það hve vel tókst til má nefna að þær eru í öllum grundvallaratriðum óbreyttar nú 22 árum eftir gildistöku. Sem dæmi um gott samstarf við Bifreiðaeftirlitið má nefna að Ferðaklúbburinn 4x4 var fenginn til að halda þriggja tíma dagskrá á Landsþingi bifreiðaeftirlitsmanna í nóvember 1985 um jeppabreytingar og notkun breyttra jeppa.

Í fyrstu dekkjanefndinni voru Guðni Ingimarsson, Hjalti Magnússon, Kolbeinn Pálsson, Sigfús Gunnarsson og Snorri Ingimarsson. Síðar var nafni dekkjanefndarinnar breytt í tækninefnd og starfi hennar haldið áfram af krafti næstu árin. Fleiri unnu mikið með nefndinni, má þar helst nefna Birgi Sigurðsson, Jónas G. Jónasson, Þorgrím St. Árnason, Frey Jónsson og Örn Jónsson.

Þrátt fyrir að reglur væru komnar um jeppabreytingar var eftir að ganga frá ýmsum málum eins og til dæmis mestu leyfilegu dekkjastærð. Þá var Jón Baldur Þorbjörnsson bíltæknifræðingur tekinn við sem ráðgjafi yfirvalda. Eftir langan feril tókst tækninefndinni með mikilli vinnu og harðfylgi að koma meginmarkmiðum sínum að, það er að leyfilegt yrði að aka á 44 tommu hjólum ef hjólabil jeppanna væri nægilegt til að tryggja stöðugleika bílanna. Hjól máttu ekki vera með þvermál stærra en sem nam 44% af hjólhafi bílanna. Þá voru 44 tommu hjólin þau stærstu sem voru alþjóðlega viðurkennd til aksturs í umferð og nægilega mjúk til að nýtast í snjó. Tæknినefndinni tókst þó að koma málum þannig fyrir að ekki var sett þak á hjólastærðina ef fram kæmu heppileg stærri hjól. Á þetta reyndi ekki fyrr en næstum tuttugu árum síðar þegar 46 og 49 tommu hjólin komu og ollu nýrri byltingu í getu jeppanna. Nú eru 54 tommu hjól komin í notkun og lofa góðu.

Guðni Karlsson og starfsmenn hans hjá Bifreiðaeftirlitinu eiga mikinn heiður skilinn fyrir aðkomu sína að þessu framfaramáli. Framsýni þeirra og jákvæðni skipti sköpum fyrir framgang jeppabreytinga og reynslan hefur margsýnt síðan að þetta var hárrétt skref. Breyttir jeppar hafa reynst öruggir í umferð og notkun breyttra jeppa á stórum hjólum eru af mörgum talin með stórkostlegustu framförum í samgöngutækni hér á seinni hluta 20 aldarinnar.

*Snorri Ingimarsson og Hjalti Magnússon*

## TÆKNINEFND

Samkvæmt lögum félagsins er hlutverk tækninefndar tvíþætt, annars vegar að fylgjast með og miðla upplýsingum um tæknimál til félagsmanna og hins vegar að hafa samstarf við yfirvöld um gerð reglna um fjórhjóladrifsbifreiðar.

Á fyrstu árum félagsins náðist einstakur árangur varðandi seinni þáttinn, þá voru settar þær reglur sem farið hefur verið eftir síðan við breytingar á jeppum. Þegar reglurnar voru mótaðar þá voru stærstu dekkin sem notuð voru við akstur á snjó 44 tommur í þvermál, en það dugði vel fyrir breytingar þar sem sett eru stærri hjól, allt upp í 54 tommur í þvermál.

Mjög ítarlegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á umferðarslysum á Íslandi undanfarna áratugi, hafa leitt í ljós að breyttir jeppar valda síður slysum en óbreyttir jeppar.

Eitt helsta vandmálið við breytingar á jeppum nú, er að ósamræmi á því hvernig þyngd breyttra og óbreyttra bifreiða er mæld og skilgreind. Ennfremur vantar reglur og leiðbeiningar um það hvernig hægt er að auka burðargetu bíla, þegar þess gerist þörf við breytingar. Verulegur hluti af starfi Tækninefndar hefur tengst þessu viðfangsefni, og enn hefur ekki fengist viðunandi lausn.

Á síðustu árum hefur miðlun upplýsinga til félagsmanna farið fram með erindum á mánaðarlegum félagsfundum og með á spjallþráðum á vefsíðu félagsins. Þar er samankominn mikil fróðleikur um tæknimál. Það er oft erfitt að finna upplýsingar sem leynast á stórum spjallkerfum, því hafa verið lögð drög að Wiki-vefsíðu um jeppabreytingar og önnur tæknimál sem tengjast fjórhjóladrifsbifreiðum og notkun þeirra.

*Einar Kjartansson*



Mynd tekin úr ferð félagsins á Vatnajökul í maí árið 2007. MYND/KARL INGI SVEINSSON

## VESTURLANDSDEILD

**Vesturlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4 var stofnuð á Akranesi og verður því 14 ára í vor.**

Vesturlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4 var stofnuð á Akranesi í maíbyrjun 1993 og verður því 14 ára í vor. Árni Páll Árnason, þáverandi formaður Ferðaklúbbsins 4x4, og Guðmundur B. Hannah, Sigurþór Ágústsson og Örn Thomsen (Arctic Trucks Norge í Drammen) boðuðu til stofnfundarins og var deildin í byrjun hluti Akstursíþróttafélags Vesturlands. Skráðir félagar eru nú um 180 talsins.

Starfið er nokkuð svipað og hjá félaginu í Reykjavík. Fjölskylduferðir hafa átt veglegan þátt í starfi okkar og einnig höfum við eina til tvær konur í stjórn deildarinnar. Deildin leigir fundaraðstöðu í Jónsbúð af Kvennadeild slysavarnarfélagsins Landsbjargar Akranesi og eru haldnir fundir annan mánudag hvers mánaðar kl. 20.00.

Dagskrá fundanna er af ýmsum toga. Yfirleitt er farið yfir málefni sem eru á döfinni, ferðir eða samkomur, félagsmenn koma með myndir sem þeir hafa tekið í skipulögðum ferðum eða á eigin vegum. Við höfum líka gert nokkuð af því að heimsækja fyrirtæki og verslanir í Reykjavík til að kynna okkur starfsemi þeirra og sérvörur eða að þau koma til okkar. Verkstæðisfundurinn sem er haldinn í janúar ár hvert er einn af okkar fjölsóttu kynningum en þá erum við með ákveðið þema í bílatæknum eða breytingum en um 70 manns mættu á síðustu kynningu.

Undanfarin ár hefur verið farin dagsferð snemmsumars með fatlaða einstaklinga sem búa á Vesturlandi. Ekið er um Vesturland að einhverjum góðum stað og grillað ofan í mannskapinn við mikinn fögnuð þátttakenda. Fatlaðir einstaklingar eru einstaklega þakklátir þegar eitthvað svona er gert, en upprifjun frá ferðinni er svo í desember með myndasýningu í fundaraðstöðunni í Jónsbúð. Þá bjóðum við líka upp á heitt súkkulaði og jólasmákökur sem fólk kann vel að meta.

Deildin hefur haldið þorrablót síðan veturinn 1999 í eða við Húsafell en það er góð staðsetning þar sem stutt er á jökulinn og auðvelt að leigja sér félagsbústaði yfir helgina. Oftast er fullt hús og félagar mæta með fjölskyldur sínar og er aldursdreifing allt frá nokkurra mánaða til sextugs.

Utan þessara stærstu viðburða eru nokkrar skipulagðar helgar- og dagsferðir farnar á hverjum vetri en einnig eru félagsmenn duglegir að ferðast saman í hópum eða á eigin vegum. Haust-, áramóta- og vorferðir eru vinsælastar, en vorferðin er oftast varin á Vatnajökulssvæðið. Við höfum farið með Fjölbrautarskólanemendur í þriggja daga ferðalag í opinni viku skólans í febrúar, en þar hafa nemendur einnig komið á sínum eigin bílum eða foreldra sinna, en þessar ferðir eru oftar en ekki fyrsta ferð margra út á jökla eða vegleysur landsins og margir koma með okkur ár eftir ár.

Deildin hefur komið sér upp góðum lager af tækjum og tólum sem eru til afnota fyrir félaga. Má þar nefna spil, tóg, járn- og álkarla, VHF-handtalstöðvar og ýmislegt fleira þess háttar. Einnig á deildin mjög góðan sjúkrakassa sem passar á toppgrindur flestra jeppa, en í honum má meðal annars finna fullkomið bretti til að flytja slasað fólk, spelkur og allan almennan fyrstuhjálpar-búnað. Þennan búnað geta félagar fengið lánaðan með sér í ferðir og hefur það komið sér vel að hafa hann þegar félagar hafa komið að slysum, en sem betur fer hafa félagar ekki þurft á honum að halda fyrir sig sjálfa.

**STJÓRN VESTURLANDSDEILDAR 2007-2008**

Karl Ingi Sveinsson formaður, kisvg@simnet.is og karl@hrv.is, sími: 864 0746
Flemming Madsen gjaldkeri, flemming@fva.is sími: 863 6638
Ásgeir Sæmundsson ritari, geiris@vortex.is sími: 894 8118
Sigurbjörn Hafsteinsson meðstjórnandi, siljaallans@visir.is sími: 893 0922,
Helgi Þór Heiðarsson meðstjórnandi, helgi@helgi.org sími: 899 7433
Sigurður Ó. Guðmundsson meðstjórnandi, sjuddi75@simnet.is sími: 899 7445
Lilja Birkisdóttir meðstjórnandi, lilja@fva.is sími: 691 3254
Gísli J. Guðmundsson meðstjórnandi, villgill@simnet.is, sími: 863 0071

Deildin heldur úti heimasíðu http://www.vest4x4.net

*Karl Ingi Sveinsson formaður*










Loftnet sett upp við VHF-endurvarpa á Þrándarhlíðarfjalli við Skagafjörð.

# Nefndir innan 4x4

## LITLANEFND

**Litlanefndin hefur verið starfrækt innan klúbbsins til nokkurra ára. Hlutverk hennar var að fara með lítið eða ekki breytta bíla í ferðir, ýmist dags- eða helgarferðir.**

Síðastliðið haust gerðist það svo að alger endurnýjun varð á nefndinni. Þeir sem í henni höfðu setið hurfu til annarra starfa og nýir menn tóku við. Við það tækifæri var starfsháttum nefndarinnar breytt og á hún meðal annars að sjá um nýliðafræðslu og skipuleggja nýliðaferðir.

Það hefur loðað við klúbbinn að erfitt sé fyrir nýja félaga að kynnast starfsemi hans, uppbyggingu og öðrum félagsmönnum. Því tók nefndin að sér að reyna að breyta. Sett var saman veglegt rit um klúbbinn þar sem komið er inn á ástæður fyrir stofnun hans, núverandi uppbyggingu og margt annað varðandi félagsstarfið. Nýjum félögum hefur verið sent bréf þar sem þeir eru boðnir velkomnir í klúbbinn og nú fyrir stuttu var haldin í fyrsta skipti sérstök nýliðakynning. Nýliðum var boðið að koma á þá kynningu ásamt fjölskyldum sínum.

Óhætt er að segja að þessi fyrsta kynning hafi heppnast mjög vel. Á hana mætti á þriðja tug nýliða. Farið var yfir starfsemi klúbbsins fyrr og nú ásamt því að rætt var um ýmis mál varðandi klúbbinn og ferðamennsku almennt. Í framhaldi af kynningunni var í samvinnu við hjálparsveit klúbbsins haldið svokallað „bílskúrskvöld“ hjá Bílabúð Benna. Þangað var félögum boðið að koma og kynnast fyrirtækinu. Einnig var farið yfir notkun dráttartóga, drullutjakka og grunnatriði í að gera við dekk á ferðalögum.

Á næstu vikum mun litlanefndin svo efna til dagsferðar í samvinnu við afmælisnefnd klúbbsins. Þá verður farið í ferð sem hentar öllum jeppum, óháð dekkjastærð. Hvert farið verður og hvenær verður auglýst sérstaklega á vef klúbbsins, líklegast verður ekið um Reykjanesið.

*Emil Borg*

## RITNEFND

**Ritnefnd er ein af elstu nefndum Ferðaklúbbsins 4x4 og hefur markmið hennar frá stofnun verið að gefa út fréttabréf til að koma upplýsingum um klúbbstarfið til félagsmanna.**

Upphaflega var gefinn út ljósritaður einblöðungur fyrir aðalfund en síðan átti útgáfan eftir að vinda upp á sig. Þegar mest lét voru gefin út fréttablöð, brotin um og litprentuð, einu sinni í mánuði og stóð útgáfan undir sér með auglýsingasölu.

Eftir að vefsíða Ferðaklúbbsins f4x4.is var stofnuð fer upplýsingamiðlun til félagsmanna öll fram þar og því nauðsyn á útgáfu fréttablaðs ekki fyrir hendi lengur. Undanfarin ár hefur dregið úr útgáfu fréttablaðanna og fyrir tveimur árum voru gefin út fjögur fréttablöð sem innihéldu aðallega ferðasögur og myndir.

Á síðasta ári ákvað ritnefnd í samvinnu við stjórn að fækka enn frekar útgefnum blöðum og voru tvö blöð gefin út. Ritnefnd ákvað jafnframt að kanna grundvöll fyrir því að gefa út stærra og veglegra blað sem innihéldi ýmsar tæknilegar og fræðandi upplýsingar sem gott væri að grípa til þegar ferðast er um landið. Afrakstur þessarar vinnu kom í ljós í byrjun desember á síðasta ári þegar 108 blaðsíðna bók rann inn um póstlúgur félagsmanna. Þessari nýjung hefur af flestum félagsmönnum verið vel tekið.

Ritnefnd stendur núna í samvinnu við afmælisnefnd og stjórn að útgáfu þessa blaðs. Í september er svo áætlað að út komi veglegt rit eins og kom fyrir áramót og fer vinna og auglýsingasöfnun við þá útgáfu að hefjast fljótlega.

Í ritnefnd eru:
Sigurður Ásmundsson formaður
Halldóra Ingvarsdóttir
Einar Sólonsson
Guðrún Rut Gunnlaugsdóttir
Sólveig Ásgeirsdóttir

*Sigurður Ásmundsson formaður*

## VEFNEFND

**Vefnefnd sér um daglegan rekstur og ritstjórn vefsíðu Ferðaklúbbsins 4x4.**

Nefndin var stofnuð þegar núverandi vefur félagsins var tekinn í notkun. Hlutverk hennar er að sjá um daglegan rekstur og ritstjórn vefsins. Nefndin sér um tæknilega umsjón hans, svo sem skráningu á lénum, samskipti við hýsingaraðila og þess háttar. Einnig eru nefndarmenn félögum og öðrum nefndum innanhandar við innsetningu efnis ef þörf er á.

Nefndarmenn hafa sinnt minniháttar lagfæringum á vefkerfinu og haldið vefnum gangandi síðan hann fór í loftið.
Framundan er smíði á nýjum vef fyrir klúbbinn og verður hann vonandi kominn í gagnið innan fárra
mánaða.

*Bjarni G.*
*Vefnefnd*

## FJARSKIPTANEFND

Fjarskipti skipta miklu máli í jeppaferðamennsku á Íslandi. Jeppaferðamenn ferðast oftast nokkrir saman í hóp og þá skiptir miklu máli að hafa góð fjarskipti á milli bíla. Samband við byggð er einnig mikið öryggisatriði ef óhöpp verða og einnig til að láta vita af ferðum sínum.

Við búum í landi sem er að mörgu leyti erfitt hvað varðar öryggisfjarskipti. Á Íslandi eru víðáttumiklar óbyggðir og það er kostnaðarsamt að halda úti fjarskiptakerfum sem duga fyrir allt landið. Í rauninni er ekkert innlent fjarskiptakerfi sem dugar á landinu öllu og ekki er fyrirséð að neitt kerfi muni geta það í náinni framtíð. Einungis gervihnattasímar á borð við Iridium ná sambandi hvar sem er á landinu en notkun þeirra er mjög dýr.

Miklar breytingar standa nú yfir á farsímakerfum á hálendinu. Slökkt verður á NMT-farsímakerfinu innan tíðar og ferðamenn finna nú þegar fyrir minni þjónustu við kerfið. Uppbygging er hafin á nýjum fjarskiptakerfum sem ætlað er að koma í staðinn og miklu máli skiptir fyrir ferðamenn að vel takist til. Ástand öryggisfjarskipta á hálendinu er því langt frá því að vera ásættanlegt eins og staðan er nú. Hlutverk fjarskiptanefndar Ferðaklúbbsins 4x4 er að gæta hagsmuna félagsmanna á þessu sviði.

Flestir félagsmenn eru með VHF-talstöðvar í bílum sínum til samskipta á milli bíla. VHF-talstöðvar eru nokkuð háðar sjónlínu og draga ekki miklar vegalengdir nema við góðar aðstæður. Ferðaklúbburinn 4x4 rekur sextán VHF-endurvarpa á fjallstoppum víðs vegar um landið og þeir auka verulega langdrægni og notagildi VHF-talstöðvanna sem öryggistækis. Fjarskiptanefnd hefur umsjón með rekstri endurvarpanna og Ferðaklúbburinn 4x4 leggur talsverða fjármuni í þetta verkefni. Nú vinnur fjarskiptanefndin að þróun á búnaði sem mun gera mögulegt að koma á neyðarhlustun fyrir endurvarpana á hagkvæman hátt, meðal annars með því að nýta Internetið.

Mikil uppbygging er nú í gangi á Tetra-kerfinu, en það er framtíðarfjarskiptakerfi löggæslu og björgunaraðila. Tetra-kerfið hefur nú þegar náð meiri útbreiðslu heldur en NMT-kerfið og Neyðarlínan, sem rekur kerfið, stefnir á að kerfið muni ná yfir mestallt landið síðar á þessu ári. Félagar í Ferðaklúbbnum 4x4 fá nú aðgang að Tetra-kerfinu, sem er mikið framfaraspor.

Tetra-kerfið er uppbyggt þannig að auðvelt er að halda samskiptum F4x4 félaga aðskildum frá löggæslu og björgunaraðilum að öllu jöfnu en samtengja eftir þörfum. Það er mikið öryggisatriði að Ferðaklúbburinn 4x4 fær aðgang að Tetra-kerfinu af því að það er nú langútbreiddasta fjarskiptakerfið á landinu sem hefur örugga neyðarhlustun. Ekki er fyrirséð að annað fjarskiptakerfi verði byggt upp með betri útbreiðslu á markaðslegum forsendum. Félagsmenn í Ferðaklúbbnum geta líka reynst mikilvægir við erfiðar björgunaraðgerðir á hálendinu því farartæki félagsmanna eru mörg hver með þeim öflugustu á landinu. Það getur því verið heppilegt að geta tengt fjarskipti þessara aðila saman á einfaldan hátt.

Vodafone hefur hafið uppbyggingu á langdrægu GSM-kerfi og einhver kerfi eru í burðarliðnum hjá Símanum. GSM-kerfi Vodafone lofar góðu og nú er komið GSM-samband í Setrinu, fjallaskála f4x4, sem er sunnan undir Hofsjökli.

Þrátt fyrir að mikil uppbygging á fjarskiptakerfum standi yfir er ljóst að þau muni ekki ná landinu öllu. Öll þessi kerfi byggja meira og minna á sjónlínu og fagmenn sjá fyrir að skuggasvæði vegna mishæða og fjalla verði víða. Eitt af hlutverkum fjarskiptanefndar er að leita leiða fyrir örugg fjarskipti á þessum skuggasvæðum, á annan hátt en með dýrum gervihnattasímum. VHF-kerfi Ferðaklúbbsins 4x4 mun koma að góðum notum á mörgum af þessum stöðum og einnig er horft til fjarskipta á lægri tíðnum sem ekki eru háð sjónlínu, svokallaðra HF-fjarskipta. Dæmi um slík fjarskipti eru gömlu Gufunestalstöðvarnar en hlustun á þær var aflögð þegar NMT-kerfið var byggt upp. Einföld og ódýr leið til að stunda HF-fjarskipti er að gerast radíóamatör, en þeir stunda HF-fjarskipti með tiltölulega ódýrum búnaði um allt land og jafnvel á milli landa. Radíóamatörum fer mjög fjölgandi í Ferðaklúbbnum 4x4 og það segir sína sögu um það hvað félagsmenn hafa fundið fyrir sambandsleysinu við umheiminn á fjallaferðum sínum undanfarin ár.

*Snorri Ingimarsson*



KYMCO
Better than Best
Loksins fáanlegt á Íslandi
Hjól sem farið hefur sigurför um heiminn
KYMCO
MXU 500 4x4
Með Götuskráningu
VDO
Borgartúni 36
Sími 588-9747
KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500
K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960
Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570 9860
Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767




Síðustu dagar Útsölunnar
T-Maxx 48.990,-
Storm Buggy 49.990,-
Storm SUT 39.990,-
Storm XUT 55.990,-
Shadow 29.990-
GS Storm SUT
á sértöku tilboði
39.990,-
RC Varahlutir 50% afsláttur
RC Aukahlutir 20% afsláttur
Gúmmíbátur
55.990,-
*án mótors
Dekk + felgur
Frábær
Pakkatilboð
-25%
-40%
-70%
Mangels
Gott úrval af álfelgum
undir flesta bíla. 13 - 17"
Lay-Z-Spa
62.990,-
Með hitara
og nuddi
Vespur
Verð frá
129.900,-
Mótorhjólavörur
30% afsláttur
VDO
BORGARTÚNI 36 - S:588-9747 - WWW.VDO.IS - verslun@vdo.is

## EYJAFJARÐARDEILD

Eyjafjarðardeild Ferðaklúbbsins 4x4 var stofnuð 14. apríl 1991. Stofnfélagar voru um 60. Núna eru skráðir félagar um 180 talsins. Almennir deildarfundir eru haldnir í húsnæði Björgunarsveitarinnar Súlna að Hjalteyrargötu 12. Fundirnir eru haldnir frá september til júnímánaðar, fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði klukkan 20. Starf deildarinnar einkennist af skipulagningu ferða, fræðslu og skemmtunum. Einnig hefur mikið starf verið unnið við byggingu skála félagsins á Réttartorfu.

Starf deildarinnar hefur alla tíð verið nokkuð öflugt og góður kjarni jeppamanna á Eyjafjarðarsvæðinu haldið deildinni gangandi í gegnum árin. Margar ferðir eru farnar sem skipulagðar eru af ferðanefnd eða af félögunum sjálfum. Einnig eru skemmtanir, eins og þorrablót, þrettándagleði, bjórkvöld, árshátíð og fjölskyldudagur, haldnar ár hvert. Í öllum þessum ferðum og skemmtunum er jafnan góð þátttaka og eflir það félagsandann og lífgar upp á félagsmenn. Til dæmis fóru 23 bílar með brennuefni á milli jóla og nýárs upp í Réttartorfu og svipað magn af bílum fór á gleðina sjálfa hinn 12. janúar. Þar var mikið um dýrðir, brenna, flugeldasýning og borðaður góður matur. Einnig var hljómsveit á staðnum sem spilaði undir söng.

Árshátíð 4x4 klúbbsins var að þessu sinni haldin á Akureyri og sá Eyjafjarðardeildin um stóran hluta þess undirbúnings. Mæddi þar mest á Benedikt Sigurgeirssyni og kunnum við honum þakkir fyrir. Árshátíðin fór vel fram með skemmtiatriðum, fjöldasöng, dýrindis kvöldverði og dansleik á eftir.

Þorrablótið var haldið í Dreka, skála Ferðafélags Akureyrar við Öskju. Menn óku þrjár mismunandi leiðir til þess að koma sér þangað og lögðu ekki allir af stað á sama tíma en allir náðu að komast á réttum tíma til blóts sem var hin besta skemmtun. Heimferð gekk nokkuð vel þótt smá óhöpp yrðu. Einhver misskilningur varð þegar verið var að draga einn úr krapapytti og bökkuðu þeir bílunum saman. Töluvert tjón hlaust af en engin meiðsl á fólki.

Félagsmenn hafa verið nokkuð iðnir í bílaskiptum þetta árið og væri það efni í aðra grein að telja þau skipti upp. Sumir stækkuðu dekkin, aðrir stækkuðu vélarnar og enn aðrir skiptu um bíla og sumir enn þá akandi á geisladiskunum (upphaflegum hjólbörðum). Vert er að minnast samt á þá bjartsýnismenn Baldur og Tryggva Pálssyni sem réðust í það stórvirki að setja 54” háa hjólbarða undir Land Cruiser HJ61. Það skrímsli var vígt í þorrablótsferðinni og virðist kominn nýr kafli í íslenskri jeppamennsku. Þetta virðist vera óstöðvandi tæki hvað drifgetu varðar.

Skriðgírs-væðing er orðin nokkuð áberandi hjá Eyjafjarðardeild og fórum við í ferð um daginn í Kerlingarfjöll, svokallaða þingmannaferð, þar sem í ljós kom að allir sem í þeirri ferð voru með skriðgír (lóló). Enda kom það sér vel þar sem færið var mjög þungt á köflum.

Skáli deildarinnar er eins og áður sagði á Réttartorfu. Það hús var reist við hlið lúins gagnamannakofa og er svokallað A-hús. Skálinn er hinn myndarlegasti og notalegur í að koma. Sumarið 2005 var ráðist í að stækka skálann og var byggt við hann til norðurs önnur A-álma. Hefur það verk verið unnið með hléum síðan og vantar aðeins herslumuninn á að það sé fullklárað.

Nýi hlutinn var samt gerður fokheldur strax og hefur nýst okkur vel fram að þessu. Í viðbyggingunni á að vera snyrting, geymsla og verkfæraaðstaða.

Að lokum viljum við hvetja alla jeppaáhugamenn á Eyjafjarðarsvæðinu að kynna sér starf okkar með því að líta til okkar á félagsfund.

**STJÓRN EYJAFJARÐARDEILDAR 2007-2008:**
Halldór G. Hauksson formaður, halligulli@kliptrom.is
sími: 5645104 / 692 1112
Erlingur Harðarson gjaldkeri, erlingur@unak.is
sími: 4627259 / 864 8442
Jörundur Þorgeirsson ritari, jorundur@taeting.is
sími: 461 2227 / 894 5771
Sigurkarl Aðalsteinsson meðstjórnandi, passion@simnet.is
sími: 462 7053 / 8920083
Eiður Jónsson meðstjórnandi, ejonsson@simnet.is
sími: 861 5537
Elías þorsteinsson varamaður, elias@idnval.is
sími: 461 4422 / 894 4722
Grétar G. Ingvarsson varamaður, ggi@simnet.is;
sími: 462 4335 / 846 9021

Deildin heldur úti heimasíðu http://www.ey4x4.net

*Halldór G. Hauksson formaður.*



**Þrettándabrenna við Réttartorfu 12. janúar 2008.** MYND/ERLINGUR HARÐARSON



**Mönnum þótti brýnt að geta horft á fyrstu formúlukeppni ársins. Horft var á keppnina í Setrinu aðfaranótt 18. mars 2007.** MYND/RÚNAR MÁR JÓNSSON

## SKAGFIRÐINGADEILD

**Skagafirðingadeild var stofnuð 28. febrúar árið 1992.**

Eins og fleiri á landsbyggðinni voru Skagfirðingar nokkuð seinni til að tileinka sér jeppabreytingar en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þeir voru þó fjölmargir sem fylgdust með og einstaka maður lét sér ekki nægja að horfa á og má þar til dæmis nefna Sigurþór Hjörleifsson í Messuholti sem var einna fyrstur Skagfirðinga til þess að nota stærri hjólbarða undir bíl sinn snemma á áttunda áratugnum. Einn og einn breyttur bíll slæddist þó hingað, en oftast var þar um að ræða hálfgerða garma sem annað tveggja höfðu ekki reynst vel eða voru orðnir mikið slitnir.

Þegar leið á níunda áratuginn fór þeim að fjölga sem áttu breytta jeppa og um 1990 er breyttum jeppum farið að fjölga mikið og vetrarferðir farnar að vera tíðari. Samhliða hófst umræða meðal eigenda þessara bíla um nauðsyn þess að tengjast meira því félagsstarfi sem þá var farið að blómstra syðra og til þess að auðvelda gæslu hagsmuna sinna.

Stofnfundur var haldinn 28. febrúar 1992. Eitt fyrsta viðfangsefni klúbbfélaga var að komast yfir samastað á fjöllum. Samið var við Upprekstrarfélag Eyvindarstaðaheiðar um að fá til umráða gangnamannaskála sunnarlega á Goðdalafjalli þar sem ógjörningur var að fá leyfi á þessum árum til að byggja nýja skála á hálendinu. Gerður var langtímasamningur um skálann og klúbburinn endurbætti skálann nokkurn veginn eftir sínu höfði en „eigendur“ hans myndu svo eignast hann smám saman á samningstímanum sem leigu.

Samningamál hafa þróast þannig að fyrirséð er að klúbburinn muni eignast að minnsta kosti verulegan hlut í skálanum út á endurbætur sínar. Skagafjarðardeild hefur nú keypt Skiptabakka og er nú skálinn alfarið í eigu deildarinnar og er með vistlegri skálum landsins. Þar er olíukynt, Sóló-eldavél með miðstöðvarkatli sem ofnar eru tengdir við. Í skálanum er meðal annars vatnssalerni og einnig hafa verið sett upp sólarrafhlöðuljós. Nú á haustdögum var byrjað að byggja forstofu við skálann þannig að verkefnin eru næg og mikill fjöldi félaga sem kemur að þeim.

Það má sjá á fundargerðabókum klúbbsins að strax hafa menn tekið til óspilltra málanna við að afla fræðslu fyrir félagsmenn um hin ýmsu mál sem brunnu og brenna á jeppamönnum. Strax á fyrsta starfsári voru haldin námskeið um notkun korta, áttavita og leiðsögutækja og síðar fóru fram kynningar frá seljendum ýmiss konar búnaðar og fengnir voru „lærðir“ menn til að kynna hina ýmsu leyndardóma jeppabreytinga.

Það komst fljótlega á sá siður að fara þorrablótsferð til fjalla snemma vetrar. Síðastliðinn vetur var farið í fimm daga ferð á Vatnajökul og í ár var stefnan sett á fjögurra daga ferð austur í Kverkfjöll.

Meðan á endurbótum Skiptabakkaskálans stóð voru svo farnar margar vinnuferðir þangað upp eftir og einnig dreifa félagar áburði og fræjum á mela í kringum skálann. Nú eru félagsmenn í uppgræðsluátaki þar sem hey- og hálmrúllum er dreift á melana, sú ferð er farin á hverju sumri. Það er ef til vill einna athyglisverðast við starf þessarar deildar hvað félagsfólk hefur verið fúst til að leggja á sig vinnu og fyrirhöfn í þágu klúbbsins.

Sá siður komst fljótlega á að almennir fundir væru fyrsta miðvikudagskvöld í mánuði hverjum frá september fram í apríl. Aðalfundur deildarinnar er haldinn í maí og sú venja hefur skapast síðustu árin að hafa bjórkvöld í júní. Aðventuferð er orðin að árlegum viðburði sem og fjölskyldudagurinn í janúar þar sem eitthvað sniðugt er gert og allir fjölskyldumeðlimir geta skemmt sér. Þorrablót er haldið í febrúar og farið í stórferð í marsmánuði sem deildin heldur utan um.

Félagar deildarinnar eru orðnir um áttatíu þannig að deildin hefur vaxið og dafnað í gegnum árin.

**STJÓRN SKAGAFJARÐARDEILDAR 2007-2008**
Hilmar A. Baldursson formaður, K-651, hilbal@simnet.is sími: 8995204 / 4535204, Grenihlíð 4
Stefán Guðmundsson gjaldkeri, K-621, unaas@simnet.is sími: 8954405 / 4536025, Hólavegi 30
Rúnar Már Jónsson ritari, K-717, rmjhg@simnet.is sími: 8612673 / 5512674, Birkihlíð 7
Ólafur Björnsson meðstjórnandi, K-668, gugga@simnet.is sími: 8947485 / 4536752, Hvannahlíð 2
Sigþór Smári Sigurðsson meðstjórnandi, k4@visir.is sími: 8672747, Knarrastígur 4

Starfandi eru ferðanefnd, skemmtinefnd og skálanefnd.
Deildin heldur úti heimasíðu http://skagafjordur.net/4x4

*Hilmar A. Baldursson formaður og Rúnar Már Jónsson ritari.*

## HÚSAVÍKURDEILD

Húsavíkurdeildin var fyrsta deildin innan f4x4 sem stofnuð var á landsbyggðinni 1987 og er ennþá starfandi.

Húsavíkurdeild var stofnuð til þess að gæta hagsmuna jeppamanna og þeirra sem hefðu áhuga á að ferðast saman um landið. Fundir eru haldnir reglulega þar sem málefni deildarinnar og það sem viðkemur ferðamennskunni er rætt í þaula.

Skipulagðar ferðir eru farnar á vegum deildarinnar svo sem dagsferð um áramótin ásamt lengri ferðum þegar það hentar.

**STJÓRN HÚSAVÍKURDEILDAR 2007 - 2008**
Ómar Egilsson formaður, sími: 8664083 / 4641647
Oddur Örvar Magnússon ritari, flatey@simnet.is
sími 8951776 / 4641776



**Dagsferð í Heilagsdal.** MYND/ODDUR ÖRVAR MAGNÚSSON

Árni Pétur Hilmarsson gjaldkeri, arnihilmarsson@gmail.com sími: 866 3586

Hægt er að panta Þeistareykjaskálann hjá formanni deildarinnar.

*Oddur Örvar Magnússon ritari*

# Komið á frábæra opnunarhátíð í Holtagörðum!



Höfum opnað nýja og stórglæsilega verslun í Holtagörðum.
Fjöldi opnunartilboða, vörukynningar frá Adidas, Nike og Asics.
Kristall Plús að drekka og blöðrur fyrir börnin.

**asics**

– Byltingarkenndir fótboltaskór sem allir knattspyrnumenn verða að prófa – kynning á laugardag.



**adidas**

Hlaupaskór og footscan greining – skokkarar vilja ekki missa af þessu – kynning á sunnudag.



**Nike Pro**

Hátæknifatnaður – aðeins það besta til íþróttaiðkunar – kynning á laugardag.





**Asics Kayano 13 hlaupaskór**
Verð: 18.300 kr.
Opnunartilboð: **12.990 kr.**



**Heelys hjólaskór**
Verð: 9.990 kr.
Opnunartilboð: **7.990 kr.**

**Opið:**
**Fös. 11-18**
**Lau. 10-18**
**Sun. 13-18**



**Jamis barnahjól**
**Árgerð 2008**
Opnunartilboð:
**20% afsláttur**



**Jamis reiðhjól**
**Árgerð 2007**
Opnunartilboð:
**40% afsláttur**



**Chrysalis dúnsvefnpoki**
**frá The North Face**
Verð: 25.990 kr.
Opnunartilboð: **17.990 kr.**

THE NORTH FACE

**Stórglæsileg North Face deild**
Opnunartilboð:
**20% afsláttur**
**af öllum North Face vörum**



**Nike T-bolir**
Opnunartilboð:
**20% afsláttur**



**Casall fatnaður**
Opnunartilboð:
**20% afsláttur**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

# Deildir in

## HÚNVETNINGADEILD

**Húnvetningadeild var stofnuð við Skagaströnd árið 1992.**

Húnvetningadeild var stofnuð 30. desember 1992. Stofnfundurinn var haldinn í skíðaskálanum við Skagaströnd og mættu þar 28 félagar.

Á fyrsta aðalfundi var farið að ræða skálamál og fleira. Nokkrir skálar komu til greina í upphafi. Þegar farið var að skoða þá nánar og tala við hlutaðeigandi varð ljóst að einn skála skyldi skoða betur. Það var Álkuskáli sem er á Grímstunguheiðinni.

Voru félagar fengnir til að ræða við hreppsnefndir Sveinsstaða- og Áshrepps. Var samningur undirritaður 1995. Höfum við haft umsjón með skálanum síðan. Þá hófst vinna við að klæða hann að utan og mála hann að innan og sett var upp ljósavél sem sér skálabúum fyrir hita og birtu.

Reynt hefur verið að halda félagsfundi einu sinni í mánaði og fundir verið haldnir á ýmsum stöðum. Hafa í deildinni verið frá tuttugu og upp í fjörutíu félagsmenn.

Ýmsar hefðir hafa komist á í deildinni svo sem jólaglögg í desember og einnig hefur verið haldið þorrablót frá árinu 1999 og hefur verið vel mætt á þau. Farnar hafa verið stuttar og langar ferðir á vegum deildarinnar til dæmis í Laugarfell, Setrið og inn á Hveravelli.

Í framtíðinni er ætlunin að reyna að fara fleiri jeppaferðir og vinna meira við skálann okkar. Markmið deildarinnar er að efla félagsmenn, stuðla að bættum akstri á fjallvegum og að aka ekki utanvegar.



Frá þorrablóti Húnvetningadeildar árið 2008. Bílar á Hveravöllum.
MYND/JAKOB HÚNAKÖNGUR

**STJÓRN HÚNVETNINGADEILDAR 2007-2008**

Jakob Á. Jóhannsson formaður, kobbi@simnet.is
sími: 8665502 / 4510032
Björn S. Þórisson gjaldkeri, bokh 8644820
Sighvatur Steindórsson ritari, kerrur@simnet.is sími: 8614024
Ingvar F. Ragnarsson gjaldkeri kolugilcentrum.is sími: 4512563
Bjarni Ottósson, jennal@simnet.is sími: 8930479 / 4522779
Árni Einarsson meðstjórnandi, krimmi75@simnet.is sími 8940816
Bjarni G. Stefánsson varamaður, gerpir@islandia.is
Deildin heldur úti heimasíðu www.123.is/4x4hunar

*Jakob Á. Jóhannson*

## SUÐURNESJADEILD

**Upp úr 1970 stofnuðu nokkrir jeppaeigendur á Suðurnesjum Jeppavinafélag Suðurnesja og var markmiðið að ferðast um hálendi Íslands að sumri til á þeim tíma.**

Í vetrarferðamennskuna áttu nokkrir félagar snjóbíla sem þeir notuðu til að ferðast að vetri til og þá sérstaklega í Landmannalaugar. Á þessum tíma kom oft og iðulega fyrir að þeir voru síðustu menn í Landmannalaugar að hausti til og um páska þegar farið var í Laugarnar á snjóbílunum, höfðu engir komið þar frá því um haustið.

Á níunda áratugnum fer þessi ferðamennska að breytast. Menn eru búnir að leggja snjóbílunum og farnir að ferðast um á jeppum á stærri dekkjum á veturna í Þórsmörk og Landmannalaugar. Smám saman fjölgar breyttum jeppum, félögum fjölgar í Jeppavinafélaginu og 1996 er samþykkt að Jeppavinafélagið gangi inn í Ferðaklúbbinn 4x4 sem sérdeild.

Um tíma voru fundir mánaðarlega í húsi björgunarsveitarinnar Stakks í Keflavík og 1994 er Hlöðuvallaskáli tekinn í vetrarfóstur frá Ferðafélagi Íslands. Var þá farið í heilmikla vinnu við að lagfæra skálann og bæta en upp úr samstarfinu slitnaði 1996. Á þessum árum ferðuðust menn mjög mikið um hálendi Íslands í félagahópum en ekki var verið með skipulagðar ferðir á vegum klúbbsins.

Í febrúar 2000 er fyrsta skipulagða þorrablótið haldið á vegum Suðurnesjadeildar í Landmannalaugum og var metþátttaka eða 107 manns á 41 bíl. Síðan hefur þorrablótið verið fastur liður í vetrardagskránni, ýmist í Landmannalaugum en núna seinni árin í Setrinu, skála Ferðaklúbbsins 4x4 undir Hofsjökli, en núna síðast var farið aftur í Landmannalaugar.

Veturinn 2004/2005 tók deildin gamla skálann í Landmannahelli í vetrarleigu og var með hann þar til sumarið 2006 þegar hann brann. Síðan hefur deildin verið með nýjan skála, Fell,sem Hellismenn eiga á sama svæði. Sá skáli tekur 18 til 20 manns í gistingu, er kyntur með gasi og er með salernisaðstöðu.

Vetrardagskrá deildarinnar snýst núorðið um skálann ef svo má segja. Farið er í haustferð í október til að gera skálann kláran og síðan eru skipulagðar ferðir í kringum skálann til að nýta hann vel. Hann er þó fulllítill fyrir þorrablótið sem alltaf er mjög vel sótt þótt ekki náist metið frá fyrsta þorrablótinu.

Fundir eru haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði í húsi björgunarsveitarinnar Suðurness Holtsgötu 51 í Njarðvík yfir veturinn, frá september og fram í maí. Engin starfsemi hefur verið yfir sumarið en einstaka félagar hafa þó sótt sumarhátíð Ferðaklúbbsins 4x4. Síðustu tvö ár hefur starfsemi deildarinnar hafist með hópakstri á Ljósanótt í Reykjanesbæ með fornbílum og mótorhjólum en þá fara menn í skúrinn og bóna og pússa bílana fyrir hópaksturinn og fjölmenna í hann.

Framundan í starfi deildarinnar eru nokkrir atburðir sem finna má á heimasíðu Ferðaklúbbsins 4x4, www.f4x4.is, undir deildir.



Svona gerist stundum líka í ferðum, allir sluppu þó ómeiddir úr þessu óhappi sem varð í janúarferð á Grímsfjalli 2007.
MYND VILHELM ÞÓR ÞÓRARINSSON

**STJÓRN SUÐURNESJADEILDAR 4X4 2007-2008**

Heiðar S. Engilbertsson formaður, heidar@iav.is sími: 6606222,
Marteinn Jensen gjaldkeri, skugg@simnet.is sími: 8610052
Hörður Birkisson ritari, hordur@heklakef.is sími: 8250016
Steinar Freyr Sigurðsson meðstj., gamli82@hotmail.com
sími: 8617459
Magnús Hafsteinsson meðstj., magnusxx757@simnet.is
sími: 8605252
Ágúst Þór Guðbergsson varastj., agust@isfoss.com sími: 8935414
Jökull Einarsson varastj., jokulle@internet.is sími: 8650470

*Heiðar S. Engilbertsson formaður*



Mynd tekin við Goðastein á Eyjafjallajökli.

## SUÐURLANDSDEILD

**Suðurlandsdeild var stofnuð í Tryggvagötu á Selfossi 16. janúar 1989.**

Stofnfundur Suðurlandsdeildar var haldinn 16. janúar 1989 í Tryggvaskála á Selfossi og mættu þar um 80 manns. Á fundinn mættu tveir stjórnarmenn úr Reykjavík, þeir Ólafur Ólafsson og Jakob Þorsteinsson og kynntu þeir starfsemi Ferðaklúbbsins 4x4. Aðeins ein deild var starfandi í klúbbnum á þessum tíma, það er Húsavíkurdeild. Fundurinn samþykkti að vera deild í Ferðaklúbbnum 4x4 og voru félagslög samþykkt í samræmi við það. Á aðalfundinum 1990 var upplýst að 54 hefðu greitt félagsgjald.

Suðurlandsdeildin starfar á Selfossi og heldur fundi einu sinni í mánuði í Golfskála Selfoss á þriðjudagskvöldum. Einnig er opið hús einu sinni í mánuði þar sem komið er saman á Kaffi-Krús og spjallað. Þá er deildin með heimasíðu www.f4x4sudur.is þar sem dagskráin er auglýst og spjallað. Hefðbundið vetrarstarf hefst gjarnan á haustferð og fyrsti félagsfundurinn er í september og endað á aðalfundi í maí.

Þá heldur deildin árshátíð, „Byggðabrölt,“ með heimatilbúnum skemmtiatriðum fyrir jól. Þá er gjarnan farin afmælisferð upp úr áramótum og þorrablótsferð. Oft er bryddað upp á öðrum ferðum í nafni klúbbsins er líður á veturinn og seinni árin oft boðið upp á sumarferð. Næsta ferð er fyrirhuguð í mars í Sigurðarskála í Kverkfjöllum og verður gist þar tvær nætur. Nánar um það á heimasíðunni. Í deildinni eru núna um 200 manns og er hún ein stærsta deild klúbbsins. Nokkrar starfsnefndir starfa milli aðalfunda, til dæmis kofaráð, skemmtinefnd og vefnefnd.

Deildin hefur til umráða Sult-

## VESTFJARÐADEILD

Vestfjarðadeild Ferðaklúbbsins 4x4 var endurreist á fundi árið 2005. Frá þeim tíma hefur deildin staðið fyrir tveimur skipulögðum ferðum á Langjökul og í báðum tilvikum var ferðatíminn mun lengri en áætlað var í upphafi. Auk þess hafa verið farnar fjöldi ferða á Drangajökul og á Glámu.

Flestar hálendisferðir okkar Vestfirðinga byrja annað hvort á Steingrímsfjarðarheiði eða á Hrafnseyrarheiði. Frá Hrafnseyrarheiði er hægt að keyra á Sjónfríð og yfir Glámu, upp á Rauðfossafjöll og yfir Þorskafjarðarheiði á Steingrímsfjarðarheiði. Þaðan er síðan hægt að fara á Drangajökul.

Á þessu ári er ætlunin að taka þátt í ferð með Skagafjarðadeild F4X4 og mun ferðinni heitið í Kverkfjöll. Um páskana verður farið á Drangajökul þar sem tekið verður á félagsmönnum annarra deilda.

Vestfjarðadeildin heldur félagsfundi annan hvern laugardag að Sindragötu 14.

**STJÓRN VESTFJARÐADEILD 2007-2008**

Barði Önundarson formaður, bardion@simnet.is sími: 8920429 / 4564747 / 8534153
Ólafur Hallgrímsson olih@tmd.is Sími 898-8646/554-5140 Ritari
Árni Þór Einarsson meðstjórnandi, trukkurinn@simnet.is sími: 8944713 / 854-4813
Einar Már Gunnarsson, einarm@simnet.is sími: 8924864 / 4563502
Björn Bergsson varamaður, bjossibergs@snerpa.is sími: 8993451 / 8543451

*Ólafur Hallgrímsson ritari*

# nan 4x4



arfits-skálann sem rúmar um tuttugu manns. Hann hefur verið verulega endurbættur síðustu ár og er nú allur hinn glæsilegasti. Oft eru farnar vinnuferðir fram eftir hausti til að undirbúa skálann fyrir veturinn og olíutankar fylltir. En á septemberfundi 1990 var kosin sérstök nefnd til að vinna nánar í því að finna gangnamannahús til að taka í fóstur. Þá voru komnar fram hugmyndir um samstarf við Afréttarfélag Flóa og Skeiða um Sultarfitshúsið. Ákveðið var að fara og skoða húsið og síðan ákveðið að endurbyggja húsið.

Á októberfundi var teikningu dreift af Sultarfitshúsinu og lauslegri kostnaðaráætlun. Þá var gerður afnotasamningur við Afréttarfélagið sem kynntur var á fundinum. Var þessi samningur borinn upp og samþykktur. Í framhaldi af þessu voru ákveðnar vinnuferðir næstu vikurnar og var húsið einangrað og byggð við það forstofa, sem síðar var stækkuð.

Í október 2001 voru síðan gerðar undirstöður fyrir nýja viðbyggingu og um haustið 2002 voru farnar margar vinnuferðir til að rífa gömlu forstofuna og byggja aðra stærri.

Suðurlandsdeildin er öllum opin og sjálfsagt að hafa samband til að kynna sér nánar starfsemi deildarinnar.

**STJÓRN SUÐURLANDSDEILDAR 2007-2008**

Hjalti Eggertsson formaður, hjalti@f4x4sudur.is sími: 899 3959
Sigurður Guðmundsson, sigurdur@f4x4sudur.is sími: 699 2804
Jón Ívar Jóhannsson, jonivar@f4x4sudur.is, sími: 861 1724
Ágúst Sigurjónsson, agust@f4x4sudur.is sími: 860 1722
Ólafur Hauksson, olafur@f4x4sudur.is sími: 840 5774

*Jón G Bergsson Suðurlandsdeild*



Meðlimir Vestfjarðadeildarinnar á leið á Langjökul.

## HORNAFJARÐARDEILD

**Í október 2003 ákváðu nokkrir áhugamenn um fjallaferðir á jeppum að stofna 4X4 deild á Hornafirði og var stofnfundur haldinn 12. nóvember 2003.**

Á stofnfund mættu milli 30 og 40 manns og hefur deildin stækkað jafnt og þétt síðan og eru félagar í dag rúmlega hundrað. Tilgangur stofnunar deildarinnar var að vinna að hagsmunamálum jeppamanna, stuðla að bættri umgengni um landið og að standa fyrir skipulögðum jeppaferðum.

Allt frá stofnun deildarinnar hafa félagsmenn komið saman tvisvar í mánuði yfir vetrarmánuðina til skrafs og ráðagerða. Þátttaka í þessum spjallfundum hefur verið með ágætum og mæta félagsmenn þar með myndir til sýningar og stundum fáum við góða gesti til að velta upp ýmsum málum.

Starfandi er ferðanefnd og stendur hún fyrir nokkrum ferðum á ári sem ýmist eru ætlaðar fyrir alla jeppa eða eingöngu fyrir meira breytta fjallabíla. Ágæt þátttaka hefur verið í ferðum deildarinnar hvort sem litið er á dagsferðir eða lengri ferðir.

Einnig er starfandi skemmtinefnd og er hennar meginmarkmið að standa fyrir þorrablóti ásamt ferðanefnd, og er áhugi félagsmanna mikill fyrir þeirri ferð. Í ár var farið í Hólaskjól og mættu þar um fjörutíu manns á fimmtán bílum. Ferðast var um Fjallabak og á laugardagskvöldið var haldið þorrablót með tilheyrandi skemmtiatriðum og súrmatsáti. Tókst ferðin í alla staði vel svo ég á von á að góðri mætingu á næsta ári.

Hér á Hornafirði í ríki Vatnajökuls eru miklir möguleikar á lengri jafnt sem skemmri ferðalögum og ber þar fyrst að nefna sjálfan Vatnajökul með margvíslegum ferðamöguleikum jafnt sumar sem vetur. Þá má nefna að Lónsöræfi einn fegursti staður landsins er í næsta nágreni. Loks má nefna að inn til landsins ganga margir og fallegir dalir og býður þetta svæði upp á frábæra möguleika á að blanda saman jeppa- og gönguferðum.



Ísaferð á Hornafjarðarfljótum.

MYND/ÞORKELL KOLBEINSSON

**STJÓRN HORNAFJARÐARDEILDAR 2007 2008**

Þorkell Kolbeins formaður, keli@asa.is sími: 8936042
Sigurjón Einarsson gjaldkeri, sissihofn@simnet.is sími: 690 1844/478 1844
Sævar Guðmundsson ritari, saevar.g@simnet.is sími: 8476134
Sveinbjörn Steinþórsson meðstjórnandi, svein.st@mi.is sími: 8477328 / 4782805
Jón Bragason meðstj., jonbraga@simnet.is sími: 8481858 / 4781835

*Þorkell Kolbeins formaður*

## AUSTURLANDSDEILD

**Austurlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4 var stofnuð á Egilsstöðum 19. febrúar 2001 og voru stofnfélagar tuttugu.**

Þegar Austurlandsdeild F4x4 stofnuð var mikil gróska í jeppamennsku á Austurlandi og jeppamenn töldu Ferðaklúbbinn 4x4 góðan kost til að sameinast um áhugamálið: jeppa, jeppabreytingar og ferðalög. Á árunum frá stofnun hefur starfsemin aukist og félögum fjölgað. Félagar eru nú um það bil 150 og eru þá bara aðalfélagar taldir. Aukafélagar, sem eru í flestum tilfellum makar, eru næstum annað eins; gjarnan tekur öll fjölskyldan þátt í ferðalögum á vegum deildarinnar.

Austurlandsdeild skipuleggur nokkrar ferðir á ári. Fyrri part hausts er farið upp á hálendið, þar sem eknir eru vegaslóðar og skoðaðir áhugaverðir staðir.

Þrettándaferð fyrrihluta janúar, þorrablót í febrúar, fjögurra til fimm daga ferð í apríl, fjölskyldudag á sumardaginnfyrsta þar sem öllum boðið í stutta fjallaferð. Að fjallaferð lokinni er jeppunum stillt upp til sýnis og grillaðar pylsur fyrir gesti og gangandi.

Vorferð er síðan fyrrihluta júnímánaðar eða þegar vegagerðin er búin að heimila umferð um hálendisvegina.

Vinnuferðir eru einu sinni til tvisvar á ári í skála Austurlandsdeildar á Urðum sem er á gömlu Símaleiðinni milli Vopnafjarðar og Grímsstaða á fjöllum. Einnig sér deildin um skála Minjaverndar sem staðsettur er í Vestari Haugsbrekku á Símaleið. Skálarnir eru endurgerð húsa sem voru byggðir þar um 1907 vegna lagningar símalínunnar frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, endurbyggingunni lauk 2005. Taka skálarnir 12-14 manns í gistingu.

Félagsfundir eru einu sinni í mánuði september til maí. Þar eru ýmsar kynningar á málum er varða klúbbinn og jeppamennsku.

Helsta baráttumál Austurlandsdeildar frá stofnun er að koma í veg fyrir utanvegaakstur, með kynningu og fræðslu. Sjáanlegur árangur er af þessu starfi hér á Austurlandi. Þó þarf hið opinbera að koma að málum, til aðstoðar áhugamannasamtökum, með öfluga kynningu á umgengni við náttúru Íslands til erlendra ferðamanna.

Margir af félögum í Austurlandsdeild er ungt fólk. Starf klúbbsins verður næstu árin að tryggja þessu unga fólki frjálsræði til að upplifa stórfenglega og óspjallaða náttúru Íslands.



Fjölskyldudagur 2007.

MYND/ÓLAFUR HALLGRÍMSSON

**STJÓRN AUSTURLANDSDEILDAR 2007 -2008**

Vilhjálmur Vernharðsson fjalladyrd@fjalladyrd.is sími 894 0758 formaður
Jakob Karlsson litluskogar@simnet.is sími 864 2682 Gjaldkeri
Ólafur Arnar Hallgrímsson olhall@simnet.is sími 893 2187 ritari
Guðmar Ragnar Stefánsson raggibrusi@hotmail.com sími 862 8810 varamaður
Ingvar Ríkharðsson ingvar.ingunn@simnet.is sími 899 5715 varamaður

Deildin heldur úti heimasíðu www.frontpage.simnet.is/f4x4aust/

*Ólafur Hallgrímsson ritari*





"Gönguferðir, fjallgöngur og ferðalög eru okkar áhugamál"

**Velkomin í Ferðafélagið**

Skráðu þig inn - drífðu þig út

Ferðaáætlun FÍ 2008 er komin út
pantaðu tímanlega í gönguferð sumarsins

Skráðu þig á póstlista FÍ á www.fi.is
Relgulegar fréttir af ferðum og félagslífi

Árbók FÍ kemur út í apríl
Hjörleifur Guttormsson skrifar um Loðmundarfjörð, Borgarfjörð eystri, Víkurnar ofl.

Ferðafélag Íslands
Fyrir alla fjölskylduna

**Ferðafélag Íslands**

www.fi.is | fi@fi.is | sími 568 2533

# 40% lækkun á bensíni

## Nýjir og Nýlegir Bílar allt að 30% lægra verð

## Sýnishorn úr leitarvél:

### PALLBÍLAR



4x4 – 4 Dyra – Nýjir/Nýlegir:
2007/2008 Ford CREW F150 frá Kr. 2.490.000
2007/2008 Ford F350 DIESEL frá Kr. 3.490.000
2007/2008 Dodge RAM 1500 frá Kr. 2.300.000
2007/2008 Dodge RAM DIESEL Kr. 3.490.000
2007/2008 Toyota Tacoma frá Kr. 2.890.000
2007/2008 Toyota Tundra frá Kr. 2.990.000

### JEPPAR



2007/2008 Ford Explorer frá Kr. 2.650.000
2007/2008 Dodge Durango frá Kr. 2.650.000
2007/2008 Jeep Grand Cherokee frá Kr. 2.590.000
2007/2008 Toyota Highlander frá Kr. 2.900.000
2007/2008 Landrover LR3 Discovery frá Kr. 5.490.000
2007/2008 Benz ML350 frá Kr. 5.250.000
2007/2008 Audi Q7 frá Kr. 5.600.000
2007/2008 Range Rover frá Kr. 6.900.000

### FÓLKSBÍLAR



2007/2008 Dodge Caravan frá Kr. 1.990.000
2007/2008 Dodge Caliber frá Kr. 1.790.000
2007/2008 Ford Mustang frá Kr. 2.300.000
2007/2008 Toyota Camry frá Kr. 2.550.000
2007/2008 Volvo S40 2.4i frá Kr. 2.600.000
2007/2008 Audi A4 frá Kr. 3.200.000
2007/2008 BMW 328i frá Kr. 4.190.000
2007/2008 Benz C230 frá Kr. 3.600.000

**10% ÚTBORGUN**
**ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM BÍLUM!**
**ÞÚ AUGLÝSIR GAMLA BÍLINN FRÍTT!**



## MEIRI KRAFTUR, MINNI EYÐSLA:

**NÝJA HYBRID VÉLIN MINNKAR ELSNEYTISNOTKUN UM ALLT AÐ 40%!**



TOYOTA HIGHLANDER - 7,5/100mk - 280 hö!
TOYOTA CAMRY - 5,8/100km - 187 hestöfl!



SKIPTU Í HYBRID, ÞÚ SPARAR HUNDRUÐI

## SÝNINGARBÍLAR Í HAGKAUP SMÁRALIND

REYNSLUAKSTUR
**HRINGDU**
**Í 552 2000**
**OG BÍLLINN KEMUR!**

# islandus.com

## www.islandus.com - Sími 552 2000



*„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur“*
*Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri*

# Heima er best

● Það er heima sem manneskjan er hvað frjálsust og líður hvað best. Heimilið er griðastaður. Ósvikinn vettvangur þess að nostra við sjálfan sig og næra skilningarvitin.



Ríkey Kristjánsdóttir textílhönnuður er meistarinn á bak við hippalega búninga í leikritinu Kommúnunni eftir Lukas Moodysson, sem frumsýnt var á fimmtudagskvöld fyrir fullu húsi með íslenskum og erlendum stórleikurum í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Gamla orðtakið „heima er best“ eru orð að sönnu og þar á ég margar og mismunandi aðferðir til að næra skilningarvitin en þetta ber hæst um þessar mundir,“ segir Ríkey Kristjánsdóttir textílhönnuður þar sem hún stendur á Nýja sviði Borgarleikhússins og tekur síðustu sporin í búninga leikarahópsins í Kommúnunni sem er stykki sem Ríkey segir vera alhliða næringu fyrir alla. „Eigi ég hins vegar að lýsa einum stað þar sem öll skilningarvit eru nærð á sama tíma nefni ég Indland. Það er hreinn dekurdans fyrir sjón, heyrn, lykt, bragð og snertingu.“

**BRAGÐ:** Við í fjölskyldunni erum miklar félagsverur og hefur alltaf tekist að safna í kringum okkur sæg skemmtilegra vina, sama hvar við búum. Margir eru listakokkar sem elda af ómældri ást og natni og þá er oftar en ekki slegið upp miklum matarveislum þar sem bragðskynið er nært með snilldarmat og víni. Um leið skerpast hláturtaugar og einnig eyrun þar sem vinahópurinn er allt annað en þögull og hefur frá miklu að segja. Svo má ekki gleyma frönskum geitaosti með frönsku hvítvíni. Það er dásamlegt bragð sem veitir endurupplifanir frá París.



**HEYRN:** Til að fullnæra eyru mín finnst mér tónlist það besta. Núna sjá Devandra Banhart og José Gonzáles að mestu leyti um þá næringu, en fullkomin helgi hefst með því að fjölskyldan eldar saman „french toast“ og þá sjá tvíburarnir um að dekka borð, kveikja á kertum og setja Cohen eða Dylan í spilarann.





**SJÓN:** Góð bíómynd stendur alltaf fyrir sínu. Í miklu uppáhaldi er Bagdad Café, en einnig þykja mér myndir Almodóvars og Wes Andersons mikil augnanæring. Svo er ein períóda sem augu mín elska, og það er art deco-tímabilið frá 1920; bæði hvað varðar liti, munstur og asísk áhrif.

**LYKT:** Nag Champa-reykelsi.



**SNERTING:** Mér finnst skemmtilegast að fara í textílbúðir og snerta falleg efni. Einnig er gaman að skoða og snerta útsaum.



# the PIER

## FERMINGARTILBOÐ




SAPPORO skrifborð áður 42.800 nú 33.900
SAPPORO stóll áður 19.900 nú 15.900
506957/506564/506571

TOULON skrifborð áður 34.900 nú 27.900
TOULON stóll áður 16.900 nú 13.500
530286/1983240







PAPASAN stóll áður 19.900 nú 15.900
Grind: Honey/Dark
816766/494267




Mottur í mörgum stærðum og gerðum




Öll handklæði á 15% afslætti, margir litir




Öll sængurföt á 15% afslætti




3 fyrir 2 tilboð á kertum

**Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00**











# Í gulum bjarma

● Gulur er litur páskanna. Hann má þó einnig finna í ýmsum munum sem standa fyrir sínu allt árið um kring og vekja athygli allra sem á horfa.

**1. Abat Jour-lampi** frá B&B Italia. Hannaður af Ettore Sottsass árið 2005. Fæst í Mood, Síðumúla og kostar 154.000 krónur.

**2. Gulur glervasi** með marglitum yrjum frá Bo Concept. 6.999 krónur.

**3. Langur og mjór.** Sérstakur glervasi frá versluninni Evitu í Starmýri. 1.890 krónur.

**4. Heiðgul blaðagrind** frá versluninni Heima í Síðumúla getur geymt mikinn fjölda blaða. 7.500 krónur.

**5. Francisco Luján** hannaði þennan fallega standlampa sem fáanlegur er í mörgum litum. Fæst í versluninni Exó Fákafeni á 9.900 krónur.



# Stell stjarnanna

Skínandi sólir og smástirni þurfa að næra sig eins og minnipokamaðurinn. Sumir aðhallast konunglegan íburð og postulín á meðan aðrir beita hnífapörum sínum á látlausan leir.



Daisies frá Rosenthal.

Í klassískum borðbúnaði virðist Rosenthal tróna efst á vinsældalista hinna ríku og frægu. Leikkonan Reese Witherspoon býður sínum gestum til borðs með Daisies eftir Andy Warhol en geta má þess að Andy sjálfur borðaði sinn hvunndagsmat úr groddalegu Fiestaware-leirtaui, sem hann átti til reiðu fyrir 50 manns. Leikarahjónin Paul Newman og Joanne Woodward nota eingöngu stellin Loft og Nido frá Rosenthal á veitingahúsi sínu „The Dressing Room", og þá er eftirlætisstell sjónvarpskokksins Rachel Ray hið frísklega Sunny Day Dots frá Rosenthal. Í eldhússkápum auðjöfursins Donalds Trump finnst fágætt Fornasetti-leirtau en Joan Rivers keypti Memphis-glerlínuna á sveitasetur sitt vestra.



Fiestaware.



Nido frá Rosenthal.



Fornasetti frá Rosenthal.

Versace heillar sömuleiðis stjörnur samtímans. Barnabókahöfundurinn og poppgyðjan Madonna valdi La Mer-stell Versaces á matarborð sitt, og þeir Elton John og Nicolas Cage láta ekki ofan í sig bita nema veiddan upp í munn úr söfnunarstellum Versaces. .

- þlg



Loft frá Rosenthal.



Sunny Day Dots frá Rosenthal.







# RÝMINGARSALA

**VEGNA FLUTNINGA HABITAT Í HOLTAGARÐA**

## 60-90% AFSLÁTTUR

**2. HÆÐ ASKALIND 1**

**GENGIÐ INN Í GEGNUM VERLSUN**

Opið alla daga vikunnar

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700

habitat

Toyota Corolla Wagon árg. 2003 ekinn 139 þús., ssk., dráttarkrókur, gluggahlífar, sumar og vetrardekk. Verð 950 þ. gott lán er á bílnum. S. 690 4065.

## 2 milljónir +



Crysler 300C. Glæsilegur bíll keyrður 7 þús. Ásett verð kr. 3.900.000. Skipti skoðuð. Áhvíl. 1.650.000 - grb. 34 þús pr mán. Uppl. í s. 897 1877.



M. BENZ R500 4 Matic 2006, ek 47 Með öllum fáanlegum aukahlutum!! Ásett v. 7.390 þús TILBOÐ: 5.750 ÞÚS (900 þús út og yfirtaka á láni 4.850 þús) Ath skipti. S: 868-4785



Lexus is 250, árg. 08/2007, ekinn 1þ. Einn með öllu, topp bíll. Verð 4850þ. lán 4000þ. Uppl. í s. 698 4945.



BMW 320I '05 ekinn 34 þ. Ssk, leður, topplúga, hiti í sætum. Ekkert út, yfirtaka á láni. Uppl í 847 4459.



Glæsilegur Ford F350 , hvítur með samlituðu loki á palli. Árgerð 2005 , ek. 75 þ.km. Fæst á yfirtöku 3,5 + tilboð. Upplýsingar í s. 661 7500.



Volvo S60R '05 AWD 300 hö. Ek. 40 þ.km. Litur mjög vel út. Verð 4,2. S. 690 4337.



Mazda RX-8 Ek. 59 þ. Áhv. 2880 þ. Afb. 39 þ. 200 þ. út + yfirt. S. 843 9456.



Corvette C6 Z51 árg. 05, ek. 19 þ.km. 6 gíra bsk. Bíll með öllum fáanlegum aukabúnaði, 405 hö., 4,3 sek í 100 km, 303 km hámarkshraði. Ásett verð 6.900 þús. Áhvílandi 4.630 þús. Stgr. tilboð yfirtaka + 300 þús. S. 6973379

**Fæst á Yfirtöku!!!**

Chevy Silverado 2500 '05 ek. 10 þ.km. 35" breyttur m. öllu. V. 2850 þ. S. 842 4635.

**Landcruiser 100 VX Tilboð!!**

Árg. '02 Ek. 81 þ. Búinn í 90 þús. Skoðun. Mjög gott eintak. Ásett V. 3 mil. S. 898 1779.

Legacy lux 2007, ek 22 þús km. Verð 2790 þús, áhvílandi 2450 þús. Uppl í s:896-7854. Nýkominn úr árskoðun

Skoda VRS 2006. 200 HP svartur, með öllu. ath öll skipti. 862-8400

## Bílar óskast

Einstæð móðir óskar eftir góðum bíl fyrir sig og börnin tvö allt að 600 þús. stgr. Uppl. í s. 868 9420.

## Jeppar

Ford 150 lariat 2005 ek. 50 þ. km. 35" dekk allt rafdrifið. Fæst á yfirtöku láns 3 mil. kr. Skoða skipti á ódýrari jeppa uppl. s. 699 4702

Nissan Terrano II árg. '99, mikið endurnýjaður. T.d. vatnskassi, vifta, head, vatnsdæla ofl. NMT sími fylgir. Engin skipti. Verð Tilboð. Gott verð fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 564 2412.



Isuzu Crew Cab árg. '06. Ek. 47,000. 35" breyttur, sjálfskiptur, profilkrokur, heithúðun í palli, stigbretti, ný heilsársdekk. Fallegur og vel með farinn bíll, sem er enn í ábyrgð. - Verð aðeins 2890 þ. - Uppl. í s. 8436 995 & 820 0083.



Patrol 44" árg. 2000, 3L, nýleg vél, nýleg 44" dekk, topp bíll, uppl. í s:8955430



46" Patrol skr. '84. Boddy árg. '97, vél Ford V8 5.4L og sk. E4OD, 4gíra árg. '99 ek. 12þ.km. Ný 46" dekk o.m.fl. Mjög öflugur bíll. V. 2.450 þ. S. 662 0689.



Izuzu d/c pickup 3.1 TDI '97 Ek. 216 þ. 35", álfelgur, góð dekk, nýsk. '09 fjarst. saml. DVD Tveir eigendur, þjónustu og smurbók. V. 650 þ S. 894 3005.



Pajero '99 3.5 ekinn 128þús Ný 33" nagladekk ný tímareim nýupptekin hedd. ssk leður cruise ofl. Verð 1.090 þús Uppl. 8474635 og Höfðabílar 5774747.



**Nú er fjör á fjöllum !**

Nissan Patrol árg '95 ek. 304 þ.km, 190 þ. á vél boddý, árg. '98, 38" breyttur lækkuð hlutföll krókur. Verð 890.000. Uppl. í síma 863 0149.



Hummer H3 '05 ek. 20 þ. áhv. 5480þ. V. 5990þ. Uppl. í s. 843 9456.

LandCruiser 120 GX diesel árg. '03 ek. 89 þ.km, ssk., krókur, ný 33" dekk, nýjar felgur. Verð 3,890 þ. S. 822 4850.



**Tilboð vegna búsetu erlendis!**

Grand Cherokee árg. '05, ek. aðeins 40 þ. Innfluttur Nýr. Filmur í rúðum. Tilboð óskast! Gott lán getur fylgt. S. 696 1331.

LÆKKAÐ VERÐ Fullbúinn alvöru jeppi - KIA Sorento, ekinn 65 þús. abs, samlæsingar, ný dekk, smurbók, krókur ofl. verð 1.650 þús. uppslýsingar 8208090



**Jeep Grand Cherokee '97**

Leroedo bíll með limided útliti og innréttingu. Fer á rétta verðinu! S. 846 0709.

Patrol 99, 2.8tdi, 35" dekk, skoð: '09, dökkblár, ek: 145 þ.km. V: 1.400 þ. 8477218

Til sölu MMC Pajero V6 3000 '92 ek. 260 þ. Ath. 2x ný hedd, ný vatnsdæla, allar pakkningar vel nýjar, ný tímareim, nýl. alternator. m.ö.o vél að fullu tekinn upp í fyrra. 2 gangar af álfelgum. 33" negld vetrard. 32" sumard. Þakbogar, gripagrind og kastarar. Sk. 09. Dekurbíll. Verð 450 þús. Uppl. í s. 692 7487.

Opel Frontera '97 ek. 158 þ. Listaverð 310 þ. Tilboð óskast. Skipti á ód. S. 899 0407.



Renault Kengoo '99til sölu ekinn 138 þús. verð 350 þús uppl. 661-2005

GMC K3500 4WD Turbo '93 Skipti á ódýrari Gott staðgrverð 6500, Turbo ssk Nýtt olíuverk, Nýtt í bremsum, n rafgeymar, n startari. 8918829 V. 990 þús

IVECO TURBO DAILY '97 ek. 130 þ. á nýj 38" dekk. Uppl. e. kl. 15 Svanur 696-3720

Volvo S40. 2001 árg. ek 117þús. vet/sum dekk. Ný tímareim. verð 960þús. fæst gegn yfirtöku á láni, 22þús á mán. möguleiki á skiptum við nýlegan borgarjeppa.

## Pallbílar



Til sölu Toyota Hilux 3,0 dísel sjálfskiptur árg. 07 ekinn 17 þ. S. 896 4894.

## Sendibílar



Renault Master '98 ek. 280 þ. Ný dekk, sumar+ vetrar. V. 420 þ. m. vsk. S. 698 8889.

## Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Sprinter árg. '05. 20+1 sæti. Uppl. í s. 696 9915.



MAN rúta 35+1+1 '95 ek.400þ boðin er yfirtaka á 2,3m láni +200þ, mjög mikið endurnýjaður. búið er að bóka vinnu á þennan bíl í sumar og getur hún fylgt með. einnig Renault Master 18 manna 2005 ek.90þ ný dekk og enn í ábyrgð hjá Bog L verð 3,6m uppl. í síma 896-8212

Ford transit bus árg: 2003. Skráður: fólksbifreið Verð 1950 þús. Myndir og nánari upplýsingar á: sími 8989058 Pétur +45 30691921 Jóhann og á http://www.skov-gaard.dk/ og peturhl@hotmail.com

## Vörubílar



Man 26-403 árg. '96 400 hö., færanlegur stóll, Sturtugír. Ek. 350 þús.km. Verð 1800 þús. + vsk. Uppl. í s. 897 4164 & 659 9199.



Volvo F6 árgerð 1984 til sölu. Með krana og sturtupalli. Verð 1250 þús. Upplýsingar í síma 894 2307.



Til sölu 3 DAF árg.'07 ásamt malarvögnum. Uppl. í s. 616 9090.



Til sölu DAF '04, 6 hjóla, keyrður 670 þ. Verð 5 mil. án vsk. Uppl. í s. 616 9090.

Nýr 3 öxla flatvagn lengri gerð. 2 kúlustæði og 8 gámalásar. Uppl. í s. 840 2914.

HIAB 550 krani, ásamt fingri. Þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 661 5000

## Húsbílar




**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**

Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhysi.is JS Campers ehf.




Til sölu vegna flutnings ónotaður 2007 Travel Lite Pallhýsi.Verð á samskonar hýsi í dag er 1900.000.Verð til þín 1650.000.stgr upplýsingar í síma 897-3011



Ford Econoline árg. 1978 til sölu. Vél árg. 1989. Bíl í góðu standi. Verð kr. 250 þús. Upplýsingar í síma 894 2307.




Til sölu vegna flutnings ónotaður 2007 Travel Lite Pallhýsi. Verð á samskonar hýsi í dag er 1900.000. Verð til þín 1650.000. stgr. Upplýsingar í síma 897 3011.



Benz húsbíll. árg.'88 309D 6 cl. Í toppstandi. Uppl. í s. 822 3650



Ford Econoline 6/1997 dísel 7,3 power stroke. Tilvalin til að innrétta sem húsbíl. Sérstaklega snyrtilegur bíll. Skipti möguleg. Upplýsingar í 860 0070.

## Mótorhjól



Harley Electra Glide, árgerð 2005, ekið 8231. Verð 1990 þús. Yfir 100 notuð hjól til sölu á verðum sem ekki hafa sést áður á Íslandi sjá www.motorhjol.net. Uppl. í s. 824 6600.

Honda CRF250R 2007 til sölu. Ek ca. 25 tíma. Verð 550 þ. Uppl. í s. 896 4511.



Kawasaki KX65 árg. 2005 Verð 200þ. Uppl. í síma 896 4511.



Kawasaki Vulcan 800 árg 05 keyrt aðeins 800 mílur. Hlaðið aukabúnaði, gler, töskur, sætisbak og dragbar stýri. Verð 800.000. GSM 8949400



EINS OG NÝTT VIRAGO 1100 1998 EKIÐ AÐEINS 3.750 mílur. Stórglæsilegt hjól með LED ljósum undir tanki, töskum og fl. og fl. Nóg afl og frábærir aksturseiginleikar, lág áseta - hentar jafnt konum sem körlum - byrjendum sem lengra komnum. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í síma 840 7580 / Jónas



STÓRGLÆSILEG HONDA VTX 1300 RETRO 2005 til sölu. „CUSTOM SHOW BIKE"/ SÝNINGARHJÓL" með óteljandi aukahlutum. Töskur, Powerpack, Performance púst (silencer fylgir), Custom sæti (orginal sæti fylgir) custom sprautun og fleira og fleira og fleira. Of margt til að lista í einni auglýsingu. Komdu við og skoðaðu - sjón er sögu ríkari. Ekið aðeins 1.600 mílur. Nánari upplýsingar í síma 840 7580 / Jónas

Til sölu Yamaha 660R með ýmsum aukabúnaði. Lítið notað. Uppl. í s. 661 5000

Tvö Kawasaki Z650 til sölu. Annað borað ofl. Hitt orginal uppgert. En ósamsett. Sannur gullmoli. Tilboð óskast. S. 693 7376.

## Fjórhjól

YAMAHA RAPTOR350. LÍTIÐ EKIÐ ALDREI Á KROSSBRAUT. EKKI Á NÚMERUM. ÁSETT VERÐ 650Þ



Til sölu Yamaha YZ 250f árg. 05. Lítið notað og vel viðhaldið. S. 665 8870.



Til sölu 4 nýleg ITP dekk 26x11x12 negld verð 50.000.- og 4 nýleg orginal dekk og álfelgur undan Polaris verð 45.000.- gsm 8221717

Til Sölu nýtt Kawasaki KFX 700. Sjálfskipt, svart að lit. Tilboð óskast. Svör sendist á siggikrs@internet.is

Óska eftir Suzuki Quadracer 450 R '07-'08. Aðeins gott hjól kemur til greina. S. 869 1165.

## Vélsleðar



Skidoo MXZ 800X árg. '03, skr. '02, ek. 2000 km. Neglt belti, hörku tæki. Yfirtaka á láni 500 þús. (17 á mán) + 80.000 í pen. Uppl. í s. 897 4164 & 659 9199.

**Viðhaldsvirkni ehf**
**S. 661 0117 & 690 9117**
Málarameistarar, múrarar og smiðir,sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum sem og margt fl.
Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
**www.vidhaldsvirkni.is**
**virkni@vidhaldsvirkni.is**




**Febrúar tilboð 20% afsláttur.**
**Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt.**
**Upplýsingar í síma 869 3934 Ingimundur Málarameistari.**

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Getum bætt við okkur verkefnum í parketlögn og gipsi. Uppl. í s. 663 6692.

## Tölvur

Apple aðstoð! Hjálpa með allt sem tengist Apple Uppsetning, afritunartaka ofl opna Iphone síma! info.ihelp@gmail.com

## Spádómar




**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**Englaljós til þín**
**S. 908 5050, Lára spámiðill**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.**
**Visa/Euro. S. 863 1987.**

**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

**Ólöf Spámiðill er á landinu!**
Tarotspil og fleira, leiðsögn og spádómar. S. 901 5000.

## Múrarar

**Alexa EHF**
**Múrverk - flísalagnir - smíði**
Getum bætt við okkur verkefnum, Múrverk, flísalagnir smíði og margt fl. Tímavinna/tilboð. Góð vinnubrögð. Sími 847 2209.

## Rafvirkjun

**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

**www.raflist.is**

## Trésmíði

Gólfþjónustanehf.

**Seljum og leggjum parket**
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökkun ofl. á parketi, eigum margar tegundir af gegnheilu parketi til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

**Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu á heimilum**
**S.s. flísalagnir, parketlagnir og málun, uppsetningu á gipsveggjum, spörslun ofl.**
**Uppl. í s. 844 0889 & 661 3192.**

# TIL LEIGU



# Íbúð til leigu

Rúmgóð og björt 4ra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýli í Álfheimum.
íbúðin er á annari hæð, 107 fm ásamt geymslu í sameign. Mjög góð staðsetning, alveg við Laugardalinn, stutt í allar áttir. Bjart hol með fataskáp, rúmgott eldhús, hjónaherbergi með góðum fataskápum, nýuppgert baðherbergi og tvö góð barnaherbergi og stór og björt stofa.
Íbúðin er laus strax. Nánari upplýsingar í síma 0045-27213822 eða í 496-0393

# KEYPT & SELT

## Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr. 29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

**Skírnarkjólar**
**Hef til sölu mikið magn af skírnarkjólum á lager, blúndu og silki, húfa fylgir með mörgum og sokkar frítt með. Verð 4-6 þús. Á sama stað kjólföt á stelpur og stráka.**
**Uppl. í s. 866 9747.**

## Gefins

Óska eftir notuðu hjóli í góðu standi. Gefins eða á lágu verði. Sími: 6151518

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa diktafón og lítið útvarp með segulbandi og CD. S. 891 8727.

Eikarborð og rúm óskast. Óska eftir stóru eikar borðstofuborði og stóla. Einnig gott rúm 90-120cm Upplýsingar í síma 896-6005

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag.pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Trommusett til sölu fyrir lengra komna. Allur fylgibúnaður með. S:848-5502

Gamall Hindsberg flygill til sölu. Stærð 180 cm. Uppl. í s. 897 4629.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Óska eftir vinnuskúr. S. 897 8680.

Snjóblásari til sölu, öflugur, handstýrður, 1 eigandi. www.ymislegt.net/blasari S.867 2647

Gormapressa, vélabóma og standur, tjakkur, 4 búkkar. Til sölu. Í mjög góðu ástandi. www.ymislegt.net/verkfaeri S. 867 2647

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 & 2x4. Uppl. í s. 840 7273 og á ulfurinn.is

## Verslun













## Fyrirtæki

Til sölu lítið fyrirtæki sem leigir út vatns og kaffivélar góð vefsíða fylgir. ýmis skipti koma til greina Einnig talningarvél fyrir 50 og 100 krónu peninga. upplýsingar í síma 8993540 Sóley giga@simnet.is

**Híbýli og skip ehf. Fasteigna, skipa og kvótamiðlun. Símar: 551 7282/ 893 3985/hibyliogskip.is**
Önnumst sölu fyrirtækja. Vantar fyrirtæki á söluskrá.

## Ýmislegt

**Bílskúrssala**
**Laugardaginn 8. mars kl. 12-17 verður bílskúrssala í Andrésbrunni 12. 1. hæð íbúð 101**
**- Mikið úrval af dömufatnaði og skóm. Merkjavara og lítið notuð föt t.d. bolir á 500, 3 saman á 1200, peysur á 1000, buxur á 2000 skór á 2000.**

**- Húsgögn frá tekk company**
**- Sjónvarp -**
**Sjónvarpssófi -**
**Stofuborð -**
**Queen size rúm**
**- Skrifborð**
**-Hillur og kommóða -**
**Baðskápar -**
**Skíði og skíðaskór - Snjóbretti -**
**Bassabox og keilur í bíl -**

**Mikið úrval af ýmsu smádóti. Allt á að fara og selst allt mjög ódýrt! Upplýsingar í síma 898 2818 Anna Lilja**

# HEILSA

## Heilsuvörur




**Aloe vera drykkurinn**
Var með ristil- og magavandamál í 22 ár. Aloe Vera næringardrykkurinn hjálpaði mér. Sjálfstæður dreifingaraðili FLP, Guðmundur A. Jóhannsson, s. 662 2445 eða á www.4ever.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR-Henningskúrinn, fljótvirkur og átakalaus. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

## Líkamsrækt

Viltu fá kúlurass? Hafðu samband í síma 867-2727 eða 820-3562.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**- ATH! Nudd fyrir heilsuna -**
**Punkta og svæðanudd - Sogæðanudd - Grennigarnudd - Losun á vöðvafestinum - Upplyfting í Doing cleaning - Upphitun í Japan Sauna**
**Afsláttur fyrir Elli og öryrkjaþega - Fyrirbæn og slökun - Tímapantanir í síma 863 2261.**

Whole body massage Telepone 862 0283.

Ýmsar nuddmeðferðir á góðu verði. Nálastungur Íslands ehf. Heilsuverndarstöðin, barónsstíg 47, Sími 458 9400.

## Snyrting



Lashbelong augn-háranámskeið verður haldið 11. mars. Skráning hafin. iris@Icelandicbeauty.is S:5619810

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla - Driving Lessons. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Glæsileg spönsk rúmteppi - 30% fermingar afsláttur. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ Sími 553 0444 - www.sofalist.is

Svefnsófi til sölu, fínn í gesta/sjónvarpsherb 15 þ. Sjónvarpsskápur f 32" bæsuð eik, 24 þ. S 8682118

## Antík

100 ára gamalt píanó (m/flígils hörpu) selst á 300þ. Uppl. í s. 693 7306.

## Heimilistæki

Frystiskápur óskast. H:180cm eða lægri B: 80cm eða mjórri D:80cm eða grynnri Ágúst

## Gefins

Tveir gárar gulir og grænir, karl og kerling og búr á standi, í rvk. á laug. S. 849 3384.

## Fatnaður

4 Dúnúlpur / karlm, 1 kanínupels / kven, til sölu, mjög vel farið, www.ymislegt.net/fatnadur S. 848 2633

## Barnavörur



Vinsælu mjúku flísreyfin komin aftur í sm og l Verslunin Skírn Listhúsinu v Engjateig 17 S: 5687500-6994617 Póstkröfuþjónusta.

## Dýrahald



Silky Terrier hvolpar TILB. TIL AFH. Örmerktar, bólusettar m/ættbók. Uppl. í s. 699 5454.

**Dýrabær**
**Nammihelgi.**
**Afsláttur á hunda-og kattanammi**
**Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.**
**www.dyrabaer.is**

Mjög fallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

Kattasýning Kynjakatta í Reiðhöll Gusts í Kópavogi 8. og 9. mars. Opið frá 10:00 til 17.30 báða dagana. www.kynjakettir.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.~~

Góður Íslenskur hnakkur til sölu,einnig ný 13" vetradekk Uppl. í s. 862 8994.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Páskaíbúðir í Köben til leigu - miðsvæðis i borginni**
**10 mín. gangur í Tívolí.**

**12 mín. gangur á Strikið.**
**Nánari upplýsingar í síma +45 27 11 10 38 eða 891 8612 E-mail : stracta@stracta.com**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Hús á Spáni**
Falleg, vel staðsett 3svefnherb. hús við Torrevieja til leigu. Ca.113 fm, sundlaug, solarium, stutt í þjónustu. Uppl. á saio@internet.is eða í s. 6903088

Hús og íbúðir til leigu á Spáni. Erum á Costa Blanca ströndinni,rétt suður af Torrevieja. Mikið úrval og frábært verð. Allar uppl. í síma 0034-617 559 726 og á lindhouses@lindhouses.is

Til leigu 110 fm hæð á Bergst.str. í Rvk um páskana, frá 19.-24. mars. 3 svefnherb. Uppl. s. 861 6129.

Falleg 2 herbergja íbúð á fyrstu hæð til leigu á Akranesi. Laus strax. Nánar á www.123.is/ibud

Íbúð til leigu 67 fm, 111 breiðholt. Leiga 110 þ. á mán. með hússjóð. Fyrsti og síðasti mán. + trygg. Laus strax. S. 842 2600.

Falleg 75fm. 3herb. ibud i Stockholm. Til leigu med husgognum fra 1. april eda 1.mai. Gjarnan makaskifti fyrir ibud a hofudborgarsvædinu. upp. Kristjan +46856440874/kiddisam@hotmail.com

63 fm íbúð í Vesturbænum til leigu. 120 þ. á mán. Fáanleg með húsg. Uppl. í s. 616 8863.

Til leigu 111 fm hæð á 3ju. Í svokölluðu Sigavaldahúsi í Skaftahlíð 18. Skemmtilegt útsýni í suð-vestur. Húsið er viðgert og málað 2006. Leiga á mánuði 160.000 kr. Opið hús milli kl. 16-17 í dag (laugardag)

Herbergi til leigu á besta stað í vesturbænum. c.a 18 fm. Aðgangur að wc (ekki sturtu). 25 þ. kr. á mán. Nánari uppl. í s. 822 9515.

Einbýli á Akranesi til leigu. 4 ja herbergja , kjallari ,haed og ris. Langtíma leiga kemur til greina. Laust 15 mars. uppl i síma 822-0201

Nýleg 2 herb.íbúð til leigu á svæði 270. Aðeins reglusamir og reyklausir koma til greina.skóli,sund og world class í göngufæri.110þús mán 6998404

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Greiðslugeta 80-90 þús. á mán. Uppl. í s. 695 5947.

Feðgar óska eftir húsnæði í Hfj. Uppl. í s.848 8842

Einstæður pabbi óskar eftir 3 herb. íbúð. Uppl. í s. 663 6692

Óska eftir stúdíó eða 2 herb íbúð í Rvk til langtímaleigu. Greiðslugeta allt að 85 þús á mán. Uppl. í síma 694-3628 Arndís

Óska eftir 2 herb íbúð eða stúdíó, sem fyrst. elvissumer@gmk.de S. 857 9499.

Óska eftir herbergi eða stúdíó fyrir par. Greiðslugeta 50 þ. S. 663 0104.

## Húsnæði til sölu



Óska eftir tilboði í 90 fm sumarhús til fluttnings. Uppl. í s. 822 3650.

**Híbýli og skip ehf. Fasteigna, skipa og kvótamiðlun. Símar: 551 7282/ 893 3985/hibyliogskip.is**
Önnumst sölu og leigu á öllum gerðum húsnæðis Vantar eignir á skrá til leigu eða sölu.

## Fasteignir

**Híbýli og skip ehf. Fasteigna, skipa og kvótamiðlun. Símar: 551 7282/ 893 3985/hibyliogskip.is**
Önnumst sölu og leigu á öllum gerðum fasteigna Vantar eignir á skrá til leigu eða sölu.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

2 Eignalóðir í grímsnesi til sölu, 0,8 ha hvor, 3,2milj hvor. www.ymislegt.net/lodir S.867 2647

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu. Til leigu efri hæð í atvinnuhúsnæði í mosfellsbæ. Húsnæðið skiptist í litla íbúðaraðstöðu og vinnusal,samtals um 150 fm. Uppl. í síma 8970630.

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695-7045 eða 570-7010

Skrifstofuherbergi í snyrtilegu umhverfi til leigu. Suðurlandsbraut 6, 2 hæð. Góð aðstaða. Uppl. gefur Þór í s. 899 3760.

210 fm atvinnuhúsnæði til leigu við Skemmuveg, mikil lofthæð, Góðar innkeyrskudyr, laust, uppl í síma 898-0206

**Híbýli og skip ehf. Fasteigna, skipa og kvótamiðlun. Símar: 551 7282/ 893 3985/hibyliogskip.is**
Önnumst sölu og leigu á öllum gerðum atvinnuhúsnæðis. Vantar atvinnuhúsnæði á skrá til leigu eða sölu.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530

**Þú getur gert kraftaverk**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

TABASCO'S
mexican bar grill

**Tabascos**

**Nýr mexikanskur veitingastaður.**
**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Vaktstjóra í sal og þjóna í kvöld og helgarvinnu. Einnig fólk í þrif og matreiðslumenn í eldhús. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.**
**Uppl. í síma 842 2800 eða á helgi@redchili.is**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Félagsmiðstöðin Bólstarhlíð 43**
**Félagsmiðstöðin Bólstaðarhlíð 43 vantar umsjónarmann og starfsmann í almenn störf í móttökueldhúsi frá og með 12. mars næstkomandi.**
**Nánari uppl. veitir Jóhanna verkefnastjóri 535 2760**

**American style Nýbýlavegi**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

**Pítan vaktstjóri**
Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og fínustu laun Ef þú ert dugleg/ur átt auðvelt með samskipti við annað fólk, ert eldri en 22 ára og ert með framúrskarandi íslenskukunnáttu þá gætum við átt samleið. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

**Veitingahúsið Nings**
**Veitingahús Nings óska eftir vaktstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Vaktstjóri þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum, hafa góða þjónustulund og vera íslenskumælandi.**
**Uppl. í síma 8228870 eða á www.nings.is**

**Kvöld og helgarþjónar!**
**Kringlukráin óskar eftir að ráða kvöld og helgarþjóna og barþjóna, með einhverja reynslu.**

**Aðeins íslenskumælandi koma til greina.**
**Áhugasamir sendi umsókn á: sophus@kringlukrain.is eða í s. 893 2323.**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 13-19. Einnig einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

FERRO ZINK
Lagerstarfsmaður óskast. Stálsölufyrirtækið Ferro Zink hf í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Við leitum að röskum og þjónustuliprum starfsmanni í framtíðarstarf. Upplýsingar veitir Helgi í s. 896 9708, helgi@ferro.is

**Smurstöð**
N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is

**Óska eftir vönum manni á nýlegregri hjólagröfu**
**Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Óskar eftir íslenskumælandi starfsfólki í kvöld og helgarvinnu, grillkunnátta kostur enn ekki nauðsynlegt.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir vönum vélamanni. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525**

**Kvöld og helgarvinna.**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Vaktstjóri á Subway**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Vaktstjóri tekur þátt í öllum almennum afgreiðslustörfum og þrifum ásamt því að hafa umsjón með vaktinni sem hann er á. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 17 ár.**

**Gott starf í boði**
**Okkur vantar hressan einstakling á kaffihús okkar á Suðurlandsbraut. Íslenskukunnátta skilyrði. Staðan er laus núna.**
**Nánari upplýsingar gefur Hallveig í síma 664 7413.**

**Cafe Conditori Copenhagen**

**Viðgerðar maður**
Vantar vanan viðgerðarmann í viðgerðir á bílum og litlum vélum. Einnig mun hann hafa umsjón með tækjum og verkstæði. Þarf að vera drífandi og sveigjanlegur. Áhugasamir vinsamlegast sæki um á gardlist.is 899-6151

Duglegan starfskraft vantar í fulla vinnu, einnig vantar í kvöld & helgarvinnu. Uppl. í s. 555 7030, Fjöreggið -Flatahrauni 5a.

Helgarvinna/liðveisla. Starfsmaður / liðsmaður óskast til að sinna félagslegri liðveislu aðra hvora helgi á heimili í Vesturbænum-vinnutími 14-18.Reynsla af vinnu með fötluðum æskileg.Nánari uppl.gefur Droplaug 411-2700/664-7790 og droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Starfskraft vantar í skóbúð 50-70% starf, vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í síma 822-4982 eða á staðnum. Þráinn Skóari, Grettisgata 3

Líflegt fyrirtæki í miðbænum m.a. í ferðaþjónustu og vefmálum óskar eftir skipulögðum, jákvæðum og dugandi starfskrafti í ýmis fjölbreytt störf, m.a. aðkomu að vefjum, sendiferðir og dreifingu. Um hlutastarf er að ræða og gæti hentað menntaskólanema. Sjá nánari upplýsingar á www.netid.is

**Teiknari í Auto Cad**
Óska eftir starfsmanni sem getur unnið með Auto Cad teikniforritið. Tímabundin ráðning. Uppl. í s. 861 9180.

Veitingahús Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagar frá kl. 12-19, 7 daga frá 7-14. Vaktavinna. Uppl. í s. 843 9950.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, fiskvinnslufólk ofl. Uppl. í s. 845 7158.

Óska eftir smiðum eða vönum mönnum í smíðavinnu. S. 897 8680.

Líffræðingur með góða tungumálakunnáttu (ensku-sænsku) óskar eftir spennandi skrifstofustarfi. S. 692 7292.

## Viðskiptatækifæri

**Laust pláss/viðskiptatækifæri( mini spa / Snyrti- og nuddstofa )**
**Við erum að leyta að jákvæðum aðilum sem hafa áhuga á að vinna sjálfstætt í opnu umhverfi í nýju glæsilegu húsnæði í 101 Reykjavík. Húsnæðið passar sérstaklega vel fyrir aðila sem hafa sérhæft sig t.d. í stólanuddi, svæðanuddi, reflexology, föðrun, fót- og handsnyrtingu. Leiga reiknast sem prósenta af tekjum fyrir unna vinnu. Auk þess er í boði söluþóknunun fyrir sölu á lífrænum snyrti- og heilsu vörum og öðrum varning.**
**Hafið samband í síma 897 4315**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Þarftu aðstoð við að losna við kúlurass? Silfurskottur eyða kúlurössum í dag, laugardag, á höfuðborgarsvæðinu.

Nýtt ónotað videotæki til sölu. Verð 10 þ. Uppl. í s. 551 5203 & 899 4766.

## TILKYNNINGAR

Afslöppun...
Upplyfting...
Endurnæring...
-á aðeins 10-20 mínútum!



Slakið á í nokkrar mínútur án þess að fara úr fötum. Bætið við frábæru nuddtæki í líf ykkar til þess að bæta heilsuna. Hentar vel á hótelum, líkamsræktarstöðvum, Spa baðstofum eða á heimilið. Sérstakt kynningar verð á meðan birgðir endast 2.690.000 án VSK. Örfá tæki til á lager. Frekari uppl. www.naturalelements.is Sími 897-4315

# Við erum komnir aftur vegna MIKILLAR eftirspurnar

Aðeins í 4 daga!!!
2 dagar í Reykjavík
1 dagur í Firði
1dagur á Selfossi

# NECCHI®

NECCHI®, vörumerki sem hefur í gegnum kynslóðir framleitt evrópskar gæðasaumavélar (síðan 1835), frameiddu á síðastliðnu ári mikið magn af 2008 saum- og overlock skólavélum og bíða óþreyjufullir eftir að koma þeim út.
Nú seljum við ósóttar pantanir af saumavélum úr Evrópusendingunni 2008.

## ÞÆR VERÐA AÐ SELJAST!!

Þessar þungaviktar skólavélar ERU SMÍÐAÐAR ÚR MÁLMI UPP Á GAMLA MÁTANN TIL ÞESS AÐ ENDAST. ÞÆR ERU GLÆNÝJAR og hafa 25 ára ábyrgð NECCHI®. Samningur við íslenska viðgerðarþjónustu. Þær eru hannaðar til þess að sauma öll efni (án þess að þurfa að stilla þær sérstaklega) svo sem Levis gallaefni, striga, áklæði, nælon, silki, teygjuefni og vínil.

## ÞÆR SAUMA MEIRA AÐ SEGJA LEÐUR!!

Með hinu innbyggða overlock spori þá saumar þú og overlockar efnið á sama tíma (tvö verk verða eitt). AUKALEGA GETUR ÞÚ KEYPT HNÍF SEM SKER OG SNYRTIR EFNIÐ UM LEIÐ OG ÞÚ SAUMAR. En ólíkt öðrum iðnaðar overlockvélum þá getur þessi vél einnig saumað hnappagöt (hvaða stærð sem er), ósýnilega faldsauma, útsaum, skraut munstur, satínsaum, tvöfalda korselett sauma, saumað á tölur, leðurhanska saum, rúllusaum og fleira! ÁN ÞESS AÐ NOTUÐ SÉU GAMALDAGS KAMBAR EÐA PRÓGRÖMM. Snúið bara skífu og sjáið töfrana gerast.

***Sérstakt*** TILBOÐSVERÐ

# 18.900 KR.

**TAKMARKAÐ UPPLAG!**

**VERÐ AÐ ÚTSÖLU LOKINNI 46.900 kr.**

Iðnaðar saumavélar, tölvustýrð útsaumsvél, strauvélar, stórar fatapressur með fullt af ókeypis aukahlutum í boði á svipuðum afslætti

**60%** afsláttur á meðan útsölu stendur.

Nemendur frá Listaháskóla Íslands sýna nýjustu saumatæknina

Ef þú kemmst ekki á sýninguna þá getur þú pantað í síma:
**575 1550**
mán - fös frá 8:00 - 22:00
lau -su frá 10:00 - 22:00

Komdu og sjáðu hvernig þær virka og við kennum þér á vélina

Sunnudagur 9. mars 12-19 á Grand Hotel, Sigtúni 38, 105 Rvk, salurinn Hvammur á jarðhæð
Mánudaginn 10. mars 12-19 á Grand Hotel, Sigtúni 38, 105 Rvk, salurinn Hvammur á jarðhæð
Þriðjudagur 11. mars 11-18 í Verslunarmiðstöðinni Fjörðurinn, Fjarðargötu 13-19, jarðhæð
Miðvikudagur 12. mars 12- 18 á Hotel Selfoss, Eyrarvegi 2 Selfossi

## ➜ VISSIR ÞÚ...

..að Manuela er fædd 29. september, 1983 en dagurinn er tengdur íslenskri hjátrú - menn trúðu að veðurfarið þennan dag héldist næstu þrjár vikur.
...að samkvæmt stjörnuspá Manúelu er hún afar ræktarsöm hvað sína nánustu varðar.

...að Manuela Ósk er frænka Bubba Morthens.

...að Manuela ætlar til Flórída í sumar og sýna eiginmanni sínum fjölskylduhúsið þar.

...að ef þú googlar nafnið „Manuela Ósk“ færðu 438 niðurstöður.

urðardrottning og mér reyndist það álag erfitt.“

### Verð þá að minnsta kosti hamingjusöm og feit

Manuela segir að henni hafi einmitt reynst erfitt árin eftir keppnina að líta „eðlilegum“ augum á það hvað það væri að vera í formi. „Í keppninni gengur allt út á það fyrst og fremst – að vera með línurnar í hundrað prósent lagi – og það sendir stúlkum svo ofboðslega röng skilaboð. Verkefni mitt í keppninni var auðvitað að vera tipp topp en svo eftir að því tímabili lauk hætti ég að sjá mörkin – hvað væri eðlilegt í því samhengi og hvað ekki. Metnaðurinn hafði verið sá að missa ekki tökin og fitna ekki og ég var svo hrædd um það að ég sá ekki að ég var í raun löngu búin að missa tökin og það í hina áttina.“ Manuela segir að henni hafi hingað til ekki þótt rétt að ræða þetta tímabil íl lífi sínu og vera einhver fyrirmynd þegar hún hafi enn verið að kljást við þetta. „Ég tala samt opið um þetta við fólk í dag en það hefur tekið sinn toll að losna undan þessum brenglaða hugsunarhætti – og Grétar kom þar mjög sterkt inn í að hjálpa mér.“ Manuela hefur líka sterkar skoðanir á því hvað keppnin geti gert ómótuðum stelpum: „Það er afskaplega óhollt fyrir ungar stelpur að komast áfram á einhverju sem er bara út á við – vera fyrst og fremst metnar eftir útliti en ekki hvers virði þær eru sem manneskjur og þessi keppni er að mínu mati því miður einfaldlega ávísun á einhvers konar átröskun. Ég er ekki að segja að keppnin eigi ekki rétt á sér, það er ekki mitt að dæma það, en þú þarft að vera helvíti sterk til að höndla pressuna sem fylgir því að láta segja við þig: „Þú ert of feit – þú verður að léttast um 10 kíló til að eiga möguleika.“ Þetta var skemmtileg lífsreynsla á þessum tíma en gjaldið er bara hærra en marga grunar eftir á og ég er alveg viss um að stór hluti stúlkna sem fara í fegurðarsamkeppnir enda oft með einhvers konar átröskunarvandamál þótt þau séu misalvarleg. Fyrir mig í dag er stærsta skrefið sem ég tók þegar ég hugsaðu með sjálfri mér: Ókei, ef ég verð feit – þá verð ég allavega hamingjusöm og feit! Það var stór sigur!“

Manula segist hafa átt frábæra undanfarna mánuði en mikla athygli vakti þegar hún og Grétar Rafn giftu sig eftir aðeins nokkurra mánaða kynni. Manuela kímir þegar hún er spurð út í hvernig þau kynntust. „Úff. Ég get svarið það. Það er það hallærislegasta í heiminum. En jæja, við kynntumst á Myspace. Hver kynnist ekki á Myspace í dag? Internetið hentaði okkur allavega mjög vel þarna því hann var í Hollandi og ég var á Íslandi og þetta gaf okkur tækifæri til að kynnast afskaplega vel. Við töluðum saman allan sólarhringinn og mér fannst þetta mun skemmtilegra en hið dæmigerða þvingaða stefnumót. Svo kom hann til Íslands þremur vikum eftir að við fórum að spjalla á Myspace og þá small þetta bara allt saman. En jú, jú, fólki fannst þetta samt frekar skrítið og átti erfitt með að trúa að við hefðum getað orðið ástfangið á netinu, byrjað saman og gift okkur svo eftir þrjá mánuði. En við vissum að þetta var rétt og mér þótti þetta langtum betra en hefðbundna leiðin sem er kannski að hittast ofurölvi á djamminu og fara heim eftir nokkurra klukkustunda kynni – jafnvel þótt fólki þyki það jafnvel „eðlilegra“. En við erum bæði þannig að okkur hefur alltaf verið sama um hvað öðrum finnst og teljum okkur afskaplega heppin að hafa fundið hvort annað.“

### Geymir Myspace-samskiptin

Þótt Manuela hafi varla þekkt haus né sporð á boltaíþróttum áður en hún kynntist Grétari segir hún að hún sé öll að koma til og fari á leikina með Bolton og sé smám saman að komast inn í knattspyrnuheiminn. „Annars erum við Grétar mjög lík og þetta er í fyrsta skipti sem ég er fullkomlega viss – það er ekkert sem vantar eða eitthvað eitt sem böggar mig.“ Og Manuela viðurkennir hlæjandi að geyma Myspace-samskiptin þeirra – um 78 blaðsíður. „Þetta er eins og skoða gamalt myndaalbúm fyrir okkur. En hvað sá ég við hann? Jú, hann er bara svo margt. Afskaplega vel gefinn, metnaðarfullur, hrikalega fyndinn og jú,jú, myndarlegur og það allt en það skiptir nákvæmlega engu máli í samanburði við allt hitt. Það er algert aukaatriði. Ég ætlaði alls ekki út í samband þegar ég hitti hann en hann en okkar samband var bara allt of sérstakt til að sleppa því.“ Manelu segist líða sem heppnustu konu í heimi í dag. „Jóhann Grétar skemmtir mér á hverjum degi, það er auðvitað allt öðruvísi fyrir einkabarnið mig að eignast barn og félaga heldur en kannski marga. Nú veit ég að ég verð aldrei ein, Jóhann Grétar fylgir mér og mér finnst ég geta gert hvað sem er. Ég á yndislega fjölskyldu sem ég er þakklát fyrir og líður afskaplega vel.“ Ekki síst finnst henni gott að vera komin út. „Það er að vísu eitt og annað sem maður þarf að læra – eins og að keyra á öfugum vegarhelmingi og ég verð nú að viðurkenna að ég náði að klessa hvíta fína Range Roverinn minn en þetta er allt að koma. Hvað gerum við? Ég get sagt þér að við erum örugglega leiðinlegasta fólk í heimi til að hanga með! Ég hef aldrei smakkað áfengisdropa og við djömmum því ekkert og best finnst okkur að kúra, elda góðan mat og fara í bíó. Sófadýr algjör sem sagt. En okkur líkar það afskaplega vel og ég hlakka til að njóta lífsins með fjölskyldunni.“





Vinnið útsýnisflug yfir Reykjavík og tíma í flughermi.
Þyrla Landhelgisgæslunnar sýnir björgun kl. 14:00.

Komdu og taktu þátt í skemmtilegri dagskrá
í Fjöltækniskóla Íslands og Flugskóla Íslands við Háteigsveg
í dag kl. 13:00 - 16:30.

NÁMSKYNNING
- Stúdentspróf
- Einka- og atvinnuflugmannspróf
- Vélstjórnar- skipstjórnarpróf
- Alþjóðleg réttindi
- Nám í Iðnskólanum í Reykjavík

DAGSKRÁ
- Véla-, siglinga- og flughermar
- Nemendur og kennarar að störfum við vélar og tæki
- Þyrla Landhelgisgæslunnar sýnir björgun kl. 14:00
- Turninn verður opinn gestum
- Ókeypis ferðir á milli Fjöltækniskólans og Flugskólans á Reykjavíkurflugvelli
- Ferðaklúbburinn 4x4 verður með jeppasýningu á staðnum
- Dregið úr lukkupotti kl. 16:00.
Tímar í flughermi og útsýnisflug yfir Reykjavík í verðlaun.
Útsýnisflugið er strax að útdrætti loknum
- Kvenfélögin Hrönn og Keðjan selja kaffiveitingar gegn vægu gjaldi

Allir velkomnir



FLUGSKÓLI ÍSLANDS
FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

HÁTEIGSVEGI 105 REYKJAVÍK SÍMI 522 3300 WWW.FTI.IS

NÝ VERSLUN
BARNAFÖT OG GJAFAVARA
við vorum að opna verslun okkar að
LAUGAVEGI 27




frá kl 10 - 16
RUMPU TUSKI
Laugavegi 27 (bakhús) 552 7722
www.rumputuski.is

# Langur skuggi sovétkúgunar

Armenía er eitt þriggja fyrrverandi Sovétlýðvelda á Kákasussvæðinu milli Svartahafs og Kaspíahafs. ***Auðunn Arnórsson*** heimsótti landið og komst að því að þessi merka menningarþjóð á erfiðan djöful að draga sem er arfleifð sjötíu ára sovétstjórnar.



**GÖTUMYND FRÁ JEREVAN** Margt minnir á sovéttímann, ekki sízt bílakosturinn. Yfir gnæfir kosningaauglýsing Serzh Sarkisians, frambjóðanda valdhafa. MYND/AUÐUNN ARNÓRSSON

Þegar gestur að vestan stígur út úr flugstöðinni í Jerevan og lítur í kring um sig er eitt það fyrsta sem kemur honum í hug: hér lifa Sovétríkin, þótt meira en 16 ár séu frá því þau liðu undir lok. Molnandi steypa, gamlar Lödur og Volgur. Einkennisbúningar lögreglu og landamæravarða eru óbreyttir frá sovéttímanum, burtséð frá því að í stað hamars og sigðar er komið skjaldarmerki armenska lýðveldisins. Á leiðinni frá flugvellinum inn í borgina má sjá fátækleg híbýli heimamanna – óbreytt frá sovéttímanum – en líka teikn um nýja tíma: raðir af spilavítum með skærblikkandi neonljósum.

### Armenar erlendis fjárfesta

Hér og þar sjást líka hálfbyggð ný hús. Við eftirgrennslan fæst sú skýring að Armenar búsettir erlendis – sem eru mun fleiri en íbúar Armeníu sjálfrar – séu margir hverjir að byggja sér í áföngum hús á ættjörðinni til að verja þar sumarfríum. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að þessi litla þjóð í suðurhlíðum Kákasusfjalla væri algerlega á vonarvöl ef ekki bærist fé frá díasporunni, það er fólki af armenskum uppruna sem gerir það gott í öðrum löndum, ekki sízt Bandaríkjunum, Frakklandi og Rússlandi. Megnið af erlendum fjárfestingum í landinu koma líka frá díasporu-Armenum. Þær eru fyrst og fremst í byggingastarfsemi, sem jafnframt er sú starfsemi sem heldur uppi þeim hagvexti sem nú mælist í Armeníu. Þessar fjárfestingar og efnahagsvöxtur sem þeim fylgja takmarkast nær einvörðungu við höfuðborgina, þar sem meira en þriðji hver landsmaður býr.

### Fátækt og framtaksskortur

Það þarf ekki að fara langt út fyrir borgina til að sjá staðfestingu á þessu. Fátæktin og úrræðaleysið blasir við. Í þorpum og bæjum á landsbyggðinni virðist þriðja hvert hús standa autt og þau sem í er búið í líta ekki mikið betur út. Ástand vega er mjög misjafnt. Meðfram vegum og götum liggja ljótar gasleiðslur ofanjarðar (að sögn heimamanns eru þær lagðar þannig til að torvelda stuld úr þeim). Í kring um vegi má líka sjá að það tíðkast greinilega að demba þar heilu vörubílshlössunum af drasli. Brunnin bílhræ eru á stangli í vegköntum.

Í skólum, sem greinarhöfundur kom í til að skoða kjörstaði sem var verið að innrétta vegna forsetakosninganna 19. febrúar, er algjör undantekning að sjá að nokkru sé haldið við. Þar sem gólfefni er ónýtt er dembt teppisræksni yfir hættulegustu blettina. Þótt gluggar séu ónýtir er ekki gert við þá. Jafnvel í nýlegum skólabyggingum er ekki hægt að fara á salerni, þar sem það er aldrei gert við það eftir að það hefur bilað einu sinni. Þess í stað er notast við kamra úti í garði (sem eru bara steypuplata með gati í). Rafmagnsleiðslur hanga berar niður úr loftum og milli herbergja. Engin kynding virkar, þótt ofnar séu í skólastofunum. Þannig mætti áfram telja. Aftur á móti eiga allir nýjustu gerð af farsíma.

Allt ber þetta merki arfleifðar hins kommúníska áætlanabúskapar og sovézka kúgunarkerfis. Fólk er skeytingarlaust um það sem aflaga fer í kring um það. Enginn tekur ábyrgð á neinu eins og viðhaldi opinberra bygginga. Enginn sýnir frumkvæði, enda var það barið úr fólki allan hinn sjötíu ára valdatíma sovétkommúnismans. Að margar fjölskyldur hafa lífsviðurværi af fjársendingum frá skyld- eða tengdafólki í útlöndum ýtir heldur ekki undir sjálfsbjargar-frumkvæði.

### Efnahagshrun við sjálfstæði

Ólíkt grannlýðveldinu í austri, hinu gas- og olíuríka Aserbaídsjan, er mjög lítið um náttúruauðlindir í Armeníu. Sá iðnaður sem byggður hafði verið upp í landinu á sovéttímanum hrundi allur eftir fall Sovétríkjanna. Þess má sjá skýr merki þegar ekið er um landið – yfirgefið og niðurnítt iðnaðarhúsnæði blasir víða við sem stingandi lýti í landslaginu. Í norðurhluta landsins bættist það við að árið 1988 gekk þar yfir mikill jarðskjálfti, sem banaði tugþúsundum og lagði hús hátt í hálfrar milljónar manna manna í rúst. Fleiri minni skjálftar hafa orðið síðan sem sumir hafa valdið tjóni. Stríðið sem Armenar háðu við Asera um Fjalla-Karabakh 1992-1994 tók líka mikinn toll, um leið og efnahagslíf landsins var að reyna að koma undir sig fótunum á ný eftir hrun sovétkerfisins. Landsframleiðsla Armeníu dróst saman um 60 prósent á milli



**FORN KIRKJA** Kristni barst til Armeníu strax á fyrstu öld og var gerð að ríkistrú árið 301. Víða í landinu er að finna fornar kirkjur eins og þessa í bænum Ashtarak.

áranna 1989 og 1992-3. Þjóðargjaldmiðillinn, dram, varð óðaverðbólgu að bráð fyrstu misserin eftir að hann var innleiddur í stað rúblunnar árið 1993.

Frá því vopnahlé var gert árið 1994 og meira jafnvægi komst á í kjölfar víðtækra umbóta á efnahagskerfinu hefur hagvöxtur verið nokkuð stöðugur. Hinum efnahagslegu framförum er þó eins og fyrr segir mjög misskipt milli landshluta. Enn er atvinnuleysi gríðarlegt í sumum héruðum. Þetta hefur valdið því að hundruð þúsunda Armena hafa yfirgefið landið til að freista gæfunnar annars staðar. Þannig er það viðurkennt að hin opinbera tala yfir íbúa landsins, um þrjár milljónir, sé mun hærri en raunin er.

Þar sem Armenía býr yfir fögru fjalladalalandslagi, heitum sumrum, merkri og fornri sögu og menningu mætti ætla að ferðamennska gæti orðið efnahagnum lyftistöng. Vegna hinna lélegu innviða er þó eflaust allnokkuð í land að raunhæft sé að víkka mikið út þann hóp sem sækir þangað sem ferðamenn. Enn sem komið er eru það fyrst og fremst díasporu-Armenar og fólk frá Sovétríkjunum fyrrverandi, sem kann að meta að heimamenn kunna rússnesku.

### Spilling og brokkgengt lýðræði

Í skýrslu Transparency International í fyrra var Armenía í 99. sæti af 179 á listanum yfir spillingu í ríkjum heims. Þá var Armenía í 83. sæti á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna, en Ísland er efst á þeim lista.

Í Armeníu „er gríðarlega spillt stjórnmálaforysta, dómstólar eru ekki frjálsir, fjölmiðlar ekki heldur og kosningar eru álíka frjálsar og þær voru á sovéttímanum.“ Þetta er haft eftir talsmanni mannréttindasamtaka í Armeníu (sem rekin eru fyrir fá frá Evrópusambandinu) í nýjasta hefti þýzka vikuritsins Der Spiegel.

Í bráðabirgðamati kosningaeftirlits ÖSE á framkvæmd forsetakosninganna 19. febrúar segir þó að þær hafi farið fram „að mestu í samræmi við reglur og viðmið ÖSE og Evrópuráðsins“. Stjórnvöld hefðu sýnt trúverðugri viðleitni til að láta kosningarnar fara vel fram en áður.

Sjálfur varð greinarhöfundur heldur ekki var við augljós kosningasvik, nema ef vera skyldi að tilkynnt úrslit frá einum kjörstað í því umdæmi sem hann tók þátt í að sinna kosningaeftirliti í virtust grunsamleg. Þar voru öll atkvæði sögð hafa verið greidd Serzh Sarkisian, frambjóðanda valdhafa. Í öllum öðrum kjördeildum umdæmisins voru að minnsta kosti einhver atkvæði á stangli greidd einhverjum hinna átta frambjóðendanna. Maður heyrði hins vegar sögur af ýmiss konar aðferðum sem beitt var til að sjá til þess að téður Sarkisian fengi örugglega hreinan meirihluta strax svo að ekki þyrfti að koma til annarrar umferðar forsetakosninganna. Þannig komu í sumum kjördeildum fleiri atkvæði upp úr kjörkassanum en voru á kjörskrá, annars staðar sá gengi ungra manna um að ógna fólki til að „kjósa rétt“ eða þá að heilu rútufarmarnir af fólki fékk beinharða peninga fyrir að kjósa. Þá kvað öllum hernum og jafnvel öðrum opinberum starfsmönnum hafa verið skipað að „kjósa rétt“.

Helzta umkvörtunarefnið í bráðabirgðaskýrslu kosningaeftirlits ÖSE var að stjórnvöld yrðu að vinna markvisst í því að vinna gegn vantrú almennra kjósenda á kosningaferlinu. Þetta urðu kosningaeftirlitsmenn greinilega varir við. Almenningur gerir ráð fyrir því að þeir sem halda um stjórntaumana svindli til að tryggja sér völdin áfram. Þannig sé þetta bara og því fáist ekki breytt.

### Sýður upp úr

Í ljósi þessa útbreidda uppgjafarviðhorfs kom það því nokkuð á óvart með hve herskáum hætti stuðningsmenn þess frambjóðanda sem næstflest atkvæði hlaut mótmælti úrslitunum. Í tíu daga samfleytt eftir kjördag tóku þúsundir þátt í mótmælafundum í Jerevan til að taka undir kröfu Levon Ter-Petrosians um að úrslitin yrðu ógilt og kosningarnar endurteknar. Reyndar neituðu allir frambjóðendur stjórnarandstöðunnar að viðurkenna hin opinberu úrslit og kærðu þau. Síðastliðinn laugardag sauð uppúr. Fráfarandi forseti, Robert Kocharian, lýsti um mánaðamótin yfir tuttugu daga neyðarástandi með ritskoðun fjölmiðla og banni við fjöldafundum. Í krafti neyðarástandslaganna lét óeirðalögregla og herlið til skarar skríða gegn mannfjöldanum sem hélt áfram mótmælum að hvatningu Ter-Petrosians. Átta mótmælendur létu lífið fyrir byssukúlum lögreglu og hundruð manna særðist af völdum táragass og barsmíða.

Þess er nú vænzt að spenna verði viðvarandi næstu vikurnar en þó muni ekki koma til frekara ofbeldis á götum úti. Að minnsta kosti fram til 9. apríl, en þá á Sarkisian að sverja embættiseið sem nýr forseti.

> Allt ber þetta merki arfleifðar hins kommúníska áætlanabúskapar og sovézka kúgunarkerfis

## GRUNNUPPLÝSINGAR

Armenía er landlukt land í sunnanverðum Kákasusfjöllum og á landamæri að Tyrklandi, Georgíu, Aserbaídsjan og Íran. Armenía nútímans er aðeins brot af Armeníu hinni fornu, sem nú er að mestu innan landamæra Tyrklands. Síðan árið 1994 halda Armenar héraðinu Fjalla-Karabakh hernumdu, en þar búa nær eingöngu Armenar þótt það tilheyri Aserbaídsjan.




**Flatarmál:** 29.743 km2
**Íbúar:** 3.026.000
**Höfðborg:** Jerevan
**Opinber tunga:** Armenska (skrifuð með eigin letri sem var búið til árið 405)
**Trú:** Armenska postulakirkjan (kristin ríkistrú síðan árið 301)
Sjálfstætt lýðveldi 1918-1920, sovétlýðveldi 1920-1991, lýsti aftur yfir sjálfstæði 21. september 1991.
**VLF á mann:** 1.060 USD (2004) / kaupmáttarjafnað 5.700 USD (2006)
**Hagvöxtur:** 13,4% (2006)
Hlutfall íbúa undir fátæktarmörkum: 34,6% (2004)



**FJALLIÐ HELGA** Ararat er Armenum helg vé. Það blasir við frá Jerevan en er nú innan Tyrklands.

# lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.




## ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

## lagerútsalan í fullum gangi

## 30-70% afsláttur

aðeins fimmtudag til sunnudags
fim. fös frá kl. 13-18, lau. sun frá 11-16

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



**„VIÐ ERUM KOMNIR YFIR ÞESSI RIFRILDI OG ÞESSI LEIÐINDI SEM VORU OFT. NÚ HUGSAR MAÐUR BARA: ÆI, HANN ER BARA SVONA.“** Friðrik Sturluson bassaleikari og Jens Hansson saxófón og hljómborðsleikari Sálarinnar.

# *Við hættum aldrei úr þessu*

**Sálin hans Jóns míns** heldur í næstu viku upp á 20 ára afmæli sitt. Hámarki nær afmælið með stórtónleikum í Laugardalshöll föstudagskvöldið 14. mars og um svipað leiti koma út tveir plötukassar, Vatnaskil 1988-2008, með öllum þrettán plötum sveitarinnar. *Dr. Gunni* hitti Sálarmennin Jens Hansson og Friðrik Sturluson.

Jens og Friðrik hafa hreinlega aldrei áður komið saman í viðtal, enda oftast vaninn að Guðmundur Jónsson tali fyrir Sálina. Stefán Hilmarsson birtist svo á tyllidögum, en forðast sviðsljósið þess á milli.

„Þetta verður örugglega undarlegt viðtal,“ segir Friðrik og hlær. „Við erum samt alveg ómissandi hluti af hljómsveitinni,“ fullyrðir Jens.

*Þið komuð snemma inn í bandið, er það ekki?*

„Jú, ég kom í byrjun árs 1989, eftir fyrsta sumarið, og Jens aðeins seinna sama ár,“ segir Friðrik. „Bandið var í mótun eftir að glimmerjökkunum hafði verið lagt. Meðlimir komu og fóru.“

*Var tekin meðvituð ákvörðun um að breyta um stefnu og leggja glimmerjökkunum?*

„Já, já, þetta átti náttúrulega bara að vera stundargaman í byrjun. Svo reyndist innanborðs ofvirkur lagahöfundur sem er ótrúlega duglegur að semja lög og flest þeirra eru frábær svo það var grundvöllur fyrir því að hafa band í kringum það.“

*Hvar er draumurinn kom út fyrir jólin 1989 og varð megahittari.*

„Já, þetta varð ótrúlega vinsæl plata. Ég gerði mér ekki grein fyrir á þessum tíma hvað var að gerast, hafði aðallega verið í sveitaballajukki og var búinn að selja græjurnar mínar. Ætlaði bara að hætta. Svo lenti maður í þessu. Bandið tók yfir hvort sem maður vildi eða ekki.“

„Platan seldist í 12-13.000 eintökum minnir mig,“ segir Jens. „Það var stanslaust eitthvað að gera. Þrjú til fjögur kvöld í viku.“

**Forréttindi að vera í Sálinni**

Eftir plötuna Hvar er draumurinn varð ekki aftur snúið. Og nú erum við hér, tuttugu árum síðar, og Sálin er alltaf jafn vinsæl.

„Það hefur eiginlega alltaf gengið vel,“ segir Friðrik. „En eftir 2-3 ár kom þessi týpíski leiði og rifrildi. Þá gerðum við bláu plötuna (Þessi þungu högg) til að reyna að laga móralinn. Þá fengu allir að vera með og bandið samdi lögin saman. Ekki það að Gummi hafi verið uppþornaður, við vildum bara virkja lýðræðið í bandinu. Mér finnst sú plata hafa lifað vel.“

„Það er mjög prógressíf rokkplata,“ samsinnir Jens. „Það var hungur og kraftur í bandinu sem þurfti að virkja.“

„Það var samt búið að fullmóta það sem Sálin stóð fyrir í hugum fólks,“ segir Friðrik. „Bandið er gúdderað sem poppband og það þýðir eiginlega ekkert að reyna að breyta því.“

„Okkur fannst þessi plata ekki ganga nógu vel,“ segir Jens, „enda seldist hún ekki nema í 7.000 eintökum!“

Við skellihlæjum allir. Eftir að þessi „uppreisn“ leið undir lok hefur stefnan verið einföld: Gummi semur lögin, Stebbi flesta textana.

„Þetta hefur virkað,“ segir Friðrik. „Þegar maður sér að fólkið á tónleikum er ánægt og syngur með lögunum þá kinkar maður bara kolli og hugsar: Þetta er fínt svona.“

„Það er alltaf gaman þegar gengur vel. Annars væri maður ekkert í þessu rugli,“ segir Jens. „Án vinsældanna væri þetta löngu sprungið. Það eru auðvitað forréttindi á Íslandi að vera í hljómsveit og geta meira og minna lifað á því. Það er það besta sem er til fyrir hljóðfæraleikara. Sérstaklega saxófónleikara. Það hefur ekki verið saxófónsóló í neinu popplagi síðastliðin fimmtán ár nema með Sálinni!“

**Pitsurnar í Stuttgart**

Innan hljómsveita er oft togstreita enda felast náin samskipti í því að skrölta um landið, æfa og standa á sviði. Sálin hefur ekki farið varhluta af átökum og oft hefur útlitið verið svart.

„Ég held við hættum aldrei úr þessu en pásurnar eru til að hvíla okkur. Þá hringjum við ekki í hvern annan í langan tíma,“ segir Friðrik.

*Hvað er lengsta pásan?*

„Þrjú ár, þegar bandið sprakk og Pláhnetan varð til,“ segir Jens. „Þetta er bara eins og hjónaband. Það þarf að hliðra til og gera málamiðlanir.“

„Við erum að gera heimildarmynd og því var ég að skoða úrklippur sem ég var duglegur að safna á fyrstu árunum. Þá fann ég bréf sem ég skrifaði í bræðikasti. Þar rakkaði ég alla í bandinu niður og sagðist vera hættur.“

*Hvað hrinti þessum bréfaskriftum af stað?*

„Það hefur bara verið eitthvað rifrildi „on ðe ród“, eitthvað fáránlegt. Reyndar fékk enginn að sjá þetta bréf, kannski sem betur fer.“

„Ég er alltaf að hætta líka,“ segir Jens.

„Nú sér maður heildarmyndina,“ segir Friðrik. „Á maður að fara út á land og skemmta sér með vinum sínum eða á maður að vera heima í einhverri fýlu. Þetta er búið að vera mjög gaman í heildina.“

*Það hljóta nú samt að vera einhverjir bömmerar á sigurgöngunni. Hvað með meint útlandameik þegar Sálin kallaði sig The Beaten Bishops?*

„Það já!“ segja strákarnir og hlæja. „Við nenntum nú bara ekkert að standa í því,“ segir Jens. „Íslenski útgefandinn vildi að við flyttum til Englands og eitthvað og færum að reyna að meika það en við höfðum bara engan áhuga á því. Og ég hafði heldur ekki mikla trú á þessu dæmi öllu þegar við vorum einhvern tímann úti í Stuttgart og einhverjir útlendir stórlaxar keyrðu í fjóra tíma til að hitta okkur. Við fórum á ómerkilegan pitsustað og íslenski útgefandinn tímdi ekki einu sinni að borga pitsurnar ofan í útlendingana. Þá sá ég fram á það að þetta myndi aldrei ganga.“

*Er það satt að þið hafið markvisst fjarlægt allt upplagið af Beaten Bishops úr búðunum hérlendis?*

„Þetta er allavega safngripur,“ segir Jens, lævís á svipinn.

„Ég á ekki einu sinni eintak sjálfur,“ segir Friðrik. „Gaf þetta eina sem ég átti. Sögulega séð hefði hún náttúrulega átt að vera með í kassanum sem er að koma út.“

**Komnir yfir leiðindin**

Það stendur mikið til á stórafmælinu. Tónleikar í Höllinni, 13-platna heildarkassi í tvennu lagi, og í haust er fyrirhugað að gefa út heimildarmynd og heildarsafn myndbanda Sálarinnar á dvd. En hvað með nýja plötu?

„Ekki á þessu ári,“ segir Friðrik. „Kannski tvö ný lög í sumar. Gummi er alltaf að semja og nóg er til af lögum. Við sjáum til eftir sumarið hvernig stemmingin verður.“

„Það verður alltaf að hvíla þetta líka,“ segir Jens. „Markaðurinn er svo lítill að það þýðir ekki að keyra þetta endalaust. Þá keyrir maður sig bara í kaf.“

> ” Ég var að skoða úrklippur og fann bréf sem ég skrifaði í bræðikasti. Þar rakkaði ég alla í bandinu niður og sagðist vera hættur.“

„Það er ótrúlegt hvað þetta band hefur gengið vel,“ segir Friðrik. „Sálin hefur alltaf flotið með tíðarandanum og búið til sína einstöku tónlistarblöndu.“

*Hvað eruð þið að gera fyrir utan Sálina?*

„Ég er alltaf í talsetningunni. Það er mitt færiband,“ segir Friðrik.

„Ég skríð á hnjánum fyrir peninga,“ segir Jens. „Við að dúkleggja, meina ég. Og svo spila ég eitthvað í öðrum verkefnum.“

*Þú hefur líka fengið listræna útrás á sólóplötu, Jens.*

„Jú, jú, ég gerði sólóplötu með instrúmental efni sem fór mjög hljótt. Ég tók hana úr verslunum fyrst fólk vildi ekki kaupa hana. Kassarnir eru heima og fólk getur haft samband við mig ef það vill eignast eintak. Ég er að vinna í annarri sólóplötu núna. Líklega bara fyrir sjálfan mig.“

„Ég fæ listræna útrás í að semja mínar bassalínur og að gera texta, þótt maður geti kannski ekki sagt hvað sem er í Sálinni. Svo gerði ég barnaplötu fyrir jólin því mér leiddist svo síðasta sumar. Ég sé hálf eftir því, þetta var svo mikil vinna. Kannski ég ætti að gera sólóplötu þar sem ég geri upp við Sálina með textum um ferilinn, svona afmælisgjöf til bandsins. Ætti að fá einhverja aðra til að syngja og spila, sérstaklega mína uppáhaldsbassaleikara.“

*Hvernig er félagslífi innan bandsins háttað?*

„Þegar við tökum þessar frægu pásur þá tölumst við eiginlega ekkert við. Það er nauðsynlegt til að vera ferskir þegar við komum saman á ný. Það er alltaf voða gaman þegar við hittumst aftur. Við erum bara eins og bræður. Við erum allir mjög góðir vinir. Við erum komnir yfir þessi rifrildi og þessi leiðindi sem voru oft. Nú hugsar maður bara: Æi, hann er bara svona.“

„Við erum allir eins ólíkir persónuleikar og hugsast getur,“ segir Jens.

„En það koma svo sem upp ágreiningsefni ennþá,“ segir Friðrik. „Menn láta ýmislegt flakka”

„Maður verður alltaf að segja sitt álit.” segir Jens. „Það er engin ástæða til að byrgja það inni.“



# HAFÐU *Fiðrildaáhrif*

# FIÐRILDAVIKA

## 3.–8. mars 2008

### Fjáröflun fyrir **Styrktarsjóð UNIFEM** til afnáms ofbeldis gegn konum

**Í Fiðrildavikunni 3.– 8. mars** mun UNIFEM á Íslandi standa fyrir metnaðarfullri fjáröflun fyrir Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Með **Fiðrildasöfnuninni** vill UNIFEM á Íslandi beina sjónum almennings til stöðu mála í **Líberíu**, **Lýðveldinu Kongó** og **Súdan** þar sem konur og stúlkur hafa þurft að þola gríðarlegt ofbeldi í blóðugri baráttu stríðandi fylkinga.



**Söfnunarsímar:**

**904-1000** Styrkir 1000 kr.
**904-3000** Styrkir 3000 kr.
**904-5000** Styrkir 5000 kr.

**Hafðu fiðrildaáhrif og hringdu núna!**

**Söfnunarreikningur:**
Bankanr. 0101-15-630052
kt. 551090-2489

**UNIFEM**
www.unifem.is




áður ~~3.990~~
nú 1.490




áður ~~3.990~~
nú 1.990




áður ~~4.990~~
nú 1.490




áður ~~5.990~~
nú 2.990

# Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni

Opið 10–18

Síðasta helgin!




aðeins 2.990
Tvær saman í pakka




áður ~~5.590~~
nú 1.290




áður ~~5.480~~
nú 1.980

Lokahelgin!




áður ~~1.990~~
nú 990
Litabók fylgir hverju seldu eintaki Latabæjarbóka




áður ~~19.990~~
nú 5.990
Aðeins 50 eintök í boði




áður ~~6.480~~
nú 1.890




áður ~~4.980~~
nú 1.490




áður ~~4.280~~
nú 1.500




áður ~~2.690~~
nú 1.290




áður ~~4.480~~
nú 390




áður ~~4.680~~
nú 1.990




áður ~~3.980~~
nú 2.490

Síðasta tækifærið til að gera frábær kaup! Allt að 90% afsláttur!

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN PERLUNNI

Lokahelgin!

# Leikur og lærdómur

Íslenskt barnaefni hefur verið á sjónvarpsskjám landsmanna í rúma fjóra áratugi. *Vigdís Þormóðsdóttir* skoðar nokkur framlög innlendra sjónvarpsstöðva til þessarar mikilvægu sjónvarpsgreinar og ræðir við málsmetandi fólk um fortíð, nútíð og framtíð innlends barnaefnis.

Barnaefni var frá upphafi mikilvægur þáttur í innlendri framleiðslu Sjónvarpsins að sögn Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur, fulltrúa barnaefnis hjá innlendri dagskrárdeild Sjónvarpsins. Hún hefur gengt starfinu frá árinu 1985 og þekkir því manna best sögu íslensks barnaefnis. „Barnaefni hefur þó lengi þótt skipta minna máli en efni fyrir fullorðna. Þegar ég hóf störf sem fulltrúi barnaefnis hér þá þótti ekkert sérstaklega spennandi að vinna við framleiðslu þessa efnis. En smám saman jókst áhuginn, sérstaklega eftir að Sjónvarpið hóf samstarf við erlendar sjónvarpsstöðvar um framleiðslu barnaefnis. Nú er svo komið að það þykir afar eftirsóknarvert að búa til barnaefni, enda skemmtilegt og skapandi starf sem býður upp á mikla möguleika.“

Á fyrstu árum Sjónvarpsins var þegar lagt mikið upp úr gæðum barnaefnisins. „Hinrik Bjarnason var fyrstur með Stundina okkar, en í þá daga var þátturinn blanda af íslenskum atriðum og erlendum innslögum. Síðan tóku Rannveig og Krummi við sem þáttastjórnendur, en þá var Hinrik orðinn pródúsent að þættinum. Frá upphafi var ætlast til þess að efnið væri vandað og unnið af metnaði. Það var ekki mikið annað barnaefni í boði á þessum árum og því var fengur fyrir íslensk börn og menningu þeirra að fá aðgang að svona þætti,“ segir Sigríður Ragna.



**STUNDIN OKKAR** Langlífasti íslenski barnaþátturinn.

### Framleiðsla dregist saman

Framleiðsla á barnaefni hefur dregist nokkuð saman hjá Sjónvarpinu undanfarin ár. Á árum áður framleiddi Sjónvarpið nokkra þætti í viku fyrir börn og unglinga, en í dag er Stundin okkar eini vikulegi barnaþátturinn sem framleiddur er frá grunni innanhúss. Að auki framleiðir Sjónvarpið sjálfstæðar stuttmyndir fyrir börn sem er liður í samstarfi evrópskra sjónvarpsstöðva. Myndirnar hafa flestar gengið afar vel og vakið athygli innanlands sem utan. En þrátt fyrir að dregið hafi úr framleiðslu barnaefnis segir Sigríður Ragna Sjónvarpið þó alltaf leggja mikinn metnað í að bjóða upp á vandað efni fyrir yngstu áhorfendurnar. „Við vinnum út frá því að allt barnaefni eigi að vera skemmtilegt og fræðandi í senn. Við viljum í raun bjóða upp á efni sem passar í senn fyrir fullorðna og börn. Ef barnaefnið er virkilega gott þá horfir fullorðna fólkið líka á það.“

Vinna við gerð barnaefnis er fjölbreytt og skemmtilegt starf að sögn Sigríðar Rögnu. „Það er enginn dagur eins í þessu starfi og þetta er tvímælalaust afar gefandi vettvangur enda vilja allir bjóða fram góðar hugmyndir og koma sínu á framfæri. Ég finn mikið fyrir því að fólk vill hafa gott og vandað barnaefni; áhorfendur, foreldrar og börn, hika ekki við að hafa samband og kvarta ef þeim finnst við ekki standa okkur nógu vel. En því miður er með þessa framleiðslu eins og aðra að það vantar peninga til verksins. Það er þó nokkur von í því að menntamálaráðherra hefur sagst vilja leggja aukna áherslu á framleiðslu barnaefnis; slík fyrirheit skipta okkur sem störfum við þetta miklu máli.“

### Afi var aufúsugestur

Stundin okkar er óumdeilanlega langlífasti íslenski barnaþátturinn, en fast á hæla hans kemur þátturinn Með Afa sem var vikulega á dagskrá stöðvar 2 í nítján ár. Leikarinn góðkunni Örn Árnason fór með hlutverk Afa frá upphafi. „Stöð 2 leitaði til mín á sínum tíma varðandi það að framleiða barnaþátt. Ég hafði lengi látið mig dreyma um að leika gamlan mann sem býr í stóru bókaherbergi, einskonar allsnægtarbrunni fróðleiks. Út frá þessarri hugmynd minni varð Afi til. Hann byggir lauslega á sambandinu sem ég átti við minn eigin afa því það var aldrei hægt að reka hann á gat. Afi vissi allt.“

Afi hafði tækifæri til að taka sér ýmislegt fyrir hendur þau nítján ár sem hann var á skjánum. Örn segir Afa þó ávallt hafa unnið að því að fræða börnin og skemmta þeim í senn. „Fastur liður í þáttunum var sögustund með Afa þar sem hann las fyrir börnin. Í tengslum við þann dagskrárlið átti ég í góðu samstarfi við marga barnabókahöfunda sem létu mér í té efni til upplestrar, enda mætti Afi aldrei öðru en velvild. Í seinni tíð, þegar komnar voru til sögunnar litlar og léttar myndbandstökuvélar, þá ferðaðist Afi um landið og kynnti þannig börnin fyrir ýmsu forvitnilegu. Þá gilti það sama; Afi var aufúsugestur hvert sem hann fór.“

Örn var meðvitaður um að Afi gengdi vissu uppeldishlutverki fyrir áhorfendur sína. Því var nauðsynlegt að fara varlega í umfjöllun um efni sem gætu reynst umdeild. „Ég passaði upp á viðfangsefnin í þáttunum. Afi fjallaði til að mynda aldrei af neinni alvöru um trúmál né um kynferði, enda ætti slík fræðsla fremur að vera í verkahring foreldra en fjölmiðla. Afi veitti börnunum fyrst og fremst fróðleik en hann prédikaði ekki og innrætti ekki eitt né neitt, nema hugsanlega góða siði. Afi sagði börnunum að vera góð við allt og alla því þá gengur allt miklu betur; þessi speki heitir lífsleikni í dag og er kennd í skólunum. Ég var svosem aldrei skammaður fyrir hana,“ segir Örn kíminn.



**2001 NÓTT** Skemmtilegur og uppfinningasamur barnaþáttur á Skjá Einum.



**MEÐ AFA** Afi á enn stað í hjörtum þjóðarinnar þó hann sé horfinn af skjánum.

### Bíður færis í þjónustuíbúð

Sökum þess hve lengi þátturinn var framleiddur náði Afi til margra kynslóða íslenskra barna. Örn verður reglulega var við að Afi er ekki gleymdur þó hann sé horfinn af skjánum. „Ég var að skemmta fyrir nokkrum árum á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum ásamt Karli Ágústi Úlfssyni. Þegar við vorum kynntir á sviðið þá byrjaði öll brekkan að kalla eftir Afalaginu og við gátum ekki byrjað með okkar dagskrá fyrr en ég lét undan. Ég byrjaði að spila og syngja og svo tók brekkan við og kyrjaði Afalagið á meðan ég lék undir. Mér þótti afskaplega vænt um þetta.“

Afi hvarf af skjám landsmanna árið 2006 og lauk þar með tæplega tveggja áratuga sigurgöngu einnar ástsælustu persónu íslensks sjónvarps. Þó lítið hafi farið fyrir Afa síðan segir Örn hann ekki endanlega horfinn. „Nei, Afi er ekki alfarinn. Ég á lén sem heitir afi.is og mig langar til að gefa út dvd-disk. Ég tel að Afi hafi, líkt og aðrir afar og ömmur, boðið börnum upp á vissa tengingu við hið liðna. Mér finnst mikilvægt að þessi tenging fari ekki forgörðum vegna þess að það býr svo mikil reynsla og viska í gamla fólkinu. Mig langar til að bjóða öllum íslenskum börnum upp á þessa tengingu, því er Afi ekki kominn á elliheimili heldur fékk hann sér þjónustuíbúð og bíður færis.“

### Opnir fyrir nýjum hugmyndum

Bergljót Arnalds var umsjónarmaður þáttarins 2001 nótt sem var vikulega á dagskrá Skjás Eins á árunum 1999-2001. „Ég fékk á sínum tíma mjög frjálsar hendur við þróun og hugmyndavinnu þáttarins, sem var að sjálfsögðu í góðu samstarfi við stöðina. Yfirmenn þar voru afskaplega opnir fyrir öllum hugmyndum mínum, sem var mikilvægt til að geta verið með nýtt og spennandi efni. Á stundum hrikti reyndar í, til dæmis þegar ég vildi láta mála gólfið í stúdíóinu þar sem þátturinn var tekinn upp, því mig langaði í líflegri lit en svart myndverið fyrir barnaþáttinn.“

Ýmsar skemmtilegar persónur komu fyrir í þáttunum; til að mynda var reglulega farið í heimsókn til ömmu sem bjó á Árbæjarsafninu og sagði börnunum sögur. Einnig brá fyrir Talnapúkanum sem Bergljót hafði skapað fyrir samnefndan tölvuleik. Persónur þáttanna þjónuðu hver sínum tilgangi að sögn Bergljótar. „Amman átti heima í gamla tímanum og því voru myndskeiðin með henni í svart-hvítu. Hún sagði börnunum íslenskar þjóðsögur og ævintýri og myndaði þannig tengingu við þjóðlegan fróðleik og liðna tíma sem mér þykir ákaflega mikilvæg.“ Bergljót fór sjálf með hlutverk ömmunnar. „Talnapúkinn kenndi börnunum svo tölurnar og einfaldan reikning á skemmtilegan hátt. Hann kom fram sem teiknimyndapersóna í þáttunum, en Bergur Þór leikari sat fyrir aftan einn kubbinn og talsetti á móti mér þegar við lékum í stúdíóinu.“ segir Bergljót og hlær. „Þannig var keppt að því að hafa efni sem myndi fræða unga áhorfendur.“

### Heimsótti Ástrík

Bergljót ferðaðist töluvert og tók upp efni fyrir þættina. Hún fór meðal annars til útlanda, en það var nýlunda að íslenskir barnaþættir gerðu slíkt. „Markmiðið með ferðalögunum var að kynna heiminn fyrir börnum,“ segir Bergljót. „Til að mynda fór ég í heimsókn á söfn og aðra staði sem fólk gerir ekki ráð fyrir að börn hafi áhuga á. Ég vildi aftur á móti sýna börnunum að heimur fullorðinna getur verið áhugaverður með því að segja þeim sögurnar á bak við verkin á söfnunum. En svo heimsótti ég líka staði sem hafa augljóst aðdráttarafl fyrir börnin, til að mynda Ástríksgarðinn í Frakklandi.“

Þátturinn rann sitt skeið árið 2001 þegar Skjár Einn tók hann af dagskrá. „Skjár Einn er sjónvarpsstöð sem lifir af auglýsingatekjum. Þær auglýsingar sem seldar eru á undan og eftir barnaefni eru ódýrari en auglýsingar sem birtar eru á öðrum tímum. Það gefur því auga leið að það er erfitt fyrir litla sjónvarpsstöð sem lifir á auglýsingatekjum að standa í framleiðslu barnaefnis. Mér fannst þeir í raun standa sig ótrúlega vel. Þeir héldu úti tveggja tíma barnaþætti í hverri viku í heil tvö ár, en framleiddir voru tæplega hundrað þættir í allt.“

Bergljót telur íslenska fjölmiðla hafa ótvíræða skyldu til þess að sinna yngsta aldurshópnum. „Það skiptir börnin okkar máli að sjá að við Íslendingar getum framleitt okkar eigið sjónvarpsefni. Sjálfsmynd þeirra verður sterkari ef þau sjá að þjóðfélagið sem þau búa í er skapandi. Það veikir sjálfsmyndina ef allt barnaefni kemur erlendis frá. Börnin eru fullorðið fólk framtíðarinnar. Íslenskt barnaefni skiptir því miklu máli fyrir íslenska menningu og er mikilvægur þáttur fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar.“

## → HNOTSKURN

Stundin okkar hóf göngu sína hjá Sjónvarpinu á jóladag árið 1966. Þátturinn hefur því gengið sleitulaust í 42 ár og er, ásamt fréttum, lífseigasti íslenski sjónvarpsþátturinn. Sjónvarpið hefur að auki framleitt ótal aðra þætti fyrir börn og unglinga.

Stöð 2 hóf framleiðslu á þáttunum Með Afa árið 1987, ári eftir að stöðin fór fyrst í loftið. Þátturinn var framleiddur allt til ársins 2006. Haustið 2007 hóf Stöð 2 að framleiða barnaþættina Algjör Sveppi.

Skjár Einn framleiddi þættina 2001 nótt á árunum 1999-2001. Þættirnir eru enn sem komið er eina framlag Skjás Eins til íslensks barnaefnis.


BT
FLOTTAR
FERMINGAGJAFIR
200% ábyrgð!
Þú færð peninginn til baka
og tölvuna líka!
Nýtt á
Íslandi
Verð frá
89.999,-
TOSHIBA
Í fyrsta sinn á Íslandi færðu 200% ábyrgð á tölvu sem hentar
bæði fyrir vinnu og heimili. Við erum svo öryggir með Toshiba
fartölvuna að við ábyrgjumst ekki aðeins að gera við hana hratt
og örugglega ef hún bilar, heldur endurgreiðum við þér hana...
...og þú heldur tölvunni! *
Þú gengur að Toshiba Öryggi eingöngu í BT
*Á eingöngu við þegar vélbúnaður bilar. Endurgreiðslan er greidd að fullu, að frádregnum virðisaukaskatti.
Gildir fyrir eftirfarandi vélar: Satellite Pro (fyrir utan L40), Portege og Tecra.
Toshiba
öryggi
www.bt.is - Auglýsingin gildir 8 - 31 mars 2008
COSMOGRAPHIC



# MEÐ HÚÐ OG HÁRI

Listakonan **Hrafnhildur Arnardóttir** og tónlistarmaðurinn **Nico Muhly** stilla saman strengi sína fyrir sýningu í The Kitchen í New York. Strengirnir eru reyndar úr hári enda er sá efniviður í miklu uppáhaldi hjá Hrafnhildi sem er fyrir löngu orðin fræg fyrir hárskúlptúra og önnur hárlistaverk. *Hanna Björk Valsdóttir* sló á þráðinn.

Hrafnhildur flutti til New York eftir að hafa farið þangað í útskriftarferð með Mynd- og handíðaskólanum. Hún tók masterinn í School of Visual Arts og hefur búið í borginni síðan. Hún er ennþá viss um að það hafi verið rétt ákvörðun og hún hefur nýtt sér tækifærin sem bjóðast í borginni til hins ýtrasta og starfar fyrst og fremst sem myndlistarkona þó hún daðri stundum við fatahönnun og bregði sér stundum í hlutverk stílista. Það er allavega alltaf nóg á prjónunum (eða í greiðunni) hjá Hrafnhildi.

### Hár á heilanum

Hrafnhildur er ekki bara með hár á höfðinu, hún er líka með hár á heilanum. Hárskúlptúrar hennar hafa öðlast frægð og frama og enduðu á Medúllu-plötuumslaginu hennar Bjarkar, þar sem Hrafnhildur sá um búninga og hárskraut. Það var líka í gegnum Björk sem hún kynntist píanósnillingnum og Íslandsvininum Nico Muhly en hann vann einnig við gerð Bjarkarplötunnar.

„Nico er tónskáld sem er að skjótast upp á stjörnuhimininn og á mikilli velgengni að fagna. Hann er rosalega hæfileikaríkur og flottur og mikill heiður að fá að vinna með honum. Hann kom að máli við mig fyrir einu og hálfu ári og spurði hvort ég vildi gera þetta verkefni með sér. Við höfðum haft áhuga á því að vinna saman í langan tíma og Kitchen samþykkti þetta samstarfsverkefni okkar. Nico samdi tónverk fyrir uppákomuna, það er svo rosalega fallegt stykki að ég fæ alveg gæsahúð við tilhugsunina. Það kom strax upp þessi hugmynd að nota húð, bein og hár. Þannig að ég er að búa til eins konar sviðsmynd og einhvers konar hljóðfæri sem verða notuð í tónverkunum. Ég bý til hljóðfæri út frá verkunum mínum, eða verkin mín verða að hljóðfærum. Þetta er einhvers konar tónlistar- og myndlistargjörningur.“

### Mannabein og mennsk hárharpa

Efniviðurinn sem Hrafnhildur notar er frekar sérstakur og hugmyndirnar framúrstefnulegar. „Ég er til dæmis að búa til hljóðfæri sem ég kalla mennska hárhörpu. Hún mun samanstanda af þremur konum sem eru allar með mjög sítt hár og Nico mun „spila“ á þær. Svo er ég að búa til stóran heklaðan og hnýttan vef með gervimannabeinum í sem verður spilað á og er hann hangandi fyrir ofan ásláttarhljóðfæraleikarann og svífur yfir verkinu,“ útskýrir Hrafnhildur en sýningin er greinilega stór og viðamikil.

„Það verða líka hárflekar á gólfinu sem er mesta tengingin við eitthvað sem ég hef áður gert. Þetta er mjög ævintýrakennt og draumórakennt og hárfléttur læðast um. Það er sterkur hárþráður í mínum verkum en ég vinn líka mikið með annan efnivið eins og við og latex. Núna er ég mjög spennt fyrir þessum beinum, á dauða mínum átti ég von en ekki að ég færi að vinna í beinagrindum. En einhvern veginn ræðst maður á hlutina. Það er svo skrítið, maður hefur alla stjórn á þróuninni en samt eitthvað svo litla. Ég leyfi mér að vinna í hvaða efnivið sem mér hentar og ætla að halda því striki áfram.“

### Hljóð úr hári og beinum

Hrafnhildur bendir á að hljóðfæri og þessi grunnefniviður tengist frá fornu fari. „Bein voru notuð til að slá á trommur, tromman er úr skinni og svo er hár í boganum fyrir strengjahljóðfæri. Þetta eru allt stór hluti af hljóðfærum frá upphafi. Við erum svolítið að varpa ljósi á það og fagna því.“

„Nico er búinn að vera að taka upp hljóð sem okkur finnst tengjast beinum. Við fundum til dæmis hvaltennur og hann fór með þar í upptökustúdíó og tók upp hljóðið í þeim sem hann notar svo í tónverkið. Hann tók líka upp þegar hár er burstað mjög harkalega og alls konar hljóð sem tengjast þessum þremur fyrirbærum, húð, beinum og hári, sem síðan eru notuð á elektrónískan hátt í tónlistinni og verða líka flutt lifandi.“

Áhrifin frá verkinu eru farin að setja svip sinn á umhverfi Hrafnhildar og bein liggja á víð og dreif. „Ég var að kaupa mörg kíló af beinum og stúdíóið mitt lítur út eins og þar hafi einhver hræðilegur atburður átt sér stað. Bein úti um allt og hár. Þetta er mjög óhuggulegt en á sama tíma frekar eðlilegt. Við lifum í þessum heimi með öllum þessum stríðum og dauðsföllum þannig að ég veit ekki hvort þetta er einhvers konar leið til að benda á það. Einhver mannleg sorg og missir. Eitthvað drama en á sama tíma reyni ég að vera með bjartsýni og hefja dramað upp á fallegt plan. Það er hægt að gera minnisvarða um allan þennan missi með von um breytingu á því.“

> Núna er ég mjög spennt fyrir þessum beinum, á dauða mínum átti ég von en ekki að ég færi að vinna í beinagrindum.

### Tvö börn og myndlist á Manhattan

Það heyrist í Mána Lucjan, fjögurra ára syni Hrafnhildar í bakgrunninum og hún kallar á barnapíuna. Hrafnhildur á líka Úrsúlu Milionu sem er eins árs með Michal manninum sínum og þau búa í lofti í Chinatown á Manhattan, en Hrafnhildur fer létt með það að vera myndlistarkona í New York og tveggja barna móðir.

„Það gengur bara vel og þau eru rosalega flott og dugleg. Ég held bara mínu striki í listinni. Ég fékk níu mánaða stúdíódvöl í Lower Manhattan Cultural Counsil á síðasta ári og aftur núna í tvo mánuði fyrir þetta verkefni. Það er bæði mikill heiður að fá þarna inni, margir sækja um en fáir komast að, og svo er það mjög hvetjandi af því að maður hittir aðra listamenn sem eru með stúdíó þarna í hverri viku. Þetta er líka ofsalega góð kynning og þessi samtök eru mjög dugleg að kynna mig og hafa mikinn áhuga á verkunum mínum. Stúdíóið er staðsett í Wall Street, í miðju fjármálahverfinu,“ segir Hrafnhildur og hlær. „Það er svo fyndið, ég fer bara í vinnuna í venjulegu skrifstofuháhýsi ásamt einhverju jakkafataliði. Það er alveg hressandi að fara bara í mína vinnu eins og hver annar. Fólk heldur svo oft að listafólk fari ekki í vinnuna. Ég er með skrifstofu heima en ég er löngu hætt að geta unnið myndlist þar með krakkana.“

### Listamannalaunin

Nýverið fékk Hrafnhildur úthlutað listamannalaunum til tveggja ára sem kemur sér að sjálfsögðu mjög vel. „Það er alveg guðdómlegt að fá þessi laun. Ég er búin að vera hérna í New York og ströggla við að stunda myndlist og trúa á það. Ég er mikið að sýna og er mjög aktív en listamannalaunin hjálpa mikið. Ég verð með sýningu í i8 bráðlega á Íslandi, og svo er hitt og þetta á prjónunum, sýningar fyrirhugaðar og svo framvegis.“

### Stál og hnífur

Hrafnhildur hefur starfað lengi og komið víða við í borginni sem aldrei sefur þannig að ólíklegustu verkefni dúkka upp hjá henni.

„Ég hef alltaf unnið öðru hvoru sem stílisti. Ég fékk ótrúlega frábært verkefni um daginn við að stílisera módel fyrir gyðingahárkollufyrirtæki sem er auðvitað gjörsamlega innan míns áhugasviðs,“ segir Hrafnhildur með áherslu. „Ég og Edda, sem köllum okkur Steel and Knife, fengum þetta verkefni saman. Ég skemmti mér konunglega með þessar hárkollur sem eru rándýrar og geggjaðar. Gyðingakonurnar raka af sér hárið og ganga svo með hárkollur eftir að þær gifta sig. Við Edda hönnuðum líka nokkra fylgihluti, eins og hársmekki og hárherðaslár, fyrir VPL (Visible Panty Line) fatalínuna sem hönnuð er af Victoriu Bartlett og sýndum á tískuvikunni í New York. Það er búið að panta þessa hluti fyrir sérverslun í Sádi-Arabíu, einhver prinsessa búin að kaupa fyrir búðina sína. Mér finnst mjög gaman að fá svona verkefni inn á milli. Þetta eru svona ígrip og ég nýt þess alltaf að vinna á þessu gráa svæði og færa myndlistina út fyrir veggi gallería.“

## HRAFNHILDUR AKA SHOPLIFTER

**Margir þekkja listakonuna Hrafnhildi Arnardóttur einnig sem Shoplifter. Shoplifter nafnið varð til fyrir misskilning þegar hún flutti til New York. Það var á myndlistaropnun þegar hún kynnti sig sem Hrafnhildur en manneskjan svaraði “nice to meet you shoplifter” og hafði bara gjörsamlega misheyrst. Þetta varð að einhverju djóki en á endanum tók nafnið yfir og hefur orðið að “alter-egói.”**

**Hrafnhildur sem einnig er þekkt sem Shoplifter býr og starfar í New York þar sem hún hefur**



**fengist við innsetningar, skúlptúra, ljósmyndun, teikningar, málverk og gjörninga. Shoplifter hefur vakið athygli fyrir hárskraut, hárverk og skúlptúra úr hári. Nýleg verk eru Siamese Rapunzels sem er lengsta mennska hárfléttan fyrir Deitsch-listagalleríið í New York og risa veggverk úr hári fyrir NIKE.**

**Bone – skin – hair er fyrsta samstarfsverkefni Shoplifter og Nico Muhly en hann er tónskáld sem hefur gefið út plötur hjá íslensku útgáfunni Bedroom Community.**




*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# ego dekor



**Fatcat tungusófi**
Stærð: 320cmX165cm
Fáanlegur í nokkrum litum í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga
Verð áður: 187.000,-
**-15%**
Tilboðsverð: 158.950,-



**Tito sófaborð**
Fáanlegt í svörtu, hvítu, rauðu og brúnu háglans
Stærð: 140cmx70cm
Verð: 48.000,-



**Trend tv-skenkur**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 180cmX50cmXH:46cm
Verð: 58.000,-



**Zebrano tv-skenkur**
Stærð: 180cmX55cmXH:47
Verð: 69.000,-

# FULL BÚÐ AF



**Miami tv-skenkur**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 150cmX45cmXH: 56cm
Verð: 49.000,-



**Contact tv-skenkur m/ljósi**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 180cmX55cmX H:30cm(45cm)
Verð: 68.000,-



**Grando tungusófi**
Stærð: 230cmX157cm
Fáanlegur í nokkrum litum í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga
Verð áður: 139.000,-
**-20%**
Tilboðsverð: 111.200,-



**Romeo leðurtungusófi**
Stærð: 320cmX165cm
Einnig fáanlegur í dökkbrúnu,
svörtu og hvítu leðri.
Verð: 235.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

# ego dekor













# NÝJUM VÖRUM



Rio stóll
Fáanlegur í svörtum, brúnum, hvítum, rauðum og fjólubláum lit.
Verð: 14.800,-









Salon stóll
Fáanlegur í svörtum, brúnum, hvítum og rauðum lit
Verð: 12.500,-







Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

# Allir litir regnbogans

**Gay Pride** gangan í Sydney í Ástralíu er sú stærsta sinnar tegundar. *Logi Karlsson* fangaði stemninguna.














Um síðustu helgi lauk hinni árlegu Mardi Gras-hátíð í Sydney í Ástralíu, sem er stærsta hátíð samkynhneigðra í heimi. Hátíðin í ár er sú þrítugasta í röðinni og stendur yfir í heilar þrjár vikur með yfir hundrað atburðum, tónleikum, leiksýningum og fleiru. Á lokadegi hátíðarinnar er svo skrúðganga í gegnum miðja borgina. Þetta minnir óneitanlega á hina árlega Gay Pride-göngu í Reykjavík þó mannfjöldinn sé öllu meiri. Yfir fimm hundruð þúsund manns voru samankomin á lokadeginum í ár þar sem yfir tíu þúsund þátttakendur taka virkan þátt í göngunni sjálfri. Dúndrandi danstónlist, glimmer og fjaðrir, karlmenn með brjóst, stelpur á mótorhjólum, strákar í kjólum og leðurklæddar miðaldra konur í sleik. Á upphafsárum Mardi Gras var ekki um eiginlega hátíð að ræða heldur kröfugöngu þar sem aukinna réttinda samkynhneigðra var krafist. Gangan var þá jafnan stöðvuð af lögreglu og borgaryfirvöldum og þátttakendur urðu fyrir miklu aðkasti borgarbúa og jafnvel ofbeldi. Í ár tók lögreglan sjálf fullan þátt í henni, með pallbíl þar sem lúðrasveit lögreglunnar spilaði undir söng lögreglukonu, og slökkviliðið, herinn og borgaryfirvöld voru líka með hópa í göngunni. Gay Pride-gangan sjálf stendur yfir í hátt á þriðja tíma með tilheyrandi sýningum og dregur að sér fjölda ferðamanna enda ótrúleg upplifun.



Þó að yfirvöld séu ekki lengur mótfallin göngunni og borgarbúar skemmti sér konunglega hefur hún enn ákveðnar neikvæðar hliðar. Í stað ofsókna og ofbeldisverka í garð samkynhneigðra hefur tekið við gríðarlegt unglingafyllerí og skemmdarverk að göngunni lokinni. Nú í ár hópuðust þúsundir unglinga saman víða um borgina með tilheyrandi látum. Hátíðin í ár er þó talin hafa tekist heilt á litið mjög vel, engin alvarleg slys urðu á fólki að því undanskildu að unglingur kastaði flösku í höfuðið á lögreglukonu auk þess sem einn var handtekinn fyrir að kveikja í taglinu á lögregluhesti. Líklega smámunir þegar fimm hundruð þúsund manns skemmta sér saman (nánari upplýsingar um hátíðina má finna á http://www.mardigras.org.au).




NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
DYRASÍMAR, ÖRYGGISKERFI O.FL
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
4588
DYRASÍMAKERFI F/ 1 ÍBÚÐ
6590
DYRASÍMAKERFI F/ 2 ÍBÚÐIR
588
857
DYRABJÖLLUR GAMALDAGS
VERÐ FRÁ 573
DYRABJÖLLUR
VERÐ FRÁ 1644
DYRABJÖLLUR ÞRÁÐLAUSAR
5950
INNANHÚSKALLKERFI
TILBOÐ!
MYNDDYRASÍMAR
58.900
35.900
4495
REYKSKYNJARI ÞRÁÐLAUS
900
REYKSKYNJARI
995
REYKSKYNJARI MINI
VERÐ FRÁ 6950
ÖRYGGISKERFI ÞRÁÐLAUS
VERÐ FRÁ 282
BJÖLLUHNAPPAR
3160
LJÓSNEMAR
1495
HREYFISKYNJARI
VERÐ FRÁ 694
FJÖLNOTA SPENNAR
2990
HURÐASEGULOPNARI
VERÐ FRÁ 859
BJÖLLUSPENNAR OG BJÖLLUR
VERÐ FRÁ 2578
FJARSTÝRÐIR TENGLAR
VERÐ FRÁ 640
TENGLAKLUKKUR
ÞRÁÐLAUSIR ROFAR OG FJARSTÝRINGAR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir ...



**Arnald Indriðason**

Fáheyrðir yfirburðir hans í könnun Fréttablaðsins sem spurði almenning „Hvern telur þú besta núlifandi rithöfund landsins“ hljóta að teljast ánægjuleg tíðindi fyrir þennan ágæta metsöluhöfund. Tæplega 40 prósent nefndu hann sem bestan og vöktu þessi tíðindi mikla athygli, ekki síst meðal menningarvita sem fussuðu og töldu könnunina hreinlega ekki við hæfi. En Arnaldur hefur efni á að láta sér fátt um finnast.



**Ólaf Jóhann Ólafsson**

Rithöfundar áttu margir góða viku og Ólafur Jóhann er sannarlega einn þeirra. Hann hlaut hin virtu O'Henry-verðlaun í Bandaríkjunum fyrir smásagnasafn sitt Aldingarðinn. Hann er nú kominn í hóp rithöfunda á borð við Hemingway, Steinbeck, Faulkner og Salinger. Og geri aðrir betur.

**Helga Björns**



Íslendingar í útlöndum eru að gera það gott og ekki síst Holy B sem er elskaður og dáður í Þýskalandi þar sem hann rekur risastórt menningarhús. Helgi og húsið hans, House of the Holy eða Admiralspalast eins og það heitir, hefur hlotið tilnefningu til hinna miklu Der Deutsche Live Entertainment verðlauna. Þau verða afhent með viðhöfn á þriðjudag og býr Helgi sig nú undir að þakka mömmu og pabba á þýsku fyrir afburðaárangur.

## Vond vika fyrir ...

**Jóhönnu Vilhjálms og Kastljósið**

Jóhanna keyrði óvart grínauglýsingu í viðtali við furðu lostinn Karl Th. Birgisson og Silju Báru Ómarsdóttur.



Þar kom fram að dauðasveitir Hillary Clinton ætluðu að drepa börn þeirra sem ekki kysu hana. 24 stundir tala um eitt neyðarlegasta atvik íslenskrar sjónvarpssögu og DV telur ekki trúverðug sú eftiráskýring Þórhalls Gunnarssonar að þetta hafi allt verið tækniliðinu að kenna. Til að bæta gráu ofan á svart eru ýmsir femínistar þeirrar meiningar að Kastljósið hafi verið að koma höggi á Hillary meðal íslenskra kjósenda.

**Eirík Jónsson**



Eiríkur hefur mátt sitja undir furðudómum í hrotu meiðyrðamála sem dundu yfir DV á sínum tíma. Hvorki blaðamannafélagið né stéttin hreyfði legg né lið og nú eru komin dómafordæmi – nú sjá menn lag. Og þar sem Eiríkur situr við og reynir að gera lífið skemmtilegra við að ritstýra Séð og heyrt er honum hótað lögsókn af hálfu Ingu Birnu Dungal vegna mynda sem Eiríkur fékk lánaðar af Tarantino í kossaflensi og svo Ruth Reginalds. Ofan í kaupið þarf Eiríkur að þola þreytt grín af hálfu 24 stunda sem notar gamla DV-fyrirsögn sem fyrirmynd: „Ruth reið Eiríki“.



**Davíð Oddsson**

Valgerður Bjarnadóttir er með vesen og vill ekki gefa sig vegna þess sem hún kallar „eftirlaunaósómann“. Hún er nú að grennslast fyrir um hvað orðið er um frumvarp sitt þar sem hún vill afnema lögin um sanngjörn eftirlaun Davíðs og annarra ráðamanna. Hvaða vesen er á konunni?

# Ætlum að taka kastið

**Bjartasta von íslenska rokksins, Jakobínarína, hættir með stæl í kvöld á Organ.**

„Við vorum bara vaxnir upp úr þessari tónlist, og spilagleðin var ekki sú sama,“ útskýrir Hallberg Daði Hallbergsson, gítarleikari Jakobínurínu sem fékk fyrir tveimur árum glimrandi dóma tónlistarblaðsins Rolling Stone. Þá voru meðlimirnir aðeins um sextán ára gamlir en nú tekur alvara lífsins við að sögn Hallbergs. „Við erum samt alls ekkert hættir í tónlistinni,“ útskýrir hann en fjórir meðlimir eru að vinna nýja tónlist. „Ég ætla ekki að tala um tónlistina ennþá, það er of snemmt. En hún er meira fullorðinsleg, meira „psychedelic“ og við sækjum áhrif meira til fortíðarinnar.“ Vinabönd Jakobínurínu, Mammút og Singapore Sling, munu hita upp og þau taka sitthvort „cover“-lagið. „Slingararnir taka til dæmis lagið His Lyrics Are Disastrous og ég er mjög spenntur að heyra útkomuna á því,“ segir Hallberg en bandið mun formlega leysast upp að loknum tónleikum í kvöld. „Við ætlum að hætta með stæl. Og þegar tónleikunum er lokið þá tökum við kastið.“



JAKOBÍNARÍNA



SINGAPORE SLING



MAMMÚT

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og miðaverð er 1.000 krónur. Eintak af plötu Jakobínurínu fylgir með miðanum.

- amb

## HELGARKROSSGÁTAN










107 MP & BH
LEIKNI
FYLGJA FAST EFTIR
HAMINGJU
HÚÐSJÚKDÓMUR
NÚA
ARÐA
ÞÓFI
BRODDUR
SÍFELLT
FJANDANS
ÁVERKI
ÁVÖXTUR
TRÖLL
ÓVÆTTUR
FRÁ
TIFA
SVIF
SPAUGA
KLÚRYRÐI
FÆÐA
ÓVISSA
UM ÞAÐ BIL
MÁL
SKOÐUN
HAMAGANGUR
SIGAÐ
DRYKKUR
RAKI
MÆRA
EINHVER
ÞVOGL
ÖGN
TENGJA
NIÐURLÆGJA
MERGÐ
SIGTI
KRAFS
VELTA
TÆFA
GUÐSHÚS
HINDRUN
RÍKI Í MIÐ-AMERÍKU
ÚRGANGUR
HÍBÝLI
SJÚKDÓMUR
VÖRUBYRGÐIR
ÓVILD
FYRIR HÖND
UNDIROKI
TVEIR EINS
VÆTLA
GELT
ÖRUGGUR
KRÆKJA
BLIKK
MJÖG
LÓÐ
ÖSKUÐU
HEIÐUR
TÁKNA
ANGAN
TÖFFARI
HRYSSA
KARLKYN
ÚTDEILDI
TVÍHLJÓÐI
LÆÐA
ÓNÆÐI
VISNUNAR

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur


Opnum í dag
ANDERSEN & LAUTH
REYKJAVIK
established 1934
Andersen & Lauth er íslenskt fatahönnunarfyrirtæki sem að selur hönnun sína í 230 verzlunum í 21 landi og fer ört vaxandi.
Andersen & Lauth var fyrsta íslenzka klæðskeraverkstæðið,stofnað 1934. Um tíma voru þrjár Andersen & Lauth verzlanir í Reykjavík. Þegar stórverzlun Andersen & Lauth var opnuð á Vesturgötunni upp úr 1960, var hún stærsta verzlun sinnar tegundar í Skandinavíu. Nú 30 árum eftir að síðustu klæðskeraverzlun Andersen & Lauth var lokað eftir 50 ára sögu, þá opnum við glæsilega verzlun á Laugavegi 86-94. Verið Velkomin
Andersen & Lauth, verzlun, Laugavegur 86-94,sími 552 6066,www.andersenlauth.com




# Við stöndum upp úr

**Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




Fíton/SÍA

**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2007 – janúar 2008.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Supermann í heimilisverkin

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** BERST FYRIR HREINUM NARÍUM



Verkaskiptingin á heimilinu hefur verið í föstum skorðum í nokkur ár. Kerfið er einfalt, hann er þvottadrengurinn, ég er uppþvottastelpan. Þetta hefur gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig en ákveðið vandamál kemur þó reglulega upp. Þvottadrengurinn á það til að þvo einungis af sjálfum sér.

Ég myndi borga honum í sömu mynt ef ég gæti en þó ég vaskaði einungis upp þá diska sem ég borða af þá skilar það sér ekki sem skyldi. Hann getur auðvitað notað hreinu diskana og sniðgengið óhreina leirtauið í vaskinum en ég get ekki notað hreinu fötin af honum. Oft hef ég því þurft að grafa eftir eigin fötum í óhreina tauinu og setja þau sjálf í vél. Hengja upp og ganga frá inn í skáp jafnvel eftir að hafa stritað í uppvaskinu langt fram á kvöld meðan þvottadrengurinn liggur og les Súpermannblöðin sín.

Mér finnst þetta ósanngjarnt. Það er gjörsamlega óþolandi að standa á nærbrókinni morgun eftir morgun og eiga ekkert hreint. Enda kom að því einn morguninn að ekki voru einu sinni til hreinar nærbrækur á mig. Mér var allri lokið. Hreytti ónotum í þvottadrenginn, kallaði hann duglausan karlpung og fleiri ljótum orðum en hann glotti bara út í annað helvískur. Þá var ekki um annað að ræða en vaða í nærfataskúffu hans sjálfs. Ég reif og tætti upp úr skúffunni „boxer“ og „briefs“ þangað til ég fann brók með Súpermannmerkinu á. Sótrauð af bræði tróð ég mér í Súpermannbrókina og fór svo vinnuna þar sem ég gat ekki horft framan í nokkurn mann af skömm yfir brókinni. Allan daginn sat ég svo og ók mér í óþægilega stóru nærhaldinu og hugsaði þvottadrengnum þegjandi þörfina.

En þegar heim kom héngu blúndubuxurnar mínar í röðum á snúrunni. Allt hreint og ilmandi og þvottadrengurinn sneyptur að handþvo viðkvæmustu nærfötin í stórum bala. Ég skilaði honum auðvitað súpermannbrókinni og þakkaði fyrir lánið með þjósti. Þvottadrengnum er víst ekki sama hvernig farið er með Súpermann.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gæða húsgögn
## á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri.

OPIÐ til 20 alla daga

23.922* kr/mán
Fullt verð 249.000.-



**Hornsófi** 2+h+2 M87 VISA Lán

17.957* kr/mán
Fullt verð 189.900.-



**Hornsófi** 2+h+2 Aspen VISA Lán

30.826* kr/mán
Fullt verð 327.000.-



**Sófasett** 3+1+1 840 VISA Lán

32.955* kr/mán
Fullt verð 349.700.-



**Sófasett** 3+1+1 8235 VISA Lán

46.961* kr/mán
Fullt verð 499.000.-



**Sófasett** 3+1+1 8271 VISA Lán

37.629* kr/mán
Fullt verð 399.700.-



**Sófasett** 3+1+1 8066 VISA Lán

*Meðalgreiðsla á mánuði í 12 mánuði.
Gildir til 14. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**!** **Kl. 13**
*Kennarar við Tónlistarskóla Kópavogs flytja tvö kammerverk eftir W. A. Mozart, strengjakvintett í g-moll og píanókvartett í g-moll, í Salnum í dag kl. 13. Þessir skemmtilegu hádegistónleikar eru liður í TKTK, tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs, og eru klukkustundar langir án hlés. Almennt miðaverð er 1.500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Götukort, frægð og fleira

Hvorki meira né minna en fjórar einkasýningar voru opnaðar í listamannahúsinu StartArt, Laugavegi 12b, síðastliðinn fimmtudag og því ekki seinna vænna en að gera þeim skil. Fyrsta ber að nefna málverkasýningu Peters Andersson sem nefnist „Title of Exhibition.“ Það er óhætt að kalla Peter fjölhæfan en auk myndlistarinnar er hann dansari, danshöfundur, hefur leikstýrt kvikmyndum og er meðlimur spunagrínshópsins „Watch my back.“ Málverk Peter byggja á hreyfingu og breiðum strokum sem koma frá öllum líkamanum. Fyrsta sýning hans „Magical Iceland“ opnaði í Gallery Turpentine árið 2007 og hafa verk hans vakið mikla athygli.

Hildur Margrétardóttir er annar listamaður sem nú sýnir í StartArt. Verk Hildar á sýningunni eru blekteikningar, unnar af síðum breskra slúðurblaða. Þar birtist veruleiki fræga fólksins sem útleggjast mætti sem hámark fullkomleikans eða alsæla. Hátíska, grannir líkamar, stinn brjóst og æðisleg samskipti stjarnanna einkenna þennan heim þar sem hversdagslegir atburðir fá umfjöllun á forsíðum og miðopnun tímarita sem prentuð eru á háglanspappír til að unaðshrollurinn hámarkist örugglega hjá lesendum.

Á sýningu Eddu Þóreyjar Kristfinnsdóttur eru meðal annars skúlptúrar, textaverk og ljósmyndir á striga, en verkin eiga það sameiginlegt að vera innblásin af vistaskiptum og eilífu ferðalagi okkar um lífið. Verk Eddu fjalla um flutninga hús úr húsi, sveit úr sveit, borg úr borg og land úr landi. Vistin getur verið frá því að vera góð til þess að vera nöturleg, en víst er að við ráðum ekki alltaf för.

Enn er ónefnd sýning Rósu Sigrúnar Jónsdóttur. Verkin á sýningunni eru unnin í mismunandi miðla og efni, til að mynda götukort, en rauði þráðurinn í sýningunni er þó ferðalög og upplifanir.

- vþ



**BORGARMYND** Verk eftir Rósu Sigrúnu Jónsdóttur.

LÓKAL
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz
Í dag
Kl. 15.00
Ode to the man who kneels
Hafnarfjarðarleikhúsinu
Kl. 17.00
L'effet de Serge
í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13
Kl. 20.00
No Dice
í Sætúni 8 (áður Heimilistæki)
Kl. 13.00-16.00
Nemendur leiklistardeildar LHÍ
Sölvhólsgötu 13
Dagskrá og nánari upplýsingar á www.lokal.is



## Klink og bank í Samhjálparsal

**Klink og bank hefur fundið sér húsaskjól eftir nokkra leit, en húsið á Laugavegi 23 bíður þess að verða rifið og hefur Hljómalind sest þar að: grasrótarfyrirtækin í miðborg Reykjavíkur eru nú á hrakhólum.**

Klink og bank hefur tímabundið sest að í húsi Samhjálpar á Hverfisgötu 42 þar sem kvikmyndaklúbburinn Filmía var til húsa á sjöunda áratugnum.

Listahópurinn sem stofnaði Klink og bank og átti sitt skeið í samstarfi við Landsbankann um rekstur Kling og bang í gömlu Hampiðjunni opnar nýja sýningarsalinn í dag.

Fyrstur til að sýna í hinu nýja húsnæði er Kristján Björn Þórðarson með sýningu er ber heitið Spegillinn hefur ekkert ímyndunarafl. Kristján Björn útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1995 og þaðan lá leiðin til Vínarborgar þar sem hann komst inn í skólann sem hafnaði Hitler, Akademie der Bildende Kunste Wien. Kristján var þar í námi hjá prófessor Frans Graf á árunum 2003 til 2006.



**KRISTJÁN BJÖRN ÞÓRÐARSON** Býður gestum í þjóðgarð mannsandans.

Á sýningunni í Kling & bang gallerí verður boðið upp á ferðalag um þjóðgarð mannsandans og um göngustíga hugans. Gestum er ráðlagt að treysta á sitt innsæi og ímyndunarafl þegar þeir koma í þennan þjóðgarð myndlíkinga sem Kristján Björn hefur búið til og þá fyrst finna þeir kannski lyktina af gervinu í grasinu.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 8. mars klukkan 17 og stendur til sunnudagsins 5. apríl. Galleríið í Samhjálparsalnum gamla verður opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-18. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

**pbb@frettabladid.is**

Allir velkomnir á opnun ljósmyndasýningar Önnu Ellenar Douglas í Fótógrafí Skólavörðustíg 4, í dag klukkan 17.
NEKT



FÓTÓGRAFÍ
LJÓSMYNDAGALLERÝ • FINE PHOTOGRAPHY

## Ekki sæld að lifa á listinni

**LEIKLIST**

**L´ EFFET DE SERGE**

Höfundur og leikstjóri: Philippe Quesne

Leikarar: Gaëtan Vourc´h, Tristan Varlot, Zinn Atmane, Pascal Vilmen, auk íslenskra leikarara sem voru: Snæbjörn Brynjarsson, Vilborg Ólafsdóttir, Svandís Einarsdóttir, Ólöf Ingólfsdóttir, Una Þorleifsdóttir, Ragnheiður E. Clausen og tíkin Krumma.

★★★

Þverskurðarsýning gjörninga og leiklistar.

Franski leikhópurinn VIVARIUM STUDIO frá París frumsýndi verkið L´Effet de Serge í Smiðjunni, leikrými Listaháskólans við Sölvhólsgötu, á leiklistarhátíðinni Lókal á fimmtudagskvöld. Einmana gjörningalistamaður býður til sín áhorfendum, sem gætu alveg eins verið við, á eins mínútna sýningu á hverjum sunnudegi stundvíslega klukkan sex.

Leikmyndin er nokkuð tómleg íbúð en þó gott rými til þess að leyfa áhorfendum að sitja eða standa og fylgjast með þeim töfrum sem listamaðurinn býður upp á.

Listamaðurinn birtist okkur fyrst að utan þar sem hann mætir í einskonar geimfarabúning sem hefur í raun ekkert að gera með sýninguna en kemur svo í ljós í spjalli eftir á að er síðasta atriði síðustu sýningar hópsins. Svolítið eins og upprifjun í sápuþáttaveröld sjónvarpsins. Sömuleiðis lauk þessari sýningu með því að áhorfendum var beint inn í upphafsatriði næstu sýningar, mjög góð aðferð til að skapa forvitni á því sem næst verður á döfinni. Í fyrstu virðist þetta ósköp einfalt, verið að tæta upp dótakassa og skoða fjarstýringar og þeyta flögupökkum á sjálfstýrðum heimagerðum smábílum en svo þegar á líður kristallast einmanaleikinn og sambandsleysið þrátt fyrir dótið og hugdetturnar.

Gjörningurinn sem hann sýnir hverjum gesti, þróast og verður umfangsmeiri eftir því sem á líður.

Limaburður og fágaðar örfínar hreyfingar listamannsins gerðu hann trúverðugan og á köflum hlægilegan í sinni nokkuð tilgangslausu veröld. Hann vinnur með leisergeisla og ýmis hljóð en fyrst og fremst er hann að samhæfa þekkta tónlist ýmsum hljóðum og hugmyndum úr okkar daglega lífi. Margt í sýningunni var skemmtilega útfært eins og atriðið þegar bíllinn kemur upp að glerdyrum hans og hann býður fólki til sætis og kynnir tónlist sem leikin er nánast af ljósum bílsins. Það er erfitt að setja verðmiða á list sem vaknar til lífs í brjóstum hvers og eins meðan á er horft og má eiginlega segja að hér sé um þverskurðarsýningu gjörninga og leiklistar. Það fólk sem kom þessum einmana listamanni til aðstoðar, það er gestir hans, voru ekki atvinnuleikarar heldur fólk sem tengist leiklistinni á ýmsa vegu. Eins og t.d. Ólöf Ingólfsdóttir sem var fyrsti gesturinn og í raun sá eini sem sýndi einhver tilþrif þar sem gestgjafinn bað hana að tjá sig um heimatilbúið míní-farartæki sem brunaði um gólfið með stjörnuljós á þakinu. Ólöf í líki alvenjulegrar frekar lummó konu lýsti því sem fyrir augu hennar bar, hvernig henni fannst þessi kassi vera orðinn hjólhýsi sem var alveg frjálst og aftengt. Hennar litla innkoma þarna var skemmtileg.

Philippe Quesne sem semur og leikstýrir verkum hópsins vinnur ekki með hefðbundið handrit heldur eru aðstæður hvers augnabliks skoðaðar og stöðugt unnið með andstæður. Andstæður sem kallast á í nokkurs konar súrrealístisku raunsæi. Sé slíkur ismi ekki til þá verður hann einhvern veginn til hér. Það var almenn ánægja með sýninguna.

**Elísabet Brekkan**

KRINGLU KRÁIN
Stuðbandalagið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

FÖGNUM BARÁTTUDEGI KVENNA
Vinstri græn hvetja konur og karla til að taka þátt í viðburðum dagsins.
Kvenfrelsi er allra mál!
www.vg.is

# Sjaldheyrð sönglög

Ingibjörg Guðjónsdóttir sópransöngkona og Valgerður Andrésdóttir píanóleikari koma fram í Norræna húsinu kl. 15.15 á morgun og flytja íslenska og erlenda tónlist.

Á efnisskrá eru tvö verk eftir Karólínu Eiríksdóttur; Njóla, sem var samið og frumflutt í desember 2007 í tilefni 500 ára afmælis Bessastaðaskóla, og Sól er runnin upp, sem var samið 2005 í tilefni af 70 ára afmæli Hannesar Péturssonar skálds. Tvö lög eftir Tryggva M. Baldvinsson prýða jafnframt efnisskrána; Þú ein, sem var samið 2005 einnig í tilefni af afmæli Hannesar Péturssonar, og Gömul ljósmynd, sem er eldra lag við ljóð Sveinbjörns I. Baldvinssonar. Jafnframt verða flutt þrjú lög eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Auk þessara íslensku verka munu þær flytja þrjú lög eftir Richard Strauss og tvö lög úr sex laga flokki Op. 4 eftir Rachmaninov.

Flest ofannefndra sönglaga á tónleikunum heyrast ekki oft en eru flytjendunum kær. Sönglög Rachmaninovs hafa ætíð ratað inn á efnisskrár Ingibjargar og Valgerðar enda sameinast þar undurfagrar laglínur, dramatísk ljóð og stórfenglegt píanóspil. Samstarf Ingibjargar og Valgerðar hófst í Kaupmannahöfn fyrir áratug en auk þess hafa þær starfað í Tríó Varioso sl. sjö ár með Einari Jóhannessyni klarínettuleikara og hafa haldið fjölda tónleika. - vþ


**INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR OG VALGERÐUR ANDRÉSDÓTTIR** Þær stöllur flytja falleg sönglög í Norræna húsinu á morgun.







**MYNDLIST** Borghildur Óskarsdóttir myndlistarkona og Sigríður Melrós Ólafsdóttir sýna í Hveragerði.

# Sögur úr Flóanum

Í dag verður opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði sýning á verkum eftir tvær ólíkar listakonur sem báðar sækja yrkisefni sín í héraðið og vinna með samfélagsleg efni í verkum sínum. Hjálmar Sveinsson er sýningarstjóri en listakonurnar eru Borghildur Óskarsdóttir og Sigríður Melrós Ólafsdóttir. Í kynningu á sýningunni er varpað fram tveimur óskyldum sögubútum til að espa forvitni almennings. Í þeim fyrri segir: „Í maí 1918 fóru hjónin Bjarni Bernharðsson og Ragnhildur Höskuldsdóttir með börnin sín fimm frá Hafnarfirði að bænum Sléttabóli í Gaulverjabæjarhreppi. Heimili þeirra hafði verið leyst upp en Bjarni átti sveitarfestu í Gaulverjabæjarhreppi og því bar þeim að fara þangað. Daginn eftir dreif að fólk til að sækja börnin.“ Hinn sögubúturinn hljóðar svo: „Ári eftir flutning fjölskyldunnar var byggt sjúkrahús fyrir Suðurland rétt við Eyrarbakka. Húsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni í íslenskum stíl með bröttum rauðmáluðum burstaþökum. Því var breytt í vinnuhæli árið 1929 og jarðirnar Litla- og Stóra-Hraun lagðar til þess. Síðan þá hefur „vinnuhælið“ jafnan verið kennt við Litla-Hraun.“ Af þessum tveimur kveikjum spinna þær stöllur verkin á sýningunni. - pbb


Salurinn

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR

SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR.
LUBOV STUCHEVSKAYA,
TÓMAS TÓMASSON
OG KURT KOPETSKY

MIÐVIKUDAGUR 12. MARS KL. 20
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
SIMON SMITH - ÖLL PÍANÓVERK
HAFLIÐA HALLGRÍMSSONAR
EINSTAKT TÆKIFÆRI !

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS





## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Victoria Beckham á forsíðu Vogue** Fótboltaeiginkonan fræga, kryddpían **Victoria Beckham** er framan á nýjasta eintaki breska Vogue. Í opinskáu viðtali við ritstjórann **Alexöndru Schulman** ræðir hún um tónleikaferð **Spice Girls**, lífið með **David** og fjölskyldunni og nýja fatalínu sem hún hefur skapað og heitir DVB. „Línan er gerð í samvinnu við David,“ segir hún. „Hann veitir mér svo mikinn innblástur. Til dæmis sagði hann mér í dag að ég liti út eins og sambland af George Michael og Andrew Ridgley og ég sagði, vá þá er ég greinilega að ná „eighties“ lúkkinu.“

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Geggjað neonbleikt varagloss** frá Lancome fyrir okkar innri pönkprinsessu.



**Svakalega glamúrleg svört sólgleraugu** með semelíusteini frá Marc Jacobs. Fást í Gleraugnasmiðjunni.



**Æðisleg ökklastígvél** sem eru eins og beint út af Chanel tískupallinum. Frá Taryn Rose og fást hjá Þráni Skóara, Grettisgötu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Frelsið í tískunni*

Í dag er dagur kvenna og ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað kvenréttindabaráttan hefur fært okkur í tískunni. Við erum vissulega ekki fangar korseletta og krínólína lengur, getum gengið um án brjóstahaldara ef okkur svo sýnist, þökk sé brennum sjöunda áratugarins, og getum reyndar gert allt það við útlit okkar sem okkur kemur til hugar. Við getum strílað okkur upp, litað húðina appelsínugula, gengið um í níðþröngum hnakkafötum og gengist upp í Britney Spears og MTV-væðingunni eða þá sett „piercing“ í allan líkamann og litað hárið svart. Við getum klætt okkur eins og strákar eða rokkarar eða ýkt allan okkar kvenleika. Tískan er leikvöllur okkar og við sýnum heiminum hverjar við erum með því sem við kjósum að klæðast. Það eru forréttindi okkar vestrænu kvenna að sýna frelsi okkar með klæðavali. Því heyrist oft fleygt að það séu karlar sem stjórna tískuheiminum. En það eru jú konur sem velja í hvað þær vilja fara og stjórna því hvað selst hjá blessuðum tískuhúsunum. Oftast virðast konur velja fatnað fyrir sjálfar sig eða til þess að ganga í augun á öðrum konum því við erum jú í eilífri samkeppni, ekki satt? Það hefur virst svo sem ákveðnir feministar sem geta ekki hugsað sér að kenna sig við varalit telji að púritanismi og „náttúrulega“ lúkkið sé það eina sem gildir ef maður vill ekki líta út fyrir að vera ofurpjattað leikfang karlmanna. Farði og háir hælar eru nánast á bannlista, hvað þá flegin föt, minipils eða bikini-vax. (Brýnna þykir mér þá í kvennabaráttunni að fara að setja flugfreyjur í praktíska búninga og afnema sjónvarpsþulustarfið tilgangslausa). Auðvitað er margt skrýtið i kýrhausnum hvað tísku varðar og hefur alltaf verið. Fyrir fjögur þúsund árum voru karlmenn og konur ekki svo ólík þegar kom að pjatti, bæði kyn fjarlægðu hár, lituðu hár, gengu með hárkollur og notuðu andlitsfarða. Það sama var uppi á teningnum til dæmis á 18.öld þegar karlmenn tipluðu um á háum hælum með rauðar varir, hvítt andlitspúður og fegurðarbletti. Og í dag eru karlmenn farnir að fjarlægja jafn mikið af líkamshárum og konur, hvað svo sem okkur kvenfólkinu kann að finnast um það. Persónulega finnst mér einmitt að það sé það ólíka sem laðar okkur að hinu kyninu en auðvitað er smekkur misjafn í þeim efnum. Staðreyndin er sú að konur eru jú mýkri en karlmenn að eðlislagi og eins og sjálfur Charles Darwin sagði í Uppruna tegundanna stafar lítill hárvöxtur kvenfólks á líkamanum væntanlega af náttúruvali. Því finnst mér hæpið þegar ákveðnum hópi feminista dettur í hug að stimpla háreyðingu sem einhverskonar annarlega hvöt eða klámvæðingu og kúgun. Einnig finnst mér hæpið að það séu óskir karlmanna sem ýta undir nýjasta æði seinni ára - „Size Zero“ eða núllstærðina svokölluðu, sem er ástand sem margar frægar konur virðast vera hreinlega að hverfa úr. Ólíklegt að það séu karlmenn sem vilja hafa konur eins og spýtukarla.

Það er aldeilis af nógu að taka í baráttumálum kvenna heima fyrir og erlendis. Raddir kvenna um heim allan segja okkur frá hörmulegum aðstæðum, kúgun, trúarbrögðum og stjórnunarháttum sem hafa aðeins eitt að markmiði- að halda konum niðri. Við konur þurfum að standa saman til að hjálpa kynsystrum okkar og það er ansi sorglegt ef við ætlum að eyða dýrmætum tíma í að tuða yfir því í hverju við mætum í slaginn.






**GRÁTT OG GLÆSILEGT** Grátt tjull við bleika skyrtu hjá Bora Aksu.



**STELPULEGT** Svartur og appelsínugulur kjóll með krínólínu frá John Rocha.



**SETTLEGT** Hvít skyrta og appelsínugult pils með tjulli frá John Rocha.

BRESKIR HÖNNUÐIR SKAPA LITLAR PÖNKPRINSESSUR

# Krínólínur og tjullpils

Það var eitthvað mjög krúttlegt en um leið dálítið gotneskt og hryllingsmyndalegt við fatnaðinn sem Luella Bartley, John Rocha og Bora Aksu sýndu á tískuvikunni í London fyrir haust og vetur 2008. Luella Bartley sagðist hafa fengið innblástur af sænsku leikkonunni Britt Ekland í „The Wicker Man“ og af nornasafninu í Cornwall. „Ég vildi gera eitthvað dáldið hrátt. Svona eitthvað krúttlegt en samt dáldið „sick“.“ Tjullpils þessara hönnuða minntu bæði á ballerínur og á pils sem unglingsstelpur finna gjarnan á flóamörkuðum og klæðast í bland við grófa skó og pönklega fylgihluti.

**- amb**



**SVART TJULL** Blússa, pils og leggings frá John Rocha.



**GOTNESK HRYLLINGSMYND** Svart og gyllt hjá Luellu Bartley.



**SKÆRBLATT** Fallegur stuttur kjóll frá Luellu.


**ELEGANT** Drapplitaður frakki og bundinn kjóll


**MYNSTRAÐ** Kápa með kvartermum og mynstraður bundinn kjóll.

SEVENTÍS KLASSÍK ENDURVAKIN

# *Diane von Furstenberg sýnir í New York*

Á áttunda áratugnum fann hönnuðurinn Diane von Furstenberg upp kjól sem nefndist „The Wrap Dress" og var einfaldur kjóll sem var bundinn utan um konuna í mittið. Kjóllinn naut gífurlegra vinsælda enda einstaklega þægileg flík og gekk bæði í vinnuna og í fín boð. Kjólar Furstenberg, sem fæddist í Brussel, hafa notið síaukinna vinsælda undanfarin ár og sýning hennar á tískuvikunni í New York fékk mikið lof. Fyrir haust og vetur 2008 sýndi hún fallega dömulega kjóla og dragtir undir áhrifum stríðsáranna. Furstenberg-kjólarnir fást í allskyns litum og mynstrum og þess má geta að nú er hægt að fá þá í Reykjavík í versluninni Trilogiu á Laugavegi. **- amb**


**BERJALITIR** Fallegir kjólar og peysur í rauðum og bleikum tónum.


**FRUMLEGUR** Fallegur kjóll í mörgum litatónum.


**APPELSINUGULT** Tjull og ökklasokkar hjá John Rocha.





PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensím-tækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is

**> VÍKUR FYRIR SWANK**

Lindsay Lohan hefur verið velt úr sessi sem andlit tískulínunnar Jill Stuart. Leikkonan skrifaði undir samning í fyrra, en eftir vægast sagt viðburðaríkt ár í lífi hennar ku tískuhúsið nú vilja skipta um andlit. Væntanlega verður Hillary Swank fyrir valinu.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# *Aniston hætti með Brad Pitt*

Sheryl Crow sagði í nýlegu viðtali að það væri helber misskilningur að Brad Pitt hafi hætt með Jennifer Aniston. Jafnvitlaust væri að halda að Lance Armstrong hafi hætt með henni sjálfri, sagði söngkonan. Slúðurblöðin hafa haldið því fram að Pitt hafi farið frá þáverandi eiginkonu sinni, Friends-stjörnunni Aniston, eftir að hann varð ástfanginn af Angelinu Jolie, sem hann er enn með í dag. Crow segir hins vegar að hún og Aniston hafi orðað nánar eftir að Aniston sagði skilið við Pitt, og Crow hætti með hjólreiðakappanum Armstrong.

„Hvað okkur tvær varðar er það almennt talið að okkur hafi verið sagt upp. Trúið mér, það er ekki satt. Hvorugri okkar hefur nokkurn tímann verið sagt upp. Það veit enginn hvað gerist í sambandi,“ sagði söngkonan. „Því miður fyrir fólk eins og Jennifer og mig, er svo mikið skrifað um hluti sem maður segir ekki og manni eru eignaðar margar tilfinningar sem maður hefur aldrei upplifað,“ segir Crow.

Aðrir félagar þeirra eru sammála Crow. „Þegar Jen áttaði sig á því hvernig málin stóðu hætti hún með Brad. Hún velti hjónabandi þeirra fyrir sér og áttaði sig á því að það var brotið og ekki hægt að laga það. Hún og Brad vildu mjög mismunandi hluti og voru ekki á sama máli um ástina, ferilinn og að eignast fjölskyldu,“ segir einn þeirra í viðtali við National Enquirer.

**MISSKILNINGUR** Crow segir að hvorki henni né Jennifer hafi nokkru sinni verið sagt upp.





**HÆTTI MEÐ BRAD** Samkvæmt Cheryl Crow var það Jennifer Aniston sem sleit hjónabandi hennar og leikarans Brad Pitts.

# Fann ástina í meðferð

Kirsten Dunst ku hafa fundið ástina í meðferð. Spiderman-leikkonan dvelst nú á meðferðarheimilinu Cirque Lodge í Utah, þar sem Lindsay Lohan varði einnig tveimur mánuðum á síðasta ári. Dunst er víst orðin ansi náin öðrum dvalargesti, og segja heimildir In Touch Weekly að starfsfólk hafi endurtekið þurft að biðja þau að halda sig frá hvort öðru.

„Hún situr í fanginu á honum og reykir og þau fara oft í göngutúra saman. Hann hringdi meira að segja í mömmu sína og bað hana að senda Kirsten blóm í hans nafni. Hann er að reyna að vera eins rómantískur og mögulegt er þegar maður er í meðferð,“ segir heimildarmaðurinn. Ekki er vitað hver sá heppni er.

Það er óskandi að betur fari fyrir ástarævintýri Dunst á meðferðarheimilinu en Lindsay Lohan á sínum tíma. Hún tók þar saman við snjóbrettamanninn Riley Giles. Sambandið hélt áfram eftir að þau yfirgáfu Cirque Lodge, en þau skildu fljótlega að skiptum. Í kjölfar þess reyndi Giles að selja bæði sögur af kynlífi hans og Lohan ásamt myndum.



**ÁSTFANGIN Í UTAH** Kirsten Dunst dvelst nú á meðferðarheimilinu Cirque Lodge í Utah, þar sem hún ku hafa fundið ástina.

# Jákvæð hönnun í verslanir

Hönnun Borghildar Ínu Sölvadóttur, undir nafninu Jákvæð orð í íslensku, kom í verslanir í vikunni, en Borghildur bar sigur úr býtum í hönnunarkeppni Hagkaupa á síðasta ári. „Þetta hefur verið svolítið langt ferli, því keppnin var haldin í fyrravor,“ segir Borghildur. „Hugmyndin hefur þróast mikið síðan það var. Ég teiknaði ýmiss konar tillögur í sumar og haust og sýndi innkaupastjórunum og svo völdum við þetta svolítið í sameiningu, því þær hafa nátttúrulega vit á því hvað selst hjá þeim,“ útskýrir hún. Að því loknu tók framleiðslan við með tilheyrandi ferli og samþykktum.

„Þetta var í rauninni mjög áhugavert fyrir mig að sjá hvaða möguleikar eru í boði,“ segir Borghildur, sem er á öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands. „Það var mjög góð reynsla að fá að sjá aðeins inn í þennan heim og prófa að vinna með einhverjum viðskiptavini,“ bætir hún við.

Lína Borghildar samanstendur af dömuklæðnaði, náttfötum og nærfötum, sem öll eru prýdd jákvæðum íslenskum orðum. „Ég vona að fötin fái fólk til að brosa pínulítið svona í erli dagsins,“ segir Borghildur. „Í dömulínunni notaði ég orðin hamingja og himinlifandi, náttfötin prýða orðið dreymandi, en á nærfötunum stendur lífsgleði,“ útskýrir hún.

Vörur Borghildar eru nú fáanlegar í Hagskaupverslunum vítt og breitt um landið. -sun



**VILL FÁ BROS** Borghildur vonast til að fá fólk til að brosa út í annað með hönnun sinni sem prýdd er jákvæðum orðum í íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


Ekki missa af einst

sami leikhópur, ein saga - tveir miðlar




„Með Brúðgumanum efnir Baltasar Kormákur öll loforðin sem fyrri bíómyndir hans hafa gefið.“
-Silja Aðalsteinsdóttir, VB

„Tær snilld!“
- Séð og heyrt

# Bjarni og Metallica notuð við pyntingar

Tónlist er notuð í amerískum fangelsum í Írak og Guantanamo til halda föngum vakandi dögum saman, til að rugla þá í ríminu fyrir yfirheyrslur – og líka til að yfirgnæfa öskrin í þeim. Nú hefur bandaríska netsíðan Mother Jones (motherjones.com) birt einhvern ófrýnilegasta vinsældarlisti sögunnar, lista yfir „vinsælustu“ lögin í amerískum fangelsum í „stríðinu gegn hryðjuverkum“. Listinn er byggður á yfirheyrsluskýrslum, fréttaskeytum og frásögnum hermanna og fanga.

Þungarokkslög eins og „Enter Sandman“ með Metallica eru ásamt kántrílögum mest notuð til pyntinga. Þá þykja kynæsandi lög með stelpum eins og Christinu Aguilera og lög hlaðin föðurlandsást eins og „America“ með Neil Diamond og „Born in the USA“ með Bruce Springsteen góð til þessa andstyggilega brúks. Óvæntasta lagið á listanum er titillagið í barnaþætti bleiku risaeðlunnar Bjarna (e. Barney). Vinsældir lagsins við þessar „snertilausu pyntingar“, eins og það er kallað á fagmáli, byggjast á því að lagið er einstaklega pirrandi, hvað þá þegar það hefur gengið stanslaust tímum, eða jafnvel dögum saman. - glh



**BLEIKA RISAEÐLAN BJARNI** Tekur þátt í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

# Swayze með krabba

Leikarinn Patrick Swayze er með krabbamein í brisi. Þetta staðfesti læknir hans í vikunni. Fréttir þess efnis að Swayze væri alvarlega veikur og ætti aðeins örfáar vikur eftir ólifaðar höfðu þá þegar skotið upp kollinum, en læknirinn sagði enga ástæðu til að vera svo svartsýnn. „Sjúkdómur Patricks er mjög takmarkaður og hingað til virðist hann bregðast mjög vel við meðferðinni,“ sagði Dr. George Fisher og vísaði öllum tilgátum um áætlaðan lífstíma Swayze alfarið á bug. „Við erum mun jákvæðari en svo,“ sagði hann.

Talsmaður leikarans staðfesti að Swayze gengist nú undir meðferð. „Patrick heldur sínu striki eins og alltaf og það felur einnig í sér vinnu við framtíðarverkefni. Patrick og fjölskylda hans eru mjög þakklát fyrir allan þann stuðning og þá umhyggju sem hann hefur þegar fengið frá almenningi,“ sagði hann.



**BREGST VEL VIÐ MEÐFERÐ** Patrick Swayze fær nú meðferð gegn krabbameini í brisi.

MARSTILBOÐ Á
DREIFIMIÐUM &
SMÁBÆKLINGUM
1000STK VERÐ FRÁ AÐEINS
33% AFSLÁTTUR
21.237 KR MEÐ VSK
17.058 KR ÁN VSK




prentun.com
EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT
REYKJAVÍK Sími: 5276500
KÓPAVOGI Sími: 5522930
REYKJANESBÆ Sími: 4210001
HORNAFIRÐI Sími: 4782052

öku tækifæri
Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is




„Það er líka sjaldgæft að verða vitni að jafn kraftmikilli sýningu og þessari, jafn miklum galsa, jafn fumlausum tökum á forminu, jafn afdráttarlausri túlkun, jafn tilgerðarlausri en jafnframt útpældri sviðsmynd ... Hvað Baltasar Kormák leikstjóra varðar er enn einn sigurinn í höfn.“
- Þröstur Helgason Lesbók MBL 29/12

# Megas og SSSól fara aldrei suður

Aldrei fór ég suður-hátíðin verður haldin í fimmta sinn dagana 21. og 22. mars, föstudaginn langa og laugardag fyrir páska, á Ísafirði. Dagskráin var kynnt í gær og ber hæst að Megas og Senuþjófarnir mæta á svæðið og Vestfirðingurinn Helgi Björns og félagar hans í SSSól troða í fyrsta skipti upp á hátíðinni.

Rokkhátíð alþýðunnar verður haldin á sama stað og í fyrra, í gömlu Eimskipa- og Ríkisskipaskemmunni við Ásgeirsbakka Ísafjarðarhafnar, og er þátttakendalistinn girnilegur. Fyrir utan þá sem þegar hafa verið nefndir spila Bob Justman, Hjaltalín, Retro Stefson, Sprengjuhöllin, XXX Rottweilerhundar, Sign, Mysterious Marta, Dísa, Hraun, Morðingjarnir, Skakkamanage, Karlakórinn Ernir með Óttari Proppé, Múgsefjun, Johnny Sexual, Ben Frost, Abbababb!, Sudden Weather Change, Vax, Vilhelm, Hellvar, Hjálmar, Biogen, Skátar, Ultra mega teknóbandið Stefán, Steintryggur, Lára Rúnarsdóttir, Benny Crespo´s Gang, Flateyrar-rapp og Hálfkák á Aldrei fór ég suður í ár. Frekari upplýsingar á aldrei.is.



**FER VESTUR MEÐ SENUÞJÓFUNUM** Megas verður á Ísafirði um páskana.

# Gaukurinn skiptir um nafn

**Nafni tónleikastaðarins Gauks á Stöng verður breytt á næstunni og um leið mun klúbbastemning taka öll völd. „Þessi staður verður fyrir fólk á öllum aldri sem finnst gaman að dansa," segir eigandinn Kiddi Bigfoot.**

„Ég er búinn að vera með þetta sem tónleikastað í eitt ár og það bara gengur ekki upp," segir Kiddi. „Staðurinn býður upp á að geta á mjög skemmtilegan hátt breyst í flottan klúbb. Ég breytti staðnum töluvert þegar ég tók við honum og ætla að halda áfram með þá línu. Þetta verður samt töluverð breyting, ekkert svið, flott dansgólf með flottum græjum og flottum ljósum."

Gaukurinn hefur verið starfandi í 25 ár undir sama nafni og sjá vafalítið margir eftir því. „Nafnið er flott vörumerki en engu að síður stendur það fyrir vissa hluti og þegar maður er að fara að breyta alveg í u-beygju tel ég að ég þurfi að skipta um nafn," segir Kiddi.

Hann segir að aðstæður hafi breyst síðan hann tók við staðnum sem hafi gert honum erfitt fyrir. „Þegar við förum af stað voru mjög fáir tónleikastaðir. Síðan bættust þeir við og sumir á undan okkur áður en við opnuðum þannig að úrvalið var eitthvað. Svo hafa þessar stærri hljómsveitir nóg að gera við að spila fyrir banka og önnur fyrirtæki. Þær eru að taka stutt kvöld þar fyrir fínan pening þannig að það er kannski minni áhugi á að fara á ball sem er lengra og meiri áhætta. Það að auki hafa mjög fáar ballhljómsveitir verið að koma upp."

Kiddi lætur engan bilbug á sér finna í skemmtanabransanum enda margreyndur sem fyrrverandi eigandi Dejá Vu, Tungslins, Rósenbergs og fleiri staða. Einnig starfaði hann á Astró og Skuggabarnum. „Ég er bara búinn að vera í 24 ár þannig að ég á eitthvað eftir."

freyr@frettabladid.is



**KIDDI BIGFOOT** Kiddi Bigfoot ætlar að breyta Gauknum í klúbb með flottu dansgólfi.


SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| AUGUST RUSH | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 2 | VIP |
| STEP UP 2 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 2 - 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| JUNO | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2:10 - 4:10 - 6:10 | L |
| STEP UP 2 | kl. 2 - 4 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SparBíó 450kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |
| ATONEMENT | kl. 8 | 12 |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 10:40 | 7 |
| STEP UP 2 | kl. 6 | 7 |
| BRÚÐGUMINN síðasta sýn. | kl. 4 | 7 |
| ÁSTRÍKUR M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | |
| STEP UP 2 | kl. 4 - 6 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10 | 7 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 2 | L |
| JUNO | kl. 6 - 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:20 | 16 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TALI | kl. 6 | L |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEMI-PRO | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 12 |
| RAMBO | kl. 6.15, 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1.45 og 4 ÍSL TAL | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 2 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | 5% | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 1.30-3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 1.30-3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1 - 3.30 ÍSL. TAL | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 1.30 ÍSL. TAL | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUGUST RUSH | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BE KIND REWIND | kl. 3 - 8 - 10.15 | |
| DIVING BELL | kl. 3 - 5.40 - 8 | |
| 27 DRESSES | kl. 3 - 5.30 - 10.10 | 12 |
| | | 7 |

5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 3 - 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.50 ÍSL. TAL | |

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

8. mars
SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag




UNDRAHUNDURINN M/ÍSL TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, SELFOSSI OG Á AKUREYRI
TÖFRABÚÐIN (ENSKT TAL) KL. 2 Í ÁLFAB OG Á AKUREYRI
TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TALI KL. 2 Í KRINGLUNNI
BÝFLUGUMYNDIN M/ ÍSL. TALI KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA
STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Í KRINGLUNNI
SAMBÍÓIN

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBOGINN 450 kr.




kl. 3 í Háskólabíó | kl. 3 í Háskólabíó | kl. 4 í Háskólabíó | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ 450 kr. á fyrstu sýningar dagsins




**Gullnu reglur Græna ljóssins**

1 **Ekkert hlé**
Myndin sýnd í einum rykk

2 **Minna af auglýsingum**
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 **Engin truflun**
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

## > Ragna hætti keppni vegna meiðsla

Ragna Ingólfsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari í badminton, varð að hætta keppni á alþjóðlega badmintonmótinu Croatian International í gær. Ragna mætti þá Kristinu Ludikovu frá Tékklandi í fyrstu umferð mótsins en varð fyrir því óláni að snúa sig í annarri lotu og varð í framhaldinu að gefa leikinn. Samkvæmt heimasíðu Badmintonsambands Íslands munu meiðsli Rögnu ekki vera talin alvarleg en hún fer strax í meðferð hjá læknum og sjúkraþjálfurum við heimkomuna til Íslands. Ragna mun líklega fara á færri mót á næstunni en hún hafði planað og einbeitir sér væntanlega að því að verða klár í slaginn á Evrópumótinu í apríl næstkomandi.



**sport**
sport@frettabladid.is

**VIGGÓ TEKUR VIÐ AF BUDAY:** TÓK AÐEINS TVO DAGA FYRIR FRAMARA AÐ NÁ SAMNINGUM VIÐ VIGGÓ

# *Við höfum vel efni á Viggó Sigurðssyni*

Þau komu talsvert á óvart tíðindin á fimmtudag að Viggó Sigurðsson væri búinn að semja við Fram til næstu tveggja ára. Hann tekur við starfinu af Ungverjanum Ferenc Buday en samningur hans við Safamýrarliðið rennur út í lok tímabils.

„Okkur barst til eyrna að hann hefði áhuga á að koma aftur í þjálfun og heyrðum fyrst í honum á þriðjudaginn og lokuðum málinu á fimmtudag. Þetta var einfalt. Við viðruðum okkar hugmyndir, honum leist vel á þær og við kláruðum dæmið,“ sagði Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, en leikmönnum og núverandi þjálfara liðsins var tilkynnt um ráðninguna eftir leikinn gegn Aftureldingu á fimmtudag. Tímasetningin vekur eðlilega athygli enda tímabilið ekki búið og vandséð hvernig tíðindin fara í leikmenn sem og núverandi þjálfara.

„Við vildum ekkert vera í felum með þetta. Það er algjör óþarfi. Buday fékk líka að vita að hann nyti fulls stuðnings stjórnar út tímabilið. Það er alls ekkert verið að reka hann, málið er einfaldlega að hann er bara að klára sinn samning.



Við vorum að velta fyrir okkur framhaldinu og hvaða þjálfara við vildum. Viggó var í boði og hann er frábær þjálfari sem við vildum fá. Ég væri að ljúga ef ég segði að við hefðum ekki áhyggjur af því hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa í framhaldinu. Við höfum samt trú á Buday, hann er reyndur kappi sem klárar þetta örugglega með sæmd. Hann tók fréttunum af fagmennsku,“ sagði Jón.

Viggó Sigurðsson hefur verið ákaflega sigursæll þjálfari í gegnum tíðina. Það er ljóst að slíkur þjálfari kostar skildinginn.

„Það er ekkert ókeypis í lífinu. Við höfum vel efni á Viggó, annars værum við ekki að standa í þessu,“ sagði Jón Eggert en það eru hvorki einstaklingar né fyrirtæki sem fjármagna þessa tilteknu ráðningu líkt og oft tíðkast í íþróttalífinu hér heima. „Við erum bara duglegir að safna peningum. Þetta rúmast vel innan rekstraráætlunar næsta árs og það er gert ráð fyrir þessu á áætluninni árið þar á eftir.“



**Á FÖRUM** Ferenc Buday fer líklega aftur til Ungverjalands í sumar.

Ferenc Buday:

## Væntanlega á leið heim

**HANDBOLTI** Eins og kunnugt er mun Viggó Sigurðsson taka við liði Fram næsta sumar er samningur Ungverjans Ferenc Buday rennur út.

Buday sagðist hafa fengið tíðindin eftir leik Fram og Aftureldingar á fimmtudag og játaði að þau hefðu komið sér nokkuð á óvart.

Hann sagði að þó svo að hann ætti ekki framtíð hjá félaginu myndi hann klára tímabilið af fullum krafti fyrir Fram.

Buday sagði framhaldið hjá sér óljóst en taldi nokkuð víst að hann ætti að geta komist að hjá félögum í Evrópu eða í heimalandinu. Aðspurður hvort hann hefði áhuga á að þjálfa áfram á Íslandi sagðist hann einfaldlega skoða allt sem kæmi upp með opnum huga en eins og staðan væri núna myndi hann eflaust halda heim á leið. - hbg

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 8. mars
Digranes kl. 14:00
HK - ÍBV
Ásvellir kl. 16:00
Haukar - Stjarnan
Vodafone höllin kl. 18:15
Valur - Akureyri

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 8. mars
Strandgata kl. 13:00
FH - HK
Framhús kl. 14:00
Fram - Akureyri
Ásvellir kl. 14:00
Haukar - Stjarnan

# Öruggur sigur gegn Írlandi

**Ísland sigraði Írland með miklum yfirburðum, 4-1, í öðrum leik liðsins á Algarve Cup í Portúgal í gær. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari liðsins, var sáttur með leikinn í gær og telur möguleika liðsins góða gegn Portúgal í næsta leik.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu sigraði Íra auðveldlega 4-1 á Algarve Cup í Portúgal í gær. Öll mörk leiksins voru skoruð í fyrri hálfleik en þetta var annar leikur Íslands í mótinu og annar sigurinn.

Erla Steina Arnardóttir kom Íslandi yfir strax á 7. mínútu og Margrét Lára Viðarsdóttir bætti öðru marki við fimm mínútum síðar. Sara Björk Gunnarsdóttir, sem var að leika sinn fyrsta landsleik í byrjunarliðinu, skoraði þriðja markið á 18. mínútu en fimm mínútum síðar minnkuðu írsku stelpurnar muninn. Það var svo Margrét Lára sem skoraði síðasta mark leiksins á 40. mínútu.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, var afar sáttur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í leikslok í gær.

„Ég er mjög ánægður með leik liðsins og þá sérstaklega fyrri hálfleikinn, sem er einn sá besti sem liðið hefur spilað undir minni stjórn. Það var virkilega góð barátta í liðinu og við náðum að skapa okkur sex til sjö góð færi og nýttum fjögur af þeim. Varnarleikurinn var líka til fyrirmyndar og ég er reyndar búinn að vera ánægður með varnarvinnu liðsins í síðustu leikjum. 4-3-3 leikkerfið sem við höfum verið að spila er líka að gefa sig vel. Við héldum alltaf áfram þrátt fyrir að við höfum komist fljótlega í 3-0 og í seinni hálfleik gat ég leyft mér að gera margar breytingar á liðinu til þess að dreifa álaginu og leyfa fleiri stelpum sem höfðu spilað minna að fá tækifæri til að sanna sig og það var mjög fínt,“ sagði Sigurður Ragnar og sá ástæðu til þess að hrósa ungum og efnilegum stelpum sem eru að koma inn í landsliðið.



**ÖFLUGAR** Margrét Lára Viðarsdóttir og Edda Garðarsdóttir voru í eldlínunni þegar Ísland sigraði Írland 4-1 á Algarve Cup í Portúgal í gær. Margrét Lára skoraði tvö mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**EFNILEG** Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði þriðja mark Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Efnilegar stelpur að stíga fram

„Sara Björk hefur staðið sig frábærlega á mótinu og er mjög efnileg. Rakel Hönnudóttir kom vel inn í fyrsta leikinn en meiddist þá en getur vonandi spilað á mánudaginn,“ sagði Sigurður Ragnar, sem telur möguleika Íslands í lokaleik riðilsins á mánudag gegn heimaliði Portúgals vera góða.

„Lokaleikur riðilsins gegn Portúgal verður algjör úrslitaleikur, en portúgalska liðinu hefur greinilega farið fram frá því í fyrra þar sem það lagði bæði Pólland og Írland að velli þrátt fyrir að þau lið séu bæði ofar en Portúgal á styrkleikalista. Okkur dugir jafntefli til þess að enda í toppsæti riðilsins en stefnum að sjálfsögðu á sigur,“ sagði Sigurður Ragnar ákveðinn.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express-deild karla*

| | |
|---|---|
| Snæfell-Grindavík | 75-72 |
| Þór Ak.-Fjölnir | 106-81 |

### *Iceland Express deild kvk.*

| | |
|---|---|
| Keflavík-Hamar | 97-74 (51-37) |

**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 42, Margrét Kara Sturludóttir 15 stig (14 frák., 6 stolnir), Pálína Gunnlaugsdóttir 13 (10 frák.), Susanne Biemer 10, Birna Valgarðsdóttir 9, Rannveig Randversdóttir 4, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 2, Halldóra Andrésdóttir 2.
**Stig Hamars:** Lakiste Barkus 28 stig (9 frák. 9 stoðs.), Iva Melevoj 20 (8 frák., 6 stoðs.), Hafrún Hálfdánardóttir 8 (7 frák.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7, Sóley Guðgeirsdóttir 4, Fanney Lind Guðmundsdóttir 3, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 2, Íris Ásgeirsdóttir 2.

### *Algarve Cup*

| | |
|---|---|
| Ísland-Írland | 4-1 |

1-0 Erla Steina Arnardóttir (7.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (12.), 3-0 Sara Björk Gunnarsdóttir (18.), 3-1 (23.), 4-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (40.).
*Ísland mætir heimaliði Portúgal á mánudaginn.

Iceland Express-deild karla:

## Snæfell sigraði Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Snæfell er ekki búið að segja sitt síðast í baráttunni um fjórða sætið og sigraði Grindavík 75-72 í Hólminum í gær. Slobodan Subasic tryggði Snæfelli sigur á lokasekúndunum með þriggja stiga körfu.

Snæfell komst með sigrinum upp að hlið Njarðvíkur í fjórða sætinu en bæði lið eru með 24 stig þegar tveimur leikjum er ólokið áður en úrslitakeppnin hefst og fjórða sætið er síðasta sætið sem gefur heimaleikjarétt í henni. Grindavík heltist úr lestinni um deildartitilinn með tapinu og er sem stendur fjórum stigum á eftir Keflavík og KR.

Hlynur Bæringsson var sáttur með sigurinn en ekki spilamennsku Snæfells.

„Mér fannst við ekki vera að spila vel og við vorum búnir að eiga við einhver meiðsli og veikindi fyrir leikinn en sigurinn var mikilvægur. Við náðum því sem við lögðum upp með og það voru stigin tvö,“ sagði Hlynur í viðtali við Fréttablaðið í gær. - óþ

Keflavík tók við deildarmeistaratitlinum í gærkvöld:

# Allt að ganga upp

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur tóku við deildarmeistaratitlinum eftir 23 stiga sigur á Hamri, 97-74, í lokaheimaleik sínum í Iceland Express deildinni í gær. Keflavík vann þar með alla tólf heimaleiki sína í vetur og hefur nú heimavallarréttinn út úrslitakeppnina.

Kesha Watson skoraði 42 stig í leiknum, Margrét Kara Sturludóttir var með 15 stig, 14 fráköst og 6 stolna bolta og Pálína Gunnlaugsdóttir bætti við 13 stigum og 10 fráköstum. Hjá Hamri var Lakiste Barkus með 28 stig, 9 fráköst og 9 stoðsendingar og Iva Melevoj var með 20 stig, 8 fráköst og 6 stoðsendingar.

„Mér finnst allt vera að ganga upp hjá okkur núna, við höfum stefnt að því allan veturinn að toppa á réttum tíma og ég tel að það sé að gerast núna. Við ætluðum okkur stóra hluti í vetur og erum búin að vinna þrjá af fjórum titlum sem hafa verið í boði. Það voru gríðarlega mikil vonbrigði fyrir liðið að detta út úr undanúrslitum í bikar en það gerir okkur bara ennþá ákveðnari í að standa okkur vel í úrslitakeppninni og ég vildi helst að úrslitakeppnina byrjaði á morgun,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari nýkrýndra Íslandsmeistara. - óój




**VERÐLAUNAAFHENDING** Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, afhendir hér Ingibjörgu Elvu Vilbergsdóttur, fyrirliða Keflavíkur, deildarmeistaratitilinn í Keflavík í gærkvöld. ÞORGILS/VÍKURFRÉTTIR



# BT

# BETRA VERÐ Í BT

COSMOGRAPHIC©

**40.000,- VERÐLÆKKUN**

SAMSUNG




40" LCD

**199.999,-**

**Samsung 40" LCD TV**
Glæsilegt 40" sjónvarpstæki frá Samsung. Full HD upplausn gefur þér mun betri myndgæði en áður hefur þekkst. (Vörunúmer: LE40N87BDX).
**VERÐ ÁÐUR 239.999,-**

- Upplausn 1920x1080 - Full HD
- Dynamic contrast 10.000:1
- Birta 550 cdm2
- Svörunartími 8ms
- Progressive scan
- 3 HDMI tengi / 2 Scart tengi
- VGA tengi

Canon

**Canon Digital SLR myndavél**
**VERÐ ÁÐUR 129.999,-**

- 10 megapixla D-SLR
- Rykvörn á myndflögu
- Anti-static yfirborð á myndflögu
- 2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
- Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
- Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
- Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin
- að auganu

**30.000,- VERÐLÆKKUN**




**99.999,-**

Tvær linsur og batterígrip fylgja pakkanum

**Canon 400D**
**Með 18-55mm linsu** **69.999,-**

Canon

**Canon Digital SLR myndavél**
(Vörunúmer: Canon40D1785.)
**VERÐ ÁÐUR 189.999,-**

- 10.1 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur allt 6.5 ramma á sekúndu
- Hárnákvæmt 9 punkta Autofocus kerfi
- Bjartur 3.0" TFT LCD skjár
- Live View mode-
- Hraðvirkur DIGIC III örgjörvi
- vinnur myndir á 14 bitum
- 0.15 sekúndur að kveikja á sér
- Innbyggt rykhreinsikerfi frá Canon
- Sterkbyggt Magnesium hús , ryk og rakavarið

**20.000,- VERÐLÆKKUN**




**169.999,-**

Canon 17-85MM 4-5,6 IS USM linsa fylgir

**Canon 40D**
**Vél án linsu** **134.999,-**

**VERÐ ÁÐUR 144.999,-** **10.000 VERÐLÆKKUN**

**www.bt.is · Auglýsingin gildir 8 - 10 mars 2008**



**GÓÐ GEGN KR** Tiffany Roberson hjá Grindavík. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Bikarmeistarar Grindavíkur:

## Þurfa að vinna með 16 stigum

**KÖRFUBOLTI** Bikarmeistarar Grindavíkur taka á móti KR í lokaumferð Iceland Express-deildar kvenna, en undir er heimavallarréttur í einvígi þessarra sömu liða í komandi undanúrslitum úrslitakeppninnar.

KR er með tveimur stigum meira en Grindavík og má tapa með fimmtán stigum. Vinni Grindavík með 16 stigum þá verða liðið jöfn innbyrðis og þá er Grindavík ofar á betra stigahlutfalli úr öllum leikjum deildarinnar.

Grindavík og KR geta mæst sex sinnum í röð á næstu þremur vikum því auk leiksins í dag þá getur einvígi þeirra í úrslitakeppninni farið alla leið í fimm leiki. - óój

# Hef aldrei náð að spila á Wembley

**Hermann Hreiðarsson fær að glíma við snillinga á borð við Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney á Old Trafford í dag í leik Manchester United og Portsmouth í átta liða úrslitum enska bikarsins.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson verður í sviðsljósinu á Old Trafford í dag þegar lið hans Portsmouth sækir ensku meistarana í Manchester United heim í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar. Leikurinn hefst klukkan 12.45 og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn.

Hermann viðurkennir það alveg að þeir hefðu getað verið heppnari þegar dregið var í átta liða úrslitin.

„Þetta gat ekki verið verri dráttur fyrir okkur. Það hefði verið allt annað að fá annaðhvort Chelsea eða Manchester United á heimavelli því við erum búnir að spila við þau bæði á okkar heimavelli og töpuðum hvorugum leiknum. Útivöllur er alltaf erfiðari og þá sérstaklega að fara á Old Trafford sem er það erfiðasta sem hægt var að fá. Það þýðir samt ekki að velta því fyrir sér núna því það er komið að þessu. Við vitum það líka að ef þú ætlar að vinna bikarinn þá þarftu að vinna stóru liðin,“ segir Hermann sem segir að Portsmouth ætli bara að mæta meisturunum á sínum forsendum og spila sinn bolta.

„Það hefur gengið vel á útivelli hjá okkur í vetur en auðvitað þarf að spila agaðan varnarleik á móti Manchester og við vitum það. Þeir eru búnir að vera stórkostlegir í vetur. Það er samt allt annað andrúmsloft þegar komið er að bikarnum. Við höldum bara okkar leikkerfi, reynum að spila agaðan varnarleik en ætlum ekkert að pakka í vörn. Það gefur okkur ekkert því við þurfum að skora mark til þess að komast áfram,“ segir Hermann en það er bara rétt rúmur mánuður síðan Portsmouth mætti United á Old Trafford í deildinni.

Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk leiksins á 10. og 13. mínútu. „Þeir gjörsamlega keyrðu yfir okkur á fyrsta korterinu og voru þá komnir strax í 2-0 og leikurinn var í rauninni búinn. Þá voru þeir í essinu sínu, héldu boltanum vel og við vorum bara í þvílíkum eltingarleik. Það var mjög lélegur leikur af okkar hálfu og það jákvæða við að vera að fara aftur á Old Trafford er að við getum sýnt hvað í okkur býr. Það býr miklu meira í liðinu en það sýndi í deildarleiknum á dögunum á Old Trafford,“ segir Hermann.



**Í GÓÐU STANDI** Hermann Hreiðarsson er tilbúinn í leikinn við Man. United í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Hermann hefur spilað í enska boltanum í meira en áratug en hefur aldrei komist lengra en í átta liða úrslit enska bikarsins.

„Ég hef aldrei komist í undanúrslitin í enska bikarnum og það er mikið í húfi því undanúrslitin eru á Wembley. Það væri draumurinn að komast þangað því ég hef aldrei náð að spila á Wembley. Þetta er búið að vera mjög gott tímabil. Það eru tíu leikir eftir og 30 stig eftir í pottinum. Ef við myndum ná Evrópusæti þá væri þetta alveg frábært tímabil,“ segir Hermann sem er í fínu standi og klár í að taka á mönnum eins og Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney í Leikhúsi draumanna í dag.

Chelsea fær síðan lið Barnsley í heimsókn í hinum bikarleik dagsins en hann hefst klukkan 17.30 og er einnig sýndur á Sýn. ooj@frettabladid.is








**KLÁRAÐI MEÐ STÆL** Guðmundur Karlsson gerði Hauka að Íslandsmeisturum árið 2000 þótt að hann vissi að Viggó Sigurðsson yrði næsti þjálfari liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Viggó Sigurðsson í sömu stöðu og fyrir átta árum:

## Vinnur Fram titilinn eins og Haukar?

**HANDBOLTI** Þegar Viggó Sigurðsson var tilkynntur sem þjálfari Fram á næsta tímabili, þegar enn eru átta umferðir eftir af N1-deild karla, var mörgum örugglega hugsað til þess sem gerðist á Strandgötunni í Hafnarfirði fyrir rétt tæpum átta árum.

Það var nefnilega þannig síðast þegar Viggó Sigurðsson var ráðinn þjálfari liðs meðan annar þjálfari var í sama starfi að sá þjálfari skilaði liðinu Íslandsmeistaratitli um vorið.

Fyrir átta árum var Viggó að koma heim frá Þýskalandi þar sem að hann hafði þjálfað þýska liðið Wuppertal í þrjú ár. Hann hafði þjálfað lið Hauka árartugi áður, en snéri þá aftur heim til Íslands. Nú hefur hann lítið þjálfað síðan hann hætti með íslenska landsliðið en hjálpaði þó bæði til hjá þýska liðinu Flensburg sem og Haukum á síðasta tímabili.

Fréttin um komu Viggós fyrir átta árum fór í loftið 25. janúar 2000 eða í miðju EM-fríi í deildinni. Haukarnir voru þá dottnir út úr bikarnum og aðeins í 7. sæti deildarinnar með 12 stig út úr 13 leikjum. Það var stutt í næstu lið fyrir neðan og ljóst að framundan var hörð barátta um að komast í úrslitakeppnina. Á þessum tíma var örugglega enginn að hugsa um möguleikann á Íslandsmeistaratitlinum því Afturelding var í toppsætinu með ellefu stigum meira en Haukar.

Guðmundur Karlsson var fagmennskan uppmáluð og Haukarnir fór á mikið flug í framhaldi af EM-fríinu. Haukaliðið tapaði aðeins einum af síðustu níu leikjum sínum og fékk 14 stig út úr þeim eða tveimur stigum meira en liðið náði í fyrstu þrettán leikjum tímabilsins. Haukarnir komu sér upp í 4. sæti deildarinnar og voru með heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Í úrslitakeppninni héldu Haukum síðan engin bönd. Þeir unnu ÍBV (5. sæti) 2-0 í 8 liða úrslitum, unnu 2-1 sigur á deildarmeisturum Aftureldingar í undanúrslitum og unnu síðan Fram 3-1 í lokaúrslitunum þrátt fyrir að hafa tapað fyrsta leiknum með tíu mörkum. Guðmundur kvaddi því með því að gera Hauka að Íslandsmeisturum í fyrsta skipti í 57 ár, en Viggó átti síðan eftir að verja titilinn árið eftir og vinna hann síðan aftur árið 2003.

Nú er að sjá hvort fréttin í fyrradag hafi sömu áhrif á Ungverjann Ferenc Buday en Framliðið er nú í 2. sæti deildarinnar tveimur stigum á eftir Haukum en búið að spila leik meira. Hver veit neima að sagan geti endurtekið sig. - óój



**BARÁTTA** Það verður hart barist þegar topplið Hauka fær Stjörnuna í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukar og Stjarnan mætast í N1-deildum karla og kvenna að Ásvöllum í dag:

# Adidasdagurinn að Ásvöllum

**HANDBOLTI** Það er stór dagur á Ásvöllum í dag þegar karla- og kvennalið Hauka fá Stjörnuna í heimsókn. Kvennaleikurinn fer fram kl. 14:00 og karlaleikurinn þar strax á eftir kl. 16:00.

Karlalið Hauka situr sem stendur á toppi N1-deildarinnar með 28 stig en Stjarnan er í fjórða sæti með 22 stig þegar tíu leikir er eftir. Liðin hafa mæst tvisvar sinnum í vetur og vann Stjarnan á Ásvöllum um miðjan október en Haukar unnu í Mýrinni í lok nóvember og Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, á von á hörkuleik.

„Leikirnir á milli Hauka og Stjörnunnar hafa verið skemmtilegir undanfarin ár og mikil spenna í kringum þá meðal leikmanna og áhorfenda og það verður engin undantekning núna. Við töpuðum frekar illa gegn þeim á Ásvöllum fyrr í vetur og vorum mjög óánægðir með leik okkar þá og þurfum að bæta fyrir það,“ sagði Aron.

Kvennalið Hauka hefur helst úr lestinni í toppbaráttu N1-deildarinnar en Stjarnan hefur sett mikla pressu á topplið Fram undanfarið og nú skilja aðeins tvö stig liðin að í fyrsta og þriðja sæti. Valur er þar á milli einu stigi á eftir Fram en liðið hefur leikið einum leik fleiri en hin liðin tvö.

Stjórn Hauka stendur fyrir skemmtilegri dagskrá í kringum leikina í samstarfi við Adidas og Aron, sem er einnig framkvæmdastjóri Hauka, kvað uppákomur sem þessa hafa gefið sig vel.

„Við settum okkur það markmið að reyna að bæta umgjörðina í kringum leikina hjá okkur og finnum það að þegar við bjóðum upp á einhverja dagskrá í kringum leikina þá fáum við betri mætingu. Adidas mun gefa 150 fyrstu miðana á hvorn leik og standa fyrir vítakastkeppni þar sem áhorfendum gefst tækifæri á að vinna sér inn handbolta með því að skora mark gegn markverði Hauka. - óþ



**MEÐ NEISTANN** Sir Alex Ferguson kveðst enn hafa mikla ástríðu fyrir starfi sínu hjá United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson, Man. Utd:

## Engin plön um að hætta

**FÓTBOLTI** Samkvæmt nýlegu viðtali sem Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, á að hafa átt við Daily Mirror virðist hann vera búinn að ákveða lauslega hvenær hann hyggðist hætta í þjálfun.

„Ég hef enn mikla ástríðu og er mjög ánægður í starfi mínu. Ég er hins vegar 66 ára gamall og kannski að ég láti þrjú ár til viðbótar duga,“ á Ferguson að hafa sagt í viðtali en hann bar allt til baka í viðtali við Sky Sports fréttastofuna í gær.

„Það er ómögulegt að segja hvenær ég hætti. Það gæti verið eftir fjögur ár og það gæti jafnvel verið á morgun ef marka má það sem ég les í skrifum fjölmiðlamafíunnar sem vill losna við mig,“ sagði Ferguson í léttum dúr. - óþ



**ÓSÁTTUR** Roy Keane finnst heldur hafa hallað á lið sitt í dómgæslu í ensku úrvalsdeildinni í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Roy Keane, Sunderland:

## Ósáttur við dómgæsluna

**FÓTBOLTI** Roy Keane, knattspyrnustjóri Sunderland, er allt annað en sáttur með dómgæsluna í leikjum liðs síns í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

„Það er alltaf verið að tala um sanngirni í samhengi við dómgæslu en dómarnir hafa svo sannarlega ekki fallið með okkur í ár. Það eru alla vega fimm rangar ákvarðanir sem ég man eftir sem hafa haft áhrif á niðurstöðuna í leikjum okkar og kostað okkur á að giska sex stig. Ég verð að játa það að ég er mjög taugaveiklaður yfir því að þurfa að horfa upp á þetta gerast aftur og aftur,“ sagði Keane í viðtali við útvarpsstöð BBC í Newcastle. Sunderland er í harðri fallbaráttu og er sem stendur í fimmtánda sæti aðeins tveimur stigum frá fallsæti. - óþ



## > Jason Biggs

Lítið hefur farið fyrir Biggs undanfarið en þegar hann var sem mest áberandi lét hann eftirfarandi orð falla: „Hvert sem þú lítur sérðu mig í einhverri kvikmynd og ég biðst afsökunar á því. Fólk hlýtur að vera farið að spyrja sjálft sig: „Guð, Biggs aftur? Komumst við aldrei undan þessum gaur?“.“ Biggs leikur sína þekktustu persónu í myndinni American Pie 2 sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR VILL GEÐÞEKK NÖRD FREKAR EN VONDA STRÁKA

# Dreptu fyrir mig, elskan

Ég hef aldrei verið gefin fyrir vonda stráka, það er að segja viðsjárverða menn eins og kvennagull í bandarískum lögguþáttum og kvikmyndum eru jafnan. Einn af ástkærum yfirmönnum mínum útlistaði smekk minn á karlmönnum eitt sinn þannig fyrir mér að ofmenntuð nörd væru þeir menn sem helst kveiktu hjá mér áhuga. Það kvað ég prýðilega skilgreiningu. En vegna þessara tilfinningalegu annmarka, ef svo má segja, hef ég átt erfitt með að hrífast af sjónvarpshetjum. Ég sá til að mynda aldrei neitt spennandi við Grease, sem þó er skylduáhorfsmynd sé maður unglingsstelpa, Luke í Beverly Hills 90210 þótti mér mjög hallærislegur gaur og svo mætti lengi telja.



Á skjáinn skortir menn sem eru líklegir til að spjalla um Njálu, fiskeldi, veðurfræði eða garðyrkju. Ég hef oft fundið fyrir djúpstæðri löngun þegar ég horfi í sálarlaust tómið í augum einhverja svalra gaura á skjánum, eða þar til fyrir skömmu. Þá sá ég holdgerving sjúkrar þrár á skjánum. Ég er hamingjusamari nú því ég hef uppgötvað Dexter Morgan. Geðþekka laglega blóðslettufræðinginn sem er skrifstofunörd á daginn en myrðir vonda karla um nætur. Hann er án efa einn sá dásamlegasti maður sem ég hef séð bregða fyrir í sjónvarpi frá upphafi. Í hvert skipti sem ég á von á honum hvísla ég með sjálfri mér „dreptu fyrir mig Dexter, dreptu einhvern vondan kall á ægilega fallegan hátt“ og viti menn, hann hlýðir, enda dásamlegt nörd sem ég held að hafi verið skapaður til að fullnægja órum mínum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 Real Madrid-Espanyol** SÝN



▶ **22.00 War of the Worlds** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Cyper** STÖÐ 2



▶ **23.00 Da Vinci's Inquest** SKJÁREINN



▶ **00.25 American Pie 2** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir og Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar
**10.00 Einu sinni var... Maðurinn** (8:26)
**10.30 Kastljós**
**11.00 Kiljan**
**11.45 07/08 bíó leikhús**
**12.15 Jörðin og náttúruöflin** (1:5)
**13.10 Ofvitinn** (14:23) (Kyle XY II)
**13.55 Íslandsmótið í handbolta** Leikur Hauka og Stjörnunnar í efstu deild kvenna.
**15.50 Íslandsmótið í handbolta** Leikur Hauka og Stjörnunnar í efstu deild karla.
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 Gettu betur**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.45 Spaugstofan**
**20.10 Ævintýri - Öskubuska** Í þessari bresku sjónvarpsmynd er ævintýrið sígilda um Öskubusku fært í nútímabúning.
**21.05 Í strákaliðinu** (She's the Man) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2006.
**22.50 Draugaskip (Ghost Ship)**
▶**00.25 Bandarísk baka 2** (American Pie 2) Bandarísk gamanmynd frá 2002 um uppátæki vinahóps sem hittist að loknum fyrsta vetri sínum í háskóla. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Take the Lead**
**08.00 Beauty Shop**
**10.00 Fun With Dick and Jane**
**12.00 Doctor Dolittle 3**
**14.00 Beauty Shop**
**16.00 Fun With Dick and Jane**
**18.00 Doctor Dolittle 3**
**20.00 Take the Lead**
▶**22.00 War of the Worlds** Stórmynd frá Steven Spielberg, byggð á margfrægri vísindaskáldsögu H.G. Wells, með Tom Cruise í aðalhlutverki.
**00.00 Munich**
**02.40 Point Blank**
**04.05 War of the Worlds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney, Krakkarnir í næsta húsi, Fífí
**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir teiknimyndirnar Louie, Doddi litli og Eyrnastór, Blær, Gordon Garðálfur, Firehouse Tales, Könnuðurinn Dóra, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar og Ben 10
**10.25 Yu-Gi-Oh! - Bíómyndin**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.25 The Bold and the Beautiful**
**12.45 The Bold and the Beautiful**
**13.05 The Bold and the Beautiful**
**13.30 The Bold and the Beautiful**
**13.50 The Bold and the Beautiful**
**14.15 American Idol** (14:42)
**15.20 American Idol** (15:42)
**16.35 American Idol** (16:42)
**17.25 Sjáðu**
**17.55 Sjálfstætt fólk**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Fjölskyldubíó: Búi og Símon** Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Ævintýraheimurinn Gaya er í hættu þegar töfrasteininum er stolið. Við fylgjumst með vinunum Búa og Símoni leita steininn uppi og lenda í ótrúlegum svaðilförum til að bjarga heiminum. 2004.
**20.40 Zathura: A Space Adventure (Jumanji 2)** Hörkuspennandi ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna, sem er sjálfstætt framhald hinnar vinsælu Jumanji. Myndin segir frá tveimur bræðrum sem fara í undarlegt borðspil sem leiðir þá í ótrúlegt ferðalag um himingeiminn í húsinu þeirra. Með aðalhlutverk fer Tim Robbins.
▶**22.20 Cyper** (Samsærið) Margrómaður rómantískur framtíðartryllir með breska gæðaleikaranum Jeremy Notham og þokkadísinni Lucy Liu. Myndin gerist í náinni framtíð og fjallar um sölumann sem leiðist í vinnunni og ákveður að taka að sér hættulegt starf iðnaðarnjósnara. Áður en hann veit af hefur hann fallið fyrir dularfullu háskakvenndi og sogast inn í undirheima þar sem heilaþvottur er mál málanna. Aðalhlutverk. Jeremy Northam, Lucy Liu, Nigel Bennett. Leikstjóri. Vincenzo Natali. 2002.
**23.55 Assault On Precinct 13**
**01.40 Dragonflies**
**03.30 Taxi**
**05.05 Man Stroke Woman** (1:6)
**05.35 Fréttir**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.00 Veitt með vinum** (Eystri Rangá)
**08.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**09.25 Inside the PGA**
**09.50 Phoenix - Utah NBA körfuboltinn**
**11.50 Utan vallar**
**12.35 Man. Utd - Portsmouth FA Cup 2008** Bein útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth í ensku bikarkeppninni.
**14.45 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**15.20 Inside Sport** (Pollution In Bejing / Gerard Houllier / Jonny Wilkinson)
**15.50 World Supercross GP**
**16.50 FA Cup - Preview Show 2008**
**17.20 Barnsley - Chelsea FA Cup 2008** Bein útsending frá leik Barnsley og Chelsea í ensku bikarkeppninni.
**19.30 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
▶**19.55 Real Madrid - Espanyol Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Real Madrid og Espanyol í spænska boltanum.
**21.35 FA Cup 2008** (Man. Utd. - Portsmouth)
**23.15 Box - Felix Trinidad - Roy Jones**

## SÝN 2

**09.35 Premier League World**
**10.05 Season Highlights**
**11.05 PL Classic Matches**
**11.35 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**13.15 PL Classic Matches**
**13.45 PL Classic Matches**
**14.15 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**14.45 Liverpool - Newcastle Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Liverpool og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**16.55 PL Classic Matches**
**17.25 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Reading og Man. City
**19.10 4 4 2** Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**20.30 4 4 2**
**21.50 4 4 2**
**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**10.50 Vörutorg**
**11.50 World Cup of Pool 2007** Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mættu 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir Efren Reyes og Francisco Bustamante frá Filipseyjum freista þess að verja titilinn.
**12.40 Rachael Ray** (e)
**15.40 Fyrstu skrefin** (e)
**16.10 Top Gear** (e)
**17.00 Skólahreysti** (e)
**18.00 Psych** (e)
**19.00 Game tíví** (e)
**19.30 The Office** (e) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael snýr aftur úr fríi frá Jamaika, úthvíldur og endurnærður. Hann breytir þó fljótt um ham þegar ljósmynd úr fríinu setur hann úr jafnvægi.
**20.00 Bionic Woman (e)** Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jaime þykist vera háskólanemi til að komast nær kennara sem grunaður er um að tengjast hryðjuverkamönnum. Málið flækist þegar hún fellur fyrir aðstoðarmanni kennarans, sem einnig þykir grunsamlegur.
**21.00 Boston Legal** (e)
**22.00 Life** (e)
▶**23.00 Da Vinci's Inquest** Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.
**23.50 C.S.I.** (e)
**00.40 Law & Order** (e)
**01.30 Bullrun** (e)
**02.20 Professional Poker Tour** (e)
**03.45 The Boondocks** (e)
**04.10 Vörutorg**
**05.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**SÝN KL. 14.45**

### Liverpool - Newcastle



Ef leikur þessara liða hefði verið fyrir aldamót þá hefði fólk getað búist við markaveislu og stórbrotnum knattspyrnuleik. Þá var við stjórnvölinn hjá Newcastle Kevin nokkur Keegan og liðið eitt það allra skemmtilegasta á þeim árum. Nú er öldin önnur því lið Newcastle hefur sjaldan litið jafn illa út og á undanförnum vikum og ber varnarleikur liðsins þess merki að Keegan þjálfar liðið. Á sama tíma hefur Liverpool aðeins náð að rífa sig upp með frábærum sigri á Inter í Meistaradeild Evrópu en það er spurning hvort leikmenn Liverpool séu með hugann við leikinn gegn Inter sem fer fram á Ítalíu í vikunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Man. Utd. - Portsmouth

**Sýn kl. 12.35**

Enn og aftur mæta Englandsmeistararnir í Manchester United úrvalsdeildarliði í bikarkeppninni. Þeir prísa sig samt sæla yfir því að hafa fengið heimaleik, en það eru Hermann Hreiðarsson og félagar hans í Portsmouth sem ætla að mæta á Leikvang draumanna að þessu sinni og reyna að eyðileggja draum Unitedmanna um nýja þrennu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Að rækta fólk
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Allt fyrir andann
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Smásaga: Langferðamaður í Róm
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Á hljóðbergi: Lady Day
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks**
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**17.55 Skífulistinn** X-Factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**18.50 X-Files** (12.24)
**19.35 George Lopez Show, The** (14:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Þetta er sjötta þáttaröðin af þessum skemmtilegu þáttum.
**20.00 Logi í beinni**
**20.35 Lovespring International** (10:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.05 Big Day** (10:13)
**21.30 Wildfire** (12:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**22.15 X-Files** (12:24)
**23.10 George Lopez Show, The** (14:18)
**23.35 Lovespring International** (10:13)
**00.00 Big Day** (10:13)
**00.25 Wildfire** (12:13)
**01.10 Skífulistinn**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.30** EastEnders **11.00** The Weakest Link **12.00** Big Cat Diary **12.30** Big Cat Diary **13.00** Wildlife Specials **14.00** Animal Hospital **14.30** Animal Hospital **15.00** Extreme Animals **15.30** Amazon Abyss **16.00** Tribe **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** My Hero **19.30** My Hero **20.00** The Only Boy for Me **21.35** Next of Kin **22.05** Only Fools and Horses **22.35** Saxondale **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential **0.00** The Only Boy for Me **1.30** Next of Kin **2.00** Only Fools and Horses **2.30** Saxondale **3.00** Tribe

## DR 1

**10.15** Tidens tegn **11.00** TV Avisen **11.10** Boogie Listen **12.10** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Blue Crush **16.05** OBS **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea som vikinger **17.00** Løgnhalsen som elefantpasser **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Max **19.00** Min søsters børn på bryllupsrejse **20.50** Kriminalkommissær Foyle **22.25** Hear No Evil **23.55** Anklaget

## NRK 1

**8.35** NRKs sportslørdag **9.00** V-cup langrenn: 30 km fri, kvinner **10.25** V-cup skiskyting: 12,5 km jaktstart, menn **11.10** V-cup langrenn: 5-mila i Kollen **13.45** V-cup skiskyting: Høydepunkter 10 km jaktstart, kvinner **14.30** V-cup kombinert: Høydepunkter hopp **14.40** V-cup kombinert: 15 km langrenn **15.30** VM på skøyter enkeltdistanser **16.30** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.30** Ping-pong **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Borettslaget **19.25** Den store klassefesten **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Fakta på lørdag: Lykkens grøde **22.05** Kveldsnytt **22.20** Noe å dø for **0.00** Korte grøss **0.25** Dansefot jukeboks med chat **3.00** Country jukeboks

## SVT 1

**10.30** Perspektiv **10.50** Ötzis sista vandring **11.50** Kobra **12.20** Andra Avenyn **12.50** Andra Avenyn **13.20** Andra Avenyn **13.50** Uppdrag Granskning **14.50** Antikrundan **15.50** Så ska det låta **16.50** Friidrott: inomhus-VM **17.15** Bolibompa **17.20** Disneydags **17.50** Fåret Shaun **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2008: Andra chansen **20.35** Brottskod: Försvunnen **21.20** Beautiful Beirut **22.20** Rapport **22.25** Spelets regler




## PERSÓNAN

*Inga Birna Dungal*



**Aldur:** 27 ára.
**Starf:** Verslunarstjóri í Adam og Evu.
**Fjölskylda:** Á þriggja ára son, Hektor Pétur Atlason.
**Foreldrar:** Unnur Georgsdóttir, heimavinnandi, og Halldór Dungal, listmálari.
**Búseta:** 108 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Bogmaður.

Inga Birna krafði tímaritið Séð og heyrt um greiðslu fyrir að nota ljósmyndir af læstri heimasíðu sinni.

# Hlaut eftirsótt verðlaun í Danmörku

„Verðlaunin voru tíu þúsund danskar krónur. Það dugar um það bil fyrir einni linsu,“ segir Teitur Jónasson, ljósmyndari á dagblaðinu Nyhedsavisen í Danmörku. Teitur hlaut í gær verðlaun danskra blaðaljósmyndara. Hann þótti eiga bestu myndina í flokki íþróttamynda, „Årets Sportsbillede - Action“, eins og flokkurinn heitir nákvæmlega.

Dönsku blaðaljósmyndaraverðlaunin þykja svipuð þeim íslensku, að því undanskildu að markaðurinn er stærri og mun fleiri ljósmyndarar berjast um hituna. Alls sendu um 140 ljósmyndarar inn 3.400 myndir í keppnina svo verðlaunin hljóta að teljast ánægjuleg. „Jú, þetta var bara gaman. Ég vissi ekkert fyrirfram hvað myndi gerast, ég bara mætti á staðinn,“ segir Teitur, en afhendingin fór fram í Óðinsvéum.

Sigurmynd Teits er tekin af dýfingamanni sem tók þátt í keppni í klettadýfingum í Acapulco í Mexíkó. Teitur hefur ekki sérhæft sig í íþróttamyndum, nema síður sé. „Nei, ég tel mig nú vera einskonar allrahanda mann. Ég hef samt tekið mikið af sportmyndum, fór til dæmis einu sinni á Ólympíuleikana.“

- hdm



**VERÐLAUNAÐUR** Teitur Jónasson tók íþróttamynd ársins í Danmörku í fyrra.
LJÓSMYND/MARTIN SYLVEST



**ÍÞRÓTTAMYND ÁRSINS** Klettadýfingar í Acapulco í Mexíkó.
LJÓSMYND/TEITUR JÓNASSON



**LÁRÉTT**
**2.** gleðimerki **6.** kringum **8.** kraftur **9.** þukl **11.** hætta **12.** kompa **14.** yndis **16.** skóli **17.** þrí **18.** umfram **20.** ryk **21.** snjóföl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svall **3.** guð **4.** stormur **5.** rá **7.** lausmáll **10.** kelda **13.** flík **15.** hringja **16.** iðn **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** bros, **6.** um, **8.** afl, **9.** káf, **11.** vá, **12.** klefi, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** trí, **18.** auk, **20.** im, **21.** gráð.
**LÓÐRÉTT: 1.** sukk, **3.** ra, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** málugur, **10.** fen, **13.** fat, **15.** síma, **16.** fag, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. 133,3 milljarða króna
2. Pönk 2008
3. Warren Buffet


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON: HLÝTUR O'HENRY VERÐLAUNIN

# Kominn í hóp með Hemingway, Steinbeck og Faulkner

„Það er alltaf gaman þegar fólki líkar það sem maður sendir frá sér,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur með meiru – hógvær að vanda.

Ólafur Jóhann hefur hlotið O´Henry bókmenntaverðlaunin, fyrstur Íslendinga. O´Henry verðlaunin voru fyrst afhent 1919 og eru meðal þeirra virtustu sinnar tegundar. Verðlaunin hlýtur Ólafur Jóhann fyrir Aldingarðinn en sú bók hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006 og var valin ein af fjórum bestu smásagnasöfnum sem komu út á árinu á ensku, þegar hún komst á lokalistann hjá Frank O´Connor verðlaunanefndinni.

Verðlaunasögurnar, sem eru 20 talsins, eru valdar úr þúsundum smásagna sem gefnar eru út árlega í tímaritum í Bandaríkjunum og Kanada. Það var sagan Apríl úr verðlaunabók Ólafs Jóhanns, Aldingarðinum, sem varð fyrir valinu. Hún var eina sagan úr bókinni sem birtist áður en Aldingarðurinn kom út í Bandaríkjunum í byrjun árs 2007 en það var í tímaritinu Zoetrope sem gefið er út af Francis Ford Coppola. Og ekki er hann dónalegur félagsskapurinn sem Ólafur Jóhann er í meðal O'Henry-verðlaunahafa: Ernest Hemingway, William Faulkner, John Steinbeck, John Updike og J.D. Salinger svo aðeins fáeinir séu nefndir. Þetta hlýtur að kitla hégómagirndina? „O'Henry verðlaununum hef ég borið vissa lotningu fyrir frá því ég var strákur,“ segir Ólafur Jóhann. „Ég man eftir nokkrum O'Henry úrvalssöfnum í bókaskápum föður míns sem hann keypti þegar hann var við nám í New York á stríðsárunum. Gott ef ég las ekki Hemingway og Steinbeck fyrst í þessum söfnum.“

Ólafur Jóhann segist ætíð hafa haldið mikið upp á smásagnaformið og vonar að þessi verðlaun verði öðrum höfundum hvatning til smásagnaskrifta. Sjálfur er hann nú staddur í New York þar sem hann sinnir skriftum og viðskiptastússi eins og hann orðar það. „Svo er ég að skrifa skáldsögu sem ég hef verið með í undirbúningi í mörg ár og læt hverjum degi nægja sína þjáningu.“

Í úrskurði dómnefndar segir að með sögu sinni flytji Ólafur Jóhann áhrifamikinn harm inn í friðsæla tilveru ásamt þeirri tilfinningu, sem verður sífellt áleitnari, að allt muni farast. Sagan er kyrrlát, þrungin spennu og skrifuð af yfirvegun þess sem býr til mósaík; sérhvert hljóð í þeirri þögn sem Ólafur Jóhann skapar hefur merkingu.

jakob@frettabladid.is



**ÓLAFUR JÓHANN** Segist hafa borið virðingu fyrir O'Henrý-verðlaununum frá því hann var strákur og er nú kominn í hóp þeirra skáldjöfra sem hlotið hafa verðlaunin.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í kvöld stendur ungt fólk í SÁÁ fyrir sýningu á Astrópíu í húsi samtakanna Von við Efstaleiti. Nokkrir leikarar og aðstandendur myndarinnar mæta og bíður framkvæmdastjóri SÁÁ, **Ari Matthíasson**, þess einkum spenntur að hitta **Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur**. En leikkonan og sjónvarpsstjarnan mun hafa látið þess svo getið einhvers staðar að leikarinn sem túlkaði Ugga í Veggfóðri með svo miklum ágætum sé sinn uppáhalds. Sá leikari er einmitt téður Ari.



**Þráinn Bertelsson** rithöfundur er nú í Prag þar sem hann vinnur að næstu bók sinni. Vinnutitillinn er „Bræður og systur – djelem, djelem“. Bókin fjallar um Ísland í dag: fjölmenninguna, rasisma, innflytjendur, þrælahald, trúarbrögð og fleira. Hún hefst á því að „napalm“ er notað í fyrsta sinn á Íslandi en fyrir því verða sómahjón sem reka starfsmannaleigu og flytja inn erlent vinnuafl. Þessi hjón og lögfræðingur þeirra eiga að baki einstaklega farsælan feril í því að vinna meiðyrðamál gegn öllum þeim sem voga sér að gagnrýna starfsemi þeirra.



Ekkert hefur heyrst af meintri hingaðkomu **Bobs Dylans** eftir skúbb DV á dögunum. Hvort hann komi eða komi ekki á Vorblót Hr. Örlygs í maí er enn á jafn mikilli huldu og þegar DV færði okkur tíðindin. **Johnny Logan** er kannski ekki mikil sárabót fyrir Dylan-aðdáendur, en hann kemur samt alveg örugglega og spilar á Broadway föstudagskvöldið 23. maí, daginn fyrir úrslitakvöld Eurovision. -jbg/glh

# Jón Stefáns sleginn fyrir metfé í Köben

Gríðarleg stemning var í uppboðssal Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í gær og ekkert „kreppukjaftæði“ meðal kaupenda íslenskrar myndlistar að sögn heimildarmanns Fréttablaðsins á staðnum. Sá hafði gert sér ferð til Kaupmannahafnar og bjóst við að hægt væri að festa sér myndlist fyrir lítið fé í ljósi niðursveiflu í íslensku efnahagslífi. Svo var heldur betur ekki. Þannig var uppstilling eftir Jón Stefánsson slegin fyrir metfé eða á 430 þúsund krónur danskar. Það er rúmlega fjórfalt matsverð en hún var metin á 100 þúsund. Sá sem hreppti myndina bauð í gegnum síma en fjölmargir Íslendingar voru í salnum. Sá sem keypti þarf að greiða, með virðisaukaskatti og öðrum kostnaði hátt í tíu milljónir íslenskra króna. Eftir því sem Fréttablaðsins kemst næst er hér um að ræða hæstu upphæð sem greidd hefur verið fyrir verk eftir Jón Stefánsson. Myndin er olía á striga, 82 x 71 sentímeter.

Verk eftir marga íslenska meistara voru slegin á uppboðinu í gær. Þannig fór mynd eftir Þórarinn B. Þorláksson á sextánföldu matsverði eða á 165 þúsund danskar en var metin á 10 til 12 þúsund. Danska krónan var í gær á 14 krónur þannig að um er að ræða 2,3 milljónir. Ofan á þá tölu leggst kostnaður eða um 20 prósent plús virðisaukaskattur uppá 24,5 prósent sé myndin flutt til landsins. Hasar var í salnum og hefur seljandi verksins væntanlega óvænt himinn höndum tekið.

Danirnir sem voru í salnum hristu bara höfuðið gáttaðir á kaupgleði Íslendinga, að sögn heimildarmanns Fréttablaðsins. Verk eftir Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason og Gunnlaug Blöndal voru einnig slegin fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Sumar myndanna fóru reyndar á mati eða undir eins og bernskuverk eftir Ólaf Elíasson, abstrakt frá árinu 1993. Símar voru rauðglóandi þegar íslensku myndirnar voru slegnar en um tíu til tólf manna hópur Íslendinga var í salnum. Gamall jaxl úr listmunasölunni, Guðmundur Axelsson kenndur við Klausturhóla, sópaði til sín 12 myndum sem boðnar voru upp.

- jbg



**METFÉ FYRIR BLÓMAUPPSTILLINGU** Gríðarlegur hasar var meðal Íslendinga í uppboðshúsi Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn.



Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060




**TILBOÐ**
820 731616
MontBlanc farangursbox, 340 l.
Lengd 150 cm, breidd 82 cm, hæð 34 cm.
Opnast hægra megin.
**29.900,-**
~~41.900,-~~

# MARSTILBOÐ

## Allt fyrir jeppaferðina í verslunum N1



**TILBOÐ**
202 PMC013
Loftdæla, 90 l.
**11.900,-**
~~14.990,-~~



**TILBOÐ**
664 210 215
Dekkjaviðgerðarsett
**4.900,-**
~~6.988,-~~



**TILBOÐ**
708 TOG10
Dráttartóg, 10 m, 20 mm.
**5.490,-**
~~6.890,-~~



**TILBOÐ**
526 4918130
Fljótandi snjókeðjur, 400 ml.
**695,-**
~~995,-~~



**TILBOÐ**
820 RF20
MontBlanc þverbogar
**9.990,-**
~~13.176,-~~



**TILBOÐ**
760 412960
Vasaljós, Dorcy
Gúmmíklætt, 2xD rafhlöður fylgja
**990,-**
~~1.448,-~~



**TILBOÐ**
760 410029
Handlukt, 6 volt
Vatnsheld
**1.290,-**
~~1.752,-~~

Tilboðin gilda út marsmánuð eða meðan birgðir endast

**N1** VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR
WWW.N1.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**Fyrsta stýrimann vantar**
**á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði**
Upplýsingar í síma 894-0414 og 565-0830




**BAKÞANKAR**


Þorbjargar S. Gunnlaugsdóttur


## *Fiðrildaáhrif í Afríku*

Fiðrildavika Unifem hefur það einfalda markmið að varpa kastljósinu að þremur Afríkuríkjum þar sem gegndarlaust ofbeldi gegn konum hefur viðgengist. Fiðrildavikan hefur þann tilgang að vekja athygli á því að í Líberíu, Súdan og Kongó er það regla fremur en undantekning að konur verði fyrir alvarlegu ofbeldi, þannig að sums staðar hefur mikill meirihluti kvenna upplifað kynferðislegt ofbeldi.

**SAMEINUÐU** þjóðirnar hafa lýst ástandinu í Austur- Kongó sem einu erfiðasta viðfangsefni sem þær hafi glímt við. Ofbeldi gegn konum hefur verið svo hryllilegt í langvarandi stríðsátökum, að talað hefur verið um nauðgunarstríðið í Kongó. Talið er að um 70 prósentum stúlkna og kvenna á öllum aldri hafi verið nauðgað eða mátt þola annað kynferðisofbeldi. Í Líberíu var nauðgunum beitt sem vopni í borgarastríði sem lauk árið 2003. Líkami kvenna varð að vígvelli og börnum og konum var haldið sem kynlífsþrælum í herbúðum.

**Í** Suður-Súdan er afleiðing 20 ára borgarastríðs meðal annars sú að tíðni mæðradauða er hvergi hærri í öllum heiminum. Viðvarandi átök, hungursneyð og sú staðreynd að jarðsprengjur eru á helstu samgönguleiðum hafa gert að verkum að staða kvenna er ótrúlega bágborin.

**STYRKTARSTJÓÐUR** UNIFEM hefur stutt uppbyggingarstarf á vegum ríkisstjórna og frjálsra félagasamtaka með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir og útrýma ofbeldi gegn konum. Það segir ýmislegt um þörfina að umsóknir um styrki úr sjóðnum hafa hljóðað upp á tífalda upphæð þess sem hægt er að veita. Hins vegar gefur það tilefni til bjartsýni að áþreifanlegur árangur hefur náðst víða. Á einum áratug hafa verkefni í yfir hundrað löndum hlotið styrki og breytingar til batnaðar hafa orðið að veruleika.

**UNIFEM** á Íslandi byggir Fiðrildavikuna á þeirri hugmynd að fiðrildið sé tákn breytinga til hins betra. Við skulum vona að áhrifin úr fjársöfnun UNIFEM þessa dagana verði þau að hægt verði að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum.

Öllum gefst kost á því að leggja hönd á plóginn til að bæta stöðu kvenna í þessum löndum. Og í dag 8. mars, á alþjóðlegum degi kvenna, nær söfnunin hámarki. Með því að hringja í símanúmerin 904 1000, 904 3000 eða 904 5000, eftir því hvað fólk vill gefa mikið, er hægt að sýna stuðning sinn í verki og styðja að fiðrildaáhrifum, alla leið til Afríku.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 8. mars, 68. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.10 | 13.28 | 19.08 |
| Akureyri | 7.57 | 13.23 | 18.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


